

SAGA
HÁSKÓLA ÍSLANDS

YFIRLIT UM
HÁLFRAR ALDAR STARF

Samið hefir
GUÐNI JÓNSSON
prófessor

REYKJAVÍK
HÁSKÓLI ÍSLANDS
PRENTSMIÐJA JÓNS HELGASONAR
1961

Efnisyfirlit

Formáli	4
Inngangsorð	6
I. Stefnt að háskóla	7
II. Háskóli Íslands stofnaður	15
III. Við kröpp kjör	26
IV. Háskólalög og reglugerðir	36
V. Stjórn háskólans	39
VI. Deildir og kennarar	47
VII. Embættaveitingar	49
VIII. Háskólahættir og stúdentar	55
IX. Íþróttamál háskólans	60
X. Guðfræðideild	64
XI. Læknadeild	70
XII. Laga- og viðskiptadeild	83
XIII. Heimspekideild	92
XIV. Verkfræðideild	111
XV. Doktorskjör og doktorspróf	121
XVI. Háskólabókasafn	130
XVII. Orðabók Háskólans	135
XVIII. Rannsóknarstofur	138

SAGA HÁSKÓLA ÍSLANDS

XIX.	Atvinnudeild Háskólans	146
XX.	Happdrætti háskólans	154
XXI.	Byggingarmál háskólans	159
XXII.	Stúdentagarðarnir	176
XXIII.	Tjarnarbíó	181
XXIV.	Sáttmálasjóður	183
XXV.	Aðrir háskólasjóðir	187
XXVI.	Bókaútgáfa og fræðslustarfsemi	203
XXVII.	Respublica scientiarum	210
XXVIII.	Félagsmál stúdenta	215
XXIX.	Nafnaskrá	223

Formáli

Starfsemi Háskóla Íslands er orðin margþætt og umfangsmikil, einkum hin síðari ár. Er það að vonum um æðstu menntastofnun þjóðarinnar, sem er jafnframt stærsti framhaldsskóli landsins. Innan vébanda hans fer fram fjölþætt nám og kennsla og margs konar vísindaiðkanir og rannsóknarstörf, er snerta beint eða óbeint ala þjóðina og geta valdið miklu um farnað hennar og framtíðarhag. Engu að síður er það svo, að landsmenn vita miklu minna en verðugt er um háskólann og stofnanir hans eða þau störf, sem þar eru unnin, enda hefir verið tilfínanlegur skortur á aðgengilegri fræðslu um það efni. Forráðamenn háskólans töldu því rétt og skylt í tilefni af fimmtugsafmælinu að ráða nokkra bót á þessu með því að láta semja og gefa út allrækilega sögu háskólans.

Samkvæmt tilmælum háskólarektors, próf. Ármanns Snævars, og ályktun háskólaráðs 20. janúar síðastliðinn var mér undirrituðum falið að semja þetta rit. Ég gekkst undir þann vanda og þó með hálfum huga, því að til þess var ætlað, að sagan kæmi út á háskólaafmælinu í fyrstu viku októbermánaðar, svo að frestur til stefnu var ærið naumur. Mér var því nauðugur einn kostur að vinna í kapp við tímann. Þrátt fyrir það vona ég, að flestu sé hér til skila haldið, sem máli skiptir í sögu háskólans, og lesendur verði nokkurs vísari um stofnunina í heild sinni af lestri bókarinnar. Gjarnan hefði ég kosið að gera nánari grein fyrir fjárveitingum til háskólans, fyrir styrkja- og lánamálum stúdenta og enn fremur fyrir námi íslenzkra stúdenta erlendis, en svo búið verður nú að hafa.

Samkennurum mínum við háskólann og forstöðumönnum háskólastofnana á ég miklar þakkir að gjalda fyrir fyrirgreiðslu við samantekt þessarar bókar. Forstöðumenn í rannsóknarstofum háskólans, í atvinnudeild, í bókasafni og við orðabók létu mér greiðlega í té fræðslu um sérstofnanir sínar. Forsetar guðfræðideildar, læknadeildar og laga- og viðskiptadeildar fóru hver um sig yfir kaflann um sína deild, próf. Ármann Snævarr einnig yfir kaflann um lagadeild, próf. Sigurður Nordal og próf. Steingrímur J. Þorsteinsson kaflann um heimspekideild, en próf.

SAGA HÁSKÓLA ÍSLANDS

Finnbogi R. Þorvaldsson lagði mér upp í hendur rækilegt uppkast að kaflanum um verkfræðideild, svo að hann má með meira rétti en ég teljast höfundur hans. Próf. Pétur Sigurðsson háskólaritari fór ennfremur yfir kaflann um sjóði háskólans og formaður stúdentaráðs, Hörður Sigurgestsson stud. oecon., kaflann um félagsmál stúdenta. Síðast en ekki sízt er þess að geta, að þeir próf. Ármann Snævarr háskólarektor og próf. Alexander Jóhannesson fyrrverandi háskólarektor lásu hvor um sig próförk af allri bókinni.

Þjóðminjasafnið sýndi háskólanum þá greiðasemi að lána flestar mannamyndirnar í bókinni, en myndir af byggingum háskólans eru teknar fyrir þessa bók af Ólafi K. Magnússyni ljósmyndara. Prentmyndagerðin Litróf gerði myndamótin. Prentsmiðju Jóns Helgasonar þakka ég lipra og góða samvinnu við setningu og prentun bókarinnar.

Reykjavík, 15. sept. 1961.

GUÐNI JÓNSSON

Inngangsorð

Hálf öld er liðin, síðan sú hugsjón góðra íslendinga rættist, að þjóðin eignaðist háskóla. Hann var stofnaður 17. júní 1911 á aldarafmæli Jóns Sigurðssonar forseta, en hann var sá maður, sem þjóðin átti það öllum öðrum fremur að þakka, að hún var þess umkomin að ráðast í slíka framkvæmd. Með stofnun Háskóla Íslands var snar þáttur í sjálfstæðisbaráttu þjóðarinnar leiddur til lykta eða réttara sagt færður á innlendan vettvang. Fram til þess tíma hafði Kaupmannahafnarháskóli verið hinn raunverulegi háskóli Íslands, enda þótt embættismannaskólar, prestaskóli, læknaskóli og lagaskóli, hefðu smám saman tekið að nokkru við hlutverki hans. Með tilkomu háskólans voru í fyrsta sinn sköpuð skilyrði til íslenzkrar vísindastarfsemi hér á landi, þótt í smáum stíl væri og enn sé frumbýlingsbragur á mörgu í þeim efnum. En hvað sem því líður, mun það verða ótvíræður dómur sögunnar, að Háskóli Íslands marki tímamót í menningarlífi þjóðarinnar og hafi átt drjúgan þátt í því að skila henni fram á leið í andlegum og verklegum efnum og tryggja henni þann virðingarsess í augum heimsins, sem menningarþjóð ber með réttu.

Hálf öld er ekki langur áfangi á ævileið þjóðar. En hann er athyglisverður og dýrmætur reynslutími í ævi stofnunar, sem er að rísa á legg og þreifa fyrir sér til vaxtar og viðgangs, stofnunar, sem verður að takast á við gömul og ný viðfangsefni samtíðarinnar. Sá áfangi, sem að baki er, gefur tilefni til þess að líta yfir farinn veg, gera sér grein fyrir því, hvað unnizt hefir, og taka mið af samtíð til framtíðar. Hlutverk háskólans er og verður það að leitast við að haga starfi sínu þannig, að bezt svari þörfum þjóðarinnar á hverjum tíma, og í samræmi við það, ef vel er á haldið og vel að honum búið, að vera í fararbroddi í sókn hennar til allra farsællegra hluta. Síðastliðinn aldarhelmingur hefir verið óslitið vaxtar og framfara tímabil í sögu þjóðarinnar, og háskólinn hefir reynt eftir föngum að fylgjast með þeirri þróun. Þrátt fyrir erfiðleika og margs konar vanefni frumbýlingsáranna hefir það tekizt til nokkurrar hlítar. Þetta ætti að skýrast frekar af söguágripi því, sem hér verður skráð.

I. Stefnt að háskóla

Eftir siðaskipti voru latínuskólarnir gömlu í Skálholti og á Hólum og síðar Hólavallarskóli og Bessastaðaskóli æðstu menntastofnanir þjóðarinnar. Þeir voru sniðnir eftir sams konar skólum í Danmörku og höfðu einkum það ætlunarverk að búa menn undir prestsstarf og voru að því leyti vísir til sérskóla fyrir prestaefni. Mikið vantaði þó bæði fyrr og síðar á það, að stúdentar úr þessum skólum hlytu þá menntun, er talizt gæti sambærileg við menntun þeirra, sem numið höfðu við háskóla. Íslenzkir stúdentar, sem komast vildu í beztu brauðin eða framast nokkuð innan kirkjunnar, urðu því eftir sem áður að leita til háskólans í Kaupmannahöfn til frekara náms, og það urðu auðvitað allir að gera, sem leggja vildu stund á aðrar vísindagreinar.

Ýmsir framfarasinnaðir áhugamenn um skólamál urðu til þess þegar á 18. öld og einkum á fyrra hluta 19. aldar að bera fram tillögur um endurbætur á skólamálum landsins og benda á nauðsyn kennslu í ýmsum vísindagreinum hér á landi. Er þar tíðast um að ræða guðfræði, en einnig eru tilnefndar fræðigreinar eins og heimspeki, lögfræði, læknisfræði, hagfræði, náttúrufræði o. fl. Þessar mismunandi tillögur voru yfirleitt tengdar við umbætur á latínuskólunum og oftast hugsaðar sem viðauki við kennsluna þar, en ekki sem sérstök skólastofnun. Þó höfðu tillögur um sérstakan prestaskóla verið uppi við og við allt frá dögum Jóns Þorkelssonar Skálholtsrektors.

Sá maður, sem hér virðist ástæða til að staldra fyrst við, er Baldvin Einarsson. Árið 1828 samdi hann ritgerð, sem hann nefndi „Tanker om det lærde Skolevæsen i Island“. Þar ræðir hann fyrst og fremst um Bessastaðaskóla og nauðsynlegar umbætur á honum, svo að hann geti staðið jafnfætis sams konar skólum í Danmörku. Þá leiddi hann rök að því, að ekki væri nægilega séð fyrir þörfum landsins, þótt það eignaðist góðan latínuskóla. Hann lagði því til, að stofnaður yrði framhaldsskóli eða nokkurs konar yfirskóli í tengslum við latínuskólann, þar sem séð væri fyrir sérmenntun til handa þeim, sem ættu þess ekki kost að fara utan til háskólanáms, en ætluðu að

gerast prestar eða takast á hendur önnur störf í þjóðfélaginu. Þar skyldi kenna heimspeki, guðfræði, læknisfræði, náttúrufræði, hagfræði og verzlunarfræði. Taldi hann, að ekki mundi þurfa að bæta við nema einum kennara af þessum sökum. Þó að Baldvin tengi allt þetta við latínuskólann og ekki sé fullljóst, hvernig hann hefir hugsað því fyrir komið, er ekki um að villast, að fyrir honum hefir vakað eins konar háskóli, þótt hann nefni skóla þennan ekki því nafni.

Í ritlingi Tómasar Sæmundssonar, „Island fra den intellektuelle Side betragtet“, sem kom út í Kaupmannahöfn 1832, ræðir höfundurinn ýmiss konar umbætur á Bessastaðaskóla og leggur til, að sett verði á stofn við skólann sérdeild fyrir prestaefni, og hvetur enn fremur til þess, að skólinn geti veitt nemendum sínum tilsögn í læknisfræði, lögfræði og hagnýtum fræðum. Telur hann eins og Baldvin Einarsson, að bæta verði við einum kennara til þess að þetta komist í framkvæmd. Hér virðist Tómas einnig hafa eins konar háskóla í huga, þótt hann segi það ekki berum orðum. Víst er um það, að háskólahugmyndin hefir eigi verið fjarri Tómasi, því að í fyrsta árgangi Fjölnis 1835 nefnir hann háskóla meðal þeirra fjöggra húsa, sem hann hugsar sér í framtíðinni, að lykja eigi um Austurvöll og mynda nokkurs konar hjartastað Reykjavíkur.

Ritgerðir þeirra Baldvins Einarssonar og Tómasar Sæmundssonar höfðu nokkur áhrif meðal ráðamanna í Danmörku. Til þeirra má að nokkru leyti rekja það, að skólastjórnarráðið danska bað árið 1838 stiftsyfirvöldin um tillögur til umbóta á latínuskólanum og umsögn um það, hvort fært mundi að stofna til kennslu handa prestaefnum og jafnvel læknum á Bessastöðum. Stiftsyfirvöldin bentu á ýmislegt, sem bæta þyrfti í kennslutilhögun, og kváðust engin tormeiki sjá á því, að komið yrði á fót prestaskóla og jafnvel kennslu í læknisfræði, ef skólinn yrði fluttur til Reykjavíkur. Eftir að málið hafði verið borið undir ýmsa aðilja og þóf nokkurt orðið um skólastaðinn, úrskurðaði konungur 7. júní 1841, að skólinn skyldi fluttur til Reykjavíkur og prestaskóli stofnaður samtímis. Nokkur ár liðu þó, unz þetta kæmist í framkvæmd, m. a. vegna þess að reisa þyrfti nýtt skólahús í Reykjavík.

Nú viku sögunni til Jóns Sigurðssonar. Árið 1842 birti hann í öðrum árgangi Nýrra félagsrita stórmerka ritgerð, sem hann nefndi

„Um skóla á Íslandi“. Er þar saman komin mikil fræðsla um skólamál almennt og auðvitað einnig um hinar sérstöku þarfir landsins í þeim efnum. Hann hugsar sér, að skólinn eigi að hafa tvenns konar markmið, kennslu handa bændum, borgurum og iðnaðarmönnum og handa embættismaefnum. Skólum vill hann skipa á þá lund að hafa barnaskóla í þéttbýli, bændaskóla sinn í hverjum fjórðungi, en skóla handa verzlunarmönnum, stýrimönnum og iðnaðarmönnum vill hann tengja við latínuskólann með þeim hætti, að neðstu bekkir hans séu ætlaðir bæði þessum stéttum og embættismaefnunum. Minnir þetta á gagnfræðakennslu nú á dögum, sem öllum er sameiginleg, en eftir það liggja leiðir til ýmissa sérskóla. Latínuskólann vill Jón efla með því að bæta við nýjum námsgreinum, með betri hagræðingu kennslunnar og með lengingu skólatímans úr sex árum í átta. Af nýjum námsgreinum vill hann taka upp náttúrufræði, heimspeki, lifandi mál, bústjórnarfræði, söng, fimleika, teikningu og jafnvel framburð og ræðuflutning. Að loknu stúdentsprófi eftir þennan undirbúning telur hann, að eigi nægi minna en tvö ár til hins eiginlega guðfræðináms. Um leið og Jón stingur hér upp á samræmdu skólakerfi fyrir allt landið, leynir sér ekki, að fyrir honum vakir, líkt og hjá Baldvini og Tómasi, vísir til háskóla, er lagaður væri eftir þörfum þjóðarinnar og aukinn smám saman.

Þessi hugmynd Jóns Sigurðssonar kemur þó enn skýrar fram í bænarskrá þeirri, er hann flutti á hinu fyrsta endurreista alþingi 1845 um þjóðskóla á Íslandi. Bænarskráin var samin af Jóni og undirrituð af 24 stúdentum og kandidötum í Kaupmannahöfn. Var hún mjög í sama anda sem ritgerð Jóns í Nýjum félagsritum, en stefnan skýrar mörkuð, einkum með tilliti til æðri menntunar. Þar var aftur borin fram hugmyndin um gagnfræðakennslu tengda latínuskólanámi, sem stæði jafnfætis beztu skólum í Danmörku. Þar á ofan skyldu kennd forspjallsvísindi og þær greinir aðrar, er þá fylgdu fyrsta og öðru lærdómsprófi í Kaupmannahöfn, og loks skyldi embættismaefnum veitt kennsla í guðfræði, læknisfræði og lögfræði. Hér var því raunar um háskóla að ræða, að því leyti sem þjóðskólinn átti að annast um menntun embættisma landsins.

Eins og við var að búast, átti bænarskráin miklum andbyr að mæta á þinginu, en fyrir atfylgi og lipurð Helga biskups Thordersen

náðist samkomulag um að mæla með sumum af þeim umbótum, sem bænarskráin fór fram á. Þessar umbætur voru, að latínuskólinn skyldi bættur og aukinn, að guðfræðakennslan skyldi þá þegar skilin frá skólakennslunni og sérstakur prestaskóli settur á stofn og að tekin skyldi upp kennsla í forspjallsvísindum við prestaskólann handa þeim stúdentum, sem eigi færu til háskólanáms í Kaupmannahöfn. Annað, sem bænarskráin fór fram á, svo sem lækna- og lagakennslu, þótti ekki fært að ráðast í vegna kostnaðar.

Framkoma bænarskrárinnar um þjóðskóla og afgreiðsla hennar á þingi hefir án efa flýtt fyrir framkvæmdum í skólamálunum. Árið 1846 var latínuskólinn fluttur til Reykjavíkur og tók til starfa um haustið með ýmsum endurbótum frá því, sem verið hafði. *Hinn 21. maí 1847 var gefið út konungsbréf um stofnun prestaskóla á Íslandi*, er tók til starfa um haustið sama ár í hinu nýja húsi latínuskólans. Þar með var risinn á legg hinn fyrsti vísir til háskóladeildar á Íslandi.

Próun þessara mála var nú það vel á veg komin, að kröfur Íslendinga um embættismannaskóla urðu ekki þaggaðar niður. Í því sambandi ná nefna hér grein, er birtist í fyrsta árgangi Nordurfara 1848, sem þeir Gísli Brynjólfsson og Jón Thoroddsen gáfu út. Þar er rætt um hverja fræðigrein fyrir sig, lögfræði, guðfræði og læknisfræði, og sýnt fram á, hve illa henti Íslendingum að stunda nám í þessum greinum í Kaupmannahöfn, þar eð hið sama eigi engan veginn við í báðum löndunum. Að lokum skorar greinarhöfundur á landa sína að stofna embættismannaskóla, er fullnægi þörfum Íslendinga í þessum efnum. Undir þetta tók Pétur Pétursson forstöðumaður prestaskólans í fyrsta árgangi Landstíðinda 1849-50. Ræðir hann þar m. a. um mismuninn á háskóla sem vísindastofnun og embættismannaskóla og kemst svo að orði: „Það er nú víst í sjálfu sér ómissandi, að einhverjir háskólar séu til eða einhverjar þær stiftanir, þar sem vísindi séu kennd eingöngu vegna þeirra sjálfra; en þegar meta á skólana eftir þeim áhrifum, sem þeir hafa á menntun almennings, þá álit ég embættismanna skólana ennþá ómissanlegri fyrir hverja þjóð, af því að þeir hafa beinlínis áhrif á þjóðlífið, og ég get ekki skilið í því, að sú löggun, sem til þessa hefir verið á háskólunum, geti fullnægt þörfum þjóðanna til lengdar - nema ef það væri í læknisfræðinni vegna spítalanna - án þess að embættismanna skólar séu stofnaðir

við hliðina á þeim. En þó allir játi, að Kaupmannahafnar háskóli sé ágæt vísindastiftan, og þó menn vildu líka játa, að danskir menn fengju þar nægilegan undirbúning undir embættisstöðu sína, þá er ekki með því sannað, að Íslendingar fái þar nægan undirbúning undir embættisstöðuna hér, og því síður hitt, að það væri ekki haganlegra fyrir landið að hafa hér embættismanna skóla. Þegar talað er um þetta mál yfirhöfuð og eins og það er í sjálfu sér, þá held ég allir verði að játa, að sú kennsla er fullkomin, sem er þjóðleg, sem veitir hinu almenna vísindalífi í þjóðlegan farveg og hugsar og talar máli sinnar þjóðar og lætur hin algildu sannindi drekka í sig þann einkennilega lífsvökva, sem rennur um líkama hverrar þjóðar og gjörir hana að þjóð útaf fyrir sig, eða með öðrum orðum, sem hefir nægilegt tillit til þjóðernisins og þjóðlífsins“.

Hér verða eigi frekar rakin skrif manna um þetta mál, enda var það komið á þann rekspöl, að það féll eigi niður síðan. Eftir að alþingi var endurreist, féll það í þess hlut, sem sjálfsagt var, að hafa á hendi forustu í skólamála landsins, og verður ekki annað sagt en það héldi þar sæmilega vöku sinni, þótt við ramman væri reip að draga, þar sem dönsk stjórnarvöld áttu í hlut. Eftir stóð enn að koma á fót læknaskóla og lagaskóla, og þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir alþingis áttu þeir, og einkum þó hinn síðarnefndi, enn langt í land.

Um nauðsyn læknakennslu hér á landi kemst Jón Sigurðsson meðal annars svo að orði á alþingi 1845: „Læknar eru hér mikils til of fáir, en vér fáum þá aldrei nógu marga nema því aðeins, að þeir nái að fá menntun hér á landi. Þau laun, sem læknar hafa nú, eru svo lítil, að vér þurfum aldrei að vænta, að margir duglegir menn takist á hendur að nema svo umfangsmikla vísindagrein í öðru landi og standa í svo örðugum embættum fyrir jafnlítil laun. Á hinn bóginn verður örðugt að launa svo mörgum læknum, sem vér þurfum, svo vel sem þörf væri á til að ná duglegum mönnum í þá stétt. Þó danskir læknar komi hingað, sem eru ókunnugir landi og þjóð og allri landsvenju og sumir varla ferðafærir, þá er það lítil bót í máli, því hingað veljast sjaldan aðrir en þeir, sem lítills eiga úrkosti. - - Þess er og nákvæmlega að gæta, að í háskólakennslunni í Kaupmannahöfn er í þessari grein ekki litið til Íslands þarfa eins og líka hins, að eðli sjúkdómanna og manna sjálfra, lifnaðarhættir og sérhvað eina er öldungis ólíkt í Danmörku og á Íslandi“. Í þessum ummælum Jóns

Sigurðssonar eru fólgin aðalrök Íslendinga í baráttu þeirra fyrir bættri læknaskipun og innlendri læknamenntun.

Þó að máli þessu væri hreyft á fyrstu þingunum, skilaði því lítt fram, fyrr en Jón Hjaltalín var orðinn landlæknir. Hann beitti sér fyrir því, að alþingi bar hvað eftir annað fram bænarskrár um stofnun læknaskóla, og er því var synjað, fekk hann því til leiðar komið, að honum var leyft með konungsúrskurði 29. ágúst 1862 að veita stúdentum kennslu í læknisfræði. Hóf hann kennsluna sama ár og hélt henni síðan áfram, fyrst einn og svo með aðstoðarkennara, allt til þess er læknaskóli var stofnaður, og útskrifaði alls 13 lækna. En Jón lét ekki við þetta sitja og hélt áfram baráttu sinni fyrir skólamálinu. Á alþingi 1867 og næstu þingum á eftir bar Jón enn málið fram, en það fekk ýmist synjun stjórnarinnar eða varð ekki útrætt á þingi. *En þegar á fyrsta löggjafarþinginu 1875 samþykkti alþingi lög um stofnun læknaskóla í Reykjavík, og hlutu þau staðfestingu konungs 11. febr. 1876. Tók skólinn til starfa um haustið sama ár og þar með önnur háskóladeildin hér á landi.*

En baráttu Íslendinga fyrir æðri menntastofnunum handa embættismönnum var ekki enn lokið. Enn vantaði lagaskóla, og þar reyndist róðurinn þyngstur og lengstur. Frá því að þjóðskólatillögur Jóns Sigurðssonar komu fram á þinginu 1845 liðu svo tíu ár, að þessu máli var ekki hreyft á alþingi. En á alþingi 1855 bar Pétur Pétursson forstöðumaður prestaskólans fram bænarskrá að tilhlutun Jóns Sigurðssonar, sem kom þá eigi til þings, um, að stofnaður yrði lagaskóli í Reykjavík. Fyrir því voru þá og síðar færð þau rök, að próf í dönskum lögum væri ónógur undirbúningur undir dómarastöðu á Íslandi, en ekki mundu fást nógu margir með fullkomnu prófi í lögfræði við háskólann í Kaupmannahöfn til hvernar sýslu hér, réttarvenjur á landi hér og löggjöfin fyrir Ísland væri í ýmsum greinum ólík löggjöfinni fyrir Danmörku, löggjög Íslendinga ætti sína sögu, er verðskuldaði fullkomlega að verða kennd, að minnsta kosti íslenskum lögfræðingaefnum. Enn fremur var bent á það, að landsháttum og hugarfari manna væri nokkuð öðru vísi farið hér en í Danmörku, kostnaður við að sækja alla lögfræðimenntun til útlanda væri ókljúfandi og hins vegar gengi ekki það fé út úr landinu, er varið væri til náms hér heima. Loks mundi íslensk lögfræði vinna við innlenda lagakennslu, almenningur fá réttari

hugmyndir en áður um skyldur og réttindi, margir efnaðir bændur mundu láta sonu sína ganga á lagaskólann, þótt þeir fengju ekki embætti á eftir, og mundi það hafa heillarík áhrif á þingið og þar með á löggjöfina almennt. Bænaþingurinn var samþykkt á þinginu, en henni ekki sinnt af stjórnarvöldum, og sama sagan endurtók sig á hverju þingi allt til 1873.

Á hinu fyrsta löggjafar þingi 1875 bar Benedikt Sveinsson sýslumaður fram frumvarp um stofnun lagaskóla á Íslandi, en það hlaut ekki samþykki þingsins. Á nærri öllum löggjafarþingum þaðan í frá og fram að aldamótum var sams konar frumvarp flutt, oftast af Benedikt Sveinssyni. Stundum dagaði það uppi í þinginu, en langoftast var það samþykkt sem lög, en hlaut aldrei staðfestingu konungs. Ástæðan til þess, að svona fór, mun fyrst og fremst hafa verið sú, að af beggja hálfu, Dana og Íslendinga, var litið á lagaskólamálið sem íslenskt sjálfstæðismál, eins og það raunar var frá sjónarmiði Íslendinga. Jafnframt litu Danir á það sem nokkurs konar uppreisn gegn dönskum áhrifum og jafnvel sem óvirðingu við háskólann í Kaupmannahöfn eða lagakennsluna þar. Slíku var þó alls ekki til að dreifa, heldur hinu, að Íslendingum var það brýn nauðsyn að geta veitt mönnum innlenda lagamenntun.

Á alþingi 1903 flutti Jón Magnússon, síðar forsætisráðherra, enn frumvarp um lagaskóla á Íslandi, að mestu óbreytt frá því, er legið hafði fyrir á fyrri þingum. Frumvarpið var samþykkt ágreiningslaust, og nú hlaut það loksins staðfestingu konungs 4. marz 1904. Tekið var fram í lögum, að skólinn skyldi taka til starfa, þegar fé væri veitt til hans á fjárlögum. Nokkur dráttur varð á því, en árið 1905 veitti alþingi fé til þess að styrkja mann til utanfarar í þeim erindum að búa sig undir að veita fyrirhuguðum lagaskóla forstöðu. Hlaut Lárus H. Bjarnason styrkinn. Alþingi 1907 samþykkti að tillögum hans nokkrar breytingar á lögum frá 4. marz 1904 um lagaskólann og þar með að veita þegar fé til hans. *Sumarið 1908 var samin reglugerð fyrir skólann, og tók hann til starfa 1. október sama ár.* Þannig var þriðja háskóladeildin komin á fót hér á landi eftir furðulagt þóf og hinn gamli draumur þjóðvakningarmannanna á fyrra hluta 19. aldar um innlenda embættismannaskóla loksins orðinn að veruleika.

Þegar þessu marki var náð, var skammt til þess næsta: að sameina

SAGA HÁSKÓLA ÍSLANDS

prestaskólann, læknaskólann og lagaskólann undir einni stjórn, bæta við hugvísindadeild og stofna háskóla á Íslandi.

II. Háskóli Íslands stofnaður

Á alþingi 1881 bar Benedikt Sveinsson fram frumvarp til laga um stofnun háskóla á Íslandi. Þar sem hér er um að ræða fyrsta háskólafrumvarpið, sem fram kom á alþingi, þykir rétt að taka það upp hér, en það var á þessa leið:

„1. gr. Í Reykjavík skal stofna háskóla fyrir íslensk embættismannaefni.

2. gr. Í skóla þessum skulu vera þrjár deildir. Skal í einni kennd guðfræði, annarri lögfræði og í hinn þriðju læknisfræði. Auk þess skal þar einnig kennd heimspeki og önnur vísindi, eftir því sem síðar verður ákveðið með lögum.

3. gr. Tilhögun á kennslunni og kennaraskipunin í guðfræði, læknisfræði og heimspeki skal vera hin sama, sem nú er á prestaskólanum og læknaskólanum, þangað til öðruvísi verður ákveðið, og takast kennendur þeir, sem nú eru á menntastofnunum þessum, á hendur kennsluna, hver í sinni vísindagrein, en kennsluna í lögfræði skulu hafa á hendi tveir kennarar, og skal annar vera formaður deildar þeirrar.

4. gr. Laun kennaranna í guðfræði, læknisfræði og heimspeki skulu vera hin sömu og nú eru, en laun formanns lögfræðisdeildarinnar 4000 krónur og hins kennarans 3000 krónur.

5. gr. Landshöfðinginn semur reglugjörð fyrir skólann eftir tillögum formanna deildanna, enda sé skólinn beinlínis undir umsjá hans.

6. gr. Fyrst um sinn skal kennslan í skólanum fara fram í Alþingishúsinu“.

Flutningsmaður tók það fram, að frumvarp þetta væri nýmæli að ytri álitum. Orðið *háskóli* væri nýmæli hér á landi, en hann væri fús til þess að breyta því í *landsskóli* eða *þjóðskóli*, ef nafnið eitt væri til fyrirstöðu. En stofnun þessa skóla „er sannarlega ekki hastarleg breyting eða stökk frá því sem er. Hún er aðeins varðveizla og efling þess sem er. - - Hér ræðir þá aðeins um að draga þær vísindastofnanir, sem vér höfum og *eigum* að hafa, í *eina* skólaheild, *eina* vísindalega stofnun“. Hann benti enn fremur á, að andleg

samvist og samvinna mundi verða „frjóvgari, innilegri, fjörugri og aflmeiri“ í þessum sameinaða skóla meðal kennara og meðal lærisveina „en í prestaskólanum og læknaskólanum, dreifðum eins og ýlustráum hér og hvar“. Í umræðunum benti flutningsmaður vel og réttilega á eðlilega þróun slíkrar stofnunar. „Það má ekki ætlast til, að menn skapi fullkomnar vísindalegar stofnanir í fyrstu, heldur að hinar vísindalegu stofnanir skapi þá eiginlegu vísindamenn; einungis með tímanum ná slíkar stofnanir fullkomnum blóma, vexti og viðgangi, og þennan vöxt og viðgang fá þær frá sjálfum sér. Það er bezt fyrir oss að sníða oss stakk eftir vexti; vér verðum að byrja þar, sem vér erum komnir“. Af afgreiðslu málsins er það að segja, að það var samþykkt með yfirgnæfandi meirihluta í neðrideild, en í efrideild var það svæft í nefnd.

Athyglisvert er, að Benedikt Sveinsson telur, að orðið háskóli sé nýmæli hér á landi. Svo var þó raunar ekki. Orðið kemur fyrst fyrir í prentuðu máli í ritum Þorláks biskups Skúlasonar á fyrra hluta 17. aldar (í þýðingu á Gerhardi hugvekjum 1630 og í formála Þorláksbiblíu 1644) og er notað í sömu merkingu og *universitas*. Sú merking virðist hafa verið einráð lengi vel, en á fyrra hluta 19. aldar fær orðið sýnilega víðari merkingu og er þá haft um ýmsar æðri menntastofnanir. Það er efalaust þessi glundroði í merkingu orðsins háskóli, sem veldur því, að Benedikt kallar það nýmæli í þeim skilningi, sem hann leggur í það. Sjálfur varð hann til þess að festa merkinguna í málinu á nýjan leik.

Á alþingi 1883 flutti Benedikt Sveinsson háskólafrumvarp sitt óbreytt á ný. Fékk það nú allgóðan byr í þinginu og var afgreitt sem lög með þeim breytingum, að skólinn skyldi heita *landsskóli*, laun kennara lögfræðideildar vera 3600 og 2400 krónur, skólinn byrja 1. október 1885 og ekki til tekið, að kennslan skyldi fara fram í Alþingishúsinu. Lögum þessum var synjað staðfestingar, og flutti Benedikt Kristjánsson þá frumvarpið um landsskóla á þinginu 1885, en það var fellt frá annarri umræðu og í stað þess borið fram frumvarp um lagaskóla, sem náði samþykki þingsins.

Enn flutti Benedikt Sveinsson háskólafrumvarp sitt á þinginu 1891. Var það samþykkt í neðrideild, en fellt í efrideild. Á þinginu 1893 var dr. Jón Þorkelsson flutningsmaður háskólafrumvarpsins. Hlaut það samþykki beggja þingdeilda og var afgreitt sem lög, en

hér fór enn sem fyrr, að konungur synjaði staðfestingar á þeim.

Það bar til tíðinda í þinglok 1893, að 30 merkir menn, innan þings og utan bundust samtökum um að vekja áhuga þjóðarinnar á stofnun háskóla og gangast fyrir samskotum til að flýta framkvæmdum þess máls. Var stofnaður sjóður í því skyni, er nefndist Háskólasjóður Íslands. Þeir, sem að samtökum þessum stóðu, kusu 9 manna framkvæmdanefnd, þrjá búsetta í Reykjavík, einn í hverjum landsfjórðungi og tvo í Kaupmannahöfn. Af sjóðnum er það að segja, að hann var afhentur háskólanum 18. ágúst 1912 og var að upphæð kr. 5.694,02.

Barátta Benedikts Sveinssonar og samherja hans fyrir háskólamálinu fann djúpan hljómgrunn með þjóðinni. Hið íslenska kvenfélag, sem stofnað var 1894, hafði háskólamálið á stefnuskrá sinni og beitti sér fyrir fjársöfnun því til styrktar. Þannig varð til sjóður sá, er nefnist Háskólasjóður Hins íslenska kvenfélags. Hann var afhentur háskólanum í marz mánuði 1916 og var þá að upphæð kr. 4.143.64.

Eftir tilraunir Benedikts Sveinssonar og margra annarra góðra manna til þess að koma háskólamálinu fram á árunum 1881-1893 lá það í þagnargildi í mörg ár eða allt fram til 1907. En þá var samþykkt þingsályktunartillaga í neðrideild alþingis þess efnis að skora á landsstjórnina að endurskoða lögin um lagaskóla, læknaskóla og prestaskóla og semja frumvarp um stofnun háskóla, er yrði lagt fyrir alþingi 1909. Auk flutningsmannsins, Guðmundar Björnssonar landlæknis, mælti Hannes Þorsteinsson mjög með tillögunni og benti á, að sjálfsagt væri að fá innan skamms við væntanlegan háskóla tvo eða þrjá kennara í sögu Íslands og bókmenntum. „Vér verðum að útbúa þá deild svo“, sagði hann, „að menntamenn úr öðrum löndum sæki þangað og viti, að hvergi sé betri kennslu að fá í norrænum fræðum en við íslenska háskólann, en til þess þarf mjög vel hæfa menn til kennara. Svo eru fleiri greinar. Smám saman þyrftum vér að koma á hjá oss góðri kennslu í náttúrufræði, efnafræði, eðlisfræði og almenntri sögu og bókmenntum“.

Þáverandi ráðherra, Hannes Hafstein, varð vel við áskorun alþingis og bjó málið undir næsta þing á þann hátt, að hann fól forstöðumönnum hinna æðri menntastofnana, Jóni Helgasyni forstöðumanni prestaskólans, Lárusi H. Bjarnason forstöðumanni

lagaskólans og Guðmundi Björnssyni forstöðumanni læknaskólans, að semja frumvarp til laga um stofnun háskóla. Sniðu þeir frumvarp sitt að miklu leyti eftir hinum nýju háskólalögum Norðmanna og létu því fylgja frumvarp um laun háskólakennara. Þessi frumvörp lagði stjórnin síðan fyrir alþingi 1909, hið fyrrnefnda með örlitlum breytingum, en hið síðarnefnda alveg óbreytt. *Frumvörp þessi voru síðan samþykkt af þinginu óbreytt í öllum meginatriðum, afgreidd frá þinginu sem lög og bæði staðfest af konungi 30. júlí 1909.* Það ákvæði var sett inn í lögum um stofnun háskóla, að hann skyldi ekki taka til starfa fyrr en fé væri veitt til hans á fjárlögum, og gátu lögum því ekki komið til framkvæmda fyrst um sinn. En alþingi 1911 rak smiðshöggið á, þar sem það veitti fé til háskólans í fjárlögum fyrir árin 1912 og 1913 og skaut inn í 5. gr. fjárukalaga fyrir 1910-11 lið þess efnis, að *Háskóli Íslands skyldi settur 17. júní 1911 á aldarafmæli Jóns Sigurðssonar.* Eigi skyldu háskólakennarar þó taka laun fyrr en frá 1. okt. sama ár.

Sama alþingi setti einnig lög um forgangsrétt kandidata frá Háskóla Íslands til embætta hér á landi, lög nr. 36 11. júlí 1911.

Til þess að fullnægja fyrirmælum fjárukalaganna útvegaði þáverandi ráðherra, Kristján Jónsson, konungs staðfestingu á þeim 8. júní 1911 og setti síðan menn til þess að gegna háskólakennaraembættum fyrst um sinn til 30. sept. 1911. Prófessorar voru settir Jón Helgason og Haraldur Níelsson í guðfræðideild, Lárus H. Bjarnason, Einar Arnórsson og Jón Kristjánsson í lagadeild, Guðmundur Björnsson og Guðmundur Magnússon í læknadeild og dr. Björn M. Ólsen og Ágúst H. Bjarnason í heimspekideild. Dósentar voru settir Eiríkur Briem í guðfræðideild og Hannes Þorsteinsson í heimspekideild. Aukakennarar í læknadeildinni voru hinir sömu sem verið höfðu áður í læknaskólanum.

Almennur kennarafundur háskólans var haldinn 10. júní 1911, og var próf. dr. Björn M. Ólsen kjörinn þar fyrsti rektor háskólans. Sama dag voru haldnir deildarfundir, og voru þessir menn þá kjörnir fyrstu deildarforsetar: próf. Jón Helgason í guðfræðideild, próf. Lárus H. Bjarnason í lagadeild, próf. Guðmundur Magnússon í læknadeild og próf. Ágúst H. Bjarnason í heimspekideild.

Stofnunarhátíð háskólans var haldin 17. júní 1911 í neðrideildarsal Alþingishússins og hófst á hádegi. Fyrst var sunginn undir stjórn

Sigfúsar Einarssonar tónskálds fyrri kafli kvæðaflokks, er Þorsteinn Gíslason hafði ort við þetta tækifæri. Síðan tók Klemenz Jónsson landritari til máls. Las hann fyrst upp símskeyti frá Friðriki konungi hinum áttunda, þar sem konungur bar fram þær óskir, að háskólinn mætti verða til heiðurs fyrir vísindin og til gagns fyrir land og lýð. Menn hlýddu standandi á skeyti konungs, sem var í dönsku máli, og því næst lét rektor hrópa nífalt húrra fyrir konungi.

Síðan hélt landritari áfram máli sínu og rakti stuttlega sögu háskólamálsins og lauk ræðu sinni á þessa leið: „Og svo, með því að fjáráaukaleg fyrir árin 1910 og 1911 mæla svo fyrir, að Háskóli Íslands skuli settur í dag, og með því að þau hafa verið staðfest af hans hátign konunginum 8. þ. m., og með því að settir hafa verið til bráðabirgða próffessorar og kennarar við háskólann og þeir hafa aftur kosið sér rektor og dekana í deildunum, þá er löglegur undirbúningur fenginn fyrir því að fullnægja skilyrði laganna um stofnun háskólans, og lýsi ég því þess vegna yfir fyrir hönd landstjórnarinnar, að Háskóli Íslands er hérmeð afhentur háskólaráðinu til þess að hann taki til starfa lögum samkvæmt. Quod felix faustumque sit“.

Því næst tók til máls rektor háskólans og flutti setningarræðu sína. Er hann hafði ávarpað samkomuna, hóf hann mál sitt á þessa leið: „Fyrir hönd háskólaráðsins og kennara háskólans tek ég á móti hinni nýju stofnun úr höndum landstjórnar og lýsi yfir því, að Háskóli Íslands er á stofn settur“. Í ræðu sinni lýsti rektor hlutverki háskóla almennt, markmiði þeirra og viðfangsefnum og hlutverki hins íslenska háskóla sérstaklega. Fer hér á eftir meginefni þessarar merku ræðu.

„Við þetta tækifæri finnst mér liggja nærri, að vér reynum fyrst að gera oss grein fyrir því frá almennu sjónarmiði, hvað háskóli eiginlega er eða á að vera, hvert sé markmið háskóla og starf og hverja þýðing slíkar stofnanir hafa fyrir þjóðfélögin og alþjóð hins menntaða heims, og því næst að vér snúum oss að þessum hvítvoðungi vorum, sem nú er í reifunum, og hugleiðum, hvað Háskóli Íslands er nú og hvað hann á að verða í framtíðinni.

Ég skal taka það fram, að ég hef orðið háskóli í þeirri merkingu, sem það hefur í háskólalögnum. Orðið þýðir þar beinlínis sama sem lat. orðið *universitas*, sem allar menntaðar þjóðir hafa tekið upp

til að tákna hinar æðstu menntastofnanir sínar.

Háskólahugmyndin er gömul í mannkynssögunni. Akademía Platós og fleiri grískir heimspekingaskólar voru í rauninni nokkurs konar háskólar, og fleiri slíkir skólar komu upp í rómverska ríkinu á keisarátímunum. En nafnið *universitas* kemur ekki upp fyrr en á miðöldunum og þýðir í upphafi samfélag menntamanna (*universitas magistrorum et scholarium*). Háskólarnir voru þá nokkuð einhæfir. Elzti háskóli í Norðurálfu, skólinn í Salerno á Ítalíu, var upphaflega varla annað en læknaskóli. Háskólinn í Bologna, næstelzti háskóli á Ítalíu, var aðallega lagaskóli. Og við háskólann í París sat guðfræðin og hin skólastiska heimspeki í öndvegi. Þetta var og eðlilegt á miðöldunum, því að þá var vísindalífið einfalt og óbrotið og vísindagreinar þær, sem menn stunduðu, fáar að tölu. En eftir því sem vísindaiðkunum fór fram og menn tóku að leggja stund á eða jafnvel að skapa frá rótum fleiri og fleiri vísindagreinar, eftir því vikkaði verkahringur háskólanna, eftir því tóku þeir að teygja sig út yfir fleiri og fleiri vísindagreinar. Við þetta breyttist einnig þýðing orðsins *universitas*, og nú leggja menn vanalega, að minnsta kosti í Norðurálfunni, þá þýðing í þetta orð, að það sé stofnun, sem grípur yfir allar þær fræðigreinar, sem mannsandinn nú leggur stund á, og þær verða alltaf fleiri og fleiri, því að vísindastefna nútímans fer í þá átt að skipta vinnunni milli margra, þannig að hver velji sér sitt sérstaka viðfangsefni, og við það hafa sumpart skapazt nýjar fræðigreinar og sumpart hafa hinar gömlu fræðigreinar klotnað sundur í sérstakar greinar.

Markmið háskóla er fyrst og fremst þetta tvennt:

- 1) að *leita sannleikans* í hverri fræðigreini fyrir sig, - og
- 2) að *leiðbeina* þeim, sem eru í sannleiksleit, hvernig þeir eigi að leita sannleikans í hverri grein fyrir sig.

Með öðrum orðum: háskólinn er *vísindaleg rannsóknarstofnun* og *vísindaleg fræðslustofnun*.

Í þessu sambandi get ég ekki bundizt þess að drepa á afstöðu háskólanna við landsstjórnina eða stjórnarvöldin í hverju landi fyrir sig. Reynslan hefur sýnt, að *fullkomið rannsóknarfrelsi* og *fullkomið kennslufrelsi* er nauðsynlegt skilyrði fyrir því, að starf háskóla geti blessazt. Á miðöldunum voru oft háskólar settir á stofn við biskupsstóla eða klaustur, og gefur að skilja, að klerkavaldið, sem

réd slíkum stofnunum, var þröskuldur í vegi fyrir frjálsum vísindaiðkunum. Síðar, einkum eftir reformationina, settu konungar eða aðrir stórhöfðingjar oft háskóla á stofn og lögðu fé til þeirra. Þóttust þeir því hafa rétt til að leggja höft á rannsóknarfrelsi og kennslufrelsi háskólanna, og hafði það hvervetna hinar verstu afleiðingar. Frjáls rannsókn og frjáls kennsla er eins nauðsynleg fyrir háskólana og andardrátturinn er fyrir einstaklinginn. Landsstjórnin á því að láta sér nægja að hafa eftirlit með því, að háskóla skorti ekki fé til nauðsynlegra útgjalda og að þeir fylgi þeim lögum, sem þeim eru sett, en láta þá að öðru leyti hafa sem frjálsastar hendur um starf þeirra og málefni.

Enn hafa flestir háskólar hið þriðja markmið, og það er að veita mönnum þá undirbúningsmenntun, sem þeim er nauðsynleg, til þess að þeir geti tekizt á hendur ýms embætti eða sýslanir í þjóðfélaginu. Þetta starf háskólanna er mjög nytsamlegt fyrir þjóðfélagið. Það er ekki, eða þarf að minnsta kosti ekki að vera strangvísindalegt, heldur lagar það sig eftir þörfum nemendanna.

Góðir háskólar eru gróðrarstöðvar menntalífs hjá hverri þjóð sem er, sannkallaðar uppeldisstofnanir þjóðarinnar í bezta skilningi. Út frá góðum háskólum ganga hollir andlegir straumar til hinna ungu menntamanna og frá þeim út í allar æðar þjóðarlíkamans. Þessir straumar hafa vekjandi áhrif á þjóðernistilfinninguna, en halda henni þó í réttum skorðum, svo að hún verður ekki að þjóðdrambi eða þjóðernisrembingi. Sannmenntaður maður elskar þjóðerni sitt og tungu, en hann miklast ekki af þjóðerni sínu, fyrirlítur ekki aðrar þjóðir né þykist upp yfir þær hafinn. Slíkt er heimskra aðal. Yfir höfuð að tala verður það andlega gagn, sem góðir háskólar vinna þjóð sinni, seint tölum talið eða mælt í ílátum.

En auk þess víkkar hver sæmilegur háskóli sjóndeildarhring þjóðar sinnar út yfir landamæri hennar til alls hins menntaða heims. Hver háskóli fyrir sig má heita borgari í hinni miklu republica scientiarum. Milli háskóla heimsins er náíð samband, eins og eðlilegt er, þar sem þeir vinna allir að hinu sama marki í flestum greinum. Eftirleitin eftir hinum huldu sannindum vísindanna er þeim öllum sameiginleg. Því eru háskólarnir kosmopolítískar stofnanir, um leið og þeir eru þjóðlegar stofnanir, og hefur reynslan sýnt, að þetta tvennt fer ekki í bága hvort við annað. Þetta band milli háskóla

heimsins verður æ sterkara og sterkara. Háskólarnir í Norðurálfu og háskólarnir í Vesturheimi skiptast nú á að senda hvorir til annarra kennendur sína til að halda fyrirlestra. Hitt hefur verið allt um langan tíma, jafnvel síðan á miðöldum, að nemendur fara frá einum háskóla til annars til að fullkomna sig í námi sínu. - -

Þetta samband milli háskóla heimsins er eitt af þeim táknum tímanna, sem benda í þá átt, að þess sé ef til vill ekki langt að bíða, að upp muni renna nýr „Fróðafriður“ og að róstur og styrjaldir hverfi úr sögunni. En hvernig sem það nú fer, þá er það víst, að háskólarnir eru einn hinn helzti frömuður alheimsmenningarinnar.

Eftir þessar almennu athugasemdir hverf ég nú að Háskóla Íslands.

Hann er eigi aðeins hinn yngsti háskóli heimsins, heldur einnig hinn minnsti og einhver hinn ófullkomnasti. Þetta er eðlilegt, því að efni vor eru smá og vér verðum að sníða oss stakk eftir vexti. En það verður að segja það, eins og það er. Vér megum ekki gera oss neinar gyllingar eða þykjast hafa himin höndum tekið, þó að vér höfum fengið menntastofnun með háskólanafni. Því að eins getum vér gert oss vonir um að laga smátt og smátt það, sem áfátt er, ef vér sjálfir lokum ekki augunum fyrir því, sem á brestur. Og oss brestur bæði mikið og margt. Þrjár af deildum háskólans standa að vísu á gömlum merg, þær sem til eru orðnar upp úr eldri skólum: guðfræðisdeildin, lagadeildin og læknadeildin, og þær eru bezt úr garði gerðar, að því er snertir kennslukrafta. En þó er varla við því að búast fyrst í stað, að þær geti sett markið mikið hærra en það að vera góðar undirbúningsstofnanir fyrir embættismenn, eins og gömlu skólarnir voru áður. Þetta er ekki talað af neinu vantrausti til embættisbræðra minna við þessar deildir. Þvert á móti ber ég hið bezta traust til þeirra allra. Heimspekisdeildin stendur þó enn verr að vígi. Þar er einn kennslustóll í heimspeki, einn í íslenskri tungu og íslenskri menningarsögu og einn í sögu Íslands. Þeir sem vita, hve nauðsynlegt það er fyrir hvern mann, sem vill læra íslenzku til nokkurrar hlítar, að kunna önnur germönsk mál, t. d. sér í lagi gotnesku, og jafnvel hin fjarskyldari indo-europeisku mál, svo sem fornindversku, og að bera nokkurt skyn á samanburðarmálfræði, þeir geta farið nærri um, hve mikil vöntun það er, að ekki er neinn kennslustóll í öðrum málum en íslenzku og enginn í

samanburðarmálfræði. Líka er hætt við, að kennslan í Íslandssögu komi ekki að fullum notum, þar sem enginn kennslustóll er í almennri sagnfræði og enginn í sögu annarra Norðurlandþjóða. Ég tek þetta aðeins fram sem dæmi þess, hve mikið vantar við heimspekisdeildina, af því að það er svo bagalegt fyrir kennsluna í íslenskum fræðum. Stærðfræðisdeild og náttúruvísinda vantar alveg.

Það vantar því mikið á, að Háskóli Íslands fullnægi þeim kröfum, sem menn eru vanir að gera til háskóla nú á dögum, og er þess þó ógetið, að háskólinn á enn ekkert hús fyrir sig og eigur varla svo teljandi sé. - -

„Öll frumsmíð stendur til bóta“. Háskóli vor á að stefna að því að laga smátt og smátt það sem áfátt er, svo að hann fullnægi kröfum tímans. Margir háskólar hafa byrjað í smáum stíl og síðan vaxið smátt og smátt. „Mjór getur verið mikils vísir“. Og þó að háskólinn fyrst í stað fullnægi ekki öllum kröfum nútímans, þá verður þó varla annað sagt en að hann bæti úr hinum bráðustu þörfum hinnar íslensku þjóðar. Þó að háskólinn sé ekki sem fullkornastur, þá er hann þó sniðinn eftir þörfum vorum, og „hollt er heima hvað“. T. d. munu allir játa, að kennslustólarnir í íslenskum fræðum bæta úr brýnni þörf, ef kennararnir duga. Vér höfum ástæðu til að vona, að háskólinn verði með tímanum gróðrarstöð nýs menntalífs hjá þjóð vorri, og sjá allir, hve ómetanlegt gagn það getur orðið fyrir menning vora og þjóðerni að hafa slíka stofnun hér innanlands. Meira að segja viljum vér vona, að háskólinn geti, þegar stundir líða, lagt sinn litla skerf til heimsmenningarinnar, numið ný lönd í ríki vísindanna í samvinnu við aðra háskóla. Háskóli vor verður að nota sér það samband, sem er á milli allra háskóla heimsins, einkum með því að styrkja unga efnilega námsmenn til að fara til annarra háskóla að afloknu námi hér. Annars er hætt við, að sjóndeildarhringur þeirra verði þröngur og að háskóli vor, einkum meðan hann er ófullkominn, verði að nokkurs konar kínverskum múr, sem byrgi fyrir útsýnina til alheimsmenningarinnar.

Að íslenska þjóðin væntir sér góðs af háskólanum, það hefur Alþingi Íslendinga sýnt með því að ákveða, að stofnun hans skuli fara fram á aldarafmæli Jóns Sigurðssonar. Ég vil biðja menn að minnast hans með því að standa upp. Nafn þessa óskasonar Íslands,

sem um leið var ágætur vísindamaður, er þannig frá upphafi markað á skjöld háskólans. Ef hann mætti líta upp úr gröf sinni og sjá allt, sem gert er þennan dag til að heiðra minningu hans, hvar sem nokkrir Íslendingar eru saman komnir, þá er ég sannfærður um, að hann mundi ekki sízt gleðjast af þeirri athöfn, sem hér fer fram. Vér vonum, að háskólinn, þegar hann tekur til starfa, muni ekki bregðast þeim vonum, sem þing og þjóð gerir sér um hann. Framtíð háskólans er undir því komin, að honum takist æ betur og betur að ávinna sér traust og hylli þjóðarinnar, því að það er hún, sem ber hann uppi af almanna fé og til fulltrúa hennar verður að leita um fjárveitingar til allra nauðsynlegra umbóta.

Í annan stað er framtíð háskólans komin undir kennslukröftum hans og námskröftum. Það er svo um hverja kennslustofnun, að hún getur ekki þrífizt nema hún eigi góða og samvizkusama kennara og námfúsa og ástundunarsama lærisveina. Ég veit, að þér, háttvirtu samkennarar mínir, og einnig þér, kæru námsmenn þessarar stofnunar, eruð gagn teknir af alvöru þessa augnabliks og heitið því hver í sínu hjarta að reynast háskólanum vel og leggja fram alla yðar krafta við kennsluna og námið.

Ef vér allir, sem að stofnuninni stöndum, annars vegar þing og þjóð, hins vegar kennarar og námsmenn, tökum saman höndum og reynum af fremsta megni að hlynna að þessum nýgræðingi, sem nú er gróðursettur, þá eru vonir um, að hann muni með guðs hjálp, þegar fram líða stundir, verða að stóru tré, er veiti skjól íslenskri menningu og sjálfstæðri vísinda rannsókn hér á norðurhjara heimsins. - - Floreat Universitas Islandiæ“.

Að lokinni ræðu rektors var sunginn síðari kafli kvæðaflokksins eftir Þorstein Gíslason, og lauk með því þessari virðulegu athöfn. Þess skal getið, að auk skeytisins frá konungi barst háskólanum samfagnaðarskeyti frá háskólanum í Osló (Kristíaníu) með boði um að sækja þar háskólaafmæli um haustið. Einnig bárust heillaskeyti frá gagnfræðaskólanum á Akureyri, bæjarstjórn Akureyrar, Færeyingafélaginu í Kaupmannahöfn, ungmennafélagi á Sunnmæri og frá alþjóðafundi kvenfrelsiskvenna í Stokkhólmi. Kunnur borgari í Reykjavík, Benedikt S. Þórarinsson kaupmaður, færði háskólanum 2000 kr. peningagjöf til þess að stofna með sjóð til að verðlauna íslensk rit vísindalegs efnis.

Háskólakennarar þeir, sem settir höfðu verið í embætti til bráðabirgða í júní 1911, voru skipaðir í stöður sínar í septembermánuði. Fáeinar breytingar urðu þó á mannavali: Sigurður P. Sívertsen var skipaður dósent í guðfræðideild í staðinn fyrir Eirík Briem, Guðmundur Hannesson skipaður prófessor í læknadeild í stað Guðmundar Björnssonar og Jón Jónsson (Aðils) dósent í sögu Íslands í heimspekideild í stað Hannesar Þorsteinssonar. Fastir kennarar voru alls 11 að tölu, 9 prófessorar og 2 dósentar, en aukakennarar 7, allir í læknadeild. Þegar litið er yfir fyrsta kennaralið háskólans, verður ekki betur séð en þar hafi verið valinn maður í hverju rúmi, allt frá hinum aldraða og virðulega rektor, sem naut mikils álits sem vísindamaður bæði heima og erlendis, til hinna ungu kennara, sem áttu eftir að vinna háskólanum vel og lengi og gera garðinn frægan.

Háskólinn tók til starfa í októberbyrjun 1911. Stúdentar voru 45 að tölu, 5 í guðfræðideild, 17 í lagadeild og 23 í læknadeild, en í heimspekideild var enginn skráður. Skólinn fékk inni á neðri hæð Alþingishússins, sem varð samastaður hans í nærri þrjá áratugi.

III. Við kröpp kjör

Þjóðina hafði dreymt um að eignast háskóla, og draumurinn hafði rætt. Í þjóðhátíðarvímunni á aldarafmæli Jóns Sigurðssonar var hinum unga háskóla fagnað sem óskabarni þjóðarinnar og sigurtákni í sjálfstæðisbaráttu hennar. Í trausti á góðviljaða og viturlega forsjá fulltrúa sinna á alþingi og í landstjórn fól hún þessum aðiljum að hlúa að óskabarni sínu og koma því til þroska. Sennilega hafa þeir, er til forustunnar völdust lengi síðan, ekki gert sér grein fyrir því, hverja ábyrgð þeir höfðu tekizt á hendur, ekki gert sér það ljóst, að vandi fylgir vegsemd hverri. Það var ekki nóg að koma á fót stofnun með fínu nafni og láta svo kylfu ráða kasti um framtíð hennar. Háskólinn var í upphafi af slíkum vanefnum ger, að brýna nauðsyn bar til að efla hann skjótt og skörulega, svo að hann gæti gegnt margþættu menningarhlutverki sínu með fullum sóma. Þeirri skyldu brást þing og stjórn algerlega um langan aldur. Það var látið nægja að treina í háskólanum lífið. Eftir nærri þrjá áratugi stóð hann enn í sömu sporum sem í fyrstu, húsnaðislaus, faliðaður að kennurum, fábreyttur um námsefni og fátækur að öllum þarflegum hlutum til vísindalegra rannsókna. Aðeins að einu leyti hafði honum vaxið fiskur um hrygg: nemendum hafði fjölgað. En svo beygður var hann og brotinn af veraldlegri örbirgð sinni, að einmitt þessi gleðilegi lífsvottur bakaði kennurum hans árum saman þungar áhyggjur.

Háskólanum var í fyrstu holað niður á neðri hæð Alþingishússins. Sú ráðstöfun átti að vera aðeins til bráðabirgða, því að öllum var þá ljóst, að húsnaðið var algerlega ófullnægjandi. Í þessu húsnaði varð háskólinn að hirst í 29 ár við stöðugt vaxandi óþægindi, eftir því sem stúdentum fjölgaði og hin litlu söfn hans uxu. Húsnaðismálið var eitt af fyrstu málunum, sem háskólaráð lét til sín taka. Á einum af fyrstu fundum þess var rætt um nauðsynina á því að sjá háskólanum fyrir betra húsnaði. Síðan bar háskólaráð margsinnis fram óskir og áskoranir um þetta mál fyrir þing og stjórn, þar á meðal ákveðnar tillögur með teikningum af háskóla og stúdentagarði, eins og nánar er frá skýrt hér síðar í kaflanum um

byggingarmál háskólans. En þessu var engu sinnt af þingi og stjórn. Árið 1930 bar Jónas Jónsson loks fram frumvarp um byggingu fyrir Háskóla Íslands, en það varð ekki útrætt og ekki heldur á alþingi árið eftir. Frumvarpið varð að lögum 1932, en ekkert fé veitt á fjárlögum til byggingarinnar þá eða á næstu árum. Þegar forráðamönnum háskólans tókst að fá alþingi til þess að veita háskólanum leyfi til happdrættisrekstrar í því skyni að byggja yfir hann, þá notaði alþingi tækifærið til þess að draga undan háskólanum 1/5 af væntanlegum ágóða happdrættisins handa ríkissjóði. Fyrir sinn hlut af ágóða happdrættisins byggði háskólinn síðan sjálfur hús sín á háskólalóðinni án þess að ríkissjóður legði þar eyri til.

Háskólinn bjó í upphafi við mikla kennarafæð, en þó var hann miklu betur settur þá að því leyti en síðar. Veturinn 1911-12 voru 11 fastir kennarar og stúdentar 45, en veturinn 1939-40 voru fastir kennarar 14, en stúdentar 227 að tölu. Annars sýnir fátt betur afstöðu stjórnarvalda til háskólans en tilraunir þeirra til þess að þrengja kosti hans um kennslukrafta. Á heimsstyrjaldarárunum fyrri voru stofnuð tvö kennaraembætti við heimspekideildina, bæði með hrossakaupum þingmanna, enda alls ekki miðuð við brýnustu þarfir deildarinnar. Annað var dósentsembætti í klassiskum fræðum, hitt prófessorsembætti í hagnýtri sálarfræði. Ekki leið á löngu, unz alþingi iðraðist slíks örlætis, og kepptust þingmenn við ár eftir ár að bera fram frumvörp um afnám þessara embætta. Árið 1924 tókst að færa prófessorinn í annað embætti, og tveim árum síðar burtkallaðist dósentinn, og spöruðust þannig bæði þessi embætti við háskólann. Árið 1921 kom fram frumvarp um stofnun dósentsembættis í sögu og málfræði íslenzkrar tungu að fornu og nýju. Hafði dr. Alexander Jóhannesson kennt þessa grein sem einkakennari í nokkur ár með styrk frá alþingi. Frumvarpið var fellt frá 2. umræðu í neðrideild. Þinginu 1924 tókst að fella úr fjárlögum styrk til þessarar kennslu, en árið eftir sá þingið sig um hönd og samþykkti að stofna nýtt dósentsembætti í málfræði og sögu íslenzkrar tungu.

Á hinu mikla sparnaðarþingi 1924 flutti Jón Þorláksson fjármálaráðherra og formaður íhaldsflokksins frumvarp til laga um breytingu á háskólalögnum, sem vel má sýna afstöðu hans til háskólans og skilning á störfum hans. Eftir frumvarpi þessu skyldu

í háskólanum vera 3 deildir: guðfræðideild, læknadeild og laga- og heimspekideild, lagt niður eitt prófessorsembætti í guðfræðideild, en biskup taka að sér kennslu í þess stað, lagt niður dósentsembættið í klassiskum fræðum, prófessorsembættið í hagnýtri sálarfræði, eitt af þremur prófessorsembættum við lagadeildina, en í stað tveggja prófessora í íslenzkri málfræði og sögu skyldi koma einn prófessor og einn dósent. Þetta limlestingarfrumvarp æðstu menntastofnunar þjóðarinnar fekk góðan byr í neðrideild og var með talsverðum breytingum sent með 18:4 atkvæðum til efrideildar, en þar var það aldrei tekið til annarrar umræðu.

Þetta sama ár gekk sá, er þetta ritar, við annan mann á fund atvinnumálaráðherra fyrir hönd væntanlegra nýstúdenta til þess að sækja um eftirgjöf á tolli af 40 stúdentshúfum, sem varð þá að flytja inn frá Danmörku. Auðvitað leyfði fjárhagur landsins ekki slíka fémissu. Þá hafði verið venja, að 4 stúdentar á ári fengju styrk til náms erlendis. Nú var sú ofrausn afnumin. Jafnvel árbók háskólans og skólaskýrsla menntaskólans bera enn í dag þögult vitni um músarholusjónarmið þessara tíma.

Mörgum árum síðar, á aukabínginu 1933, flutti annar flokksforingi, Jónas Jónsson frá Hriflu, þingsályktunartillögu um sparnað og skipulagsbreytingu við Háskóla Íslands. Fyrri liður tillögunnar fjallar um breytingu á rektorsembættinu, en í síðara lið leggur flutningsmaður til, „að lagður verði niður allt að því helmingur af hinum föstu kennaraembættum við háskólann, svo og embætti háskólaritara. Í stað þeirra kennara, sem hætta að starfa við háskólann, verði ráðnir aukakennarar við háskólann, og sé þeim goldið fyrir hverja kennslustund tvöfalt kaup stundakennara við hinn almenna menntaskóla“. Ein umræða var ákveðin um tillöguna, en hún kom ekki á dagskrá framar.

Það ber auðvitað að viðurkenna, að háskólinn átti jafnan vini og forsvarsmenn á alþingi, og þeim ber að þakka það, að þeir vörðu hann áföllum eftir mætti og tókst við og við að koma fram hagsmunamálum hans. Fyrir þeirra tilstilli voru fastir kennarar við háskólann orðnir 3 fleiri 1940 en þegar háskólinn hóf starf sitt.

Það sýnir einnig, á hvern hátt landstjórnin bar hag háskólans fyrir brjósti, að hún greip þegar tækifærið, er Sáttmálasjóður var afhentur háskólanum, til þess að velta yfir á sjóðinn nokkrum útgjaldaliðum

fjárlaga vegna háskólans. Var þar með dregið úr getu Sáttmálasjóðs til þess að gegna því ætlunarverki sínu að efla vísindalega rannsóknarstarfsemi innan háskólans. Þá má og minnst þess, að árið 1936, á 25 ára afmæli háskólans, flutti fjárveitinganefnd alþingis þá tillögu, að námsstyrkur og húsaleigustyrkur stúdenta við háskólann, yrði lækkaður um helming gegn því, að jafnmikið framlag kæmi úr Sáttmálasjóði. Þessu varð ekki framgengt vegna eindreginna mótmæla háskólaráðs.

Þrátt fyrir húsnæðisskort og önnur vanefni fjölgaði stúdentum smám saman við háskólann og komust á annað hundrað (113) árið 1922. Brátt fóru ýmsir af kennurum háskólans að hafa áhyggjur af stúdentafjölguninni, og olli því bæði föðurleg umhyggja fyrir framtíð stúdentanna og landsföðurleg umhyggja fyrir þörfum þjóðfélagsins. Talið var, að sögn, hæfilegt í öðrum löndum að 1% þ. e. einn af þúsundi, af öllum landslýðnum stundaði háskólanám, en hér nálgadist sú tala óðum 2% að meðtöldum þeim stúdentum, sem stunduðu nám erlendis. Um þetta mál var haldinn almennur kennarafundur í háskólanum 14. okt. 1927, og var þar kosinn einn maður frá hverri deild „til þess að athuga orsakir stúdentaviðkomunnar og finna ráð við aðstreyminu að embættadeildum háskólans“. Auk þess var rektor, próf. Haraldur Níelsson, sjálfkjörinn formaður nefndarinnar. Forsetarnir í hverri deild tóku sér fyrir hendur að reikna út, hversu marga nemendur hver deild háskólans þyrfti að hafa til þess að geta fullnægt kröfum þjóðfélagsins, og varð niðurstaðan þessi:

Í guðfræðideild	4 á ári eða	16 alls
Í læknadeild	4 á ári eða	20 alls
Í lagadeild	3 á ári eða	15 alls
Í ísl. fræðum	1 þriðja hvert ár eða	2 alls

Samtals 12 á ári eða 53 alls

Í háskólanum voru þá skráðir 152 stúdentar eða fast að þrisvar sinnum fleiri nemendur en þörf þjóðfélagsins krafði, samkvæmt þessum einkennilega útreikningi.

Nú var sett á rökstóla og ráða leitað til þess að draga úr

„aðstreyminu“ að embættadeildum háskólans. Og ráðin voru þessi:

1) að takmarka sjálfa stúdentatöluna. Þessu úrræði hafnaði nefndin þegar af því, að henni virtist það vera brot á almennum mannréttindum. Ef menn á annað borð væru færir um að ljúka stúdentsprófi, væri ekki rétt að meina þeim það.

2) að þyngja námið í háskólanum og lengja námstímann. Sú leið þótti ómannúðleg, námið væri þegar orðið fullþungt í flestum deildum háskólans og námstíminn nógu langur, þegar litið væri til kjara þeirra, sem stúdentar ættu almennt við að búa eða ættu í vændum að loknu embættisprófi.

3) að takmarka tölu þeirra stúdenta, er hver deild tæki á móti árlega. Sú leið þótti fær, og yrði þá að sjálfsögðu farið eftir stúdentsprófi hvers eins, en að öðru leyti reynt að velja úr nemendum með skriflegu prófi innan hvernar deildar eftir skemmra eða lengra reynslutíma.

4) að stofna til hagnýtra kennslugreina við háskólann og stuttra námskeiða, er tækju svo sem 1 ár, t. d. verzlunarnámskeiðs, kennaranámskeiðs o. fl. Þessi leið þótti nefndinni vænlegust, með því að þetta mundi helzt draga úr aðsókninni að embættadeildunum og veita straumi menntamanna inn í aðrar stéttir.

Spurningunni um takmörkun á inntöku stúdenta í deildirnar var skotið til deildanna hvernar í sínu lagi. Svör þeirra urðu á þá leið, að guðfræðideild, lagadeild og heimspekideild vildu enn sem komið var engar hömlur hafa, en læknadeild var meðmælt hömlum með nánari skilyrðum. Þrátt fyrir þessi svör deildanna samþykkti háskólaráð (með 3:2 atkv.) á fundi 27. jan. 1928 svo hljóðandi breytingu á háskólalögum: „Verði aðsókn stúdenta að einhverri deild svo mikil, að til vandræða horfi að dómi deildarinnar og háskólaráðs, getur háskólaráðið í samráði við deildina ákveðið, hve mörgum stúdentum skuli veitt viðtaka það ár og með hvaða hætti“. Eftir ósk háskólaráðs var samþykkt þessi flutt á alþingi, sem frumvarp til laga um breytingu á háskólalögum, en málið varð ekki útrætt og var þar með úr sögunni um sinn. Þess skal getið, að löngu síðar, með lögum nr. 78 27. júní 1941, var slík takmörkun leyfð, en sem betur fer, hefir aldrei verið gripið til þess konar ráðstafana. Takmarkanir í einstakar námsgreinar vegna kennsluáðstöðu eru allt annars eðlis.

Þær tilraunir, sem hér hefir verið lýst, til þess að takmarka aðgang stúdenta að háskólanámi, voru á sinni tíð mikið deiluefni. Margir af háskólakennurunum og yfirgnæfandi meiri hluti stúdenta voru slíkum ráðstöfunum andvígir. Sú staðreynd, að til skyldu vera mætir menn innan háskólans, sem töldu það þjóðfélagslegt bjargráð að draga úr háskólanámi ungra manna, sýnir betur en flest annað, í hverri niðurlægingu háskólinn var á þeim tíma, stofnun, sem var aðeins látin tóra og átti undir högg að sækja með hvað eina. Það var næstum því von, að starfsmenn hennar misstu trúna á framtíðina.

En það var önnur leið, sem háskólinn benti á og taldi vænlegasta til lausnar á vanda stúdentaviðkomunnar, og það var að stofna til nýrra hagnýtra kennslugreina við háskólann. Sérstaklega var bent á að koma á fót verzlunardeild og kennaranámskeiði. Nefnd var sett til þess að vinna að stofnun verzlunardeildar. Beindi hún þeirri fyrirspurn til fjárveitinganefnda alþingis með vitund rektors, hvort alþingi mundi vilja veita allt að 6000 kr. til stofnunar slíkrar deildar. Fjárveitinganefnd efrideildar, sem hafði þá fjárlögin til meðferðar, vísaði til kennslumálaráðherra, kennslumálaráðherra til fjármálaráðherra, en hann svaraði málaleituninni neitandi og kvað verzlunarstéttina þegar of mannmarga.

Um kennaranámskeiðið er það að segja, að háskólakennurum fannst ekki ráðlegt að halda því fram jafnframt hinu, og varð svo ekki heldur neitt úr því.

Samtímis því sem þessar tillögur voru á döfinni, kom fram beiðni frá laganemum um að fá tilsögn í bókhaldi. Leitaði háskólaráð álits sérfræðings um, hvað námskeið í bókfærslu mundi kosta, og voru það 400 kr. Kennslumálaráðherra taldi sér ekki að svo stöddu fært að veita upphæð þessa, og fór svo líka það út um þúfur.

Nú liðu tímar fram, og hugmyndin um aukna kennslu í háskólanum lá að mestu í þagnargildi. En áður en langt um leið, var hún vakin upp á nýjum vettvangi. Hinn 20. marz 1931 flutti Þorkell Þorkelsson erindi í Vísindafélagi Íslendinga, er nefndist „Um byrjunarnám íslenzkra stúdenta hér á landi“. Á þeim fundi var kosin 5 manna nefnd: Þorkell Þorkelsson, Steingrímur Jónsson, Alexander Jóhannesson, Guðmundur G. Bárðarson og Magnús Jónsson, til þess að athuga málið nánar og gera tillögur um það. Að tilhlutun nefndarinnar fluttu þeir Magnús Jónsson, Ásgeir Ásgeirsson og

Héðinn Valdimarsson á sumarþinginu 1931 svohljóðandi tillögu til þingsályktunar um Háskóla Íslands:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni:

1) að láta rannsaka, að hve miklu leyti og hvernig væri unnt að koma á fót undirbúningskennslu við Háskóla Íslands í þeim námsgreinum, sem þar eru ekki kenndar nú, til þess að stytta nám í þeim erlendis.

2) að láta rannsaka, hvort ekki væri fært að koma upp sumarnámskeiði, einkum handa þeim útlendingum, sem nema vilja íslensk fræði og kynnast Íslandi og Íslendingum.

3) að bera fram um þessi atriði frumvarp eða frumvörp á næsta alþingi“.

Með tillögunni fylgdi greinargerð um undirbúningsnám við Háskóla Íslands og sumarnámskeið í sambandi við háskólann. Enn fremur fylgdi með álit sérfræðinga, er Vísindafélag Íslendinga skipaði, um undirbúningsnám í ýmsum vísindagreinum við háskólann: í náttúruvísindum (jarðfræði, grasufræði, dýrafræði, eðlisfræði og efnafræði) eftir Guðmund G. Bárðarson, í dýrafræði og grasufræði sérstaklega eftir Árna Friðriksson, í verkfræði eftir Steingrím Jónsson, stærðfræði og stjörnufræði eftir Þorkel Þorkelsson, í hagfræði eftir Þorstein Þorsteinsson og í tungumálum eftir Alexander Jóhannesson. Auk þess fylgdu með bréf tveggja amerískra prófessora um sumarnámskeið á vegum háskólans, þar sem erlendum mönnum væri gefinn kostur á að nema íslenska tungu og kynnast íslenskri menningu. Eru tillögur þessar, greinargerð og álitsgerðir prentaðar í Árbók háskólans 1930-31, bls. 66-91.

Eins og nærri má geta, fylgdist háskólinn vel með þessu máli, enda voru 2 háskólakennarar í nefnd þeirri, sem vísindafélagið kaus til þess að undirbúa málið. Auk þess samþykkti háskólaráð eftirfarandi ályktun, meðan málið var á döfinni á alþingi: „Háskólaráðið er meðmælt því, að rannsakadir verði möguleikar á því að koma á fót undirbúningskennslu og sumarnámskeiði við Háskóla Íslands, en óskar, að rannsóknin sé ekki bundin við þau atriði ein, heldur sé þá tekið til rækilegrar athugunar, hverjar fleiri breytingar og viðauka við háskólann sé rétt og fært að gera“.

Af afgreiðslu þingsályktunartillögunnar er það að segja, að hún

var samþykkt í neðrideild, komst þaðan til menntamálanefndar efrideildar og sofnaði þar. Málinu var haldið vakandi um hríð, var m. a. rætt í verkfræðingafélaginu og í háskólaráði í október 1931, þar sem kosin var þriggja manna nefnd til þess að vinna að framgangi þess. En allt var að þessu sinni unnið fyrir gíg. Alþingi hafði ekki nægan áhuga á málinu, hjá ríkisstjórninni fekk það enga afgreiðslu og háskólinn stóð eftir sem áður í sömu sporum.

Þegar á allt þetta er litið, er ekki að undra, þótt ekki gætti mikillar bjartsýni meðal forráðamanna háskólans um stöðu hans og framtíð um þessar mundir. Á 20 ára afmæli háskólans haustið 1931 lýsti þáverandi háskólarektor próf. Ólafur Lárusson þeim kjörum, sem háskólinn hafði átt við að búa frá upphafi og sýndi fram á með skýrum dæmum, að í stað eðlilegs vaxtar og viðgangs hefði verið um algera kyrrstöðu að ræða og í sumum greinum jafnvel afturför. Hann benti á, að árið 1913 hefðu runnið til háskólans 3,9% af áætluðum tekjum ríkissjóðs, en á fjárlögum fyrir árið 1932 væri hlutur háskólans aðeins 1,36% af hinum áætluðum tekjum eða liðugur þriðjungur á móts við það, sem áður var. Hann sýndi fram á, að hámarkslaun prófessora væru ekki nema 61,25% af hámarkslaunum þeirra árið 1911, en byrjunarlaunin væru aðeins 78% af byrjunarlaununum þá. Launakjör háskólakennara hefðu því versnað stórkostlega frá því háskólinn tók til starfa og væru nærri því helmingi lakari en í nágrannalöndunum. „Afleiðingin af þessum lélegu launum er sú“, segir hann, „að flestir háskólakennaranna verða að afla sér tekna með störfum utan embættis síns til þess að geta komizt af. Þetta er eitt mesta vandræðamál háskólans. Mannafliinn hér er ekki svo mikill, að af veiti, þó að þessir fáu menn, sem hér eiga að starfa, létu háskólanum og fræðimennsku sinni alla sína starfskrafta í té. En til þess að hægt sé að heimta það af þeim, verður að launa þá svo, að þeir þurfi ekki að leita sér tekna annars staðar“. Því má bæta við, að á þessu vandræðamáli hefir aldrei verið viðhlítandi bót ráðin, og nú eru laun háskólakennara stórum lélegri en þau voru 1931, hvað þá ef miðað er við 1911.

Þá bendir próf. Ólafur á það, að styrkir til stúdenta séu margfalt lægri en 1911 og hagur stúdenta yfirleitt stórum lakari. Kveður hann háskólaráð þá í mörg undanfarin ár hafa árlega farið fram á það við landsstjórnina að fá þennan styrk hækkaðan, en þær málaleitanir

hafi verið árangurslausar. Engin bót hafi fengizt á húsnæðismálum háskólans og allar tillögur um aukningu háskólans með nýjum námsgreinum hafi strandað á sama skerinu: fjárveitingavaldið hefir eigi viljað veita það fé, er þurfti til þess að koma þeim í framkvæmd.

Á 25 ára afmæli háskólans haustið 1936 stóð í stríðu milli háskólans og kennslumálaráðherra út af embættisveitingu. Ræddi þáverandi rektor, próf. Niels Dungal, það mál í setningarræðu sinni og mælti síðan m. a.: „Háskólinn hefir nú starfað í 25 ár og hefði heldur kosið sér einhverja afmælisgjöf frá ríkisstjórninni aðra en þá, sem hér hefir verið gerð að umtalsefni. Hann hefir verið kallaður óskabarn þjóðarinnar, en það er ekki að sjá, að hann hafi verið óskabarn ríkisstjórnanna, hvorki einnar né annarrar, og eiga þar allir stjórnmalaflokkar óskorað mál“. Síðan minnir rektor á áður nefnda lýsingu próf. Ólafs Lárussonar á því, hvernig öllum viðurgeringum við háskólann hafi hrakað síðan hann var stofnaður, og segir svo: „Allt stendur þetta óbreytt ennþá, þótt nú rofi til um húsnæðið fyrir atbeina háskólakennaranna, sem með aðstoð góðra manna úr öllum stjórnmalaflokkum fengu komið upp happdrætti til að afla fjár til háskólabyggingar“.

Síðasta árið sem háskólinn var settur í hinu gamla „bráðabirgðar“-húsnæði sínu niðri í Alþingishúsi haustið 1939 minnir þáverandi háskólarektor, próf. Alexander Jóhannesson, á samskipti háskólans og stjórnarvaldanna með nokkrum hógværum orðum. „Oss finnst, háskólakennurum“, segir hann, „að mjög hafi skort á skilning á þörfum háskóla vors meðal þings og stjórnar um langt árabíl. Það er vitaskuld, að sumt hefði mátt betur gera á undanförunum árum af háskólanum sjálfum og að margt stendur til bóta innan stofnunarinnar sjálfar. En hitt er víst, að háskólinn vill sjálfur rétta fram hönd til vinsamlegrar samvinnu við þing og stjórn til þess að efla þessa æðstu menntastofnun þjóðarinnar“.

Tímabil það, sem nú hefir verið greint frá og átti að réttu eðli að vera óslitið vaxtar- og þroskaskeið, varð þannig þvert á móti tímabil algerrar kyrrstöðu og jafnvel afturfarar. Að vísu gegndi háskólinn því ætlunarverki sínu að vera skóli fyrir embættismannaefni þjóðarinnar, en vísindastarfsemi varð að sitja á hakanum og sérhver tilraun til aukningar og framfara var kæfð í fæðingunni með seigdrepani sinnuleysi og tregðu þings og stjórnar. Hin venjulega

afsökun var féleysi, en sú afsökun verður lítils virði, þegar þess er gætt, að þetta tímabil var að öðru leyti samfellt framfaraskeið á flestum sviðum. Þessi afstaða stjórnarvalda var háskólanum til óbætanlegs tjóns. Hann fór á mis við eðlilegan þroska, gat ekki innt af hendi háskólahlutverk sitt að fullu og varð því að minna gagni fyrir þjóðina en vera bar. Af því leiddi svo það, að háskólinn beið álitshnekki meðal almennings, sem vissi ekki, hvað við sig var, og kenndi forustumönnum háskólans um deyfðina og aðgerðaleyfið. Það þótti vænlegt til áróðurs að bendla háskólann við íhald og jafnvel afturhald, sem vildi halda öllu í sama farinu. Þeir, sem slíku héldu fram, voru gjarnan stjórnámálamenn og áhangendur þeirra, sem þurftu að verja framkomu sína gagnvart háskólanum. Í raun og veru voru háskólakennararnir undantekningarlaust framfaramenn í málefnum háskólans og gerðu margítrekaðar tilraunir til þess að hrinda kyrrstöðunni, eins og framangreind dæmi sýna, en lögmál tregðunnar og skilningsleysisins mátti sín meira.

En eftir nærri þrjá áratugi rofaði til. Háskólanum hafði tekizt sjálfum að byggja yfir sig fyrir ágóða af happdrætti. Árið 1940 fluttist hann í sitt eigið húsnaði, rúmgóða og glæsilega byggingu. Þá verða þáttaskil í sögu háskólans. Nýtt og viðburðaríkt framfaratímabil hefst og hefir staðið óslitið síðan. Það tímabil einkennist af batnandi efnahag og þar með auknu sjálfstæði háskólans, miklum byggingaframkvæmdum, meiri og meiri fjölbreytni í námi, mikilli fjölgun kennarastóla og rannsóknarstofnana og þar af leiðandi aukinni vísindastarfsemi og síðast en ekki sízt góðri samvinnu við þing og stjórn. Sú saga verður nánara rakin í síðari þáttum þessa rits.

IV. Háskólalög og reglugerðir

Háskóli Íslands lýtur sérstökum lögum frá alþingi og reglugerð, sem menntamálaráðherra setur honum. Þrívegis hafa verið sett heildarlög um háskólann, en margsinnis hefir verið við þau aukið eða þeim breytt þess í milli með sérstökum lagaákvæðum, eftir því sem stofnunin hefir vaxið og þróast. Í samræmi við lög in hefir háskólinn starfað eftir þremur reglugerðum.

Fyrstu háskólalögin voru lög nr. 35 30. júlí 1909 ásamt lögum nr. 36 sama dag og ár um laun háskólakennara. Þau lög voru undirbúin og samin af forstöðumönnum embættaskólanna, en aðalhöfundur þeirra var Lárus H. Bjarnason, forstöðumaður lagaskólans. Lögin voru sniðin eftir háskólalögum Norðmanna. Nokkrar minna háttar breytingar voru gerðar á þeim á næstu áratugum, einkum varðandi kennaraskipun. Á þessum lögum var byggð elzta háskólareglugerðin frá 9. okt. 1912.

Þegar háskólinn hafði starfað upp undir aldarfjórðung, þótti orðið tímabært að endurskoða háskólalögin. Unnu deildirnar fyrst að því hver í sínu lagi og síðan háskólaráð. Hin nýju háskólalög voru samþykkt á alþingi og staðfest sem lög nr. 21 1. febr. 1936. Eldri lög og lagaákvæði voru þar samræmd, en af nýmælum var það helzt, að háskólaárið var ákveðið frá 15. sept. til 15. júní í staðinn fyrir frá 1. okt. til 30. júní, kennslumissiraskipti sett um mánaðamót janúar-febrúar í stað 15. febr., og enn fremur var sú breyting gerð á yfirstjórn skólans, að kjörtímabil rektors skyldi vera 3 ár í stað eins árs áður. Hefir þessi skipan haldizt síðan. Í tilefni af hinum nýju lögum og viðaukum á þeim samdi háskólaráð nýja reglugerð fyrir háskólann, sem staðfest var 30. júní 1942. Voru þar teknar upp breytingar þær, sem gerðar höfðu verið á gömlu reglugerðinni á undanförunum árum, og ýmis nýmæli, svo sem um embættaveitingar við háskólann, aukna kennslu, B.A.-próf og fleira.

Á næstu árum urðu stórfenglegar breytingar á högum háskólans og mikill vöxtur í starfsemi hans. Háskólabyggingin reis af grunni, rannsóknarstofnunum var komið á fót og kennurum fjölgað. Flest af þessu krafði sérstakrar löggjafar, svo að háskólalögin úrelost fljótt í

ýmsum atriðum. Það varð því, áður en langt leið, aðkallandi að taka þau til endurskoðunar á ný, fella inn í þau eldri lög og samræma þau breyttum aðstæðum. Háskólaráð samþykkti því á fundi 18. des. 1953 að kjósa nefnd til þess að athuga tillögur til breytinga á háskólaeglugerðinni, sem sumar háskóladeildir höfðu borið fram, og jafnframt var nefndinni falið að íhuga, hverjar breytingar á háskólalögnum væru æskilegar. Í nefndina voru kosnir prófessorarnir Björn Magnússon, dr. Júlíus Sigurjónsson, Ármann Snævarr, dr. Þorkell Jóhannesson og dr. Leifur Ásgeirsson, sinn frá hverri deild. Nefndin vann ötulega vormissirið 1954, en veturinn eftir starfaði hún ekki vegna fjarveru tveggja nefndarmanna, sem höfðu leyfi frá kennslu og dvöldust erlendis. Haustið 1955 voru kosnir í nefndina prófessorarnir dr. Steingrímur J. Þorsteinsson í stað dr. Þorkels Jóhannessonar, sem var þá orðinn háskólarektor, og Finnbogi R. Þorvaldsson í stað dr. Leifs Ásgeirssonar, sem hafði leyfi frá kennslu. Samkvæmt tilmælum háskólaráðs skipaði menntamálaráðherra formann nefndarinnar, og var það dr. Benjamín Eiríksson bankastjóri. Í maílok 1956 skilaði nefndin í hendur háskólaráði frumvarpi til nýrra háskólalaga og frumvarpi til laga um háskólakennara. Almennur kennarafundur var haldinn um málið 5. júní, en síðan voru frumvörpin athuguð á fundum í háskóladeildunum. Í meðferð málsins voru bæði frumvörpin sameinuð í eitt og það síðan afgreitt sem lög frá alþingi nr. 60 29. maí 1957. Jafnframt voru þá felld úr gildi 18 lög og lagaákvæði varðandi háskólann.

Hin nýju háskólalög eru að sjálfsögðu byggð á eldri lögum um meginskipan háskólans, markmið hans og starf. Nýmæli er það, að háskólarektor skal boða fulltrúa stúdentaráðs á fundi í háskólaráði, þar sem fjallað er um málefni, er varða stúdenta almennt. Sömuleiðis skulu nemendafélög háskóladeilda eiga fulltrúa á deildarfundum, þar sem rædd eru mál, sem varða nemendur deildarinnar almennt.

Eftir gildistöku háskólalaganna var próf. Ármanni Snævar falið að semja uppkast að nýrri heildarreglugerð fyrir háskólann. Nefndin, sem fjallað hafði um endurskoðun laganna, vann síðan ásamt honum að því að ganga frá uppkastinu, og loks var það rætt í deildum og í háskólaráði. Þessi reglugerð fekk staðfestingu 17. júní 1958. Jafnframt var reglugerðin frá 1942 ásamt síðari breytingum úr gildi

numin.

V. Stjórn háskólans

Stjórnarfyrrirkomulag háskólans hefir litlum sem engum breytingum tekið frá því að hann var stofnaður. Stjórnarfarslega á hann beint undir menntamálaráðherra, en með stjórn hans fara rektor háskólans og háskólaráð. En háskólaráð skipa rektor og forsetar háskóladeildanna, og er rektor sjálfkjörinn formaður.

Samkvæmt háskólalögum hefir rektor eftirlit með daglegri starfsemi háskólans og er æðsti fulltrúi skólans gagnvart mönnum og stofnunum utan skólans. Hann leysir úr þeim málum, sem þurfa ekki að koma fyrir háskólaráð, háskóladeildir eða stjórnarvöld af laganauðsyn eða samkvæmt venju. Rektor hefir með sama fyrirvara umboð til að skuldbinda háskólann og háskólastofnanir fjárhagslega. Honum er skylt að hlutast til um framkvæmd á samþykktum háskólaráðs og háskóladeilda og þeim ákvörðunum stjórnarvalda, er varða háskólann. Háskólaráð hefir úrskurðarvald í málefnum háskólans og háskólastofnana innan takmarka laga og reglugerða.

Rektor háskólans er kosinn skriflegri kosningu á sameiginlegum fundi háskólaprófessora, og skal hann vera einn úr þeirra hópi.

Meðan fyrstu háskólalögin voru í gildi, var rektor kjörinn til eins árs í senn, og fór kjör hans jafnan fram á afmælisdegi háskólans 17. júní, en við embætti tók hann 1. okt. næstkomandi. Áður en langt um leið, komu í ljós miklir annmarkar á því að skipta um rektor og háskólaráð árlega. Í setningarræðu sinni haustið 1928 ræðir þáverandi háskólarektor, próf. Ágúst H. Bjarnason, þetta mál og kemst m. a. svo að orði: „Nú hafa margir elztu og mætustu menn háskólans fundið til þess, að svo mætti ekki lengur standa, því að skipulag þetta hefir staðið og mun enn standa háskólanum mjög fyrir þrifum, ef það fær að haldast, því að bæði er það, að stjórn háskólans hefir verið mjög reikul í ráði frá ári til árs. þar sem viðtakandi háskólaráð hafa oft breytt þveröfugt við það, sem hin fyrri hafa viljað vera láta, sumpart af ókunnugleik á því, sem þau hafa ályktað, en sumpart líka af því, að hið nýskipaða háskólaráð leit öðruvísi á málin; og svo hefir naumast verið unnt að koma nokkrum

þeim nýmælum í framkvæmd, er yrðu háskólanum til verulegra eða varanlegra bóta, ef ekki var unnt að framkvæma þau á sama ári, því að einatt hefir hið nýja háskólaráð hvarflað frá því aftur eða látið það alveg niður falla, sem fyrri háskólaráð höfðu áætlað eða þegar byrjað á. Þetta hefir einatt valdið verulegri ósamkvæmni í stjórn háskólans og gert það að verkum, að ekki hefir verið ráðizt í neitt háskólanum til hagsbóta, er tekið gæti fleiri eða færri ár að koma á laggirnar“. Bendir rektor á þrjár leiðir til þess að ráða bót á þessu: að breyta háskólalögunum, að lagfæra þetta með frjálsum samtökum háskólakennara eða í þriðja lagi að skipaður verði fastur ráðsmaður (administrator) við hlið rektors, er annist hag og rekstur háskólans, þótt skipt sé bæði um rektor og háskólaráð á ári hverju.

Í sama strenginn tekur próf. Ólafur Lárusson, þáverandi háskólarektor, í setningarræðu sinni haustið 1931: „Háskólanum er að lögum veitt nokkur sjálfstjórn. Þá heimild hefðum vér getað notað betur en vér höfum gert. Það hefir farið svo með þessa sjálfstjórn háskólans, að skipt hefir verið árlega um rektor og um háskólaráð. Fyrir því hefir ekkert samhengi orðið í störfum þessara stjórnarvalda háskólans, starf þeirra hefir að mestu orðið aðeins afgreiðsla á þeim málum, sem borizt hafa til þeirra. Slíkt er ekki nóg. Það þarf beinlínis að hefja skipulagsbundið starf til eflingar háskólanum, þar sem sett eru ákveðin markmið og unnið að þeim sleitulaust þar til þeim er náð, þó að vinna þurfi þannig árum saman. En til þess að þetta sé unnt, verður að vera meiri festa í stjórn háskólans en verið hefir. Kjörtími rektors og háskólaráðs verður að vera miklu lengri en eitt ár. Breyting í þessa átt, sem ég fyrir mitt leyti tel afar mikilsverða, hefir því miður strandað á samtakaleysi og sundurlyndi vor kennaranna“.

Á aukþinginu 1933 flutti Jónas Jónsson frá Hriflu þingsályktunartillögu varðandi háskólann, þar sem m. a. var lagt til, að rektor háskólans yrði ráðinn til 8 ára í senn af kennslumálastjórninni og væri honum ætluð framkvæmdastjórn háskólans, en lítil eða engin kennsla. Tillagan varð ekki rædd á þinginu.

En breytingin lá í loftinu innan háskólans. Árið 1932 var próf. Alexander Jóhannesson kjörinn rektor í fyrsta sinn og svo endurkjörinn 1933 og 1934. Þrjú ára kjörtími rektors var ákveðinn

með háskólaálagnum 1936, eins og síðan hefir verið. Rektorskosning fer síðan fram 14. maí eða næstan virkan dag, og hann tekur við embættinu 15. sept. næst á eftir. Ef rektor fellur frá eða verður að láta af embætti, áður en kjörtímabil hans er liðið, skal kjósa nýjan rektor svo fljótt sem því verður við komið, en varaforseti háskólaráðs gegnir störfum þangað til.

Þessir prófessorar hafa verið rektorar háskólans:

Björn M. Ólsen 1911-12,

Guðmundur Magnússon 1912-13,

Lárus H. Bjarnason 1913-14,

Jón Helgason 1914-15,

Guðmundur Hannesson 1915-16 og 1924-25,

Haraldur Nielsson 1916-17 og 1927- † 11/3 28,

Ágúst H. Bjarnason 1917-18 og 1928-29,

Einar Arnórsson 1918-19 og 1929-30.

Sigurður P. Sívertsen 1919-20 og 11/3 1928 til loka háskólaársins,

Guðmundur Finnbogason 20/9 1920-21,¹

Ólafur Lárusson 1921-22, 1931-32 og 1945-48,

Sigurður Nordal 1922-23,

Páll Eggert Ólason 1923-24,

Magnús Jónsson (jur.) 1925-26,

Guðmundur Thoroddsen 1926-27 og 1935-36,

Magnús Jónsson (theol.) 1930-31,

Alexander Jóhannesson 1932-35, 1939-42 og 1948-54,

Niels Dungal 1936-39,

Jón Hj. Sigurðsson 1942-45,

Þorkell Jóhannesson 1954- † 31/10 60,

Ármann Snævarr 19/11 1960-.

Af öllum rektorum háskólans, 21 að tölu, hefir dr. Alexander Jóhannesson gegnt embættinu miklu lengst, en hann var rektor í 12 ár alls og kosinn sex sinnum. Tveir rektorar hafa látizt í embætti, þeir próf. Haraldur Nielsson og dr. Þorkell Jóhannesson.

Við hátíðleg tækifæri ber rektor á herðum fagra gullfesti sem tákn stöðu sinnar. Festin er gjöf frá félögum háskólamanna og nokkrum einstaklingum. Hún var fyrst borin á háskólahátíð 26. okt. 1941 af

¹ Jón J. Aðils var kjörinn rektor 17. júní 1920, en hann lézt 5. júlí sama ár og tók aldrei við embættinu.

þáverandi rektor, dr. Alexander Jóhannessyni.

Rangt væri af sögulegum ástæðum að nefna hér ekki sérstaklega þann mann, sem mest og bezt hefir látið að sér kveða í rektorsembætti háskólans og lengst allra hefir haldið þar um stjórnvölinn til þessa. Sá maður er próf. Alexander Jóhannesson. Hann var tvímælalaust forustumaður í flestum málefnum háskólans á þriðja áratug, einmitt á því tímabili, sem vöxtur og viðgangur háskólans hefir verið mestur. Sjálfur átti hann höfuðþátt í þeirri þróun. Hann hafði m. a. forgöngu um allar byggingar háskólans og átti meira eða minna þátt í stofnun nýrra háskóladeilda og upptöku nýrra kennslugreina. En þáttur hans í stjórn háskólans inn á við er ekki síður athyglisverður, þótt eigi liggi eins í augum uppi. Hann lét sig málefni stúdenta miklu skipta og velfarnað þeirra við námið, kom á eftirliti með námsferli þeirra og lét sér annt um heilsu þeirra og afkomu. Próf. Alexander var því eigi aðeins mesti framkvæmdamaður í rektorsembætti, heldur einnig mesti skólamaður í eiginlegri merkingu þess orðs. Traust samkennara hans á honum sannast bezt á því, hve oft þeir fólu honum forustu mála sinna með því að endurkjósa hann til hins ábyrgðarmikla rektorsembættis.

Það traust kemur og fram í ummælum eftirmanna hans í embættinu. Haustið 1942 kemst Jón Hj. Sigurðsson, sem þá var nýkjörin háskólarektor, svo að orði í setningarræðu sinni: „Undanfarið hefur dr. Alexander Jóhannesson staðið í þessum stað og mælt hvatningarorð til þjóðar og stúdenta og skýrt frá framgangi stofnunarinnar. Nú var hann ófáanlegur til þess að taka við rektorskjöri. Dr. Alexander ber höfuð og herðar yfir aðra forgangsmenn háskólans, áhugi hans, einbeitni og stórhugur ódrepanði. Ég vil fyrir háskólans hönd þakka honum allt hans starf, og við vonumst fastlega, að hann eigi eftir að grípa stjórnvölinn í þessari stofnun“. Og haustið 1958, er próf. Alexander hafði látið af embætti fyrir aldurs sakir, mælir þáverandi háskólarektor, próf. Þorkell Jóhannesson, á þessa leið: „Um leið og ég árna hinum nýju kennurum heilla í starfi sínu, vil ég í nafni háskólans þakka dr. Alexander Jóhannessyni langt og heilladrjúgt starf í þágu heimspekideildarinnar og háskólans í heild. Dr. Alexander hóf ungur kennslu í háskólanum, fyrst sem aukakennari, en því næst

sem dósent og loks prófessor í íslenzku og íslenzkri málsögu. Hann hefir sem kunnugt er unnið þrekvirki í fræðigreini sinni. En í sögu háskóla vors verður hans ekki síður minnt sem stórhuga leiðtoga og framkvæmdamanns. Það leikur ekki á tveimur tungum, að háskólinn í núverandi mynd sinni á honum meira að þakka en öðrum, sem farið hafa með mál hans fyrr og síðar, þótt vitaskuld hafi ýmsir ágætir menn átt þar drjúgan hlut að.

Það má skilja af því, sem nú var sagt, að próf. Alexanders Jóhannessonar verður oft getið í söguþáttum þessum, og þó sízt oftast en efni standa til.

Háskólaráð er auk rektors skipað forsetum háskóladeildanna, og fer tala háskólaráðsmanna því eftir deildafjölda. Fram til ársins 1945 voru háskólaráðsmenn fjórir, en þá bættist einn við frá verkfræðideild, er komin var um þær mundir í fast horf. Deildarforsetar voru kosnir til eins árs í serin, unz núgildandi háskólalög gengu í gildi, en þar er kjörtími þeirra ákveðinn tvö ár. Þetta var framkvæmt þannig, að kjörtímabil þriggja þeirra deildarforseta og varamanna þeirra, sem kosnir voru 1958, skyldi vera eitt ár, og var hlutað um það, eftir að þeir voru kjörnir, hverjir þeirra skyldu gegna störfum eitt ár og hverjir tvo. Ganga þannig þrjár úr háskólaráði annað árið, en tveir hitt árið, að óbreyttri deildatölu, í stað þess, sem áður var, að skipt væri um alla háskólaráðsmenn árlega. Var þessi breyting til mikilla bóta og skapar meiri festu og samhengi í störfum ráðsins. Samkvæmt háskólalögnum frá 1957 skulu stúdentar eiga einn fulltrúa í háskólaráði, þegar um er að ræða málefni, sem varða stúdenta almennt, og hefir hann bæði málfrelsi og atkvæðisrétt um þau mál. Kosningar deildarforseta og tilnefning fulltrúa stúdenta fara fram í maímánuði, og taka þeir við störfum í byrjun næsta kennsluárs.

Háskólaráð fer með undirbúning þeirra mála, sem leggja á fyrir alþingi og stjórnarvöld og lætur þessum aðilum í té allar upplýsingar, sem þeir þurfa á að halda og háskólann varða. Áður en lögum, er snerta háskólann eða háskólastofnanir, verður breytt eða við þau aukið, skal leita umsagnar háskólaráðs um breytingar eða viðauka, svo og um nýmæli. Háskólaráð hefir með höndum öll þau mál, sem varða háskólann í heild sinni og stofnanir hans, svo sem fjármál þeirra, stjórn sjóða og styrkveitingar. Það er og vettvangur

þeirra mála, sem einstakar háskóladeildir eru ekki bærar að ráða til lykta. Það ræður lektora, aukakennara og aðstoðarkennara samkvæmt tillögum háskóladeilda, umsjónarmann með byggingum háskólans og starfslið í bókasafni og skrifstofu, svo að hið helzta sé nefnt.

Eftirtaldir prófessorar hafa átt sæti í háskólaráði frá stofnun háskólans:

Úr guðfræðideild: Haraldur Níelsson 1911-15, 1918-20, 1921-22, 1923-24, 1925-26; Jón Helgason 1915-des. 1916; Sigurður P. Sívertsen des. 1916-18, 1920-21, 1922-23, 1924-25, 1926-apríl 28, 1929-31, 1932-33, 1935-36; Magnús Jónsson apríl 1928-29, 1931-32, 1933-34, 1936-37, 1938-40, 1941-42, 1945-46; Ásmundur Guðmundsson 1934-35, 1937-38, 1940-41, 1942-45, 1946-50, 1953 til ársloka; Björn Magnússon 1950-51, jan. 1954-55, 1957-58; Sigurbjörn Einarsson 1951-52, 1955-56, 1958-59; Magnús Már Lárusson 1952-53, 1956-57, 1959-61.

Úr læknadeild: Guðmundur Hannesson 1911-14, 1916-17, 1918-20, 1922-23, 1925-27, 1928-29, 1930-31, 1935-36; Guðmundur Magnússon 1914-16, 1917-18, 1920-21, 1923-24; Guðmundur Thoroddsen jan.-sept. 1922, 1924-25, 1927-28, 1929-30, 1931-32, 1934-35, 1937-38, 1940-41, 1943-44, 1948-49; Jón Hj. Sigurðsson 1932-33, 1936-37, 1939-40, 1945-46; Níels Dungal 1933-34, 1941-42, 1944-5, 1949-50, 1954-55; Jón Steffensen 1938-39, 1942-43, 1947-48, 1952-53, 1956-57; Júlíus Sigurjónsson 1946-47, 1951-52, 1955-56; Jóhann Sæmundsson 1950-51; Snorri Hallgrímsson 1953-54, 1957-58; Sigurður Samúelsson 1958-60; Kristinn Stefánsson 1960-61.

Úr laga- og viðskiptadeild: Jón Kristjánsson 1911-13, 1915-16, 1918; Einar Arnórsson 1913-14, febr.-sept. 1917, marz 1922-23, 1925-26, 1928-29, 1931-32; Lárus H. Bjarnason 1914-15, 1917-18, des. 1918-19; Ólafur Lárusson 1916-febr. 17, 1919-21, 1923-24, 1926-27, 1929-30, 1932-33, 1935-38, 1939-42, 1944-45, 1948-49; Magnús Jónsson 1921-marz 22, 1924-25, 1927-28, 1930-31; Bjarni Benediktsson 1933-35, 1938-39; Gunnar Thoroddsen 1942-44, 1946-febr. 47; Ísleifur Árnason 1945-46; Gylfi Þ. Gíslason febr. 1947-48, 1952-53; Ólafur Jóhannesson 1949-50, 1953-54, 1958-60; Ólafur Björnsson 1950-51, 1954-55, 1960-61; Ármann Snævarr 1951-52, 1956-57; Theódór Líndal 1955-56; Magnús Þ. Torfason 1957-58.

Úr heimspekideild: Ágúst H. Bjarnason 1911-14, 1915-17, 1920-21,

1924-25, 1926-27, jan. 1930-31, 1934-35, 1938-39, 1941-42, 1944-45; Björn M. Ólsen 1914-15, 1917-marz 18; Guðmundur Finnbogason marz 1918-19, 1923-24; Sigurður Nordal 1919-20, 1921-22, 1925 -26, 1928-29, 1933-34, 1937-38, 1939-40, 1942-43; Páll Eggert Ólason 1922-23, 1927-28, 1929 til ársloka; Alexander Jóhannesson 1931-32, 1936-37, 1943-44; Árni Pálsson 1932-33, 1935-36, 1940-41; Þorkell Jóhannesson 1945-46, 1948-49; Einar Ól. Sveinsson 1946-47, 1949-51, 1954-55; Símon Jóh. Ágústsson 1947-48, 1953-54, 1957-58; Steingrímur J. Þorsteinsson 1951-52, des. 1952-53, 1956-57; Jón Jóhannesson 1952 fram í des., 1955-56; Halldór Halldórsson 1958-59; Guðni Jónsson 1959-61.

Úr verkfræðideild: Trausti Einarsson 1945-46, 1948-49, 1951-52, 1954-55, 1957-58; Leifur Ásgeirsson 1946-47, 1949-50, 1952-53, 1956-57; Finnogi R. Þorvaldsson 1947-48, 1950-51, 1953-54, 1955-56, 1958-59; Þorbjörn Sigurgeirsson 1959-61.

Margs konar skrifstofustörf fylgja slíkri stofnun sem háskólinn er, og hafa þau sífellt farið vaxandi, eftir því sem stofnunin hefir fært út kvíarnar. Þessi störf hafa frá upphafi verið falin háskólaritara, sem er fastur embættismaður, skipaður af menntamálaráðherra. Er erindisbréf hans prentað í Árbók háskólans 1911-12, bls. 57-58. Háskólaritari hefir á hendi skrifstofustjórn og hefir umsjón með sjóðum háskólans og öðrum fjárreiðum undir yfirstjórn rektors og háskólaráðs. Hann skrásetur nýja stúdenta og gerir stúdentaskrá, sér um útgáfu kennsluskrár fyrir hvert háskólamiðsiri og samkvæmt núgildandi reglugerð einnig um útgáfu árbókar háskólans. Hann hefir einnig á hendi upplýsingaþjónustu fyrir háskólann og er ritari á fundum háskólaráðs.

Þrír menn hafa gegnt embætti háskólaritara frá stofnun háskólans: Jón Rósenkranz læknir 1911- † 26/4 1924, Ólafur Rósenkranz leikfímiskennari 1924- † 14/11 1929, er gegnt hafði starfinu sem varamaður frá 1917 vegna veikinda Jóns, og próf. Pétur Sigurðsson magister síðan 1929. Á síðari árum hafa störf háskólaritara gerzt svo margbrotin og yfirgripsmikil, að einn maður fær ekki annað þeim. Haustið 1942 var fyrst ráðinn aðstoðarmaður á skrifstofuna, og var það Steingrímur J. Þorsteinsson, síðar prófessor, er vann þar í eitt ár, en síðan aðrir. Nú eru tvær stúlkur til aðstoðar á skrifstofunni, frá 1949 Erla Elíasdóttir B. A. sem nú er aðstoðarháskólaritari, og frú

Kristrún Skúladóttir frá 1960.

Sérstakur dyravörður eða umsjónarmaður var frá upphafi ráðinn við háskólann, og var honum sett sérstakt erindisbréf, sem prentað er í Árbók háskólans 1911-12, bls. 59-60. Þessu starfi gegndi fyrst Jónas Jónsson rithöfundur (Plausor) frá 1911- þ 2/7 1917 og svo ekkja hans, frú Kristín Hendriksdóttir 1917-18. Eftir það bættu háskólaritararnir á sig þessu starfi, meðan háskólinn var í Alþingishúsinu, þeir Ólafur Rósenkranz 1918-29 og Pétur Sigurðsson 1929-40. Þegar háskólinn fluttist í sitt eigið húsnæði, varð umsjónarmannsstarfið ærið verkefni sem aðalstarf. Var þá ráðinn sérstakur umsjónarmaður og honum fengið erindisbréf, sem prentað er í Árbók háskólans 1940-41, bls. 82-83. Ráðinn var Óskar Bjarnasen, fyrrum bæjarfógetafulltrúi í Vestmannaeyjum, og var hann umsjónarmaður háskólans frá 1940- þ 22/10 1957. Eftirmaður hans er cand. phil. Brynjólfur Kjartansson, fyrrum skipstjóri.

VI. Deildir og kennarar

Háskóli Íslands er í raun og veru margir skólar undir einni yfirstjórn. Þetta eðli háskólans verður ljósara, þegar það er haft í huga, hvernig hann varð til, þ. e. með sameiningu þriggja sjálfstæðra skóla, er fyrir voru, að viðbættum skóla í heimspeki og íslenskum fræðum. Síðan hefir bætt við skóli fyrir verkfræðinga og enn fleiri eru í myndun. Slíkt er eðlileg þróun í menningarþjóðfélagi, sem er í örum vexti.

Þessar mismunandi kennslustofnanir innan háskólans nefnast *deildir*, og gefur það til kynna, að þær eru hlutar úr stærri heild. Deildirnar eru nú 5 að tölu: guðfræðideild, læknadeild, laga- og viðskiptadeild, heimspekideild og verkfræðideild. Ef miðað er við háskólann sjálfan, eru fjórar fyrstnefndu deildirnar jafngamlar, því að háskólinn var stofnaður með þeim og þær með honum. En háskólaráð gerði þá samþykkt árið 1920, að í kennsluskrá og annars staðar skyldu háskóladeildirnar „taldar í röð eftir aldri“ og miðaði þá við aldur þeirra skóla, er voru fyrirrennarar embættadeildanna. Þeim Salómons dómi hefir verið fylgt síðan.

Þess ber að geta, að í háskólalögum frá 1936 er atvinnudeild talin ein af deildum háskólans, þar eð gert var ráð fyrir, að auk vísindalegra rannsókna í þágu atvinnuveganna hefði hún með höndum kennslu við háskólann í sérgreinum sínum. Úr því varð þó aldrei, og er því nafn atvinnudeildarinnar fellt niður úr tölu háskóladeilda í nógildandi háskólalögum.

Háskóladeildirnar njóta allmikillar sjálfstjórnar innan takmarka heildarinnar. Hver deild kys sér forseta, sem á sæti í háskólaráði, eins og áður er sagt, og svarar hann til forstöðumanns í sérskólunum gömlu. Hann gengst fyrir deildarfundum, er þurfa þykir, og stjórnar þeim. Hann er og fulltrúi deildar sinnar út á við. Á fundunum eru rædd sérmál deildar og önnur mál, sem hún óskar að koma á framfæri við rektor og háskólaráð eða vísað hefir verið til hennar til athugunar eða umsagnar. Sérmál deilda varða einkum kennslutilhögun, námsefni og próf. Þær hafa tillögurétt um kennaraval og veitingu kennaraembætta, og þær hafa á sínu valdi

veitingu doktorsnafnbótar. Þegar um doktorsnafnbót í heiðurs skyni er að ræða, þarf þó samþykki háskólaráðs að koma til.

Þegar Háskóli Íslands var stofnaður, skiptust fastar kennarastöður við skólann í tvennt; sumar voru prófessorsembætti, aðrar dósentsembætti. Dósentar voru skör lægra settir bæði um laun og frama, voru t. d. ekki kjörgengir sem forsetar deilda eða til setu í háskólaráði eða til rektorsembættis. Á hinn bóginn gegndu þeir oft vandasömum og mikilvægum kennslustörfum engu síður en prófessorarnir, og verður vart neinn eðlismunur fundinn á störfum þeirra. Þessi mismunur á hliðstæðum starfsmönnum mun fyrst og fremst hafa verið sprottin af sparnaðaranda, þótt ekki væri þar um miklar fjárhæðir að ræða. Þegar fram í sótti, undu dósentar illa misréttinu, enda viðurkenndu allir, sem til þekktu, að það þyrfti að leiðrétta. Þetta var gert að nokkru með lögum nr. 24 19. maí 1930, þar sem svo er fyrir mælt, að dósentar við Háskóla Íslands, sem starfað hafa í embætti um 6 ára skeið, skuli verða prófessorar með sömu réttindum og skyldum sem aðrir prófessorar háskólans. Hin gamla skipan prófessors- og dósentsembætta hélzt að öðru leyti, þar til er núgildandi háskólalög voru sett 1957. Þá voru allir starfandi dósentar við háskólann skipaðir prófessorar án tillits til þess, hvort þeir höfðu gegnt embætti sínu lengur eða skemur. Öll föst kennaraembætti við háskólann eru því nú prófessorsembætti.

Allmargir kennarar eru nú starfandi við háskólann, langflestir þeirra í læknadeild, sem eru dósentar að nafnbót. Þeir eru skipaðir til ótiltekins tíma og gegna aðalstarfi annars staðar. Staða þeirra við háskólann er því öll önnur en dósentanna, sem áður voru nefndir, og má eigi blanda því saman.

Aðrir kennarar við háskólann eru lektorar, sem ráðnir eru til tveggja ára hið skemmsta, aukakennarar og aðstoðarkennarar, sem ráðnir eru til enn styttra tíma, og loks erlendir sendikennarar, sem kostaðir eru af hlutaðeiganda ríki, en njóta lítils háttar styrks frá íslenska ríkinu.

Eftir því sem næst verður komizt, er tala kennara við Háskóla Íslands nú sem hér segir: prófessorar 35, dósentar 16, lektorar 6, aukakennarar og aðstoðarkennarar 25 og erlendir sendikennarar 8. Kennarar alls 90.

VII. Embættaveitingar

Venjan hefir verið sú, að vel hafi farið á með háskólanum og ríkisvaldinu, er um veitingar kennaraembætta hefir verið að ræða. Háskólinn hefir jafnan litið svo á, að hann hafi sjálfur bezt skilyrði til þess að dæma um hæfni umsækjenda um kennarastöður, og reynt að búa svo um hnútana, að hæfasti maðurinn yrði fyrir valinu hverju sinni. Vitrir og velviljaðir ráðherrar hafa alla jafnan tekið óskir og tillögur háskólans til greina í þessum efnum, einkum á síðari árum, er þeir menn hafa farið með yfirstjórn menntamála, sem numið höfðu við háskólann eða verið kennarar þar og voru því kunnugir sjónarmiðum hans og þörfum. En þessu hefir ekki alltaf verið svo farið. Stundum hafa þykkjur háskólans og yfirmanna hans ekki farið saman, og það svo, að slegið hefir í harðar brýnur.

Í háskólalögunum frá 1909 eru ákvæði um það, að áður en kennari er settur eða skipaður við háskólann, skuli ávallt leita umsagnar hlutaðeigandi háskóladeildar um kennaraefnið. Til þess að geta rökstutt nægilega slíka umsögn er háskóladeildum heimilað í reglugerðinni 1912 að gefa umsækjendum kost á að ganga undir samkeppnispróf og kveðja, ef þeim sýnist, sérstaka fræðimenn, innan lands eða utan, til aðstoðar við prófið. Engin fyrirmæli eru um það, hversu við skyldi bregðast, ef umsækjandi hafnaði þeim kosti að ganga undir samkeppnispróf, en hugmyndin mun hafa verið sú, að sá, er það gerði, hefði dæmt sjálfan sig úr leik. Heimildina notuðu háskóladeildir nokkrum sinnum, og kom í ljós, að þessi aðferð reyndist ekki heppileg.

Fyrsta samkeppnisprófið var háð 1917 um dósentsembættið í guðfræði. Umsækjendur voru prestarnir Ásmundur Guðmundsson, Magnús Jónsson og Tryggvi Þórhallsson, settur dósent. Þeir luku allir prófinu og voru taldir hæfir til embættisins, en Magnús þó framast. Mælti deildin með honum, og var honum veitt embættið. Ekki var sú veiting þó óumdeild, því að ýmsir töldu, að Tryggvi Þórhallsson hefði verið órétti beittur.

Næst var samkeppnispróf háð 1930-31 um prófessorsembættið í sögu Íslands. Umsækjendur voru upphaflega 9: Árni Pálsson

bókavörður, Barði Guðmundsson settur prófessor, Guðbrandur Jónsson rithöf., Guðni Jónsson mag. art., Hallgrímur Hallgrímsson bókavörður, dr. Jón Dúason, Sigurður Skúlason mag. art., Stefán Pétursson cand. phil. og Þorkell Jóhannesson mag. art. Tveir af umsækjendum, Guðni Jónsson og Stefán Pétursson, tóku umsóknir sínar bráðlega aftur, sá þriðji, Barði Guðmundsson, skilaði engri ritgerð í samkeppninni, en hinir skiluðu allir ritgerðum. Aðeins tveir þeirra, Árni Pálsson og Þorkell Jóhannesson, fengu að ljúka prófrauninni með flutningi fyrirlestrar, eins og til var ætlað. Taldi dómnefndin þessa menn báða hæfa, en mælti þó meir með Árna Pálssyni, enda þótt mikið vantaði á, að hann hefði lokið ritgerðarverkefninu. Sama gerði heimspekideild, og var Árna veitt embættið. Að þessu leyti náði þetta samkeppnispróf tilgangi sínum. En sagan var ekki öll. Sá af umsækjendum, sem ekki tók þátt í samkeppnisprófinu, Barði Guðmundsson, tók sig til og kærði dómnefndina fyrir háskólaráði og dóms- og kirkjumálaráðuneytinu fyrir hlutdrægni í vali verkefnis í prófritgerðina, og einnig gaf hann út bækling um þetta, er hann nefndi „Dómnefndarmálið“. Dómnefndin vísaði ákærurni um hlutdrægni á bug, og henni var ekki sinnt af ráðuneytinu. En þótt svo færi, varð mál þetta háskólanum til óþæginda og veikti traust sumra manna á réttsýni hans í tillögum um embættaveitingar. Þetta sýndi líka, að samkeppnisprófin voru tvíeggjað vopn, og átti það eftir að koma betur í ljós.

Sumarið 1936 var auglýst til umsóknar prófessorsembætti það, er dr. Þórður Eyjólfsson hafði gegnt í lagadeild. Umsækjendur voru Gunnar Thoroddsen cand. jur., Ísleifur Árnason fulltrúi og dr. Jón Dúason. Lagadeild samþykkti að láta fara fram samkeppnispróf milli aðeins tveggja umsækjendanna, þeirra Gunnars Thoroddsens og Ísleifs Árnasonar. Kennslumálaráðherra, Haraldur Guðmundsson, taldi ekki unnt að láta samkeppnispróf fara fram vegna þess, að annar umsækjandinn, Ísleifur Árnason, hefði færzt undan að taka þátt í því og greint ástæður, sem ráðherra mat gildar, og veitti ráðherra Ísleifi embættið eftir tillögu minna hluta deildarinnar án þess að gefa meira hlutanum kost á að gera aðrar tillögur, eftir að ráðherra hafði ákveðið, að samkeppnispróf skyldi ekki fara fram. Kennarar háskólans töldu, að með þessari

veitingaraðferð væri brotið gegn reglugerð háskólans, og rituðu mótmælabréf, sem einnig var prentað með titlinum: „Skýrsla háskólakennara um veitingu prófessorsembættis í lagadeild“. Allir prófessorar háskólans rituðu undir mótmælin. Mál þetta vakti allmikið umtal og óánægju á báða bóga. Lét ráðherra prenta bækling sem svar við bréfinu, og hét hann „Háskólinn og veitingarvaldið“. Haustið 1936 gerði þáverandi háskólarektor, próf. Niels Dungal, mál þetta mjög að umtalsefni og sýndi fram á með ljósum rökum, hve nauðsynlegt það væri, að háskólinn fengi sjálfur að velja kennara sína. Hann tók það fram, að frá háskólans hendi hefði baráttan ekki verið háð um mennina, sem í hlut áttu, heldur um aðferð við veitinguna, sem væri nýtt fyrirbrigði í sögu háskólans.

Sama ár losnaði dósentsembættið í guðfræði og var auglýst til umsóknar. Umsækjendur um embættið voru 4: síra Benjamín Kristjánsson, síra Björn Magnússon prófastur, síra Garðar Svavarsson og síra Sigurður Einarsson. Guðfræðideild ákvað að láta fara fram samkeppnispróf milli umsækjandanna. Skipaði hún 5 manna dómnefnd, og var einn nefndarmanna próf. dr. theol. Holger Mosbeck frá Kaupmannahöfn. Einn umsækjenda, síra Garðar Svavarsson tók umsókn sína aftur, en hinir þrír luku allir samkeppnisprófinu með tilskildum hætti. Að loknum störfum gerði dómnefndin svofellda ályktun:

„Dómnefndin lítur einhuga svo á, að síra Björn Magnússon hafi í ritgerð sinni og fyrirlestrum gert gefnum verkefnum bezt skil keppandanna og sýnt mikla yfirburði fram yfir hina að vísindalegri efnismeðferð, þekkingu og framsetningu. Telur dómnefndin hann einkar vel hæfan til að takast á hendur kennaraembætti í guðfræði við Háskóla Íslands og leggur það til með samhljóða atkvæðum við guðfræðideildina, að hún mæli með því, að honum verði veitt dósentembættið, sem nú er laust“.

Samkvæmt þessum úrslitum gerði guðfræðideildin þá tillögu til dóms- og kirkjumálaráðuneytisins, að síra Birni Magnússyni yrði veitt dósentembætti í guðfræðideild. Var hann síðan settur dósent frá 1. marz 1937.

Nú hefði mátt ætla, að mál þetta væri klappað og klárt og síra Björn hefði fengið embættið. En það fór á aðra leið; eftir var lokaþátturinn í þessari sögulegu embættisveitingu. Hinn 16. nóv.

1937 var annar umsækjandi, síra Sigurður Einarsson, skipaður í dósentsembættið. Um leið gaf ráðherrann, Haraldur Guðmundsson, út ritling, er hann nefndi „Enn um háskólann og veitingarvaldið“, sem var jöfnum höndum ádeila á háskólann og vörn fyrir hann sjálfan. Þar skýrði ráðherrann m. a. frá því, að hann hefði fengið dóm frá erlendum guðfræðingi, prófessor Anders Nygren í Lundi, sem færi í öfuga átt við álit dómnefndarinnar og ráðherrann teldi sjálfur réttan.

Þegar embættisveiting þessi varð kunn, vakti hún í flestum stöðum undrun og gremju. Daginn eftir sendi háskólaráð Fréttastofu blaðamanna eftirfarandi yfirlýsingu, sem birt var í blöðum og útvarpi: „Háskólaráðið mótmælir eindregið tilraun kennslumálaráðherra til þess að óvirða háskólann með því að skjóta dómi dómnefndar guðfræðisdeildar um samkeppnispróf um dósentsembætti deildarinnar til erlends manns, sem hann hefur getað til þess fengið að gerast eins konar yfirmatsmaður og taka dóm þessa eina manns fram yfir einróma álit dómnefndarinnar. Auk þess hefir ráðherrann gefið út skýrslu um málið sér til réttlætningar, þar sem hann ræðst ómaklega á háskólann. Þykir háskólaráði að vísu illt að þurfa að verja háskólann gegn yfirboðara hans, en neyðist til að gera það og mun innan skamms birta svar við árásum ráðherrans“.

Premur dögum síðar gáfu prófessorar guðfræðideildar út „Svar til bráðabirgða við skýrslu kennslumálaráðherra“. Svar háskólaráðsins kom út í febrúar 1938 og var kallað „Háskólinn og kennslumálaráðherrann“.

Um þetta hvítleiða mál var margt rætt, ritað - og ort, og olli það miklum deilum. Það var almennt kallað „dósentsmálið“ og var alls staðar hitamál, bæði á alþingi, í blöðum, í útvarpsumræðum og manna á meðal. Hefir naumast nokkur embættisveiting hér á landi vakið slíkan styr eða verið gagnrýnd sem þessi.

Það hafði komið meira en nógu skýrt í ljós í þeim dæmum, sem nú voru nefnd, að lög og reglugerð háskólans tryggðu engan veginn, eins og til var ætlazt, rétt háskólans til áhrifa á veitingu kennaraembætta og samkeppnisprófin höfðu síður en svo reynzt heppileg leið til þess. Í reglugerð háskólans frá 1942 eru samkeppnispróf því felld niður og nýjar reglur settar um veitingu háskólaembætta. Þær reglur eru á þessa leið:

„Áður en fast kennaraembætti við Háskóla Íslands (prófessors- eða dósentsembætti) er veitt, skal það auglýst til umsóknar með hæfilegum umsóknarfresti.

Umsækjendur skulu láta fylgja umsókn sinni ítarlega skýrslu um vísindastörf þau, er þeir hafa unnið, ritsmíðar og rannsóknir, svo og námsferil sinn og störf. Með umsókninni skulu send eintök af vísindalegum ritum og ritgerðum umsækjenda, prentuðum og óprentuðum.

Skipa skal hverju sinni 5 manna nefnd til þess að dæma um hæfi umsækjenda til að gegna embættinu. Nefnir háskólaráðið til þess tvo af nefndarmönnum, ráðherra sá, er fer með kennslumál, aðra tvo og hlutaðeigandi deild einn, og er sá formaður nefndarinnar. Engan má nefna í nefnd þessa, sem eigi er viðurkenndur fræðimaður í vísindagrein þeirri, sem umsækjendum er ætlað að kenna.

Telji háskólaráð sérstaka örðugleika vera á því að fá 5 hæfa menn til dómsins, má nefndin vera skipuð 3 mönnum, og tilnefnir þá háskólaráð einn þeirra, ráðherra sá, er fer með kennslumál, annan og hlutaðeigandi deild hinn þriðja.

Nefnd þessi skal láta uppi rökstutt álit um vísindalegt gildi rita umsækjenda og rannsókna og hvort af þeim megi ráða, að umsækjandi sé hæfur til að gegna embættinu. Álitsgerð nefndarinnar skal höfð til hliðsjónar, er embættið er veitt, og má engum manni veita fast kennaraembætti við háskólann, nema meiri hluti nefndarinnar hafi látið í ljós það álit, að hann sé hæfur til þess“.

Þessi ákvæði eru um öll aðalatriði tekin upp í núgildandi lög og reglugerð háskólans. Dómnefndarmenn skulu nú vera 3, tilnefndir á sama hátt sem að ofan segir, og skal fulltrúi deildar vera formaður nefndarinnar. Því er bætt við, að enn fremur skuli leita álits hlutaðeigandi háskóladeildar um umsækjendur.

Þetta fyrirkomulag hefir yfirleitt gefizt vel. Síðan það var upp tekið, hefir þó einu sinni komið til árekstra milli háskólans og veitingarvaldsins, og var það enn út af dósentsembættinu í guðfræði. Þegar Sigurður Einarsson lét af embætti, var síra Sigurbjörn Einarsson settur til að gegna því haustið 1943. Það var síðan auglýst laust til umsóknar. Umsækjendur voru síra Björn Magnússon, síra Gunnar Árnason og síra Sigurbjörn Einarsson, settur dósent. Skipuð var í manna dómnefnd til þess að meta hæfni umsækjenda. Töldu 4

nefndarmanna þá síra Björn og síra Sigurbjörn hæfa til starfsins, en einn nefndarmanna taldi þá alla hæfa, og þó einkum síra Sigurbjörn. Að fengnu álit dómnefndar samþykkti guðfræðideildin einróma að mæla með því við kennslumálaráðuneytið, að Birni Magnússyni yrði veitt dósentsembættið. Þessa tilnefningu deildarinnar hafði ráðherra, dr. Björn Þórðarson, að engu og skipaði Sigurbjörn Einarsson í embættið. Í tilefni af þessari embættisveitingu samþykkti háskólaráð á fundi 13. okt. 1944 að senda hlutaðeiganda ráðuneyti eftirfarandi mótmælalibréf:

„Í tilefni af því, að dóms- og kirkjumálaráðuneytið hefur hinn 10. þ. m. skipað séra Sigurbjörn Einarsson dósent við guðfræðisdeild háskólans þrátt fyrir það, að guðfræðisdeildin hafði einróma lagt til, að annar umsækjandi, séra Björn Magnússon, yrði skipaður í embætti þetta, sér háskólaráðið sig tilneytt að senda ráðuneytinu eindregin og ákveðin mótmæli gegn þessari ráðstöfun. Háskólaráðið harmar það, að ráðuneytið hefur enn einu sinni traðkað rétti háskólans til þess að hafa áhrif á embættaskipanir við háskólann, og er háskólaráðið sannfært um það, að það muni hafa mjög alvarlegar afleiðingar fyrir starfsemi háskólans í framtíðinni, ef slíku heldur fram“.

Þetta síðara „dósentsmál“ var engan veginn eins alvarlegs eðlis og hið fyrra. Embættið var veitt mjög hæfum manni og hinn umsækjandinn, sem guðfræðideildin hafði borið fyrir brjósti, var skömmu síðar skipaður dósent í guðfræði með sérstökum lögum.

Slíkir árekstrar sem hér hefir verið lýst milli háskólans og veitingarvaldsins heyra nú sögunni til. Og það er ekki líklegt, að þeir eigi eftir að endurtaka sig. Afstaða stjórnarvalda til háskólans nú er öll önnur en fyrr. Í stað skilningsleysis og jafnvel óvildar ríkir nú hið gagnstæða: skilningur og góðvilji, með öðrum orðum eðlileg samskipti.

VIII. Háskólahættir og stúdentar

Fram til 1936 var háskólaárið frá 1. október til 30. júní, en síðan frá 15. september til 15. júní. Háskólaárinu er skipt í tvö jafnlöng tímabil, haustmissiri og vormissiri, og voru missiraskiptin fram til 1936 hinn 15. febrúar, en síðan 31. janúar. Próf fara fram tvisvar á ári, í lok hvors kennslumissiris.

Leyfis dagar eru svipaðir og í öðrum skólum. Jólaleyfi nær frá 20. des. til 6. jan., páskaleyfi frá miðvikudegi fyrir skírdag til þriðja í páskum og hvítasunnuleyfi frá laugardegi fyrir hvítasunnu til þriðja í hvítasunnu, allt að báðum dögum meðtöldum. Auk þess er kennsluleyfi 1. desember og á sumardaginn fyrsta, en hins vegar tíðkast ekki í háskólanum hin svonefndu mánaðarfrí.

Háskólaásetning fer árlega fram með virðulegri athöfn og nefnist háskólahátíð. Meðan háskólinn var í Alþingishúsinu, fór athöfnin fram í neðrideildar sal alþingis, en síðan í hátíðasal háskólans. Framan af var háskólinn settur um það leyti sem kennsla hófst, þ. e. fyrstu dagana í október, en árið 1939 var sá siður upp tekinn, sem síðan hefir haldizt, að velja til þess fyrsta vetrardag ár hvert. Háskólahátíðin hefir jafnan farið fram með líku sniði. Þar flytur háskóla­rektor setningarræðu sína, á undan og eftir eru fluttir kaflar úr háskóla­ljóðunum frá 1911 og nýstúdentar ganga fyrir rektor, taka við háskóla­borgarabréfinu úr hendi hans og staðfesta með handabandi, að þeir muni halda og virða lög og reglur háskólans. Um eitt skeið var sá háttur á hafður, þ. e. á árunum 1939-1946, að einn af prófessorum háskólans flutti fræðilegt erindi á háskólahátíðum. Í setningarræðunni tekur rektor til meðferðar helztu málefni háskólans á hverjum tíma, skýrir frá aðalviðburðum í sögu skólans eða framtíðarverkefnum hans. Þá ávarpar rektor hina nýju stúdenta, gefur þeim holl ráð í vegarnesti á erfiðri námsbraut og árnar þeim gengis. Eru ræður þessar í heild sinni mikils verðar heimildir um sögu háskólans. Þær eru prentaðar í árbókum háskólans nema árin 1912-17 og 1922-24, er þær hafa verið felldar niður.

Sérstök athöfn í tilefni af háskólaslitum hefir aldrei tíðkast. Veldur

Því einkum það, að prófum lýkur eigi samtímis í öllum deildum, en ýmsir af kandidötum hverfa úr borginni þegar að prófi loknu.

Almenn inntökuskilyrði í háskólann eru þau að hafa lokið stúdentsprófi hér á landi og að hafa óflekkað mannorð. Háskólaráð getur einnig leyft, að skrásettir séu til náms menn, sem lokið hafa prófi erlendis, er jafngildi íslenzku stúdentsprófi. Til inngöngu í verkfræðideild og til náms í lyfjafræði lyfsala og í stærðfræðilegum greinum til B.A.-prófs er krafizt stúdentsprófs úr stærðfræðideild,

Skráning nýrra stúdenta fer fram tvisvar á kennsluári, það er í september og janúar. Hver stúdent greiðir skrásetningargjald, og var það lengi vel 15 kr., en er nú 300 kr. Gjald þetta rennur að 2/3 hlutum í svonefndan prófgjaldasjóð, en að 1/3 í stúdentaskiptasjóð, er varið er til þess að stuðla að stúdentaskiptum milli Íslands og annarra landa. Um leið og stúdent skráir sig til náms í háskólanum, tiltekur hann að sjálfsögðu, í hvaða deild hann ætlar að fara eða með öðrum orðum, hvaða sérnám hann ætlar að stunda. Eftir það má hann skrifa sig einhverjum af eftirfarandi stúdentatitlum: stud. phil. (heimspeki), stud. theol. (guðfræði), stud. med. (læknisfræði), stud. odont. (tannlæknisfræði), stud. pharm. (lyfjafræði lyfsala), stud. jur. (lögfræði), stud. oecon. (viðskiptafræði), stud. mag. (íslenzk fræði) eða stud. polyt. (verkfræði).

Allir stúdentar aðrir en verkfræðinemar eru skyldir til að ljúka prófi í forspjallsvísindum. Það próf fer venjulega fram í lok annars kennslumissiris, þ. e. eftir eins vetrar dvöl í háskólanum.

Á fyrstu áratugum háskólans ríkti þar algert akademískt frelsi. Það er í því fólgð, að stúdentum er í sjálfsvald sett, hvernig þeir stunda nám sitt, þeir hafa enga skyldu til skólasetu, eru frjálsir að sækja tíma, eftir því sem þeir vilja, og engin takmörk eru sett fyrir því, hve lengi þeir megi vera við nám. Þar, sem akademískt frelsi ríkir, er því allur skólaagi numinn brott, allt eftirlit með námi þurrkað út og hverjum stúdent ætlað að sjá um sig. Þetta frelsi hefir löngum verið vegsamað og þótt aðalsmerki gamalla háskóla hér í álfu, og því var eðlilegt, að Háskóli Íslands drægi merki þess að húni. Það er í anda ungra manna og ákjósanlegt í sjálfu sér, en reynir mjög á persónulegan þroska og ábyrgðartilfinningu hvers einstaklings. Sumum verður þessi ábyrgð of þung, þeir gleyma sér og láta reka á reiðanum. Þeir verða *studenti perpetui*, eilífðarstúdentar, sem ljúka

aldrei námi. Í þessu er fólgin sú hættu, sem er ávallt samfara hinu algera akademiska frelsi. Flestir stúdentar þola það og þroskast við það, en alltaf eru nokkrir, sem freistast til að misnota það, og verður þeim það svo að fótakefli. Á síðari áratugum hafa flestir háskólar því tekið upp meira eða minna eftirlit með námsferli stúdenta til þess að koma í veg fyrir, að þá dagi uppi við námið, og stuðla að því, að þeir ljúki því á hæfilegum tíma.

Eitt frumskilyrði þess, að stúdentar fái notið sín við nám, er líkamleg heilbrigði. Framan af var ekkert gert til þess að fylgjast með heilsufari stúdenta; einnig í því efni varð hver að sjá um sig. Fyrsta læknisskoðun á stúdentum fór fram veturinn 1930-31. En með reglugerðarbreytingu 25. sept. 1934 var þeim gert að skyldu að ganga undir læknisskoðun í byrjun fyrsta og þriðja námsárs þeirra í háskólanum. Samkvæmt núgildandi reglugerð er háskólaráði og heimilt að kveða svo á, að stúdentar gangi undir berklaskoðun árlega, ef þurfa þykir. Hvor tveggja skoðunin er gerð stúdentum að kostnaðarlausu. Í því skyni að efla líkamlega hreysti og starfsþrótt stúdenta voru íþróttir gerðar að skyldunámsgrein samkvæmt lögum nr. 78 27. júní 1941, en þeirri skyldu tókst ekki að framfylgja til lengdar. Verða íþróttamálin gerð að sérstöku umtalsefni í næsta kafla.

Með háskólareglugerðinni frá 1942 er fyrst tekið upp almennt eftirlit með námi stúdenta. Er það einkum gert á tvennan hátt, annars vegar með tilhögun prófa og hins vegar með námsferilsbókum. Í öllum greinum er prófum nú skipt í tvo eða fleiri hluta og það ákveðið í reglugerð, hvað líða megi lengstur eða skemmstur tími milli þess að einstakir hlutar prófsins eru teknir. Með þessu móti er hægt að fylgjast með því, hvernig stúdentum miðar áfram við námið, og sjá til þess, að hæfilegri áætlun um námstímann sé haldið. Í raun og veru er þessi tilhögun prófanna stúdentum miklu hagfelldari en sú aðferð, sem tíðkaðist lengi í flestum greint um, að taka allt prófið í einu lagi. Um leið og stúdentar hefja nám, fá þeir í hendur námsferilsbók. Í hana eru skráð próf þau, er stúdentinn lýkur á námsferli sínum, þátttaka hans í lögmaeltum námskeiðum og, ef deild ákveður, einnig tímasókn hans á hverju missiri, svo og aðrar upplýsingar um nám hans, sem þörf þykir að geta um. Haustið 1948 samþykkti háskólaráð, að kennarar skyldu eftirleiðis halda skrá um

fjarvistir stúdenta, en könnun á tímasókn fer nú fram með þeim hætti, sem hver deild ákveður. Ástundunarsömum stúdentum er hagur að því, að fylgzt sé með tímasókn, því að hún getur auðvitað haft áhrif á veitingu styrkja eða námslána.

Til þess að koma í veg fyrir það, að stúdentar geti talið sig í háskólanum, eftir að þeir eru í raun og veru hættir að stunda þar nám, er ákveðið í reglugerð, að má skuli nafn stúdents af nemendatali háskólans, ef hann hefir ekki að dómi hlutaðeigandi deildar sótt háskólann í tvö kennslumissiri samfleytt. Hafi hann hins vegar tilkynnt háskóladeild sinni fjarveru sína fyrir fram, má hann vera fjarverandi allt að fjögur missiri.

Eins og sjá má af því, sem nú var sagt, hefir háskólinn allmikið eftirlit með námsferli stúdenta. Hið akademíska frelsi hefir að því leyti verið takmarkað. Tegundin *studiosus perpetuus* á sér ekkert griðland framman innan háskólans. Eftir vissan tíma mundi nafn hans máð af þeirri lífsins bók stúdentaskránni. Spyrja mætti, hvernig stúdentar uni slíku eftirliti af hálfu skólans. Ekki verður annars vart en þeir telji það yfirleitt eðlilegt og sjálfsagt. Stúdentar gera sér fullljóst, að nám þeirra er ekki leikur, heldur vinna og starf, og kunna að virða og meta þann stuðning, sem háskólinn veitir þeim til þess að ljúka því á sem stytztum tíma og með sem beztum árangri.

Til þess að gera sér grein fyrir stærð skóla og vexti er tiltækilegasta leiðin að líta á nemendatölu hans á ýmsum tíma. Hér skulu því tilfærðar tölur um stúdentafjöldann í einstökum deildum og í háskólanum alls með nokkurra ára millibili. Fyrst er yfirlit yfir tímenn, sem háskólinn var í Alþingishúsinu:

Ár	Guðfr.	Læknisfr.	Lögfr.	Heimsp.	Alls
1911-12	5	23	17	0	45
1914-15	21	30	11	0	62
1919-20	20	33	26	5	84
1924-25	27	44	31	18	120
1929-30	16	69	37	19	141
1934-35	15	68	59	25	167
1939-1940	18	92	83	34	227

Eftir að háskólinn flyzt í sitt eigið húsnæði, fjölgar deildum og

SAGA HÁSKÓLA ÍSLANDS

námsgreinum, og er tala stúdentanna síðan sem hér segir, læknadeild talin í einu lagi:

Ár	Guðfr.	Læknisfr.	Lögfr.	Viðsk.	Heimsp.	Verkfr.	Alls
1940-41	23	93	110		45	9	280
1944-45	21	119	106	36	76	37	395
1949-50	32	186	130	44	131	42	565
1954-55	40	232	93	98	246	35	744
1959-60	25	216	130	76	278	26	751

Ástæðan til þess, að fjölgun síðustu 5 ára er svo lítil sem tölurnar sýna, er m. a. sú, að síðustu árin hefir verið fylgt fyrirmælum núgildandi reglugerðar um að má þá af stúdentaskrá, sem sækja ekki nám í tiltekinn tíma.

IX. Íþróttamál háskólans

Á fyrstu áratugunum, sem háskólinn starfaði, var íþróttamálum stúdenta lítið sem ekkert sinnt af opinberri hálfu eða neitt gert til þess að veita stúdentum aðstöðu til íþróttaiðkana. Þeim var algerlega í sjálfsvald sett, hvort og að hve miklu leyti þeir vildu leggja rækt við líkamsíþróttir, og öll forganga um þau mál varð að koma frá þeim sjálfum. Þó að jafnan væru einhverjir áhugamenn um íþróttir í hópi stúdenta, þá var við ramman reip að draga, bæði sökum húsnæðisleysis og fjárskorts. Veturinn 1922-23 samþykkti háskólaráð að beiðni stúdenta að mæla með því við stjórnarráðið, að fé yrði veitt og aðrar ráðstafanir gerðar til þess að gefa stúdentum háskólans kost á ókeypis leikfimi og böðum. Þetta bar þann árangur, að ríkisstjórnin veitti fyrir árin 1923 og 1924 fé í þessu skyni: 245 kr, og 80 aura fyrra árið og 197 kr. seinna árið, en þriðja árið gafst hún upp á slíkum fjáraustri. Veturinn 1926-27 gerði stúdentaráð ítrekaðar tilraunir til þess að afla fjár til að kosta leikfimikennslu handa stúdentum, en ríkisstjórnin gaf ótvírætt í skyn, að henni þætti nóg um fjárbónir stúdenta. Þótti þá ekki ráðlegt að ganga fastar að um þetta að sinni vegna annarra fjárveitinga, sem meira þótti við liggja.

Haustið 1927 tóku nokkrir áhugamenn um íþróttir meðal stúdenta sig saman um að halda uppi fimleikaæfingum og kennslu í íslenskri glímu. Varð þátttaka í þessu allgóð. Upp úr þessari hreyfingu var stofnað *Íþróttafélag háskólans* þá um veturinn, 21. janúar 1928. Hafði það félag síðan forgöngu um íþróttamál stúdenta, unz það lagóist niður árið 1943. En 5. marz 1946 var það endurvakið og nefndist þá *Íþróttafélag stúdenta*, og starfar það enn í dag. Fyrsti kennari hjá félaginu var Björn Jakobsson, en 1932 tók við Benedikt Jakobsson, og var hann ráðinn fastur íþróttakennari háskólans frá 1. maí 1942.

Þegar stúdentar hófu íþróttastarfsemi sína haustið 1927, fór háskólaráð fyrir þeirra hönd fram á það við ríkisstjórnina, að hún ætlaði 500 kr. á fjárlögum til eflingar íþróttum meðal stúdenta, en því var synjað. Eftir það veitti háskólaráð íþróttafélaginu lengstum 600 kr. á ári af óvissum útgjöldum Sáttmálasjóðs. Hins vegar tók ríkisstjórnin ekki upp fjárveitingu í þessu skyni fyrr en 1939. Sú

fjárveiting nam 300 kr., og sama upphæð var veitt næstu árin.

Vorið 1939 var próf. Alexander Jóhannesson kjörinn háskólarektor til þriggja ára. Hann hafði hinn mesta áhuga á íþróttamálum stúdenta og gaf m. a. bikar fyrir boðsundskeppni í framhaldsskólum bæjarins. Setning íþróttalaganna, laga nr. 25 12. febr. 1940, ýtti og undir aðgerðir í málinu, því að þar mælti svo fyrir, að háskólastúdentar skyldu eiga kost á íþróttakennslu og íþróttaiðkunum eftir nánari ákvæðum, sem ráðherra setti þar um. Rektor hóf nú samvinnu við stúdenta, og í samráði við hann skipaði stúdentaráð vorið 1940 nefnd manna, sem gera skyldi tillögur um fyrirkomulag íþróttastarfsemi í háskólanum í samræmi við hin nýju íþróttalög. Lagði nefndin m. a. til, að gerðar yrðu þær breytingar á háskólalögunum, að leikfimi og sund yrðu gerðar skyldunámsgreinar við skólann. Jafnframt taldi nefndin mjög æskilegt, að reist yrði sérstakt íþróttahús fyrir stúdenta.

Rektor vann nú af miklum dugnaði að því að koma skipulagi á íþróttamál háskólans á þessum grundvelli. Hann fekk samþykktar á alþingi breytingar á háskólalögunum, lög nr. 78 27. júní 1941, þar sem m. a. er gert ráð fyrir því, að setja megi sem skilyrði fyrir því, að stúdent fái að ganga undir lokapróf, að hann hafi notið kennslu í íþróttum ekki skemur en 4 kennslumissiri. Í reglugerð háskólans frá 1942 er smiðshöggvið svo rekið á íþróttaskylduna. Um það efni segir svo í 28. gr. reglugerðarinnar:

„Allir skrásettir stúdentar eru skyldir að leggja stund á leikfimi og sund 4 fyrstu námsmisseri. Í leikfimi skulu stúdentar hafa sótt 80 kennslustundir. Í sundi skulu stúdentar hafa sótt 40 kennslustundir. Auk þess skulu þeir hafa leyst af hendi prófraun sem hér segir: a. 200 m. bringusund, b. 25 m. björgunarsund með mann, kunna leysitök, lífgunaraðferðir og dýfingar úr eins til tveggja m. hæð. Áður en stúdent segir sig til embættisprófs, skal hann leggja fram skilríki fyrir því, að hann hafi samvizkusamlega tekið þátt í leikfimi og sundæfingum og lokið prófraun þeirri, sem getið var um. Undanþegnir ákvæðum þessarar greinar eru þeir stúdentar einir, sem sýnt geta vottorð frá lækni háskólans, að þeir séu eigi færir til íþróttaiðkana“.

Í framhaldi af lögleiðingu íþróttaskyldunnar var unnið að því að reisa íþróttahús handa háskólastúdentum. Fyrsta fimleikaæfingin í

húsinu fór fram 2. apríl 1948, en fullgert var húsið ekki fyrr en árið eftir. Fram til þess tíma höfðu leikfimiðkanir stúdenta farið fram í íþróttahúsi Jóns Þorsteinssonar í mörg ár. Óhætt er að fullyrða, að sú skipan, sem nú var komin á íþróttamál stúdenta, var fyrst og fremst að þakka áhuga og dugnaði próf. Alexanders Jóhannessonar. Hann bar mjög fyrir brjósti líkamsrækt og heilsurækt stúdenta. Nægir í því efni að vitna til ummæla hans við háskólasetningu haustið 1940, þar sem hann gerir íþróttirnar að umtalsefni með svofelldum orðum: „Samtímis hinni andlegu þjálfun hinna ungu menntamanna mun einnig keppt að því að stæla líkama þeirra með íþróttaiðkunum. Er nú þegar hafinn undirbúningur undir skipulega íþróttakennslu, og er keppt að því marki, að hver einasti stúdent, sem er líkamlega heilbrigður, stundi íþróttir og ljúki prófi í þeim eftir tvö ár, og verði þetta skilyrði þess, að hann fái að ganga undir embættispróf, en að þessum tveimur árum liðnum fái hann tækifæri til frjálsra íþróttaiðkana, meðan hann dvelst við háskólann. Íþróttakennsla þessi á eingöngu að miða að því að þjálfra samtímis líkama og sál á mikilsverðustu þroskaárum hinna ungu nemenda og skapa nýja kynslóð stúdenta, djarfhuga og þróttmikla með fullkomnu samræmi andlegra og líkamlegra hæfileika. Mun þá háttþrýði og snyrtimennska verða ráðandi í fari þeirra, og er þeir gerast embættismenn, munu þeir verða færari að gegna hinum vandasömu störfum, er þeirra bíða“.

Fyrsta vetur íþróttaskyldunnar, 1941-42, voru fimleikar mikið stundaðir af stúdentum, miðað við fyrri ár, og allmikið annan veturinn, en upp úr því fór mjög að draga úr ástunduninni. Í skýrslu íþróttakennarans árið 1944-45 segir t. d., að áhugaleysi stúdenta fyrir íþróttum hafi þá verið með mesta móti og ókleift hafi reynt að ná saman fundi í íþróttafélagi háskólans og var aðalfundur því aldrei haldinn. Enda þótt íþróttaskyldunni væri komið á í fullu samráði við stúdenta, voru ávallt nokkrir í hópi þeirra, sem litu hana illu auga, í fyrstu fáir, en síðan fleiri og fleiri. Og brátt var hafinn öflugur andróður gegn íþróttaskyldunni meðal stúdenta. Færðu andstæðingar hennar henni það meðal annars til foráttu, að hún krefði of mikils tíma frá hinu eiginlega námi og eigi síður hitt, að hún væri skerðing á hinu akademiska frelsi. Eftir að íþróttahús háskólans var komið upp, var reynt að ganga ríkara eftir því, að

Íþróttaskyldunni væri fullnægt, en við það jókst andröðurinn gegn henni um allan helming. Náði hann hámarki sínu 5. apríl 1951, er almennur stúdentafundur samþykkti áskorun til háskólaráðs og menntamálaráðherra um að afnema íþróttaskylduna. Þeirri áskorun var ekki sinnt.

Andstæðingar íþróttaskyldunnar létu ekki þar við sitja. Gerðu þeir tilraun til þess að ná meira hluta í Íþróttafélagi stúdenta með því að ganga í félagið fyrir aðalfund þess 22. nóv. 1952. Urðu þeir ekki nógu margir, og fór sú tilraun því út um þúfur. Loks boðaði stúdentaráð til almenns stúdentafundar um málið 6. febr. 1953. Að honum loknum hófst almenn atkvæðagreiðsla um framtíðartilhögun íþróttamála. Hélt atkvæðagreiðslan áfram næsta dag og lauk þá. Fór hún á þá leið, að 345 stúdentar voru andvígir íþróttaskyldu, en 58 voru henni fylgjandi. Hafði háskólarektor, sem þá var próf. Alexander Jóhannesson, látið þau orð falla, að íþróttaskyldan yrði niður felld, ef mikill meiri hluti stúdenta reyndist henni andvígur. Eftir þetta var íþróttaskyldunni lítt framfylgt, en ekki var hún formlega afnumin fyrr en með háskólalögunum 1957 og reglugerðinni 1958, er minnst ekki á íþróttaskyldu.

Þó að svona færi um íþróttirnar sem skyldunám, hefir nokkurri íþróttastarfsemi jafnan verið haldið uppi innan háskólans undir leiðsögn hins ötula og fjölhæfa íþróttakennara, Benedikts Jakobssonar. Aðalkjarninn í þeirri starfsemi er Íþróttafélag stúdenta. Hefir það oft komið við sögu í milliskólakeppni í ýmsum íþróttum og geta má þess, að 1957 sendi það körfuknattleikslið rneð góðum árangri til Svíþjóðar og Danmerkur. Sú íþróttagrein, sem nú á mestum vinsældum að fagna meðal stúdenta, er badminton, og voru þátttakendur í því um 100 síðastliðinn vetur. En allt um það er það staðreynd, að á því herrans ári 1961 iðkar meiri hluti stúdenta engar íþróttir.

Víkur nú sögunni að einstökum háskóladeildum.

X. Guðfræðideild

Guðfræðideild háskólans er beint framhald af prestaskólanum, eins og kunnugt er, og tveir af aðalkennurum prestaskólans urðu prófessorar í guðfræði við stofnun háskólans. Fyrstu guðfræðingarnir, sem brautskráðir voru úr deildinni vorið 1912, gengu undir prófið eftir reglugerð prestaskólans frá 15. ágúst 1895.

Námið í guðfræðideildinni var skjótt aukið frá því, sem verið hafði í prestaskólanum. Námstími prestaskólamanna var venjulega 2 ár, en venjulegur námstími í guðfræðideildinni var lengi vel talinn 3½-4 ár. Um fjölbreytni námsins má fá glögga hugmynd af lestrar- og kennsluáætlun guðfræðideildar, sem prentuð er í Árbók háskólans 1914-15, bls. 37-53. Á síðari tímum hefir námið enn verið þyngt nokkuð, og mun nú þykja hæfilegt að ljúka því á allt að 5 árum.

Samkvæmt núgildandi háskólareglugerð eru námsgreinar guðfræðideildar þessar: 1) Gamlatestamentisfræði, en til hennar telst skýring á völdum köflum úr öllum ritflokkum Gamlatestamentisins eftir hebreska textanum, trúarsaga Ísraels, inngangsfræði Gamlatestamentisins og Ísraels saga; 2) Nýjatestamentisfræði, en í þeim er fólgin skýring á öllum ritum Nýjatestamentisins eftir gríska textanum, guðfræði, inngangsfræði og samtíðarsaga Nýjatestamentisins; 3) kristileg trúfræði og játningafræði; 4) kristileg siðfræði; 5) kirkjusaga, bæði almenn og íslensk og trúarlærdómssaga; 6) almenn trúarbragðafræði, þ. e. trúarbragðasaga, trúarheimspeki og trúarlífssálarfræði; 7) kennimannleg guðfræði, en þar til heyrir prédikunarfræði, sálgæzlufraði, helgisiðafræði og trúkennslufraði, verklegar æfingar í ræðugerð, ræðuflutningi, barnaspurningum og messuflutningi og æfingar í bréfa- og skýrslugerð presta; minnstu kröfur um verklegt nám eru, að stúdentinn hafi samið 6 ræður, flutt tvær messur, tekið stöðugan þátt í barnaspurningum eitt kennslumissiri og starfað við sunnudagaskóla deildarinnar eitt missiri og sjúkrahæli um tveggja mánaða skeið; 8) kirkjuréttur; 9) gríska og 10) hebreska.

Auk þessa eiga stúdentar að leysa af hendi ýmsar skriflegar æfingar: 6 í Nýjatestamentisfræðum, 3 í Gamlatestamentisfræðum

og jafnmargar í trúfræði, 2 í siðfræði, jafnmargar í almennum trúarbragðafræðum og 4 í kirkjusögu. Einnig eiga stúdentar að velja sér grein til sérnáms í samráði við kennara og semja ritgerð úr því efni.

Lengi var það venja, að guðfræðistúdentar gengju undir embættispróf í öllum greinum samtímis, er frá voru skilin hin venjulegu forpróf í heimspeki og grísku. Því fyrirkomulagi var breytt með reglugerðarbreytingu 13. nóv. 1947, en þá var leyft að þreyta próf í áföngum í tilteknum námsgreinum. Frá því var horfið í nógildandi reglugerð, er námsgreinum var skipt í fyrra og síðara hluta, eins og nú er. Þá voru og settar reglur um það, hversu langur tímí mætti líða milli prófa. Samkvæmt nógildandi reglugerð má stúdent ganga undir fyrra hluta próf í fyrsta lagi 2 árum eftir innritun og í síðasta lagi 4 árum eftir innritun, enda hafi hann að sjálfsgöðu áður lokið prófum í grísku og hebresku. Þau ákvæði gilda síðan 1947 um námstímann í síðara hlutanum, að hámark hans er 10 kennslumissiri. Að þeim tíma liðnum falla einkunnir í fyrra hluta prófi úr gildi.

Pegar háskólinn tók til starfa, voru þrjú föst kennaraembætti í guðfræðideild, tvö prófessorsembætti og eitt dósentsembætti. Með lögum nr. 31 12. febr. 1945 var stofnað nýtt dósentsembætti í guðfræðideild, og var fyrsta veiting þess bundin við nafn síra Björns Magnússonar. Jafnframt skyldi kennsla aukin í deildinni í trúarbragðasögu, kirkjurétti og sálgæzlu. Í guðfræðideild eru því nú 4 prófessorar starfandi.

Annar af fyrstu prófessorum guðfræðideildar var dr. Jón Helgason, fyrrum forstöðumaður prestaskólans. Hann var prófessor 1911-1916, er hann varð biskup yfir Íslandi. Aðalkennslugreinar hans voru trúfræði og kirkjusaga. Hann lézt 19. marz 1942. Hinn prófessorinn, sem starfaði í guðfræðideildinni frá byrjun, var Haraldur Níelsson, áður kennari við prestaskólann. Hann var prófessor frá 1911-1928, og voru aðalkennslugreinar hans Gamlatestamentisfræði og skýring Nýjatestamentisins. Hann andaðist 11. marz 1928. Þriðji kennarinn, er kennslu hóf í guðfræðideild, var Sigurður P. Sívertsen dósent, áður prestur að Hofi í Vopnafirði. Hann var kennari í deildinni 1911-1936, fyrst dósent, en var settur prófessor við brottför Jóns Helgasonar og

skipaður 23. maí 1917. Aðalkennslugreinar hans voru kennimannleg guðfræði, trúfræði og siðfræði. Hann dó 9. febrúar 1938.

Þegar próf. Jón Helgason hvarf frá háskólanum, var síra Tryggvi Þórhallsson settur dósent í guðfræði, og kenndi hann vormissirið 1917 sömu námsgreinar og fyrirrennari hans. Að afloknu samkeppnisprófi um embættið var Magnús Jónsson prestur á Ísafirði skipaður dósent 25. sept. 1917, en prófessor varð hann eftir lát Haralds Níelssonar, skipaður 23. ágúst 1929. Magnús Jónsson var kennari við guðfræðideildina 1917-1947, fekk þá lausn frá kennslu, en hélt embættinu opnu næstu árin, unz hann fekk lausn frá því frá 1. sept. 1952. Aðalkennslugreinir próf. Magnúsar voru kirkjusaga og skýring Nýjatestamentisins. Hann lézt 2. apríl 1958.

Við fráfall próf. Haralds Níelssonar var síra Ásmundur Guðmundsson settur dósent og skipaður 2. sept. 1929, en prófessor var hann skipaður 24. apríl 1934. Hann var kennari í guðfræðideildinni frá 1928-1954, en 30. jan. síðarnefnt ár var hann skipaður biskup yfir Íslandi. Aðalkennslugreinar próf. Ásmundar voru Gamlatestamentisfræði og skýring Nýjatestamentisins.

Þegar próf. Sigurður P. Sívertsen lét af embætti 1. okt. 1936, önnuðust samkennarar hans í deildinni kennslu hans til marzloka 1937, en 1. apríl það ár var síra Björn Magnússon settur dósent að undangengnu samkeppnisprófi. Kenndi hann það, sem eftir var vetrar, og sömuleiðis veturinn 1937-1938 og fór aðallega yfir trúarsögu Nýjatestamentisins og trúfræði. Þrátt fyrir sigur í keppninni fekk síra Björn ekki embættið, heldur keppinautur hans, síra Sigurður Einarsson, er skipaður var dósent 16. nóv. 1937, og voru aðalkennslugreinar hans kennimannleg guðfræði og trúfræði. Honum var vikið frá embætti um stundar sakir 22. sept. 1943, en baðst síðan lausnar frá embættinu, og var honum veitt hún frá 1. maí 1944. Í stað síra Sigurðar var síra Sigurbjörn Einarsson settur dósent 1943 og skipaður 10. okt. 1944, en prófessor frá 1. okt. 1949. Hann var kennari í deildinni til 1959, en var leystur frá embætti 29. apríl það ár, er hann varð biskup yfir Íslandi. Aðalkennslugreinar hans voru kennimannleg guðfræði, trúfræði og trúarbragðasaga. Veturinn 1947-1948 hafði síra Sigurbjörn leyfi frá kennsluskyldu, og kenndi síra Jóhann Hannesson, síðar prófessor, þá fyrir hann. Veturinn 1956-1957 hafði próf. Sigurbjörn einnig kennsluleyfi vegna veikinda,

en í stað hans kenndi þá síra Ingólfur Ástmarsson, núverandi biskupsritari. Hinn 1. okt. 1945 tók síra Björn Magnússon við dósentsembætti í guðfræðideild, sem stofnað var með sérstökum lögum og fyrsta veiting þess bundin við nafn hans. Var hann skipaður prófessor frá 1. júní 1949. Aðalkennslugreinar hans eru kennimannleg guðfræði, siðfræði og trúarsaga.

Próf. Magnús Jónsson lét af kennslustörfum í deildinni 1947, en hélt þó embættinu í nokkur ár. Staðgengill hans var síra Magnús Már Lárusson. Hann var settur prófessor 3. maí 1950, en skipaður í embættið frá 1. sept. 1953. Aðalkennslugrein hans er kirkjusaga. Þegar próf. Ásmundur Guðmundsson lét af kennslustörfum, var síra Guðmundur Sveinsson, þáverandi prestur á Hvanneyri, settur dósent frá 1. febr. 1954, og kenndi hann fræðigreinar fyrirrennara síns það, sem eftir var vetrar, en hann hafði áður gegnt kennslustörfum í fjarveru próf. Ásmundar í febrúar til maí 1952. Í embættið var hins vegar skipaður Þórir Kr. Þórðarson cand. theol. frá 1. okt. 1954, en prófessor var hann skipaður frá 1. sept. 1957. Á árunum 1957-59 dvaldist próf. Þórir erlendis við framhaldsnám og kennslu, en staðgengill hans bæði árin var síra Haraldur Sigmar frá Vesturheimi.

Þegar próf. Sigurbjörn Einarsson tók við biskupsembætti, var síra Jóhann Hannesson skipaður prófessor í hans stað og í sömu kennslugreinum frá 1. ágúst 1959 að telja.

Þess skal getið, að sumar kennslugreinar hafa skipzt á ýmsa vegu milli kennaranna, t. d. skýring á ritum Nýjatestamentisins. Þykir ekki þörf á að rekja það nánar hér, og má vísa um það efni í árbækur og kennsluskrár. Þess má og geta, að samkvæmt núgildandi reglugerð eru hinir 4 kennlustólar guðfræðideildar kenndir við þessar höfuðnámsgreinar: Gamlatestamentisfræði, Nýjatestamentisfræði, kirkjusögu og trúfræði.

Í hinum eldri reglugerðum háskólans er gert ráð fyrir, að stúdentum skuli veitt tilsögn í *kirkjurétti*, en prófskyldur var hann ekki. Ætlazt var til, að guðfræðistúdentar færðu sér í nyt kennsluna í kirkjurétti í lagadeild, en þegar til kom, var hann ekki kenndur þar. Fyrir því sneri guðfræðideildin sér til háskólaráðs og bað þess, að úr þessu yrði bætt. Fyrir milligöngu háskólaráðs veitti stjórnin með bréfi 12. marz 1915 100 krónur til þessarar kennslu annað hvert ár.

Tók próf. Jón Kristjánsson að sér að annast kennsluna og hóf hana þá um veturinn. Jón andaðist haustið 1918, og féll kennsla þessi þá niður næstu árin, en þá tók við henni Eggert Briem hæstaréttardómari og hafði á hendi frá 1921-35. Hann lézt 7. júlí 1936. Eftir það var próf. Ólafur Lárusson kennari í kirkjurétti, en gafst upp á því seinni árin vegna latlegrar tímasóknar stúdenta. Í núgildandi háskólareglugerð er skilyrðislaust gert ráð fyrir kennslu í kirkjurétti, þótt ekki sé hann prófgrein frekar en áður. Hefir svo um samizt, að prófessorinn í réttarsögu í lagadeild haldi uppi kennslu í kirkjurétti fyrir guðfræðistúdenta annað eða þriðja hvert ár. Samkvæmt því hafði próf. Ármann Snævarr yfirferð yfir kirkjuréttinn veturinn 1958-59.

Ekki var til þess ætlazt í hinna elztu háskólareglugerð, að *gríska* væri kennd í guðfræðideild. En er Bjarni Jónsson frá Vogu var skipaður dósent í klassískum fræðum og hóf grískukennslu við háskólann í marz mánuði 1915, tóku stúdentar úr guðfræðideild brátt að færa sér kennsluna í nyt; voru kennarar deildarinnar þess heldur fýsandi. Fyrsta grískupróf fyrir guðfræðistúdenta var haldið 15. febr. 1917, og gengu þrír stúdentar undir það. Varð það til þess, að kennarar guðfræðideildar fengu meiri áhuga á málinu og hlutuðust til um, að gefinn var út viðauki við reglugerð háskólans 23. maí 1917 um undirbúningspróf í grísku fyrir guðfræðinemendur, þar sem þeim var gert heimilt, en ekki skylt að ganga undir próf í grísku; þá voru og settar reglur um námsefni og próf. Með nýrri reglugerðarbreytingu 22. nóv. 1918 var gríska svo gerð að skyldunámsgrein í guðfræðideild, og hefir svo verið síðan. Grískukennarar hafa aðeins verið tveir, Bjarni Jónsson frá Vogu 1915-25 og Kristinn Ármannsson rektor alla tíð síðan, Hann var skipaður dósent í grísku frá 1. jan. 1960. Sá, sem þetta ritar, minnst grískukennslu beggja þessara kennara, Bjarna frá Vogu síðasta veturinn, sem hann kenndi, og Kristins Ármannssonar fyrsta vetur hans.

Með núgildandi reglugerð háskólans var *hebreska* gerð að skyldunámsgrein í guðfræðideild. Er svo til hagað, að kennsla í henni fer fram annað hvert ár. Kennari í hebresku er dr. Þórir Kr. Þórðarson prófessor, og var hún fyrst kennd veturinn 1959-60.

Frá upphafi hafa stúdentar guðfræðideildar fengið tilsögn í *tóni* og

söng. Var Sigfús Einarsson dómkirkjuorganisti og tónskáld kennari í þessum greinum frá 1911-1929; hann andaðist 10. maí 1939. Eftir að Sigfús hætti kennslunni, tók við henni Sigurður Birkis söngmálastjóri, og var hann kennari í þessum greinum frá 1929- þ 31/12 1960. Á árunum 1934-1946 veitti dr. Páll Ísólfsson dómkirkjuorganisti og tónskáld guðfræðistúdentum einnig reglulega tilsögn í *orgelleik og hljómfraði*, en á seinni árum hefir Páll Kr. Pálsson organleikari í Hafnarfirði haft þessa kennslu með höndum.

Síðan 1940 hefir guðfræðideildin haldið uppi *sunnudagaskóla* fyrir börn. Að honum standa bæði kennarar og nemendur deildarinnar, enda er hann þáttur í verklegu námi guðfræðistúdenta. Kennslan fer fram í kapellu háskólans. Kennarar deildarinnar hafa skipzt á að veita sunnudagaskólanum forstöðu nema veturna 1958-60, er síra Bragi Friðriksson hafði það starf á hendi.

Það er í frásögur færandi, að sami maður hefir verið annar prófdómenda í guðfræðideild alla tíð síðan háskólinn var stofnaður, eða í samfleytt 50 ár, án þess að úr hafi fallið. Þessi maður er dr. Bjarni Jónsson vígslubiskup. Að loknum prófum á síðastliðnu vori ávarpaði háskálaræktor hann með nokkrum orðum í tilefni af þessu einstæða afmæli og færði honum bókargjöf frá háskólanum í þakklætis- og viðurkenningarskyni.

Hlutverk guðfræðideildarinnar er að veita stúdentum menntun til þess að takast á hendur prestsembætti í evangelískri-lúterskri kirkju. Aðsókn að deildinni hefir ávallt verið dræm, en nokkuð söm og jöfn. Það þótti tíðindum sæta, er 15 stúdentar létu skrá sig í guðfræðideild haustið 1924, enda er það enn hámark á einu ári. Stöðugust og mest var aðsóknin á árunum 1949-57; þá voru skrásettir 8-11 stúdentar árlega, en lengst af hafa þeir verið miklu færri. Í deildina hafa alls innritazt 294 stúdentar, og hafa 209 af þeim lokið kandidatsprófi. Langflestir þeirra hafa orðið prestar, nokkrir kennarar eða gegnt enn öðrum embættum.

XI. Læknadeild

Læknadeild háskólans er beinn arftaki læknaskólans, er stofnaður var fyrir forgöngu og atbeina Jóns Hjaltalíns landlæknis árið 1876. Fyrstu föstu kennararnir í læknadeildinni, Guðmundarnir tveir, höfðu báðir verið kennarar við læknaskólann, og 5 af 7 aukakennurunum höfðu áður verið kennarar þar. Þá var og embættisprófi fyrstu stúdentanna, sem útskrifuðust úr læknadeildinni árið 1912, hagað eftir reglugerð læknaskólans frá 20. maí 1907. Sýnir þetta hvort tveggja hin nánu tengsl þessara stofnana.

Frá upphafi og allt fram á síðasta áratug var læknadeildin fjölmennasta deild háskólans. Engin háskóladeild, að heimspekideild einni undanskilinni, hefir fært eins út kvíarnar og læknadeildin. Kennaratalan hefir margfaldazt, námsefni er stórum fjölbreyttara en áður og margar rannsóknarstofur hafa risið á legg á hennar vegum. Innan læknadeildarinnar er nú um þrenns konar nám að ræða, sem allt er þó greinar á sama meiði. Þessar greinar eru almenn læknisfræði, tannlæknisfræði og lyfjafræði lyfsala. Verður hentast að ræða um þær hverja fyrir sig.

Læknisfræði

Hin almenna læknisfræði hefir auðvitanlega jafnan verið magn og megin læknadeildarinnar. Námið er jöfnum höndum munnlegt og verklegt og ærið fjölpætt, eins og sjá má af lestrar- og kennsluáætlun deildarinnar, sem prentuð er í Árbók háskólans 1912-13, bls. 56-68, svo og af háskólareglugerðum. Á síðastliðinni hálfri öld hefir læknanámið vitaskuld tekið talsverðum breytingum og einkum hefir það verið aukið á ýmsan hátt í samræmi við kröfur tímans. Í fáum fræðigreinum hafa orðið svo miklar framfarir sem í læknisfræði, og margt, sem þótti góð latína í þeirri grein fyrir 50 árum, er nú úrelt orðið. Það yrði of langt mál að rekja þá sögu hér, enda ekki á færi þess, er þetta ritar. En til þess að gefa mönnum nokkra hugmynd um námið skulu taldar hér þær námsgreinar, sem kenndar eru til embættisprófs í læknisfræði, en þær eru sem hér segir:

1) Efnafræði, ólífræn og lífræn; 2) almenn líffærafræði; 3) líffærafræði, þ. e. kerfa- og svæðalýsing, fósturfræði og vefjafræði, og er kennslan m. a. fólgin í líkskurðaræfingum og smásjárrannsóknnum á vefjum; 4) lífeðlis- og lífefnafræði, og er kennslan m. a. fólgin í tilraunum og æfingum, er sýni, hvernig einstök líffæri og líffærakerfi starfa; 5) meina- og sýklafræði, þar með taldar verklegar æfingar í meinvefjafræði, krufningum og sýklarannsóknnum; 6) lyfjafræði, þar með æfingar í lyfjagerð og tilraunum á dýrum; 7) heilbrigðisfræði og skýrslufræði, þar með æfingar í heilsufræðilegum rannsóknnum og aðferðir við kúabólusetningu; 8) handlæknisfræði, þar með talin rannsókn sjúklinga og aðstoð við skurðaðgerðir; 9) lyflæknisfræði, þar með talin rannsókn sjúklinga og þátttaka í almennu starfi í lyflækningadeild; 10) fæðingafræði og kvensjúkdómar; 11) réttarlæknisfræði, þar með þátttaka í réttarkrufningum; 12) augnsjúkdómafræði; 13) háls-, nef- og eyrnasjúkdómafræði; 14) húð- og kynsjúkdómafræði; 15) barnasjúkdómafræði; 16) geð- og taugasjúkdómafræði; 17) geislalækningafræði; 18) tannlæknisfræði.

Akveðnar kröfur eru gerðar til læknastúdenta um verklegt nám á sjúkrahúsum, meðan á námstímanum stendur. Í miðhluta námsins eiga þeir að vera einn mánuð á hverju um sig: handlækningadeild, lyflækningadeild, rannsóknarstofu landspítalans og á geðveikrahæli, auk þess hálfan mánuð á berklahæli. En í síðasta hluta eiga þeir að vera tvo mánuði á lyflækningadeild og handlækningadeild og einn mánuð á hverju um sig: slysavarðstofu, fæðingardeild, barnadeild og röntgendeild. Verða stúdentar að leggja fram skilríki um þetta og annað verklegt nám, áður en þeir segja sig til embættisprófs.

Áður en landspítalinn kom til sögunnar 1930, þurftu læknanemar að fara utan til þess að vera mánuð á fæðingardeild, áður en þeir gætu hlotið lækningaleyfi. Nú er hins vegar komið til sögunnar svokallað kandidatsár. Kandidatar fá ekki lækningaleyfi, nema þeir hafi unnið 13 mánuði á spítala. Annars stórbatnaði aðstaðan til læknanáms með tilkomu landspítalans. Áður var varla um aðra staði að ræða en Landakot og farsóttahúsið, þar sem menn höfðu tækifæri til að sjá sjúklinga. Þá hafa og rannsóknarstofnanir í ýmsum greinum læknisfræðinnar, er sagt verður frá á öðrum stað, bætt mjög

aðstöðuna við námið.

Í elztu háskólareglugerðinni var námi í læknisfræði skipt í tvennt, fyrra hluta og síðara hluta, en með reglugerðarbreytingu 28. des. 1921 var því skipt í þrennt, fyrsta, annan og þriðja hluta auk undirbúningsprófs. Hefir sú tilhögun haldizt síðan, nema hvað embættisprófi í síðasta hluta er samkvæmt núgildandi reglugerð skipt í svonefnt forpróf og lokapróf. Reglugerð segir til um, hvaða námsgreinum skuli lokið í hverjum hluta.

Engin takmörk voru sett um námstíma læknastúdenta eða hversu langur tími mætti líða milli prófa fyrr en í reglugerðinni frá 1942. Þar er gert ráð fyrir, að ekki megi líða lengri tími en 3 ár milli undirbúningsprófs og fyrsta hluta, 2½ ár milli fyrsta hluta og miðhluta og jafnlangur tími milli miðhluta og síðasta hluta. Ef lengra leið á milli, voru undangengnir prófhlutar ógildir, nema veikindi hefðu komið til. Þessar reglur hafa verið í gildi síðan, en voru þó enn skerptar nokkuð með núgildandi reglugerð. Er nú gert ráð fyrir, að eigi megi líða lengri tími en 3½ ár frá skrásetningu til prófs í fyrsta hluta, þá 2 ár til prófs í miðhluta og 2½ ár frá miðhluta til lokaprófs. Eru með þessu reistar skordoður við því, að stúdentar geti verið lengur við nám í deildinni en góðu hófi gegnir. Á fyrstu árum háskólans var gert ráð fyrir, að læknisfræði væri 5 ára nám, en nú er gert ráð fyrir að minnsta kosti 6-7 árum.

Þegar háskólinn var stofnaður, voru aðeins tvö föst kennaraembætti í læknadeild. Aðrir kennarar deildarinnar, 7 að tölu, voru aukakennarar, sem gegndu öðru aðalstarfi. Það vildi til, að föstu kennararnir tveir, prófessorarnir Guðmundur Magnússon og Guðmundur Hannesson, voru engir meðalmenn, enda urðu þeir að kenna margar greinar læknisfræðinnar, sem hver um sig er fullnógt verkefni einum manni. En smám saman var föstum kennurum fjölgað. Með lögum nr. 34 26. okt. 1917 var stofnað dósentsembætti í meina- og sýklafræði, og með lögum nr. 33 23. júní 1932 var stofnað nýtt prófessorsembætti, hið þriðja, og var það í lyflæknisfræði. Með lögum um tannlæknakennslu við læknadeild háskólans nr. 44 27. júní 1941 var ákveðið að skipa sérstakan dósent til þess að annast tannlæknakennsluna. Þá var næst stofnað prófessorsembætti í heilbrigðisfræði með lögum nr. 9 24. jan. 1945 og annað í lífeðlis- og lífefnafræði með lögum nr. 15 6. apríl 1955. Með núgildandi

háskólalögum nr. 60 29. maí 1957 voru stofnuð tvö embætti í læknadeild, prófessorsembætti í lyfjafræði og dósentsembætti í lyfjafræði lyfsala. Loks var með lögum nr. 51 11. júní 1960 stofnað prófessorsembætti í efnafræði og með sömu lögum prófessorsembætti í geðsjúkdómafræði.

Kennarar í læknisfræðinni einni eru nú 27 að tölu eða nákvæmlega þrefalt fleiri en 1911, er háskólinn tók til starfa. eru 9 þeirra prófessorar, 9 dósentar, 5 lektorar og 4 aðrir aukakennarar, en aðeins prófessorarnir gegna aðalstarfi í háskólanum. Á það má benda, að á sama tíma sem kennaraliðið hefir þrefaldast hefir stúdentafjöldinn í deildinni átta-tífdaldast.

Annar af fyrstu prófessorum læknadeildar var Guðmundur Magnússon, áður kennari við læknaskólann. Hann var prófessor 1911-1924, og voru kennslugreinar hans handlæknisfræði, lífeðlisfræði (1911-14 og 1919-22) og almenn sjúkdómafræði. Hann lézt 23. nóv. 1924. Hinn fyrsti prófessorinn í læknadeild var Guðmundur Hannesson, áður kennari við læknaskólann og héraðslæknir í Reykjavík. Hann var prófessor 1911-1936, fekk lausn frá embætti frá 1. okt. það ár, en gegndi því þó til 1. febr. 1937 og kenndi enn nokkuð fram á haustmissirið það ár. Kennslugreinar hans voru líffærafræði, heilbrigðisfræði og yfirsetufræði til 1925, en síðan lífeðlisfræði til 1937. Hann andaðist 1. okt. 1946. Þriðji fasti kennarinn við læknadeildina var Stefán Jónsson dósent. Hann var skipaður dósent frá 1. jan. 1917, en sagði embættinu lausu frá 1. jan. 1923 og fluttist til Danmerkur. Kennslugreinar hans voru meina- og sýklafræði, efnafræði 1917-21 og réttarlæknisfræði 1919-21, og jafnframt var hann fyrsti forstöðumaður Rannsóknarstofu háskólans. Hann lézt í Danmörku 24. ágúst 1961.

Vormissirið 1922 var próf. Guðmundur Magnússon leystur undan kennsluskyldu vegna lasleika. Var Guðmundur Thoroddsen þá settur prófessor í forföllum hans og kenndi hans greinar, handlæknisfræði og lífeðlisfræði. Þegar Stefán Jónsson dósent sagði af sér embætti, var Guðmundur Thoroddsen settur til þess að gegna því frá 1. jan. 1923, en við fráfall Guðmundar Magnússonar var honum falið að annast einnig kennslustörf hans, var þá settur prófessor, en skipaður 20. apríl 1925 sem eftirmaður Guðmundar Magnússonar. Jafnframt gegndi Guðmundur Thoroddsen

dósentsembættinu til 1. okt. 1926 og hafði þannig um skeið tvö embætti í senn og varð að sinna kennsluskyldum beggja. Þá veitti hann og forstöðu Rannsóknarstofu háskólans. Eftir að dósentsembættið var veitt, var Guðmundur prófessor í handlæknisfræði og yfirsetufræði, er hann sleppti í árslok 1948, unz hann fekk lausn frá embætti frá 1. sept. 1951, en gegndi þó embættinu um veturinn 1951-52. Jafnframt prófessorsembættinu var Guðmundur yfirlæknir í handlækningadeild landspítalans. Í dósentsembætti það, er Stefán Jónsson hafði haft og Guðmundur Thoroddsen gegnt um tíma, var skipaður Níels P. Dungal frá 1. okt. 1926, en prófessor frá 1. okt. 1932, og er hann nú elzti starfandi kennari læknadeildar. Kennslugreinar hans eru almenn sjúkdómafræði, meinafræði og réttarlæknisfræði; hann er einnig forstöðumaður Rannsóknarstofu háskólans. Veturinn 1943-44 hafði próf. Níels Dungal lausn frá kennsluskyldu, og kenndi þá dr. med. Júlíus Sigurjónsson fyrir hann, og veturinn 1946-47, er eins stóð á, kenndi dr. Júlíus fyrir hann fyrra missirið, en Ólafur Bjarnason deildarlæknir seinna missirið. Í kennsluleyfi próf. Dungals haustmissirið 1958 kenndi próf. Júlíus enn fyrir hann. Síðan 1953 hefir Arinbjörn Kolbeinsson lektor og deildarlæknir haft verklegar æfingar í sýklafræði með stúdentum.

Meðal kennara læknadeildar frá stofnun háskólans var Jón Hj. Sigurðsson. Hann var aukakennari til 1932, en var skipaður prófessor frá 1. okt. það ár og gegndi því starfi, unz hann fekk lausn frá embætti fyrir aldurs sakir frá 1. sept. 1948. Aðalkennslugrein próf. Jóns var lyflæknisfræði og einnig kenndi hann lyfjafræði 1933-37. Hann var jafnframt yfirlæknir í lyflækningadeild landspítalans. Próf. Jón lézt 13. sept. 1955. Veturinn 1929-30 hafði hann leyfi frá kennslu, og kenndi þá Björn Gunnlaugsson læknir fyrir hann.

Eftir að Guðmundur Hannesson hafði fengið lausn frá embætti, var Jón Steffensen skipaður prófessor í hans stað frá 1. febr. 1937. Kennslugreinar hans eru líffærafræði og vefja- og fósturfræði, og ennfremur kenndi hann lífeðlisfræði og lífefnafræði til 1957, er sérstakt prófessorsembætti var stofnað í þeim greinum. Hann veitir forstöðu Rannsóknarstofu háskólans í líffærafræði. Er próf. Jón fekk lausn frá kennsluskyldu haustmissirið 1946, annaðist dr. med. Óskar Þórðarson kennslu hans í lífeðlisfræði, en próf. Júlíus Sigurjónsson

kennsluna í lífefnafræði.

Þegar stofnað var prófessorsembætti í heilbrigðisfræði, var dr. med. Júlíus Sigurjónsson skipaður prófessor í þeirri grein frá 1. júlí 1945, en hann hafði áður verið aukakennari í heilbrigðisfræði og tekið við kennslu í henni af próf. Guðmundi Hannessyni síðara hluta haustmissiris 1937. Dr. Júlíus er forstöðumaður rannsóknarstofu í heilbrigðisfræði og annast heilbrigðislegar rannsóknir fyrir ríkisstjórnina, þar á meðal manneldisrannsóknir.

Próf. Jón Hj. Sigurósson fékk lausn frá embætti frá 1. sept. 1948, sem áður segir, og var Jóhann Sæmundsson yfirlæknir þá skipaður prófessor í lyflæknisfræði frá sama tíma. Hafði hann það embætti á hendi til dauðadags 6. júní 1955 og var jafnframt yfirlæknir í lyflækningadeild landspítalans. Vegna veikinda próf. Jóhanns annaðist dr. med. Sigurður Samúelsson kennsluna fyrir hann veturinn 1954-55, og í október og nóvember 1955 skiptu þeir Björn Gunnlaugsson læknir, dr. Sigurður Samúelsson og Theódór Skúlason læknir kennslunni í lyflæknisfræði á milli sín, meðan staðan var óveitt.

Þegar próf. Guðmundur Thoroddsen fékk lausn frá embætti, var dr. med. Snorri Hallgrímsson skipaður prófessor í handlæknisfræði frá 1. sept. 1951. Hann fékk leyfi frá kennsluskyldu veturinn 1951-52, og kenndi próf. Guðmundur Thoroddsen þá fyrir hann. Próf. Snorri er jafnframt yfirlæknir í handlækningadeild landspítalans.

Eftirmaður próf. Jóhanns Sæmundssonar í lyflæknisfræði var hins vegar dr. med. Sigurður Samúelsson, skipaður prófessor frá 1. des. 1955. Hann fékk leyfi frá kennsluskyldu frá því í marz mánuði 1956 til ársloka, og annaðist Theódór Skúlason læknir alla kennslu hans á meðan. Próf. Sigurður er jafnframt yfirlæknir í lyflækningadeild landspítalans.

Árið 1937 tók Kristinn Stefánsson læknir við kennslunni í lyfjafræði af próf. Jóni Hj. Sigurðssyni. Hefir hann verið kennari í lyfjafræði síðan og var skipaður prófessor frá 1. sept. 1957. Próf. Kristinn veitir einnig forstöðu rannsóknarstofu í lyfjafræði. Þegar stofnað var sérstakt prófessorsembætti í lífeðlis- og lífefnafræði, var Davíð Davíðsson læknir skipaður í það frá 1. sept. 1957 að telja. Próf. Davíð er forstöðumaður rannsóknarstofu í lífeðlis- og lífefnafræði í háskólanum. Veturinn 1959-60 var dr. Steingrímur Baldursson

ráðinn til þess að kenna efnafræði í veikindaförföllum próf. Trausta Ólafssonar. Var dr. Steingrímur skipaður prófessor í efnafræði frá 15. sept. 1960. Hann er og forstöðumaður rannsóknarstofu í efnafræði. Loks var Tómas Helgason læknir skipaður prófessor í geðlæknisfræði frá 1. ágúst 1961 að telja.

Framan af árum önnuðust aukakennarar talsverðan hluta læknakennslunnar sökum mannfæðar í föstum kennaraembættum. Enn eru margir slíkir kennarar í deildinni vegna vaxandi sérhæfingar á ýmsum sviðum læknisfræðinnar, og eru þeir nú flestallir dósentar eða lektorar að nafnbót.

Einn af þeim, sem var meðal fyrstu kennara læknadeildar, var Sæmundur Bjarnhéðinsson yfirlæknir holdsveikraspítalans í Laugarnesi og prófessor að nafnbót. Hann var kennari í lyfjafræði 1911-1933 og lézt 21. febr. 1936. Þórður Sveinsson yfirlæknir á Kleppi og prófessor að nafnbót var kennari í réttarlæknisfræði og geðsjúkdómafræði 1911-1919; hann lézt 21. nóv. 1946. Eftir að próf. Þórður hætti kennslu, virðist engin sérstök kennsla hafa farið fram í geðsjúkdómafræði, fyrr en dr. med. Helgi Tómasson yfirlæknir tók hana upp af nýju, og var hann kennari í þeirri grein 1930- † 2/8 1958, en síðan 1959 hefir Þórður Möller yfirlæknir haft þessa kennslu með höndum. Ólafur Þorsteinsson var kennari í háls-, nef- og eyrnasjúkdómafræði 1911-1951, er hann lét af því starfi fyrir aldurs sakir. Hann var lengst allra kennari við læknadeildina og er nú einn á lífi úr fyrsta kennaraliði háskólans. Síðan 1951 hefir Stefán Ólafsson læknir, sonur Ólafs Þorsteinssonar, verið kennari í sömu grein, og var skipaður dósent frá 15. sept. 1959. Andrés Fjeldsted augnlæknir kenndi augnsjúkdómafræði 1911-1923, en hann andaðist 9. febr. það ár. Síðan hafa verið kennarar í þessari grein augnlæknarnir Helgi Skúlason 1923-1927, Kjartan Ólafsson 1927-1954, að undanskildum árunum 1945-47, er Bergsveinn Ólafsson annaðist kennsluna fyrir hann, og nú síðast Kristján Sveinsson frá 1954; hann var skipaður dósent frá 15. sept. 1959. Vilhelm Bernhöft tannlæknir kenndi tannútdrátt og tannfyllingu 1911-1939, en hann lézt 26. júní það ár. Ásgeir Torfason kenndi efnafræði 1911 til dauðadags 16. sept. 1916, en veturinn 1916-17 Birger Norman-Jensen cand. pharm. Síðan kenndi Stefán Jónsson dósent efnafræðina, unz Trausti Ólafsson cand. polyt., síðar prófessor að nafnbót, tók við henni. Hann var

kennari í efnafræði 1921-1959. Þá lét hann af starfi sökum heilsubreysts og lézt 23. jan. 1961. Á fyrstu árum háskólans, 1911-1915, flutti Guðmundur Björnsson landlæknir erindi sem einkakennari um heilbrigðislöggjöf Íslands.

Meðal þeirra aukakennara, sem höfðu lengi með höndum kennslu í læknadeild, var dr. med. Gunnlaugur Claessen yfirlæknir í röntgendeild landspítalans. Hann var kennari í lífeðlisfræði á árunum 1915-18 og aftur 1922-26 og í geislalæknisfræði og röntgenfræði 1931-1948; hann andaðist 23. júlí síðastnefnt ár. Síðan hefir dr. med. Gísli Fr. Petersen yfirlæknir verið kennari í röntgenfræðum og var skipaður dósent frá 1. febr. 1960. Á árunum 1933-35 var Lárus Einarsson prófessor í Árósum kennari í lífeðlis- og vefjafræði í læknadeild. Hannes Guðmundsson læknir var kennari í húð- og kynsjúkdómafræði 1945- † 27/5 1959, en síðan hefir Hannes Þórarinsson verið kennari í þeirri grein. Í ársbyrjun 1949 tók Pétur H. J. Jakobsson yfirlæknir við kennslunni í yfirsetufræði af próf. Guðmundi Thoroddsen og hefir haft hana síðan. Hann var skipaður dósent frá 1. febr. 1960. Í lyflæknisfræði hafa verið aukakennarar þeir Theódór Skúlason frá 1959, skipaður dósent frá 15. sept. 1959, dr. med. Halldór Hansen yfirlæknir 1957-59 og Snorri P. Snorrason lektor síðan 1959.

Ýmsir fleiri sérfræðingar hafa kennt í læknadeildinni á síðari árum. Dr. med. Friðrik Einarsson yfirlæknir hefir kennt um þvagfærasjúkdóma síðan 1954 og var skipaður dósent frá 15. sept. 1959. Dr. med. Bjarni Jónsson yfirlæknir hefir flutt fyrirlestra um bæklunarsjúkdómafræði, oftast árlega síðan 1954. Dr. med. Björn Sigurðsson forstöðumaður tilraunastöðvarinnar á Keldum flutti fyrirlestra um veirurannsóknir á árunum 1954- † 16/10 1959. Elías Eyvindsson læknir flutti fyrirlestra um svæfingarfræði 1954-57 og Valtýr Bjarnason læknir um sama efni haustmissirið 1957. Próf. Jón Sigtryggsson hefir á hverju kennslumissiri síðan 1957 flutt nokkra fyrirlestra um tannsjúkdóma fyrir stúdenta læknadeildar. Valtýr Albertsson læknir hefir flutt fyrirlestra um endocrinologíu síðan 1957. Haukur Kristjánsson yfirlæknir hefir kennt traumatologíu frá sama tíma og var skipaður dósent frá 15. sept. 1959. Kristbjörn Tryggvason yfirlæknir hefir kennt barnasjúkdómafræði síðan 1957 og var skipaður dósent frá 15. sept. 1959. Dr. med. Sigurður

Sigurðsson landlæknir flutti fyrirlestra um berklaveiki í lungum 1957-59, og lektor Helgi Ingvarsson yfirlæknir hefir flutt fyrirlestra um sama efni frá 1957 og kennt hlustun sjúklinga. Hjalti Þórarinnsson lektor og deildarlæknir hefir kennt um handlæknissjúkdóma í öndunarfærum og hjarta síðan 1957 og Kjartan R. Guðmundsson lektor um taugasjúkdóma frá sama tíma. Síðan 1960 hefir dr. Ívar Daníelsson dósent kennt læknanemum lyfjagerðarfræði og verðlagning lyfja.

Á fyrstu árum háskólans var um og yfir helmingur stúdenta við nám í læknadeild, fyrsta árið t. d. 23 af 45 stúdentum alls, 1918-19 43 af 87 alls. En þetta hlutfall fór að breytast upp úr því, með því að lagadeild og heimspékideild tóku að draga æ fleiri til sín. Á tímabilinu 1925-1943 voru stúdentar í læknadeild frá 51 og upp í 98 alls á ári hverju, en á sama tíma komst stúdentatalan í háskólanum öllum úr 128 upp í 339. Eftir það voru læknastúdentar árlega á öðru hundraði, en komust upp í 219 árið 1950-51, urðu flestir 237 árið 1953-54. Síðustu árin hafa þeir verið nokkru færri eða um og innan við 200, en tala stúdenta alls um 750. Margir stúdentar hafa skráð sig í læknadeild, sem hafa ekki lokið þar námi. Læknisfræði er langt og erfitt nám, sem hentar ekki öllum, og margir hafa ekki áttað sig á því í tíma, gefizt þá upp af ýmsum ástæðum og horfið að öðru, sem reyndist betur við hæfi eða auðkleifara. Sumir hafa og skráð sig í deildina fyrst og fremst með það fyrir augum að fá að taka þátt í efnafraeðináminu.

Alls hafa 1174 stúdentar verið skráðir í læknadeild, þar með talin tannlæknisfræði og lyfjafræði lyfsala. Þar af eru rúmlega 200 enn við nám. Af hinum hafa lokið prófi 426 læknar, 39 tannlæknar og 2 lyfjafræðingar eða samtals 467.

Tannlæknisfræði

Nokkur tilsögn í tannlækningum hafði farið fram í læknadeild, frá því er háskólinn tók til starfa, og raunar áður í læknaskólanum, en sú tilsögn var miðuð við almennustu þarfir lækna og fólgin í því að kenna þeim að draga út tennur og fylla upp í tannholur. Héldu læknastúdentar í mörg ár opinni stofu, þar sem fólk gat fengið ókeypis tannlæknishjálp, og var það vitanlega gert í æfingaskyni.

Margir færðu sér þetta í nyt, en væri um meira háttar aðgerðir að ræða, urðu menn að snúa sér annað. Eiginlegt tannlæknanám urðu íslenskir stúdentar að sækja til útlanda, en það var dýrt, og völdu þeir þá heldur læknisfræðina, þar sem hægt var að stunda nám í henni hér heima. Hér var því mikill skortur á lærðum tannlæknum, sem ágerðist eftir því sem kröfur jukust um bætta heilbrigðisþjónustu. Þegar kom fram á styrjaldarárin síðari, voru starfandi hér á landi aðeins 12 tannlæknar með tannlækningaleyfi, en landið hernumið og leiðir lokaðar til þeirra tannlæknskóla, sem Íslendingar höfðu einkum sótt. Á alþingi 1941 flutti því Vilmundur Jónsson landlæknir frumvarp til laga um kennslu í tannlækningum við læknadeild háskólans, og var það samþykkt sem lög nr. 44 27. júní 1941.

Í lögum þessum er mælt svo fyrir, að þeir stúdentar, sem leggja vilja stund á tannlæknanám og ljúka prófi í því, skuli hafa lokið miðhlutaprófi í læknisfræði, og til þess að annast tannlæknaeignarluna skuli skipa dósent við læknadeildina og tannsmið, en aukakennslu megi fela stundakennurum. Í háskólareglugerðinni frá 1942 er nánara kveðið á um tilhögun kennslunnar og námsefni. Þar er gert ráð fyrir því, að hið sérstaka tannlæknanám taki tvö ár.

Nokkur dráttur varð á því, að lögin um tannlæknanámið kæmu til framkvæmda. Kennarar voru ekki skipaðir fyrr en sumarið 1944, og ýmissa orsaka vegna hófst kennsla í tannlækningum ekki fyrr en haustið 1945. Hafði þá verið aflað tækja til kennslunnar og húsnæði fengið á efstu hæð í norðurálmú háskólans. Eftir ofangreindri tilhögun útskrifuðust fyrstu tannlæknaeignararnir, 3 að tölu, árið 1947.

Að loknum tveim fyrstu starfsárum tannlæknaeignardarinnar þótti sýnt, að þessi námstilhögun var ekki hentug. Olli því einkum það ákvæði laganna, að stúdentar skyldu hafa lokið miðhluta í læknisfræði, áður en þeir byrjuðu tannlæknanámið. Þegar svo langt var komið, kusu þeir yfirleitt heldur að ljúka náminu í læknisfræði, þar eð það tók ekki lengra tíma. Aðsókn að tannlæknanáminu varð því lítil. Til þess að ráða bót á þessum ágöllum var eldri lögumum breytt með lögum nr. 40 6. maí 1947. Í samræmi við þau var gefin út ný reglugerð um námið 2. nóv. 1949. Tannlæknanámið er þar alveg

aðskilið frá læknanáminu, nema efnafræði ein sameiginleg, námstíminn ætlaður 5 ár og prófinu skipt í fyrsta, annan og þriðja hluta. Þessi skipan hefir haldizt síðan, nema hvað námið hefir verið aukið nokkuð og er nú áætlað 6 ár.

Samkvæmt núgildandi reglugerð eru eftirtaldar námsgreinar ákveðnar til kandidatsprófs í tannlæknisfræði: 1) efnafræði, 2) „morfologi“ og „teknologi“, 3) lífeðlis- og lífefnafræði, þar sem sérstök áherzla er lögð á næringarfræði, 4) líffærafræði almenn og sérhæfð, þar sem lýst er nákvæmlega gerð tanna, munnsvæðis og aðliggjandi vefja, 5) meinafræði og sýklafræði með sérstöku tilliti til meina- og sýklafræði tanna og munnholds, 6) lyfjafræði og sérstök rækt lögð við deyfilyf, sótthreinsandi lyf og bólgulyf, 7) tannfylling, 8) tannsmíði I, 9) tannsmíði II (krónu- og brúagerð), 10) sérhæfð handlæknisfræði, 11) tannholds- og munnsjúkdómar, 12) tannrétting; kennslan í greinum 7-12 að báðum meðtöldum er munnleg og verkleg, og er verklega kennslan fólgin í athugun, greiningu og aðgerðum á sjúkdómum og afleiðingum þeirra á munnsvæði; 13) almenn lyflæknisfræði, undirstöðuatriði við almenna rannsókn sjúklinga, greiningu og meðferð algengustu sjúkdóma í ýmsum kerfum og samband þeirra við sjúkdóma í munni, 14) almenn handlæknisfræði með sama hætti sem almenn lyflæknisfræði, 15) röntgenfræði. Síðasta sumarið fyrir lokapróf eiga stúdentar að vinna einn mánuð á handlæknisdeild og einn mánuð á lyflæknisdeild.

Tveir kennarar hafa frá upphafi starfað við tannlæknakennsluna, Jón Sigtryggsson prófessor og Guðmundur Hraundal tannsmíður. Jón var skipaður dósent í tannlæknisfræði frá 1. ágúst 1944 og prófessor frá jafnlengd 1950. Hefir hann verið forstöðumaður kennslunnar frá byrjun, einnig tannlækningastofu háskólans og á seinni árum flutt fyrirlestra um tannsjúkdóma fyrir læknastúdenta. Guðmundur Hraundal var skipaður kennari í tannsmíði frá 1. ágúst 1944, en auk þess hefir hann kennt „morfologiu“ og efnisfræði.

Þegar tannlæknanámið var aðskilið frá læknanáminu, varð að fjölga kennurum í tannlæknisfræðum, og hafa allmargir aukakennarar starfað þar síðan. Ólafur Bjarnason yfirlæknir hefir verið kennari í meinafræði síðan 1947 og var skipaður dósent frá 15. sept. 1959. Valtýr Albertsson læknir kenndi lífeðlisfræði 1947-53, svo

Ragnheiður Guðmundsdóttir læknir 1953-60 og síðast Baldur Johnsen læknir vormissirið 1961. Dr. Friðrik Einarsson yfirlæknir kenndi líffærafræði haustmissirið 1948, Davíð Davíðsson, nú prófessor, vormissirið 1949, en síðan Bjarni Konráðsson læknir, og var hann skipaður dósent frá 15. sept. 1960. Jóhann Finnsson tannlæknir hefir verið kennari í tannréttingum síðan 1951 og var skipaður dósent frá 15. sept. 1959. Tómas Helgason læknir, nú prófessor, kenndi lyfjafræði 1952-58, svo Jónas Hallgrímsson cand. med. vormissirið 1959 og síðast Páll Kolka læknir vormissirið 1961. Örn B. Pétursson tannlæknir hefir kennt tannsmíði og krónu- og brúagerð síðan í ársbyrjun 1960 og frá sama tíma hefir Arinbjörn Kolbeinsson deildarlæknir verið kennari í sýkla- og ónæmisfræði.

Húsnæði tannlæknakennslunnar í háskólanum gerðist fljótt of lítið. Ekki var hægt að taka á móti nema 4 nemendum á ári, en venjulega sóttu tvisvar til þrisvar sinnum fleiri um inntöku, eftir að náminu var breytt í núveranda horf. Úr húsnæðisþrengslunum rættist árið 1960, er tannlæknadeildin fluttist í ný og rúmgóð húsakynni í hinni miklu viðbyggingu landspítalans. Jafnframt voru útvegð ný og fullkomin verkfæri til kennslunnar, svo að aðstaða til námsins stendur nú lítt að baki því, sem gerist í nágrennalöndunum. Er nú hægt að veita 6 stúdentum upptöku í deildina á ári hverju.

Frá 1947, er tannlæknapróf var fyrst haldið, hafa alls útskrifast 39 tannlæknar.

Lyfjafræði lyfsala

Með lögum nr. 112 30. maí 1940 var stofnaður Lyfjafræðingaskóli Íslands og honum sett reglugerð 16. jan. 1941, en áður en sá skóli var stofnaður, höfðu lyfsalar annazt þá kennslu, sem honum var ætluð. Í lögnum er stjórn skólans falin 4 manna skólanefnd og skyldi einn þeirra skipaður eftir tillögu læknadeildar háskólans, en forstöðumaður skólans skyldi vera kennarinn í lyfjafræði við háskólann. Lyfjafræðingaskólinn starfaði fyrstu árin í lyfjabúðunum, þar sem þessi kennsla hafði farið fram áður, en 1948 var kennslan flutt í háskólann. Stóð svo, unz nógildandi háskólalög gengu í gildi. Var lyfjafræðingaskólinn þá lagður niður, en kennslan lögð undir læknadeild háskólans, og hófst hún haustið 1957. Um leið voru

gerðar töluverðar breytingar á námstillhögun þeirri, er til þessa hafði tíðkast um nám þetta, og var með þeim breytingum stefnt að því að lengja sjálft háskólanámið, en stytta verknámstíma í lyfjabúðum að sama skapi.

Námið í lyfjafræði lyfsala er áætlað 3 ár og er bæði munnlegt og verklegt. Því lýkur með fyrra hluta prófi, og verður sá *examinatus pharmaciae*, sem því hefir lokið. Síðara hluta námsins verður að sækja í önnur lönd, og tekur það að jafnaði 3 ár til viðbótar að ljúka kandidatsprófi. Þeir, sem eru ákveðnir í því frá upphafi að ljúka kandidatsprófi, geta nú komizt af með 2 ára nám hér, en öðlast þá ekki titilinn *examinatus pharmaciae* og þau starfsréttindi, sem hann veitir.

Kennslugreinar í lyfjafræði lyfsala eru sem hér segir: Á fyrsta ári lyfjagerðarfræði, efnafræði (ólífræn efni), latína, verðlagning lyfja, lyfjalöggjöf og galensk lyfjagerð með verklegum æfingum. Á öðru ári er einkum verklegt nám í lyfjabúðum og rannsóknarstofu, vinna að afgreiðslustörfum, við lyfjagerð o. fl. Á þriðja ári er kennd lífræn efnafræði, lyflýsingafræði, grasafræði, rekstrarfræði lyfjabúða, efnagreining og vörufræði með verklegum æfingum. Prófum er skipt í þrjá hluta, og er hver hluti um sig tekinn að loknu kennsluári. Engan hluta prófsins má þreyta oftár en tvisvar, og prófi verður að ljúka eigi síðar en 6 árum eftir innritun í deildina.

Frá því að kennsla hófst í lyfjafræði lyfsala á vegum læknadeildar háskólans, hefir dr. Ívar Daníelsson verið aðalkennari í þeirri grein, en hann hafði áður verið kennari við lyfjafræðingaskólann, frá því sá skóli var fluttur í húsnæði háskólans. Dr. Ívar var skipaður dósent frá 1. sept. 1957. Hann veitir og forstöðu rannsóknarstofu í lyfjafræði lyfsala og hefir einnig á hendi eftirlit með lyfjabúðum fyrir heilbrigðisstjórnina. Aukakennarar hafa verið Jón O. Edwald cand. pharm. í ólífrænni efnafræði frá 1957, Ingólfur Davíðsson mag. scient. í grasafræði frá því á vormissiri 1960 og Óskar Bjarnason cand. polyt. í verklegum æfingum í efnafræði frá sama tíma.

Hægt er nú að taka á móti 6 stúdentum á ári í þetta nám. Náminu hafa lokið 2 lyfjafræðingar, báðir útskrifaðir 1960.

XII. Laga- og viðskiptadeild

Laga- og viðskiptadeildin er tvíþætt í eðli, eining í tvennum greinum, eins og nafnið bendir til. Stofn hennar er lagadeildin, sem er jafngömul háskólanum, en hin greinin er kennslustofnun sú í viðskiptafræðum, sem sameinuð var háskólanum með lögum nr. 78 27. júní 1941 og innlimuð í lagadeildina. Nefndist deildin þá í sinni nýju mynd laga- og hagfræðideild, en því nafni var breytt í laga- og viðskiptadeild í nágildandi háskólalögum, Í sömu lögum er einnig ákveðið, að viðskiptadeild skuli verða sjálfstæð háskóladeild, þegar þrjú föst kennaraembætti hafi verið stofnuð í viðskiptafræðum. Þar eru nú tvö prófessorsembætti, og á síðasta alþingi (1960) var heimilað í fjárlögum að stofna hið þriðja. Það hefir ekki enn komið til framkvæmda, en naumast verður þess langt að bíða úr þessu. En hvað sem um það er, verður ekki hjá því komizt að ræða hér um laga- og viðskiptadeildina í tvennu lagi.

Lagadeild

Þegar háskóli Íslands var stofnaður, hafði lagaskólinn aðeins starfað í 3 ár og enginn kandidat verið brautskráður þaðan. Hinn ungi lagaskóli varð að lagadeild háskólans, kennarar og nemendur hinir sömu. Fyrstu lögfræðingarnir, sem útskrifuðust vorið 1912, gengu undir próf samkvæmt reglugerð lagaskólans frá 27. ágúst 1908.

Um námið í lagadeild má fá allglöggva hugmynd af lestrar- og kennsluáætlun fyrir deildina, sem birtist í Árbók háskólans 1912-13, bls. 53-55. En um tilgang kennslunnar er þar komizt svo að orði: „Tilgangur kennslunnar í lagadeild Háskóla Íslands er að fræða stúdenta, sem hana sækja, svo að þeir geti gegnt embættum og öðrum störfum, sem lagakunnátta útheimtist til. Aðalatriði laganámsins er þó ekki að læra utan að öll gildandi lög landsins. Slíkur lærdómur mundi ofreyna stúdentana og kennslan þó ekki ná tilgangi sínum. Lögin breytast: gömul lög eru numin úr gildi og ný lög sett, enda mörg mikilsvarðandi atriði alveg ólögákvæðin.

Lögfræðingar verða að geta beitt hinum nýju lögum engu síður en hinum eldri. Þungamiðja laganámsins er því að læra að skilja meginreglur laganna og æfa hugsun stúdenta um lögfræðisleg efni í anda laganna eftir hugsunarréttu samhengi þeirra við lífið. Jafnframt er auðvitað nauðsynlegt að læra aðalatriði gildandi laga, enda er sá lærdómur undirstaða hinnar eiginlegu lögfræðismenntunar“.

Ekki urðu verulegar breytingar á náminu í lagadeildinni frá því, sem verið hafði í lagaskólanum. Aðalbreytingin var sú, að samkvæmt reglugerðinni 1912 var bætt við almennri lögfræði, sem er byrjun eða undirbúningur til skilnings á lögfræðinni, en ekki var hún gerð prófskyld. Þessi tilhögun laganámsins hélzt lengi hin sama, en með reglugerðarbreytingu 28. okt. 1935 voru gerðar verulegar breytingar á náminu. Miðað við eldra fyrirkomulagið voru breytingarnar þær, að námið var aukið með nýjum námsgreinum, stjórnarfarsrétti og þjóðhagsfræði, og auk þess kom til úrlausn raunhæfs verkefnis. Þjóðaréttur var skilinn frá stjórnlagafraedi, og skyldi haldið í honum sérstakt munnlegt próf. Almenn lögfræði var gerð að prófskyldri grein. Í henni skyldi haldið munnlegt próf og persónuréttur sameinaður henni, en taldist áður með sífja- og erfðarétti. Sjó- og félagaréttur voru skildir frá 2. borgararétti og gerðir að sameiginlegri námsgrein, sem prófað var í munnlega. Þá voru og tekin upp námskeið í vélritun og lögfræðilegri skjalaritun, kennsla aukin í bókfærslu og tilskilið, að stúdentar störfuðu á lögfræðiskrifstofu að minnsta kosti um tveggja mánaða skeið.

Með reglugerðarbreytingu 21. sept. 1949 voru enn gerðar veigamiklar breytingar á tilhögun laganámsins. Í fyrsta lagi voru lögmælt forpróf í þremur greinum, almennri lögfræði, bókfærslu og þjóðhagsfræði, og verða menn að ljúka prófi í þessum þremur greinum, áður en þeir segjast til fyrra hluta prófs. Er og áskilin sérstök lágmarkseinkunn í þessum þremur greinum, $10\frac{1}{2}$ í hinni fyrsttöldu, en $9\frac{2}{3}$ í hinum tveimur. Í öðru lagi var gagnbreytt skipun greina í fyrra hluta og síðara hluta, miðað við fyrri námstilhögun.

Samkvæmt núgildandi reglugerð háskólans eru kennslugreinar í lagadeild þessar: 1) almenn lögfræði, 2) þjóðhagsfræði, 3) bókfærsla, 4) fjármunaréttur, 5) sífjaréttur, erfðaréttur og persónuréttur, 6) stjórnskipunar- og stjórnarfarsréttur, 7) refsiréttur, 8) réttarfar, 9)

réttarsaga, 10) sjóréttur og félagaréttur, 11) þjóðaréttur og alþjóðlegur einkamálaréttur, 12) æfingar í úrlausn raunhæfra verkefna og 13) vélritun. Einnig er þess krafizt, að stúdent hafi unnið í lögfræðiskrifstofu undir handleiðslu lögfræðings um a. m. k. tveggja mánaða skeið, eftir að hann lauk fyrra hluta embættisprófs.

Upphaflega var embættispróf í lögfræði tekið í einu lagi, en með reglugerðarbreytingunni frá 28. okt. 1935 var prófinu skipt í tvennt, fyrra og síðara hluta, eins og nú er. Engar skorður voru settar við námstímanum í lögfræði fyrr en með reglugerðarbreytingunni 21. sept. 1949. Þar er mælt svo fyrir, að líði meira en 4 ár frá því, er stúdent lýkur fyrra hluta embættisprófs, til þess er hann segir sig til síðara hluta prófsins, þá fellur fyrra hluta prófið úr gildi; verður stúdentinn þá að þreyta það af nýju, ef hann kýs að halda áfram náminu. Undirbúningspróf í almennri lögfræði og þjóðhagfræði halda þó gildi sínu. Krafizt er þeirrar þekkingar í almennri lögfræði, að til fyrstu einkunnar megi metast. Þessar kröfur eru teknar upp í nógildandi reglugerð.

Námstíminn hefir lengzt nokkuð í lögfræðinni, eins og hann hefir yfirleitt gert í öðrum greinum. Framan af var hann 4-5 ár, en er nú yfirleitt 5-6 ár.

Þegar háskólinn tók til starfa, voru 3 prófessorar í lagadeild. Þá voru nemendur 17 að tölu. Með lögum nr. 85 24. des. 1953 var bætt við fjórða prófessarsembættinu. Þá voru nemendur í deildinni 120.

Einn af fyrstu þremur prófessorum lagadeildar var Lárus H. Bjarnason, áður forstöðumaður lagaskólans. Hann var prófessor 1911-1920, gerðist þá dómari í hæstarétti, en kenndi í lagadeildinni frá 15. marz 1922-apríl 1923 fyrir próf. Magnús Jónsson. Aðalkennslugreinar próf. Lárusar voru stjórnlagafræði og 1. borgararéttur; hann lézt 30. des. 1934. Annar af fyrstu prófessorum deildarinnar var dr. Einar Arnórsson, áður dósent við lagaskólann. Hann var prófessor 1911-1932, að undanskildum þeim tíma, er hann var ráðherra Íslands 4. maí 1915-4. jan. 1917. Aðalkennslugreinar próf. Einars voru réttarfar, refsiréttur 1920-23 og eftir það stjórnlagafræði. Hann andaðist 29. marz 1955, síðastur þeirra manna er verið höfðu meðal fyrstu föstu kennara háskólans. Þriðji prófessorinn í lagadeildinni var Jón Kristjánsson, áður aukakennari við lagaskólann. Hann var prófessor 1911-1918, og

aðalkennslugreinar hans voru refsiréttur og kröfuréttur. Próf. Jón lézt úr spönsku veikinni 9. nóv. 1918, maður á bezta aldri.

Sá kennari, sem starfað hefir lengst allra við lagadeildina, var dr. Ólafur Lárússon. Hann var fyrst settur prófessor 1915 17 fyrir próf. Einar Arnórsson, meðan Einar var ráðherra, en skipaður 9. jan. 1919 sem eftirmaður Jóns próf. Kristjánssonar. Gegndi próf Ólafur því embætti, unz hann fekk lausn fyrir aldurs sakir 8. júlí 1955, en kenndi þó enn réttarsögu vormissirið 1956. Aðalkennslugreinar hans voru kröfuréttur og réttarsaga. Hann andaðist 3. febr. 1961. Eftirmaður Lárúsar H. Bjarnasonar var próf. Magnús Jónsson, skipaður frá 1. júlí 1920, en fekk lausn vegna heilsubrests frá 1. jan. 1934. Gegndi hann prófessorsembættinu þann tíma að undanskildu árinu 1922-23, er hann var ráðherra. Aðalkennslugreinar próf. Magnúsar voru 1. borgararéttur, stjórnlagafraedi til 1923 og eftir það refsiréttur. Hann andaðist 2. okt. 1934. Þegar próf. Einar Arnórsson hvarf frá háskólakennslu og varð dómari í hæstarétti, var Bjarni Benediktsson settur prófessor í hans stað frá 1. sept 1932 og skipaður 27. ágúst 1933. Gegndi hann því embætti til ársins 1941, en hafði lausn frá kennsluskyldu frá 8. okt. 1940, er hann varð borgarstjóri í Reykjavík. Aðalkennslugreinar próf. Bjarna voru stjórnlagafraedi og réttarfar.

Í stað próf. Magnúsar Jónssonar var dr. Þórður Eyjólfsson settur prófessor 13. jan. 1934 og skipaður 12. nóv. sama ár. Hann var skipaður hæstaréttardómari 24. sept. 1935, en gegndi prófessorsembættinu sem settur til vors 1936. Kennslugreinar hans voru 1. borgararéttur og refsiréttur og auk þess almenn lögfræði. Veturinn 1954-55 og aftur vormissirið 1961 kenndi dr. Þórður refsirétt sem staðgöngumaður próf. Ármanns Snævars. Eftir brottför próf. Þórðar var Ísleifur Árnason skipaður prófessor frá 1. sept. 1936, og gegndi hann embættinu til jafnlengdar 1948, en fekk þá lausn. Kennslugreinar hans voru hinar sömu sem fyrirrennara hans í embættinu. Þegar próf. Bjarni Benediktsson lét af kennslu, var Gunnar Thoroddsen ráðinn til þess að annast kennslustörf hans haustið 1940. Hann var settur prófessor frá 1. marz 1942 og skipaður 22. okt. 1943. Honum var veitt lausn frá kennsluskyldu 10. febr. 1947, með því að hann hafði þá verið kjörinn borgarstjóri í Reykjavík, en lausn frá prófessorsembættinu fekk hann 8. marz 1950. Kennslugreinar próf. Gunnars voru stjórnlagafraedi og réttarfar.

Við brottför Gunnars Thoroddsens var Ólafur Jóhannesson settur prófessor 10. febr. 1947, og kenndi hann sem staðgöngumaður Gunnars til vors 1948. En frá 1. sept. það ár var hann skipaður prófessor í stað Ísleifs Árnasonar, sem sagði þá embætti sínu lausu. Aðalkennslugreinar próf. Ólafs voru upphaflega stjórnлагаfræði og stjórnarfarsréttur, svo og réttarfar. Frá 1955 kennir hann ekki réttarfar, en í þess stað eignarrétt. Þegar Ólafur tók við embætti Ísleifs, var Ármann Snævarr settur prófessor sem staðgöngumaður Gunnars Thoroddsens og skipaður í embættið frá 1. ágúst 1950. Kennslugreinar hans eru 1. borgararéttur, refsiréttur og réttarsaga (frá 1957), svo og almenn lögfræði til 1959. Próf. Ármann var kjörinn háskólarektor 19. nóv. 1960.

Þegar stofnað var fjórða prófessorsembættið í lögfræði, var Theódór Líndal hrl. skipaður í það frá 1. júní 1954 að telja, en hann hafði verið aukakennari í lagadeild síðan 1941. Kennslugreinar próf. Theódórs eru úrlausn raunhæfra verkefna og réttarfar. Er próf. Ólafur Lárusson lét af embætti, var Magnús Þ. Torfason skipaður prófessor í hans stað frá 8. júlí 1955. Aðalkennslugreinar próf. Magnúsar eru kröfuréttur og sjóréttur, einnig kenndi hann um skeið hluta af almennri lögfræði.

Nokkrir aukakennarar hafa kennt einstakar greinar í lagadeild á síðari árum. Hans G. Andersen var kennari í þjóðarétti á árunum 1947-51, Vilhjálmur Jónsson kenndi almenna lögfræði veturinn 1954-55, og Þór Vilhjálmsson hefir verið kennari í sömu grein síðan 1959. Kennarar í þjóðhagfræði fyrir laganema hafa verið Sverrir Þorbjarnarson hagfræðingur 1937-43 og síðan Ólafur Björnsson prófessor í viðskiptafræðum. Kennsla í bókfærslu og vélritun hefir verið sameiginleg fyrir nemendur í lagadeild og viðskiptadeild, síðan viðskiptadeildin var stofnuð. Bókfærslukennarar hafa verið Björn Árnason endurskoðandi 1937-39, dr. Gylfi Þ. Gíslason prófessor í viðskiptafræðum 1940-1956, nema vormissirið 1946, Þorvarður Jón Júlíusson vormissirið 1946 og 1956-60 og Guðlaugur Þorvaldsson settur prófessor í viðskiptafræðum 1960-61. Kennarar í vélritun hafa verið Elís Ó. Guðmundsson 1941- † 19/11 1958 og síðan frú Ragnhildur Ásgeirsdóttir nema veturinn 1959-60, er Tómas P. Óskarsson verzlunarmaður kenndi í veikindaförföllum hennar.

Framan af árum var lögfræðideildin fremur fámenn. Fram til 1918

voru flest 17 stúdentar í deildinni, og á árunum 1920-30 var stúdentatalan milli 31 og 45 á ári, en í háskólanum öllum milli 92 og 155. Síðan 1944 hafa stúdentar í deildinni verið á öðru hundraði eða frá 106-142 á ári að undanskildum árunum 1954-1955, er þeir voru aðeins innan við hundrað. Nú eru þeir um 130 að tölu. Aðsóknin að lögfræðinámi óx mjög á tímabili, en hefir staðið nokkuð í stað á seinni árum.

Alls hafa verið skráðir 815 stúdentar í lögfræðideild, og eru um 130 af þeim enn við nám. Þeir, sem lokið hafa lögfræðiprófi, eru 436 að tölu.

Viðskiptadeild

Upphaf viðskiptadeildar má rekja til þess, að haustið 1938 var fyrir forgöngu Jónasar Jónssonar frá Hriflu stofnaður nýr skóli, er nefndur var Viðskiptaháskóli Íslands. Forstöðumaður hans var ráðinn Steinþór Sigurðsson mag. scient. menntaskólakennari. Hlutverk skólans átti öðru fremur að vera það að sérmennta íslenska stúdentar með það fyrir augum, að þeir tækju að sér störf í þágu utanríkisþjónustunnar, er Íslendingar tækju þau mál í sínar hendur. Að öðru leyti virðist grundvöllur viðskiptaháskólans hafa verið frekar laus í sér, enda var skólanum engin reglugerð sett. Meðan hann starfaði sem sérstök stofnun, var kennslan ekki miðuð við þarfir væntanlegra „diplomata“, heldur þeirra, sem vildu afla sér menntunar í hagfræði og almennum viðskiptafræðum. Munu hagfræðingarnir Gylfi Þ. Gíslason og Ólafur Björnsson, sem gerðust kennarar við skólann, hafa átt þátt í því ásamt forstöðumanninum að skipuleggja kennsluna á þeim grundvelli.

Þegar rýmkaðist um háskólann í hinum nýju húsakynnum hans, óskaði háskólaráð að taka upp kennslu í viðskiptafræði með svipuðu sniði og í viðskiptaháskólanum, og sömuleiðis höfðu stúdentar þess skóla óskað eindregið eftir því, að háskólinn tæki upp þessa kennslu og viðskiptaháskólinn yrði þá lagður niður. Lét háskólaráð undirbúa frumvarp um breytingu á háskólalögum í þessa átt. Var það flutt á alþingi að tilhlutun menntamálaráðherra og samþykkt sem lög nr. 78 27. júní 1941. Með þeim lögum var viðskiptaháskólinn innlimaður í lagadeild háskólans, sem nefndist eftir það laga- og hagfræðideild,

en nú laga- og viðskiptadeild, eins og áður er sagt. Í september 1941 luku 9 stúdentar, sem höfðu allir stundað nám í viðskiptaháskólanum, prófi í laga- og hagfræðideild háskólans, en aðrir stúdentar viðskiptaháskólans gengu sjálfkrafa inn í deildina. Hún tók til starfa haustið 1941, og létu 22 nýir stúdentar þá skrá sig í hana. Nánari fyrirmæli um námsefni og próf í viðskiptafræði voru sett með lestraráætlun, sem prentuð er í Árbók háskólans 1940-41, bls. 77-81, reglugerðarbreytingum 18. okt. 1941 og 21. sept. 1949 og almennum reglugerðum háskólans.

Samkvæmt núgildandi háskólareglugerð eru kennslugreinar í viðskiptadeild þessar: 1) þjóðhagfræði almenn, 2) þjóðhagfræði hagnýt, 3) rekstrarhagfræði almenn, 4) rekstrarhagfræði sérgreind, 5) fjármálafræði, 6) íslensk haglýsing, 7) lögfræði, 8) bókfærsla, endurskoðun og skattaskil, 9) reikningshald, 10) tölfræði, 11) viðskiptareikningur, 12) enska og 13) vélritun. Um málanámið í viðskiptadeild er þess að geta, að enska hefir frá upphafi verið skyldunámsgrein og framan af auk þess annaðhvort þýzka eða franska, er menn gátu valið um. Með reglugerðarbreytingunni 21. sept. 1949 var þýzku og frönsku sleppt.

Nám í viðskiptafræðum tekur nú að jafnaði 4-4½ ár. Í sumum greinum má ljúka prófi, hvenær sem er á námstímanum eða jafnóðum og farið er yfir þær, og taka þannig einhver próf á hverju ári. Á námstímanum verða stúdentarnir að semja og flytja tvö erindi, sitt úr hvorri höfuðgrein námsins, rekstrarhagfræði og þjóðhagfræði, Áður en þeir segja sig til kandidatsprófs, verða þeir enn fremur að semja ritgerð um hagfræðilegt efni, sem kennararnir fá þeim til meðferðar, venjulega eftir tveggja ára nám í deildinni.

Í upphafi var aðeins eitt dósentsembætti í viðskiptafræðum, og aðrir kennarar voru aukakennarar. En með lögum nr. 66 28. des. 1944 var ákveðið að dósentsembættin skyldu vera tvö, og eru þau nú prófessorsembætti. Loks er með lögum nr. 51 11. júní 1960 heimilað að stofna nýtt prófessorsembætti í laga- og viðskiptadeild, en í það hefir ekki enn verið skipað.

Fyrsti fastur kennari í viðskiptadeild var dr. Gylfi Þ. Gíslason, núverandi menntamálaráðherra. Hann var skipaður dósent frá 1. sept. 1941 og prófessor frá 1. okt. 1946. Gegndi hann embættinu til 1956, er hann varð ráðherra, en heldur því enn, og hafa ýmsir annazt

kennslu hans til þessa. Aðalkennslugreinar próf. Gylfa voru rekstrarhagfræði og bókfærsla. Annar kennari, sem kennt hefir í viðskiptadeild frá byrjun, er próf. Ólafur Björnsson. Hann var aukakennari fyrsta árið, settur dósent 27. júní 1942 og skipaður frá 15. maí 1947, en prófessor var hann skipaður frá 1. sept. 1948. Aðalkennslugrein hans er þjóðhagfræði.

Af núverandi kennurum í viðskiptadeild hefir einn maður annar en próf. Ólafur verið kennari þar frá byrjun, K. Guðmundur Guðmundsson cand. act., og eru kennslugreinar hans tölfræði og viðskiptareikningur; hann var skipaður dósent frá 15. sept. 1959. Aðrir af fyrstu kennurum deildarinnar voru Steinþór Sigurðsson mag. scient., er kenndi viðskiptareikning 1941-42 og 1943- † 2/11 1947, Georg E. Nielsen endurskoðandi, er kenndi verklega bókfærslu 1941-47 og Þorsteinn Bjarnason, er kenndi sömu grein 1941-44.

Síðan 1948 hefir Svavar Pálsson cand. oecon. verið kennari í verklegum æfingum í bókfærslu, endurskoðun og skattaskilum; hann var skipaður dósent frá 15. sept. 1959. Í fjarveru próf. Gylfa Þ. Gíslasonar vormissirið 1946 kenndu fyrir hann Klemenz Tryggvason cand. polit. almenna rekstrarhagfræði og Jónas Haralz pol. cand. efnahagsreikning. Síðan 1956 hafa ýmsir haft á hendi kennslu próf. Gylfa. Guðlaugur Þorvaldsson cand. oecon. kenndi sérgreinda rekstrarhagfræði 1956-57 og 1959-60, dr. Jóhannes Nordal almenna rekstrarhagfræði 1956-59 og Árni Vilhjálmsson cand. oecon., M. A. kenndi reikningshald 1957-58 og almenna rekstrarhagfræði 1959-60. Sú skipan hefir nú verið á ger, að Guðlaugur Þorvaldsson hefir verið settur prófessor í stað próf. Gylfa Þ. Gíslasonar frá 19. okt. 1960, unz öðruvísi verður ákveðið.

Lögfræðikennsluna í viðskiptadeild hafa prófessorar lagadeildar annast, fyrstu árin dr. Ólafur Lárusson, þá Ísleifur Árnason, Ólafur Jóhannesson, Ármann Snævarr og nú síðustu árin Magnús Þ. Torfason.

Eins og áður er sagt, hefir enska verið prófgrein í viðskiptadeild frá upphafi, þýzka var kennd á árunum 1941-49 og franska 1941-45. Kennsluna önnuðust tungumálakennarar heimspekideildar, og verður þeirra getið þar. Kennarar í bókfærslu og vélritun eru áður nefndir.

Á áratugnum 1941-51 voru stúdentar í viðskiptafræðum árlega frá

SAGA HÁSKÓLA ÍSLANDS

33-46 að tölu, en á síðastliðnum áratug frá 59-98; síðustu árin hafa þeir verið tæpir 80. Alls hafa verið skráðir í viðskiptadeild 338 stúdentar, en 147 hafa lokið prófi.

XIII. Heimspékideild

Hin nýja háskóladeild, sem bætt var við embættaskólana gömlu, er Háskóli Íslands var stofnaður, hlaut nafnið heimspékideild að erlendri fyrirmynd. En það var ekki réttnefni, vegna þess að það gaf ekki rétta hugmynd um aðalviðfangsefni deildarinnar. Kennslugreinarnar voru tvær, forspjallsvísindi (heimspeki) með einum kennara og íslenzk fræði með tveimur kennurum. Eins og kunnugt er, hafa íslenzk fræði jafnan myndað kjarnann í heimspékideildinni, og svo er enn.

Með öðrum þjóðum hafa heimspékideildir háskólanna þróast í þá átt að verða nokkurs konar fjölfræðadeildir, þar sem kenndar eru margs konar óskyldar vísindagreinar, svo sem tungumál, sagnfræði, landafræði og jarðfræði, stærðfræði, eðlisfræði og ýmsar greinar náttúrufræði. Sums staðar hafa á síðari tímum verið myndaðar úr þessu nýjar háskóladeildir, einkum í raunvísindum. Innan heimspékideildanna hafa með öðrum orðum rúmast flestar vísindagreinar aðrar en guðfræði, lögfræði, læknisfræði og verkfræði. Þróunin hefir orðið hin sama hér. Auk forspjallsvísinda og íslenzkra fræða, sem voru lengi framan af einu námsgreinarnar í heimspékideild Háskóla Íslands, má nú nema þar að minnsta kosti hálfan annan tug annarra fræðigreina, ýmist á sviði hugvísinda eða raunvísinda. Hafi nafn deildarinnar ekki verið réttnefni í upphafi, þá er það þaðan af síður réttnefni nú.

Eina nýmælið í kennslugreinum háskólans voru íslenzk fræði. Embættadeildirnar þrjár voru beint framhald af samnefndum skólum, og forspjallsvísindin voru arfur frá prestaskólanum. Nokkrir Íslendingar höfðu áður stundað vissar greinar íslenzkra fræða við háskólann í Kaupmannahöfn, en nú fyrst áttu íslenzkir stúdentar kost á því að nema og rannsaka tungu, bókmenntir og sögu þjóðar sinnar hér heima og ljúka háskólaprófi í þeim. En það var eins og menn þyrftu tíma til þess að átta sig á þessari nýjung. Fyrstu kennararnir í íslenzkum fræðum lifðu það ekki að brautskrá neina nemendur. Það féll í skaut næstu kennarakynslóðar, er 12 ár voru liðin frá stofnun háskólans. Síðan hafa margir lagt stund á þessi

fræði og breitt út þekkingu á þeim með kennslustörfum í skólum landsins og með ritum sínum og ræðum. Það er orðið álitlegt safn bóka og ritgerða, sem kennarar og nemendur heimspekideildar í þessum fræðum hafa látið frá sér fara. Árangurinn af því starfi, sem innt hefir verið af hendi á þessu sviði, er meðal annars sá, að miðstöð íslenzkra fræða hefir fyrir löngu flutzt frá Kaupmannahöfn heim til Íslands, þar sem hún á að sjálfsgöðu að vera.

Þegar Háskóli Íslands tók til starfa, var eitt prófessorsembætti í heimspekilegum forspjallsvísindum, eins og nú er. Með lögum nr. 35 26. okt. 1917 var stofnað prófessorsembætti í hagnýtri sálarfræði, er bundið var við nafn dr. Guðmundar Finnbogasonar, en það var lagt niður 1924. Og með lögum um menntun kennara nr. 16 12. marz 1947 var gert ráð fyrir nýju prófessorsembætti í uppeldis- og kennslufræðum. Embættið var ekki stofnað fyrr en með háskólalögnum 1957, en kennsla í þeim greinum hafði þá farið fram í nokkur ár.

Í íslenzkum fræðum voru upphaflega tveir kennarar, prófessor og dósent. Prófessorinn átti að annast kennslu í íslenzkri málfræði og bókmenntasögu Íslands og menningarsögu. Kennsla í íslenzkri málfræði skyldi miða að því að veita nemendum nákvæma þekkingu á öllum greinum íslenzkrar málfræði, hljóðfræði, beygingarfræði, orðmyndunarfræði, orðaskipunarfræði og sögu málsins að fornu og nýju, og skyldi sérstaklega æfa nemendur í málfræðinni við lestur og skýring íslenzkra rita, fornra og nýrra. Þessa kennslu hafa nú tveir prófessorar á hendi. Kennslan í bókmenntasögu og menningarsögu skyldi miða að því að veita nemendum nákvæma vísindalega þekkingu á bókmenntum og menningarástandi Íslendinga frá elztu tímum til vorra daga. Hún skyldi fara fram með fyrirlestrum og eftir bókum og með æfingum í að lesa og skýra íslenzk rit, bæði forn og ný. Þessa kennslu annast nú aðrir tveir prófessorar. Dósentinn í íslenzkum fræðum var kennari í sögu Íslands, og átti kennslan að miða að því að veita nákvæma þekkingu í sögu þjóðarinnar að fornu og nýju eftir heimildum. Þá kennslu hafa enn aðrir tveir prófessorar nú á hendi. Það hefði þurft ofurmannlega starfskrafta og lærdóm slíkt hið sama, ef þessir tveir fyrstu kennarar hefðu getað fullnægt slíkum kennslukröfum til sémilegrar hlítar, hvað þá til fullnustu.

Kennarastólum var fyrst fjölgað í heimspekideild með lögum nr.

25 2. nóv. 1914, en ekki nutu íslenzk fræði góðs af því, svo að teljandi væri. Þá var stofnað dósentsembætti í klassískum fræðum, grísku og latínu, ásamt þeim fræðum, er þar til teljast. Embætti þetta var raunar stofnað handa Bjarna Jónssyni frá Vogu, og lagðist það niður við fráfall hans 1926.

Hið fyrsta, sem alþingi gerði til viðurkenningar íslenzkum fræðum, var það, að það breytti með lögum nr. 19 1. okt. 1919 dósentsembættinu í sögu Íslands í prófessorsembætti. Með lögum nr. 40 27. júní 1925 var loks fjölgað kennurunum í íslenzkum fræðum og dósentsembætti stofnað í málfræði og málsögu íslenzkrar tungu. Urðu þá kennaraembættin í íslenzkum fræðum loksins þrjú, eitt í hverri aðalgrein, málfræði, bókmenntum og sögu, og mátti hreint ekki minna vera. Við það sat síðan í nærfellt tvo áratugi. En þá raknaði úr, svo að um munaði. Með lögum nr. 66 28. des. 1944 voru stofnuð tvö dósentsembætti til viðbótar, annað í bókmenntasögu og hitt í sögu Íslands. Því var skeytt við lögin, að ákvæði 1. gr. laga nr. 24 19. maí 1930, um háskólakennara, skyldi ekki taka til þessara nýju dósentsembætta, en það þýddi, að þau skyldu ekki verða að prófessorsembættum á sínum tíma. Þessi viðauki var þó felldur niður með lögum nr. 116 28. des. 1950. Smiðshöggið var svo á rekið, er stofnað var með lögum nr. 23 23. apríl 1946 dósentsembætti í íslenzku nútíðarmáli og hagnýtri íslenzkukennslu. Þá var svo komið, að kennarar voru orðnir tveir í hverri aðalgrein íslenzkra fræða, og hefir svo verið síðan.

Um núverandi prófessorsembætti dr. Sigurðar Nordals gegnir sérstöku máli. Um það voru sett sérstök lög, nr. 32 12. febr. 1945, þar sem svo er fyrir mælt, að dr. Sigurði skyldi gerður kostur á því, þegar hann léti af prófessorsembætti, sem hann gegndi þá í heimspekideild, að hafa áfram á hendi prófessorsembætti í íslenzkum fræðum í deildinni með öllum þeim réttindum, er fylgja prófessorsembættum, en undanþeginn skyldi hann vera kennsluskyldu og ákvæðum laga um aldurshámark opinberra starfsmanna. Á prófessorsembætti dr. Sigurðar ber því að líta sem veitt í viðurkenningar og heiðurs skyni.

Heimspekideildin var allengi fámennasta deild háskólans. Þar skráðu sig yfirleitt fáir aðrir en þeir, sem lögðu stund á íslenzk fræði. Eftir að tekin var upp kennsla til B.A.-prófs í ýmsum greinum, fór

aðsóknin að deildinni hraðvaxandi, enda hafa og ýmsir á síðari árum látið skrá sig í deildina án þess að hafa ákveðið nám í huga eða til þess að ljúka einungis prófi í forspjallsvísindum. Er því nú svo komið, að í nokkur undanfarin ár hefir heimspekideildin verið fjölmennasta deild háskólans. Þar eru nú starfandi 8 próffessorar og 18 aðrir kennarar í ýmsum greinum. Árið 1911-12 var enginn stúdent skráður í deildina, en 1959-60 voru þeir 278 að tölu.

Námið í heimspekideild er nú orðið allmargþætt. Er eðlilegast að skipta því í þrjá þætti: 1) heimspeki og uppeldisfræði, 2) íslensk fræði og 3) B.A.-nám.

Heimspeki og uppeldisfræði

Öllum stúdentum háskólans, að undanteknum verkfræðinemum og erlendum stúdentum, er lesa til íslenskuprófs, er skylt að ganga undir próf í *forspjallsvísindum*. og gera þeir það venjulega í lok fyrsta námsárs. Stúdentar kalla þetta stundum sín á milli „fíluna“, sem er stytting úr filosofía, er merkir heimspeki. Þessi námsgrein var komin úr prestaskólanum, en var skilin frá guðfræðideildinni, er háskólinn var stofnaður. Kennslan hefir yfirleitt verið með sama sniði frá fornu fari og kennslugreinar almenn sálarfræði, rökfræði og annaðhvort undirstöðuatriði siðfræðinnar eða valdir kaflar úr heimspekisögu, enn fremur almenn heimspeki. Í engri námsgrein ganga viðlíka eins margir stúdentar undir próf og í forspjallsvísindum, þar sem þau eru skyldunámsgrein flestra. Á árunum 1912-1960 að báðum árum meðtöldum hafa 2354 stúdentar gengið undir próf þetta. Þeir, sem því hafa lokið, mega bera lærdómstitilinn cand. phil., þ. e. candidatus philosophiae.

Fyrsti kennarinn í forspjallsvísindum var dr. Ágúst H. Bjarnason prófessor og var kennari í þeirri grein frá 1911-1945, er hann lét af embætti fyrir aldurs sakir. Hann lézt 22. sept. 1952. Próffessorsembætti það, sem stofnað var með sérstökum lögum handa dr. Guðmundi Finnbogasyni, hafði hann á hendi á árunum 1917-1924. Hann var einkakennari við háskólann frá 1916, en var skipaður prófessor frá 1. marz 1918. En 30. sept. 1924 var dr. Guðmundur skipaður landsbókavörður og próffessorsembættið jafnframt lagt niður. Hann lézt 17. júlí 1944. Eftirmaður próf. Ágúst

H. Bjarnasonar og núverandi kennari í forspjallsvísindum er dr. Símon Jóh. Ágústsson. Hann fekk leyfi til að flytja fyrirlestra við háskólann 1936 og flutti þar fyrirlestra á næstu árum um uppeldismál og sálarfræði, var ráðinn til þess að kenna fyrir próf. Ágúst, er hann fekk kennsluleyfi veturinn 1941-42, flutti næstu árin fyrirlestra og hafði æfingar fyrir kennara í sálarfræði og uppeldisfræði og var skipaður prófessor í heimspeki frá 1. sept. 1945.

Í lögnum um menntun kennara frá 1947 eru ákvæði um það, að koma skuli á fót kennslustofnun í *uppeldisvísindum* við Háskóla Íslands. Hlutverk þeirrar stofnunar skyldi vera að veita kennurum við barnaskóla og skóla gagnfræðastigsins, menntaskóla og sérskóla, menntun í uppeldisfræði, sálarfræði og kennslufræði. Auk þess skyldu kennarar í uppeldisvísindum annast rannsóknir og leiðbeiningar í þágu uppeldismála landsins, eftir því sem samrýmdist kennslustörfum þeirra. Til þess að veita stofnun þessari forstöðu og annast þar kennslu skyldi skipaður einn prófessor, en jafnframt skyldi prófessorinn í forspjallsvísindum og almennri heimspeki annast þar kennslu eftir því sem störf hans leyfðu. Nokkur bið varð á, að þessi kennslustofnun kæmist á laggirnar. Haustið 1949 var fyrirhugað námskeið í uppeldis- og kennslufræðum, en það fórst fyrir, vegna þess að engir nemendur gáfu sig fram. En haustið 1951 hóf dr. Matthías Jónasson reglulega kennslu í þessum greinum í samræmi við breytingu á háskólaeglugerðinni 10. sept. það ár, þar sem þær eru gerðar að skyldunámi fyrir kennaraefni í heimspekideild.

Samkvæmt nógildandi háskólaeglugerð eru kennslugreinar í uppeldis- og kennslufræði þessar: sálarfræði barna og unglunga og uppeldisleg sálarfræði; almenn uppeldisfræði; hagnýt kennslufræði og loks kennsla. Hinn fræðilegi hluti námsins fer fram í háskólanum, en kennsluæfingar fara fram í ýmsum skólum bæjarins undir handleiðslu æfðra kennara. Prófið er í tveim hlutum, fyrra og síðara hluta, og er kennslunni hagað þannig, að farið er yfir námsefni til prófs í uppeldisfræðum á einu kennsluári. Þess er krafizt, að þeir, sem ljúka meistara-, kandidats- og B.A.-prófum, ljúki jafnframt prófi í uppeldis- og kennslufræðum, til þess að þeir hljóti réttindi til að fá fastar kennarastöður.

Kennari í þessum fræðum hefir frá byrjun verið dr. Matthías

Jónasson. Hann fekk leyfi til fyrirlestrahalds við háskólann 1946 og tók við kennslunni í uppeldisfræði, er hún hófst þar 1951. Hann var skipaður prófessor frá 1. sept. 1957.

Íslenzk fræði

Nám í íslenzkum fræðum er ekki embættisnám í gömlum skilningi, og áttu stúdentar í þeim fræðum því lengstum á óvísan að róa, hvað við tæki að námi loknu. Flestir urðu kennarar við einhvern framhaldsskóla, bókaverðir eða því um líkt, en allt var það meira eða minna tilviljun háð. Aðeins örfáir áttu þess kost að gefa sig að vísindastörfum í sinni grein, nema ef í hjáverkum væri. Til þess að tryggja að nokkru atvinnuhorfur íslenzkufræðinga voru sett um það efni sérstök lög, nr. 84 23. júní 1936, og enn fremur lög nr. 19 31. jan. 1952, þar sem mælt er svo fyrir, að þeir, sem lokið hafa meistara- eða kandidatsprófi í íslenzkum fræðum við heimspekideild háskólans, skuli að öðru jöfnu hafa forgangsrétt til kennslu í íslenzkri tungu, íslenzkum bókmenntum og Íslandssögu við alla framhaldsskóla, sem kostaðir eru eða styrktir af ríkisfé eða sveitarfé, - - enda fullnægi þeir að öðru leyti þeim kröfum um menntun kennara við gagnfræða- og menntaskóla, sem gerðar eru í lögum.

Kennslan í íslenzkum fræðum skiptist í þrjár höfuðgreinar: íslenzka málfræði, íslenzkar bókmenntir, skýring þeirra og sögu, og sögu og menningarsögu Íslendinga. Í málfræði miðar kennslan að því að veita nemendum nákvæma þekkingu á öllum greinum íslenzkrar málfræði; einnig er veitt kennsla í öðrum germönskum málum, einkum gotnesku. Í bókmenntum beinist kennslan að því að veita nemendum nákvæma þekkingu á bókmenntum Íslendinga frá elztu tímum til vorra daga, og sama er að segja um kennsluna í sögu og menningarsögu Íslendinga. Auk þessara höfuðgreina er einnig kennd miðaldalatína, er nægir til þess, að stúdentar í íslenzkum fræðum geti lesið sér til gagns bréf og aðrar söguheimildir á því máli. Um námið í þessum fræðum má fá glögga hugmynd af lestrar- og kennsluáætlun þeirri, sem prentuð er í Árbók háskólans 1913-14, bls. 34-48, og miðuð er við meistarapróf, svo og af lestraráætlun til kennaraprófs í sama riti 1933-34, bls. 56-63. Ný lestraráætlun fyrir málfræðinámið var gefin út 1960.

Námið í íslenskum fræðum hefir beint inn á mismunandi brautir á síðustu áratugum; þar hefir verið um sex mismunandi leiðir að velja. Fer bezt á að gera grein fyrir þeim með hliðsjón af lokaáfangi námsins, prófunum. En þau eru eða hafa verið þessi: meistarapróf, kandidatspróf (áður nefnt kennarapróf), kandidatspróf í íslenzku með aukagrein, kandidatspróf í sögu með aukagrein, B.A.-próf og próf í íslenzku fyrir erlenda stúdenta.

1) *Meistarapróf*. Í fyrstu reglugerð háskólans er ekki gert ráð fyrir öðru prófi í íslenskum fræðum en meistaraprófi, og gengu fyrstu stúdentarnir undir það 1923. Af þremur höfuðgreinum námsins áttu stúdentar að velja sér eina sem kjörgrein, og var aðaláherzlan lögð á hana við prófið. Úr henni var valið efni í vísindalega ritgerð, er var einn meginþáttur í prófrauninni. Í fyrstu voru stúdentum ætlaðar 6 vikur til þess að semja hana, en bráðlega varð föst venja að ætla 6 mánuði til verksins. Prófinu lauk með fyrirlestri í heyranda hljóði um efni, er kennarar tóku til, og voru ætlaðir 8 dagar til undirbúnings. Þessi tilhögun hefir jafnan verið á meistaraprófi og er enn.

Með reglugerðarbreytingu 16. júlí 1934 var prófi í íslenskum fræðum skipt í tvennt, meistarapróf og kennarapróf, er þá var nefnt svo. Tilhögun meistaraprófs var hin sama og áður, en nú var kennarapróf gert að skilyrði til þess að menn fengju að ganga undir það. Þetta varð til þess, að mjög fáir gengu nú undir meistarapróf að undanteknum fáeinum stúdentum, sem byrjað höfðu nám, áður en breytingin gekk í gildi. Yfirleitt létu menn sér nægja kennaraprófið, enda voru kröfurnar að mestu hinar sömu, þegar frá var skilin 6 mánaða ritgerðin og fyrirlesturinn. Þetta fyrirkomulag reyndist því ekki heppilegt, með því að fáir gerðust til að leggja á sig hinn vísindalega hluta námsins, og með lögum nr. 21 28. marz 1947 var því breytt á þá lund, að nemendur gátu valið um, hvora leiðina þeir vildu fara. Föst og að því er virðist mjög heppileg skipan komst á þetta mál með reglugerðarbreytingu 10. febr. 1950, þar sem ákveðið er, að námið skuli vera sameiginlegt fyrir alla, unz lokið er fyrra hluta kennaraprófs. Eftir það er stúdentum frjálst að velja leiðina til meistaraprófs eða kennaraprófs. Í núgildandi reglugerð er þess krafizt, að aðalritgerðin í meistaraprófi sé metin til fyrstu einkunnar og einnig aðrir hlutar prófsins saman lagðir.

Alls hafa 25 menn lokið meistaraprófi í íslenskum fræðum. Háskólatitill þeirra er mag. art., þ. e. magister artium.

2) *Kandidatspróf* (kennarapróf). Til þess var stofnað með reglugerðarbreytingunni frá 16. júlí 1934, sem áður er nefnd, og var það fyrst haldið 1935. Námsgreinar voru hinar sömu sem til meistaraprófs, en kjörsvið þrengra og til prófritgerðar úr því ætlaður hálfur mánuður, námið meir miðað við hagnýta þekkingu í kennslustarfi en vísindalega þjálfun. Með reglugerðinni frá 1942 var náminu skipt í fyrra hluta og síðara hluta. Í fyrra hlutanum, sem nú er ætlað til, að lokið sé eftir 3 ár, er aðaláherzla lögð á undirstöðuatriði málfræðinnar, hljóðfræði, setninga- og merkingafræði og hagnýta íslenskukennslu. Í síðara hlutanum beinist námið einkum að öflun almennrar þekkingar og rannsókn kjörsviðs. Til prófritgerðar úr því má verja allt að 3 vikum. Fyrri hlutinn er, sem áður segir, sameiginlegur þeim, er hyggja á kandidatspróf, og þeim, er ætla sér að þreyta meistarapróf.

Alls hafa 60 menn lokið kandidatsprófi í íslenskum fræðum. Háskólatitill þeirra er cand. mag., þ. e. candidatus magisterii.

3) *Kandidatspróf í íslenzku með aukagrein*. Með reglugerðarbreytingu 27. ágúst 1952 var aukið verulega á fjölbreytni náms og prófa í heimspekideild með því, að upp voru tekin tvenn tilbrigði við íslensk fræði, kandidatspróf í íslenzku með aukagrein og kandidatspróf í sögu með aukagrein. Í fyrra tilbrigðinu eru prófgreinarnar: málfræði og saga íslenzkrar tungu og íslenzkar bókmenntir, en þriðja greinin er valfrjáls úr hópi þeirra námsgreina, sem kenndar eru til B.A.-prófs, að andanskilinni uppeldisfræði. Í tveimur fyrirtöldu greinunum eru prófkröfur hinar sömu sem við kandidatspróf í íslenskum fræðum, en í aukagreininni á nemandi að ljúka þremur B.A.-prófstigum. Aðeins einn maður hefir lokið kandidatsprófi með þessari tilhögun.

4) *Kandidatspróf í sögu með aukagrein*. Próf þetta var tekið upp með reglugerðarbreytingunni 1952. Þar eru námsgreinarnar saga og menningarsaga Íslendinga, mannkynssaga og þriðja greinin einhver þeirra, sem kenndar eru til B.A.-prófs. Stúdentar eiga að skila heimaritgerð í Íslandssögu innan 3 ára frá innritun þeirra í heimspekideild, en að öðru leyti eru prófkröfur og próftilhögun í Íslandssögu hinar sömu og í sögu Íslendinga við síðara hluta

kandidatsprófs í íslenskum fræðum, þegar kjörsvið er tekið úr henni. Í hinum greinunum, mannskynssögu og valfrjálsu greininni, eru kröfurnar hinar sömu sem við B.A.-próf, 3 prófstig í hvorri. Þessi námstilhögun miðar að því að veita stúdentum sem bezta sagnfræðilega menntun.

Þessu prófi hafa lokið 6 menn. Háskólatitill þeirra, sem lokið hafa tvenns konar framantöldum prófum, er hinn sami sem við kandidatspróf í íslenskum fræðum.

5) *B.A.-próf í íslenzku*. Í háskóla­reglugerðinni frá 1942, er B.A.-nám var upp tekið, var ráð fyrir því gert, að íslenzka yrði ein af prófgreinunum. En það skilyrði var sett, að sá, er veldi íslenzku í því námi, yrði að taka í henni 3 stig af 6 stigum, sem krafizt var samanlegt í öllum greinum. Íslenzka var felld niður sem B.A.-grein í reglugerðinni 1958, enda var þá búið að auka með öðrum hætti fjölbreytni námsins í íslenskum fræðum. B.A.-próf í íslenzku var aðeins haldið á árunum 1945-1953, og luku því 6 stúdentar.

6) *Próf í íslenzku fyrir erlenda stúdenta* var tekið upp með reglugerðarbreytingu 1. des. 1954. Prófgreinar eru málfræði, þýðingar, bókmenntasaga og textaskýringar. Góða hugmynd má fá um nám þetta af lestrar- og kennsluáætlun um það, sem prentuð er í Árbók háskólans 1956-57, bls. 141-147. Undir próf þetta hafa gengið 8 erlendir stúdentar af ýmsu þjóðerni. Háskólatitill þeirra er bacc. philol. Isl., þ. e. baccalaureus philologiae Islandicae.

Fyrstu kennarar háskólans í íslenskum fræðum voru þeir dr. Björn M. Ólsen og dr. Jón J. Aðils. Dr. Björn M. Ólsen var kjörinn fyrsti rektor háskólans. Hann var prófessor í íslenskri málfræði, bókmenntasögu og menningarsögu 1911-1918, fekk lausn frá kennsluskyldu vegna heilsubreysts veturinn 1917-18 og andaðist 16. jan. 1919. Sumarið 1911 var dr. Hannes Þorsteinsson, síðar þjóðskjalavörður, settur dósent í sögu Íslands, en er til kom, var dr. Jón J. Aðils skipaður í embættið 19. september um haustið. Hann var skipaður prófessor 19. nóv. 1919. Veturinn 1917-18 hafði hann undanþágu frá kennslu, og fór engin kennsla í íslenskum fræðum fram þann vetur af hendi föstu kennaranna. Próf. Jón J. Aðils varð bráðkvaddur á ferð í Kaupmannahöfn 5. júlí 1920, þá nýkjörinn háskóla­rektor.

Eftirmaður Björns M. Ólsens var dr. Sigurður Nordal. Hann var

skipaður prófessor í bókmenntasögu frá 1. okt. 1918, en fekk lausn frá embætti frá 1. marz 1945. Frá sama degi var hann skipaður prófessor í íslenskum fræðum við heimspekideild samkvæmt sérstökum lögum, eins og áður er sagt. Mestan hluta haustmissiris eða til nóvemberloka 1925 flutti próf. Sigurður fyrirlestra við háskólann í Osló, en hann hafði verið skipaður kennari í íslenskum fræðum við þann háskóla 1924, en afsalaði sér því embætti. Hann hafði lausn frá kennsluskyldu vormissirið 1931 og allt kennsluárið 1931-32, en þá var hann kvaddur til að gegna prófessorsembætti því í skáldskap við Harvardháskóla, sem kennt er við Charles Eliot Norton. Haustmissirið 1933 flutti hann fyrirlestra við háskólann í Stokkhólmi, og árið 1944 hafði hann leyfi frá kennslu. Í síðari embættistíð sinni sem prófessor í íslenskum fræðum hefir dr. Sigurður, að undanskildum þeim árum, sem hann var sendiherra Íslands í Kaupmannahöfn, einkum staðið fyrir rannsóknaræfingum stúdenta og kandidata í íslenskum fræðum. Eftirmaður Jóns J. Aðils sem prófessor í sögu Íslands var dr. Páll Eggert Ólason. Hann var settur prófessor 1. febr. 1921 og skipaður 30. marz 1922, en embættinu gegndi hann til ársloka 1929, er hann var skipaður aðalbankastjóri búnaðarbankans. Hann andaðist 10. okt. 1949.

Pegar dósentsembætti var stofnað í málfræði og sögu íslenzkrar tungu 1925, var dr. Alexander Jóhannesson skipaður í það. Hann hafði þá kennt þessi fræði í mörg ár eða allt frá 1915 með styrk frá alþingi og var tekinn á fyrirlestrarskrá háskólans 1916 sem einkakennari. Hann var skipaður prófessor 18. ágúst 1930 og gegndi því embætti, unz hann fekk lausn fyrir aldurs sakir frá 1. okt. 1958. Haustmissirið 1935 kenndi próf. Alexander við háskólann í Utrecht í skiptum við dr. A. G. van Hamel prófessor, sem kenndi við Háskóla Íslands í staðinn. Haustmissirið 1957 hafði próf. Alexander leyfi frá kennslu vegna lasleika.

Eftir brottför próf. Páls Eggerts Ólasonar var Barði Guðmundsson, síðar þjóðskjalavörður, settur prófessor í sögu Íslands. Hann gegndi embættinu í hálft annað ár, vormissirið 1930 og kennsluárið 1930-31. Að afloknu samkeppnisprófi um embættið var Árni Pálsson bókavörður skipaður prófessor í sögu 20. ágúst 1931, og gegndi hann því starfi, unz hann fekk lausn fyrir aldurs sakir 15. sept. 1943. Próf. Árni andaðist 7. nóv. 1952. Veturinn 1943-44 var dr. Jón Jóhannesson

settur til þess að gegna prófessorsembættinu í sögu, en frá 1. sept. 1944 var dr. Þorkell Jóhannesson skipaður í embættið. Gegndi hann því til dauðadags 31. okt. 1960, en vormissirið 1959 hafði hann leyfi frá kennslu. Eftir að kennslustólar í sögu Íslands urðu tveir, var dr. Þorkell prófessor í sögu landsins frá siðaskiptum til vorra daga.

Þegar próf. Sigurður Nordal lét af kennslu 1. marz 1945, var dr. Einar Ólafur Sveinsson settur prófessor frá sama tíma og skipaður frá 1. maí sama ár. Hann hafði annazt kennslustörf próf. Sigurðar Nordals vormissirið 1931, kennsluárið 1931-32 og haustmissirið 1933 og enn fremur flutt fyrirlestra í háskólanum um menningu Sturlungaaldar vormissirið 1940. Síðan kennarar í íslenskri bókmenntasögu urðu tveir, hefir próf. Einar haft á hendi kennslu í sögu fornbókmenntanna fram til hér um bil 1350. Hann hafði leyfi frá kennsluskyldu veturinn 1960-61.

Eins og áður er getið, voru tvö ný dósentsembætti í íslenskum fræðum stofnuð árið 1944, annað í bókmenntasögu og hitt í sögu Íslands, og 1946 var þriðja dósentsembættið stofnað, í íslenzku nútíðarmáli og hagnýtri íslenzkukennslu. Tvöfölduðust þannig á stuttum tíma kennslukraftarnir í íslenskum fræðum. Í dósentsembættið í bókmenntasögu var dr. Steingrímur J. Þorsteinsson settur frá 1. jan. 1945 og skipaður frá 1. maí sama ár, en skipaður prófessor frá 1. jan. 1951. Hann hafði áður kennt í forföllum dr. Sigurðar Nordals bæði vor- og haustmissirið 1944. Próf. Steingrímur hefir á hendi kennslu í sögu íslenzkra bókmennta á síðari öldum eða frá hér um bil 1350 til vorra daga. Í dósentsembættið í sögu Íslands var dr. Jón Jóhannesson settur frá 1. jan. 1945 og skipaður frá 1. maí sama ár, en prófessor var hann skipaður frá 1. jan. 1951. Hann hafði áður verið settur prófessor kennsluárið 1943-44 og kenndi einnig haustmissirið 1944. Próf. Jón hafði á hendi kennslu í sögu Íslands frá upphafi til siðaskipta. Hann fékk lausn frá kennsluskyldu veturinn 1950-51, en andaðist 4. maí 1957. Dósentsembættið í íslenzku nútíðarmáli og hagnýtri íslenzkukennslu hlaut dr. Björn Guðfinnsson. Hann hafði áður verið settur lektor í sömu kennslugreinum frá 1. ágúst 1941, en var skipaður dósent 26. sept. 1946 og prófessor frá 1. okt. 1948. Próf. Björn hafði leyfi frá kennsluskyldu 1947-48 og aftur 1949-51 vegna þráláttra veikinda. Hann lézt 27. nóv. 1951. Eftirmaður próf. Björns í

embætti er dr. Halldór Halldórsson. Hann var skipaður dósent 1. sept. 1951 og skipaður prófessor frá 1. júlí 1957. Veturinn 1959-60 hafði hann leyfi frá kennslu og starfaði þá sem dósent í íslenzku máli við háskólann í Lundi.

Eftir fráfall próf. Jóns Jóhannessonar var dr. Guðni Jónsson hinn 6. des. 1957 skipaður prófessor í sögu Íslands frá 1. jan. 1958 að telja. Hefir hann sem fyrirrennari hans á hendi kennslu í sögu Íslendinga frá upphafi til siðaskipta. Þegar próf. Alexander Jóhannesson lét af embætti, var dr. Hreinn Benediktsson skipaður prófessor í íslenzkri málfræði og málsögu frá 1. október 1958. En eftir fráfall próf. Þorkels Jóhannessonar var Þórhallur Vilmundarson cand. mag. skipaður prófessor í sögu Íslands frá 15. sept. 1961. Veturinn 1960-61 var hann settur prófessor í bókmenntasögu sem staðgöngumaður próf. Einars Ól. Sveinssonar.

Nokkrir menn hafa flutt fyrirlestra um íslenzk fræði eða starfað sem aukakennarar um stundarsakir í forföllum aðalkennara. Veturinn 1917-18 og haustmissirið 1918 flutti Jakob Jóh. Smári mag. art. fyrirlestra um íslenzka málfræði, og veturinn 1931-32 flutti dr. Matthías Þórðarson þjóðminjavörður fyrirlestra um íslenzkar listir og listiðnað á fyrri öldum. Í veikindaforföllum próf. Björns Guðfinnssonar tóku að sér kennslu hans dr. Björn K. Þórólfsson og Ólafur M. Ólafsson cand. mag. 1947-48, Ólafur svo einn 1949-50 og Árni Böðvarsson cand. mag. 1950-51. Og í fjarveru próf. Halldórs Halldórssonar veturinn 1959-60 tók Baldur Jónsson mag. art. að sér mestalla kennslu hans.

Árið 1959 var ákveðið að taka upp kennslu í miðaldalatínu fyrir stúdenta í íslenzkum fræðum, eins og reglugerð mælir fyrir. Sú kennsla fer fram í námskeiðum, sem nægilegt þykir að halda annað hvert ár. Fyrsta námskeiðið var haldið veturinn 1959-60, og var dr. Jakob Benediktsson kennari þar.

Erlendum stúdentum hafa kennararnir í íslenzkum fræðum löngum kennt sérstaklega, en nokkuð slitrótt fram til 1950, síðan stöðugt. Hefir sú kennsla farið vaxandi, eftir að styrkir menntamálaráðuneytisins til íslenzkunáms erlendra stúdenta hófust 1949 og upp var tekið fyrrnefnt íslenzkupróf útlendinga með reglugerðarbreytingunni 1954. Íslenzka tungu og málfræði kenndi Árni Böðvarsson cand. mag. erlendum stúdentum 1950-51, svo dr.

Halldór Halldórsson 1951-58 og síðan dr. Hreinn Benediktsson, og dr. Steingrímur J. Þorsteinsson hefir frá 1954 kennt þeim textaskýringar íslenzkra bókmennta síðari alda.

B.A.-nám

Frá því á fyrstu árum háskólans hafði nokkur kennsla farið fram í heimspekideild í erlendum tungumálum. Þar höfðu starfað allmargir sendikennarar og einkakennarar í dönsku, ensku, þýzku og frönsku. Nám í þessum greinum var frjálst og oftast opið jafnt almenningi sem stúdentum, enda ekki miðað við ákveðnar prófkröfur. Með háskólareglugerðinni 1942 var stefnt að því að koma fastri skipan á þetta nám. Var ákveðið, að stúdentar gætu gengið undir próf í tungumálum að loknu sem svarar þriggja ári námi. Þetta var nefnt B.A.-próf, en sá, er því hafði lokið, fekk titilinn B.A., þ. e. baccalaureus artium. Um námskröfurnar má lesa í Árbók háskólans 1948-49, bls. 92-100.

Í fyrstu voru prófgreinarnar íslenzka, enska, franska, latína og þýzka. Sá, sem undir þetta próf gekk, átti að sameina þrjár námsgreinar á þann hátt, að hann tæki samtals 6 stig í þeim, í íslenzku þó ekki minna en 3 stig, ef hún var ein námsgreinanna. Hvert stig var miðað við ákveðnar þekkingarkröfur, þannig að 1 stig tákna minnstu kröfur, 2 stig meira, en 3 stig hæstar kröfur. Próf í forspjallsvísindum var reiknað eitt stig.

Nokkrar breytingar hafa smám saman verið gerðar á þessari tilhögun, og námsgreinum hefir verið fjölgað til muna. Með reglugerðarbreytingu 19. sept. 1946 var bætt við tveim tungumálum, dönsku og sænsku, og enn var bætt við grísku og norsku með reglugerðarbreytingu 10. febr. 1950. Mest var þó aukið á fjölbreytni B.A.-námsins með reglugerðarbreytingunni 10. sept. 1951, þar sem m. a. er bætt við ýmsum greinum raunvísinda. Þessar námsgreinar koma þá til viðbótar: Íslandssaga, mannkynssaga, mannkynssaga og Íslandssaga, landafræði og jarðfræði, stærðfræði, eðlisfræði, efnafræði, náttúrufræði (líffræði, jurtafræði, dýrafræði og mannfræði) og uppeldisfræði (sálar-, uppeldis- og kennslufræði og kennsluæfingar). Samtímis voru settar nánari reglur um stig og skiptingu námsgreina, þar á meðal um B.A.-próf með eða án

kennararéttinda, en ekki verður frekara út í það farið hér.

Sumar af námsgreinum þessum voru felldar niður síðar. Íslandssaga, mannkynssaga og Íslandssaga voru felldar niður með reglugerðarbreytingu 27. ágúst 1952, enda var samtímis tekið upp kandidatspróf í sögu með aukagrein, sem fyrr er frá sagt. Í reglugerðinni 1958 eru íslenzka og uppeldisfræði enn fremur lagðar niður til B.A.-prófs, en bókasafnsfræði var hins vegar með reglugerðarbreytingu 7. febr. 1958 bætt við.

Samkvæmt nágildandi reglugerð og því, sem rakið hefir verið hér að framan, eru kennslugreinar til B.A.-prófs nú þessar: danska, sænska, norska, enska, þýzka, franska, latína, gríska, mannkynssaga, bókasafnsfræði, landafræði og jarðfræði, stærðfræði, eðlisfræði og efnafræði, náttúrufræði.

Til þess að ljúka B.A.-prófi þurfa stúdentar 5 prófstig, 3 í einni grein og 2 í annarri. Forspjallsvísindi reiknast nú ekki með. Þeir, sem leggja stund á stærðfræði, eðlisfræði og efnafræði, verða að hafa lokið stúdentsprófi úr stærðfræðideild. Kennslan miðar fyrst og fremst að því, að stúdentar verði að prófi loknu hæfir kennarar við skóla gagnfræðastigsins og aðra hliðstæða framhaldsskóla.

Kennarar í námsgreinunum til B.A.-prófs eru allir aukakennarar við heimspekideildina og gegna aðalstarfi annars staðar. Hjá flestum þeirra er háskólakennslan stundakennsla. Allmargir erlendir sendikennarar starfa við tungumálakennsluna og taka aðallaun sín hjá hlutaðeiganda ríki, en njóta nokkurs styrks frá íslenzka ríkinu eða sem svarar rúmlega tveggja mánaða launum. Hér skal nú getið um kennara í þessum greinum, bæði innlenda og erlenda, frá því háskólinn tók til starfa. Virðist fara bezt á því að telja þá eftir námsgreinum og námsgreinar í sömu röð sem þær hafa í reglugerð háskólans.

Dönskukennslu við háskólann hafa einungis danskir sendikennarar annazt. Fyrstur þeirra var Holger Wiehe mag. art., er var hér dósent á árunum 1915-1919. Auk dönsku kenndi hann einnig sænsku nokkuð öll árin. Þegar hann fór alfarinn heim til Danmerkur, afhenti háskólarektor honum á almennum kennarafundi gullúr frá háskólanum fyrir vel unnin störf. Því næst dvaldist dr. Kort K. Kortsen hér sem danskur sendikennari á árunum 1923-1926. Eftir það liðu svo tveir áratugir, að hér var enginn danskur sendikennari,

en síðan hefir einn tekið við af öðrum óslitið: Martin Larsen cand. mag. 1946-1951, dr. Ole Widding 1951-1955 og Erik M. B. Sönderholm cand. mag. síðan. Þeir hafa allir kennt stúdentum til B.A.-prófs í dönsku og dönskum bókmenntum.

Fyrsti *sænskukennari* við háskólann var Holger Wiehe á árunum 1915-1919. Dag Strömbäck, núverandi prófessor við Uppsalaháskóla, kenndi hér síðan sænsku um 3ja mánaða skeið haustið 1926. Svo varð hlé á sænskukennslu til 1935, en síðan hefir hún ekki fallið niður nema tvö ár. Sænsku sendikennararnir hafa verið þessir: Áke Ohlmarks fil. lic., 1935-36, Sven B. F. Jansson fil. mag. 1936-38, Anna Z. Osterman fil. mag. 1938-42, Peter Hallberg fil. lic. 1944-47, Holger Öberg fil. lic. 1947-49, Ingemar Olsson fil. mag. 1949-50, Gun Nilsson fil. mag. 1950-53, Anna Larsson fil. mag. 1953-56, Bo Almquist fil. mag. 1956-60 og síðan Jan Nilsson fil. mag. Hafa sendikennararnir kennt sænsku til B.A.-prófs, síðan hún varð prófgrein.

Kennsla í *norsku* var tekin upp haustið 1948 og kostnaður við hana þá greiddur af ríkissjóðum Noregs og Íslands í sameiningu. Norska hefir verið kennd árlega síðan, og hafa þessir sendikennarar annazt kennsluna: Håkon Hamre cand. philol. 1948-49, Halvard Magerøy cand. philol. 1949-52, Ivar Orgland cand. philol. 1952-60 og síðan Odd Didriksen cand. mag.

Af *enskukennslu* í háskólanum fara engar sögur framan af, og er það fyrst að nefna, að Anna Bjarnadóttir B.A. flutti erindi um enskar bókmenntir veturinn 1923-24. Fyrsti enski sendikennarinn kom hingað 1934. Þegar viðskiptadeildin var stofnuð, var enska gerð þar að skyldunámsgrein, og sömuleiðis var hún frá upphafi ein af prófgreinum til B.A.-prófs. Önnuðust sendikennarar þessa kennslu til 1947, og voru þeir þessir: G. E. Selby M. A. 1934-36, G. Turville-Petre M. B., B. Litt. 1936-38, Grace Thornton B. A. 1937-38, J. Mc Kenzie Ph. D. 1938-40, Cyril Jackson Ph. D. 1940-1945, A. C. Cawley M. A. 1945-46, Marjorie Whitaker B. A. 1945-47 og K. M. Willey B. A. 1946-47. Þegar hér var komið, tilkynnti British Council, sem hafði haft milligöngu um útvegum kennara í ensku, að starfsemi þess hér á landi yrði lögð niður og mundi því enginn kennari starfa við háskólann á þess vegum. Var þá Jóhann S. Hannesson M. A., núverandi skólameistari á Laugarvatni, ráðinn kennari í ensku í heimspekideild frá 1. jan. 1948 og honum til aðstoðar vormissirið

Alan S. Boucher M. A. Hafði Jóhann enskukennsluna á hendi í hálf tveggja ára eða til vors 1950, er hann hvarf af landi burt. Þá tók við Heimir Áskelsson M. A., og hefir hann haft kennsluna á hendi síðan, nema veturinn 1951-52, er hann var fjarverandi, og annaðist Sölvi Eysteinnsson B. A. þá enskukennsluna. Heimir var skipaður dósent frá 1. jan. 1960.

Síðustu árin hefir British Council aftur haft sendikennara við háskólann á sínum vegum. Það er Donald M. Brander M. A., er kom hingað 1958 og hefir verið hér síðan. Hafa þessir kennarar einnig annast enskukennsluna í viðskiptadeild. Þess er loks að geta, að fáeinir Bandaríkjamenn hafa starfað við háskólann tíma og tíma. Dr. Einar Haugen prófessor í norrænum málum við háskólann í Wisconsin í Madison kenndi sem gestur vormissirið 1956 Bandaríkja-ensku og flutti fyrirlestra um Norðurlönd og Bandaríkin, einkum málfræðileg og bókmenntaleg tengsl þeirra. Dr. Hjalmar O. Lokensgard frá Minnesota dvaldist hér 1957-58 sem Fulbright-prófessor og kenndi m. a. ensku til B.A.-prófs, og dr. David R. Clark prófessor frá Bandaríkjunum var hér veturinn 1960-61 á vegum sömu stofnunar og hafði námskeið fyrir stúdenta og aðra í bandarískum bókmenntum og hélt mánaðarlega fyrirlestra fyrir almenning um sama efni.

Snemma var í ráði að fá sendikennara í þýzku til háskólans. Komst það svo langt, að til þess var ráðinn maður, dr. Kurt Busse að nafni. Hann kom hingað sumarið 1914, en hvarf héðan skömmu síðar, er ófriðurinn brauzt út, og kom ekki aftur. En sú var sök til þess, að hann var höndlaður af brezkum yfirvöldum í Leith á leiðinni héðan og haldinn þar. Fyrsti þýzkukennarinn við háskólann varð hins vegar dr. Alexander Jóhannesson, er flutti fyrirlestra um þýzkar bókmenntir og hafði námskeið í þýzkri tungu á árunum 1915-1921. En þýzki sendikennarar koma fyrst til sögunnar 1931. Þessir sendikennarar störfuðu hér framan af árum: Dr. Max Keil frá Berlín 1931-34, dr. Gerd Will 1934-35, dr. Walter Iwan 1935-37, dr. Werner Betz 1937-38, W. Wolf-Rottkay 1938-39 og dr. Gerd Will aftur 1939-40. Var nú komið fram á stríðsár og samgöngur við Þýzkaland rofnar. Veturinn 1940-41 hafði Ingvar Brynjólfsson menntaskólakennari þýzkukennsluna á hendi og sömuleiðis árið eftir í viðskiptadeild. Á næstu árum önnuðust tvær þýzkar konur,

búsettar hér, þýzkukennsluna bæði til B.A.-prófs og í viðskiptadeild, þær dr. Irmgard Kroner 1941-45 og frú Gabriele Jónasson 1945-48. En frá 1. sept. 1948 tók Ingvar Brynjólfsson við kennslunni og hefir haft hana á hendi síðan. Á seinni árum hefir vestur-þýzka sambandslýðveldið haft hér sendikennara, sem tekið hafa þátt í kennslu stúdenta til B.A.-prófs og haft námskeið í þýzku fyrir almenning. Þeir eru dr. Edzard Koch 1954-56, Hermann Höner 1956-60 og nú dr. Johann H. J. Runge.

Þótt einkennilegt sé, var *franska* eina erlenda tungumálið, sem kennt var í háskólanum frá upphafi, þótt niður félli síðar um nokkurt skeið. Ástæðan til þess var sú, að hér á landi starfaði þá franskur sendifulltrúi, André Courmont, sem hafði mikinn áhuga á að efla menningartengsl milli Íslands og heimalands síns og gerðist frábærlega vel að sér í íslenzkri tungu. Hann kenndi sjálfur frönsku sem einkakennari við háskólann og hélt fyrirlestra um franskar bókmenntir á árunum 1911-13. Eftir það kom hingað sendikennari að nafni Alexander Barraud og kenndi veturinn 1913-14. Hann fór utan um sumarið, en kom ekki aftur, eins og ætlun hans var, því að skömmu síðar var hann kallaður í herinn til þess að inna af hendi herskyldu sína og féll á vígvellinum 20. júní 1915. Franskur sendikennari kom svo ekki aftur hingað fyrr en 1933, en síðan hefir jafnan einhver verið nema á styrjaldarárunum. Fram að stríði voru hér þessir franskir sendikennarar, allir lic.-ès-lettres að lærdómi: Henri Boissin 1933-34, Fanny Petibon 1934-36, Pierre Naert 1936-37 og Jean Haupt 1937-39. Þá var lic.-ès-lettres Magnús G. Jónsson menntaskólakennari ráðinn frönskukennari við háskólann, og gegnir hann enn því starfi. Hann kenndi einnig frönsku í viðskiptadeild, meðan hún var valgrein þar. Eftir stríðið hafa jafnan verið hér aftur franskir sendikennarar. Þeir eru þessir: Pierre Ducrocq 1945-46; lic.-ès-lettres, D. E. S. André Rousseau 1946-49, lic.-ès-lettres André Métay 1949-50, lic.-ès-lettres Edouard Schydrowski 1950-53, lic.-ès-lettres Marguerite Delahaye Glynn 1953-56 og lic.-ès-lettres Madeleine Gagnaire 1956-61.

Í *latínu* (og grísku) var sérstakt dósentsembætti í heimspekideild, sem Bjarni Jónsson frá Voggi hafði á hendi á árunum 1915-1925. Á árunum 1917-19 og 1921-23 las hann miðaldalatínu með stúdentum í íslenzkum fræðum. Síðan var latína ekki kennd í heimspekideild fyrr

en löngu eftir að hún varð prófgrein til B.A.-prófs, aðallega eftir 1952. Kennari í latínu er Kristinn Ármannsson rektor.

Þó að sérstakt dósentsembætti væri í *grísku* (og latínu) í heimspekideild um eitt skeið, sem áður segir, var gríska aldrei kennd þar. Grískukennslan var eingöngu tengd guðfræðideild, og þar nutu sumir stúdentar í íslenskum fræðum tilsagnar í grísku, ef þeir óskuðu eftir því. Gríska var tekin upp sem prófgrein til B.A.-prófs 1950. Kennari er Kristinn Ármannsson rektor.

Mannkynssaga varð prófgrein til B.A.-prófs 1951, og hófst kennsla í henni sama ár. Kennari í henni hefir frá byrjun verið Ólafur Hansson cand. mag. menntaskólakennari.

Bókasafnsfræði var gerð að prófgrein til B.A.-prófs 1958, en kennsla í henni hófst árið áður. Kennari hefir verið dr. Björn Sigfússon háskólabókavörður og einnig Ólafur Hjartar B. A. bókaforráðgjafi 1960-61.

Landafræði og *jarðfræði* hafa til samans verið prófgrein til B.A.-prófs síðan 1951, og hefir kennsla í þeim farið fram síðan. Kennarar hafa verið Ástvaldur Eydal fil. lic. 1951-58, dr. Sigurður Þárarinsson síðan 1952 og Guðmundur Þorláksson cand. mag. síðan 1958.

Stærðfræði varð prófgrein til B.A.-prófs 1951 og hefir verið kennd árlega síðan. Kennari frá byrjun er Björn Bjarnason cand. mag. menntaskólakennari.

Eðlisfræði og *efnafræði* urðu einnig prófgreinar til B.A.-prófs 1951, og hefir kennsla í þeim farið fram síðan. Kennari í eðlisfræði hefir frá byrjun verið Guðmundur Arnlaugsson cand. mag. menntaskólakennari, en auk hans kenndi Páll Theódórsson mag. scient. vormissirið 1961. Kennslan í efnafræði til B.A.-prófs er sameiginleg með stúdentum læknadeildar og fer fram undir handleiðslu prófessorsins í þeirri grein.

Náttúrufræði (líffræði, jurtafræði, dýrafræði og mannfræði) hefir verið skráð sem prófgrein í B.A.-námi síðan 1951, en engin kennsla hefir farið fram í henni enn. Ástæðan er sú, að skort hefir fé og aðstöðu til kennslunnar. Háskólinn hefir frá því á fyrstu árum sínum margsinnis vakið máls á nauðsyn náttúrufræðikennslu. Einu sinni var hugmyndin sú, að atvinnudeild háskálans tæki að sér kennsluna, og seinna meir var henni ætlað rúm í væntanlegu náttúrugripasafnshúsi, sem háskólinn hefir enn ekki fengið að

byggja. Ekki er lengra síðan en á síðastliðnu ári, að heimspekideildin hafði náttúrufræðikennsluna til athugunar og sendi fræðslumálastjórninni í samráði við forstöðumenn náttúrugripasafnsins áætlun um stofnkostnað og nauðsynlegt húsrými fyrir kennslu í náttúrufræði. Þó að ekki hafi enn orðið úr framkvæmdum í þessu efni, er öllum, sem hlut eiga að máli, fullljós þörfin á kennslu í þessari grein, þótt eigi væri nema vegna framhaldsskóla landsins, þar sem mikill hörgull er á hæfum kennurum í náttúrufræði. Auk þess má benda á það, sem raunar allir vita, að náttúra Íslands hefir ótæmandi verkefni fram að bjóða fyrir vel menntaða náttúrufræðinga, verkefni, sem aðrir en þeir hafa ekki tök á að leysa. Þess skal getið, að tveir íslenskir vísindamenn hafa haldið fyrirlestra við háskólann um náttúrufræðileg efni, dr. Helgi Jónsson um frumdrög jurtafræðinnar í marzmánuði 1912 og dr. Björg C. Þorláksson um lífþróun vormissirið 1932.

Að síðustu skal þess getið, að kennsla í fleiri tungumálum en þeim, sem nú eru prófgreinar, hefir farið fram öðru hvoru. *Spænsku* hafa þeir kennt Þórhallur Þorgilsson bókavörður 1940-42, Magnús G. Jónsson menntaskólakennari 1944-45 og José A. F. Romero bacc. philol. Isl. síðan í ársbyrjun 1959. *Ítölsku* kenndi Þórhallur Þorgilsson 1940-42, og loks kenndi Fr. le Sage de Fontenay sendiherra byrjendum *arabisku* veturinn 1944-45.

Lýkur hér frá B.A.-náminu að segja. Próf var fyrst háð í þeim greinum árið 1945, en nú hafa alls 79 stúdentar lokið því að meðtöldum þeim 6, sem tóku það með íslensku sem aðalgrein og áður eru nefndir.

XIV. Verkfræðideild

Svo segja fróðir menn, að hugmyndinni um aukið tækninám hér á landi hafi fyrst verið hreyft í Iðnfræðafélagi Íslands árið 1920. Félagið sendi Verkfræðingafélagi Íslands erindi um málið, og var það rætt á fundi í verkfræðingafélaginu 12. jan. 1921. Að umræðum loknum voru tveir menn kosnir til þess að athuga málið, en þeir munu ekki hafa skilað álit, og féll þetta svo niður að því sinni.

Eins og skýrt er frá á öðrum stað, hóf Vísindafélag Íslendinga umræður og ráðagerðir um það árið 1931 að koma á fót undirbúningskennslu við háskólann í þeim námsgreinum sem voru ekki kenndar þar þá, til þess að stytta nám í þeim erlendis. Ein þeirra greina var verkfræði, og samdi Steingrímur Jónsson rafmagnsstjóri rækilega greinargerð um verkfræðinámið, sem prentuð er í Árbók háskólans 1930-31, bls. 78-84. Þrátt fyrir áhuga háskólans á þessu máli og stuðning við það af hálfu verkfræðingafélagsins og margra málsmetandi manna innan þings og utan varð ekkert úr framkvæmdum, hvorki um verkfræðikennslu né aðrar nýjungar í þeim efnum. Hvort tveggja var, að fjárhagur ríkisins var þröngur og húsakostur háskólans sömuleiðis, svo að erfitt var að koma á þess háttar umbótum á þeim árum. En íslenskir verkfræðingar höfðu eftir sem áður mikinn áhuga á því, að hér yrði hafin undirbúningskennsla í verkfræði og ræddu það oft sín á milli.

Svo skall heimsstyrjöldin á, og varð þá ískyggilegt og erfitt eða jafnvel ókleift fyrir íslenska nýstúdentana að hefja háskólanám erlendis. Var þá tækninám við háskólann aftur tekið á dagskrá hjá Verkfræðingafélagi Íslands. Umræðufundur var haldinn í félaginu um málið 8. febrúar 1940, og var Helgi H. Eiríksson framsögumaður. Urðu nokkrar umræður um málið og að lyktum kosin í það þriggja manna nefnd til þess að athuga það nánar.

Sumarið 1940 fluttist Háskóli Íslands í ný og rúmgóð húsakynni. Það hafði lengi verið eitt af höfuðáhugamálum forráðamanna háskólans að efna til kennslu í fleiri námsgreinum en fyrir voru, auka fjölbreytni námsins og beina stúdentum nýjar brautir. Nú var húsnæðisskorturinn því ekki lengur til hindrunar, en nauðsynin á

hinn bóginn ríkari en áður, þar sem stúdentum var fyrirbunað af styrjaldarástæðum að hefja háskólanám erlendis. Og nýjar námsgreinar komust enn á dagskrá, þar á meðal verkfræði. Þáverandi háskólarektor, dr. Alexander Jóhannesson, ræddi málið við ríkisstjórnina og fekk loforð hennar fyrir nokkrum styrk til verkfræðikennslu, er hefjast skyldi þegar um haustið.

Verkfræðingafélagið brá við skjótt og boðaði til fundar í 1. kennslustofu háskólans hinn 10. október. Framsögumaður var Steinþór Sigurðsson, en gestur á fundinum dr. Alexander háskólarektor. Margir tóku til máls, og voru flestir á sama máli um það að freista þess að koma hér á fót verkfræðikennslu án tafar. Eftir miklar umræður var samþykkt svofelld tillaga frá Steingrími Jónssyni: „Fundurinn samþykkir, að Verkfræðingafélag Íslands aðstoði Háskóla Íslands við að undirbúa og koma á fót nú þegar kennslu í verkfræði við háskólann fyrir byggingar-, véla- og rafmagnsverkfræðinga eftir því, sem bókakostur leyfir og kennslukraftar fást til, og felur stjórn félagsins ásamt háskólanefndinni framkvæmd málsins“.

Enn fremur var samþykkt svohljóðandi tillaga frá Helga H. Eiríkssyni: „Fundurinn væntir þess, að háskólinn leiti svo fljótt sem auðið er eftir því við útlenda háskóla, að þeir nemendur, er lokið hafa fyrra hluta verkfræðiprófs hér, fái að halda áfram námi þar án þess að taka samsvarandi próf við skólann“.

Peir, sem um mál þetta fjölluðu, voru yfirleitt allir sammála um, að til þess að fyrra hluta próf í verkfræði við Háskóla Íslands gæti veitt aðgang að framhaldsnámi við tækniháskóla erlendis, yrði að miða námið við próf þeirra háskóla, sem gerðu mestar kröfur um bóklegt nám við fyrra hluta próf. Meðal annars af þeim ástæðum var ákveðið að taka Danmarks tekniske Højskole til fyrirmyndar við tilhögun námsins, enda voru verkfræðingar hér allflestir lærðir þar, voru náminu þar bezt kunnugir og höfðu enn kennslubækur frá þeim skóla.

Nú var brugðið hart við og skammt látið milli orða og athafna. Með sameiginlegu átaki háskólaráðs og verkfræðinga og með tilstyrk kennslumálaráðuneytisins hófst undirbúningskennsla í verkfræði í háskólanum aðeins hálfri annarri viku eftir fundinn. Fyrsta kennslustundin var í teiknun laugardaginn 19. okt. 1940, en

ekki varð komið á fullri kennslu í öllum námsgreinum fyrr en í fyrstu viku nóvembermánaðar.

Fyrstu erfiðleikarnir, sem við var að etja, voru skortur á kennslubókum. Vegna heimsstyrjaldarinnar var þá aðeins samband, og þó ótryggt, við England og Bandaríki Norður-Ameríku. Þeir íslenskir verkfræðingar, sem nám höfðu stundað í Danmörku, áttu að vísu enn nokkrar námsbækur, sem notast mátti við, en ekki fengust þó svo mörg eintök, að stúdentarnir þyrftu ekki að skiptast á um bækurnar. Þessar gömlu bækur voru hafðar við kennsluna fyrsta námsveturinn 1940-41, en jafnframt voru gerðar tilraunir til þess að ná í kennslubækur frá Danmörku. Fyrir milligöngu utanríkisráðuneytisins tókst loks að koma bókunum hingað heim haustið 1941 um Lissabon og Ameríku. Var þá liðið meira en ár frá því að beðið var um bækurnar.

Jafnerfiðlega gekk að ná í hæfileg teikniáhöld, en það tókst þó með því að gera út einn af skipverjum Fossanna, sem sigldu til Ameríku, en áhöldin virtust vera stríðsframleiðsla.

Kennslan var miðuð við 2 ára nám undir fyrra hluta próf í byggingarverkfræði, rafmagnsverkfræði og vélaverkfræði, en í þessum verkfræðigreinum var námið í Danmarks tekniske Højskole að mestu leyti sameiginlegt fyrstu 2 námsárin. Nám í efnaverkfræði kom varla til greina hér vegna skorts á tækjum.

Að sjálfsögðu var lögð áherzla á að velja í hverja námsgrein hæfustu kennara, sem vól var á, og voru þeir valdir í samráði við reynda verkfræðinga og háskólaráð. Þessir verkfræðingar og sérfræðingar önnuðust kennsluna fyrsta árið. Í stærðfræði Bolli Thoroddsen cand. polyt. og Brynjólfur Stefánsson cand. act., 4 st. á viku hvor; í almennri aflfræði Bolli Thoroddsen 3 st. á viku; í rúmmyndafræði Sigurkarl Stefánsson cand. mag. og Steinþór Sigurðsson mag. scient, 2 st. á viku hvor; í eðlisfræði Steinþór Sigurðsson 3 st. á viku; í efnafræði Trausti Ólafsson cand. polyt. 2 st. + verklegar æfingar 3 st. á viku; í rúmteiknun og tekniskri teiknun Finnbogi R. Þorvaldsson cand. polyt. 9 st. á viku fyrra missiri og 5 st. á viku seinna missiri; í fríhendisteiknun og tekniskri skrift Sigurður Thoroddsen cand polyt. 4 st. á viku seinna missirið. Sýndu allir þessir kennarar mikinn þegnskap með því að taka að sér erfiða kennslu ofan á önnur störf.

Kennararnir kusu Finnboga R. Þorvaldsson forstöðumann kennslunnar. Hann var endurkosinn og gegndi starfinu þar til í byrjun kennsluársins 1945-46.

Í háskólareglugerðinni frá 1942 eru ákvæði um tilhögun undirbúningsprófs í verkfræði. Er þar miðað við 2 ára kennslu undir fyrra hluta próf í byggingarverkfræði, rafmagnsverkfræði og vélaverkfræði eins og í Danmarks tekniske Højskole, og skyldi halda próf í lok hvers kennsluárs eins og þar, en námsgreinar eru ákveðnar þessar: 1) stærðfræði, 2) almenn aflfræði, 3) rúmmyndafræði, 4) eðlisfræði, 5) efnafræði og 6) jarðfræði. Auk þess skyldi gefa einkunnir fyrir úrlausnir verkefna í teiknun og fyrir frágang á skriflegum úrlausnum við próf.

Vorið 1941 var haldið fyrsta próf eftir undirbúningskennsluna í verkfræði og þá aðeins í munnlegri og skriflegri stærðfræði. Undir prófið gengu 4 stúdentar. Prófdómendur voru dr. Ólafur Daníelsson og Steingrímur Jónsson. Síðan hafa verið haldin próf á hverju vori og námsefninu skipt jafnt á prófin.

Vorið 1943 luku 6 fyrstu stúdentarnir fyrra hluta prófi í verkfræði, allir með loflegum vitnisburði. Þá var enn ekkert flutningasamband við meginland Evrópu, og þessir stúdentar komust því ekki utan til þess að ljúka námi sínu við tækniháskóla þar. Þeir sóttu þá um að fá að ljúka námi í byggingarverkfræði við Háskóla Íslands. Fór þá háskólinn þess á leit við stjórn Verkfræðingafélags Íslands, að hún tilnefndi 3 menn til aðstoðar kennurum verkfræðideildar við samningu áætlunar um nám undir fullnaðarpróf í verkfræði við Háskóla Íslands. Verkfræðingafélagið tilnefndi í þessu skyni Einar B. Pálsson, Geir G. Zoëga og Steingrímur Jónsson, en af hálfu kennaranna voru tilnefndir þeir Bolli Thoroddsen, Finnbogi R. Þorvaldsson og Steinþór Sigurðsson.

Nefndin varð ekki á eitt sátt og skilaði tvenns konar álitni hinn 15. júní 1943. Meiri hlutinn, þeir Bolli Thoroddsen, Finnbogi R. Þorvaldsson, Geir G. Zoëga og Steingrímur Jónsson, mælti með því, að framhaldskennsla í byggingarverkfræði yrði hafin á næsta hausti, en minni hlutinn, þeir Einar B. Pálsson og Steinþór Sigurðsson, réð frá því. Greinargerð nefndarhlutanna, þar sem þeir rökstyðja álit sitt og niðurstöður, er prentuð í Tímariti Verkfræðingafélags Íslands 1943, bls. 21-25, ásamt bréfi frá stjórn verkfræðingafélagsins til

háskólarektors, og verður hér að nægja að vísa til þess.

Í samræmi við tillögur meira hluta nefndarinnar var svofelld tillaga samþykkt á fundi háskólaráðs 25. júní: „Háskólaráð samþykkir að leggja til við kennslumálaráðuneytið, að hafin verði framhaldskennsla í byggingarverkfræði nú í haust, að því tilskildu, að góðir og nægilegir kennarar fáist til kennslunnar“. Málið var síðan lagt fyrir dóms- og kirkjumálaráðuneytið, sem tilkynnti með bréfi, dags. 15. júlí, að ráðuneytið hefði samþykkt, að hafin yrði kennsla í byggingarverkfræði í byrjun næsta kennsluárs. Kennslan hófst 1. okt. 1943.

Á fundi í verkfræðideildinni 4. maí 1943 lagði Finnbogi R. Þorvaldsson fram lista yfir væntanlega kennara til síðara hluta í byggingarverkfræði, en kennarar deildarinnar og ýmsir verkfræðingar, sem deildin ráðfærði sig við, voru sammála um, að hinir tilnefndu kennarar væru hæfir til kennslunnar. Enn fremur var lögð fyrir kennarafund 28. sama mánaðar áætlun eftir Finnboga R. Þorvaldsson og Steingrím Jónsson um fullnaðarnám í byggingarverkfræði við Háskóla Íslands. Kennarar í síðara hlutanum voru þessir: Í burðarþolsfræði Bolli Thoroddsen cand. polyt. 1943-46; í járnbentri steypu Árni Pálsson cand. polyt. 1943-47; í hafnargerð og vatnsvirkjafræði Finnbogi R. Þorvaldsson cand. polyt. 1943-46; í vegagerð Gústaf E. Pálsson dipl. ing. 1944-46; í veituverkfræði Helgi Sigurðsson cand. polyt. 1944-46; í efnisfræði Finnbogi R. Þorvaldsson 1944-46; í vélfræði Gísli Halldórsson cand. polyt. 1943-44; í rafmagnsfræði Jón Á. Bjarnason cand. polyt. 1943-44.

Kennsluna sóttu þeir 6 verkfræðistúdentar, sem lokið höfðu fyrra hluta prófi vorið 1943 og auk þeirra einn stúdent íslenzkur, sem stundað hafði verkfræðinámið við Norges tekniske højskole og lokið þar fyrra hluta prófi í rafmagnsverkfræði. Próf hans voru tekin gild og hann innritaður til náms haustið 1945. Samkvæmt reglugerð fyrir verkfræðideild háskólans frá 1945 voru í síðara hluta námsins við deildina haldin tvö próf, miðpróf og aðalpróf. Luku 6 verkfræðistúdentanna aðalprófi vorið 1946 og skiluðu úrlausnum verkefna 1. nóv. 1946 og luku prófi í desember sama ár, en sá þeirra, er síðast var innritaður, var brautskráður 15. júní 1948.

Eftir að heimsstyrjöldinni lauk 1945, gátu íslenzkir

verkfræðistúdentar aftur sótt sérnám til nágrannalandanna, og þótti þá ekki hagsýni að halda uppi mjög kostnaðarsamri kennslu í byggingarverkfræði fyrir svo fáa stúdentu, sem vænta mátti, að sæktu námið. Var því kennsla þessi felld niður. Þeir 7 verkfræðingar, sem luku námi við Háskóla Íslands 1946 og 1948, verða því um ófyrirsjáanlegan tíma einu verkfræðingarnir með fullnaðarprófi þaðan. Verkfræðinám þeirra var miðað við þarfir íslenzks þjóðfélags. Þeir starfa allir hér á landi og eru taldir mjög vel hæfir verkfræðingar, hafa og allir farið námsferðir til tækniháskóla erlendis. Má því segja, að þessi yfirgripsmikla kennsla í verkfræðideildinni hafi heppnast mjög vel, mun betur en vænta mátti, þar sem enginn fastráðinn kennari var við deildina, en aðeins stundakennarar, sem höfðu kennsluna sem aukastarf. Þeir sýndu þar góðvilja og dugnað til þess að koma deildinni fram.

Öllum var ljóst, að starfsemi verkfræðideildarinnar var of mjög í lausu lofti, meðan öll kennslan var hjáverkavinna nokkurra áhugamanna. Kennarar deildarinnar fóru því fram á það, að ráðnir yrðu 2 hæfir menn, sem hefðu kennslu við deildina að aðalstarfi. Að tilhlutun deildarinnar og háskólaráðs voru þeir dr. Leifur Ásgeirsson og dr. Trausti Einarsson ráðnir af kennslumálaráðuneytinu fastir kennarar við deildina. Hóf dr. Leifur Ásgeirsson kennslu í deildinni haustið 1943 og dr. Trausti Einarsson haustið 1944.

Þrátt fyrir þetta var öll kennsla í verkfræðideildinni ólögð bundin allt til ársloka 1944, aðeins veitt fé til hennar á fjárlögum og fjárákálögum frá ári til árs. Háskólaráði virtist eigi síður en kennurum deildarinnar þetta fyrirkomulag ófært og fór því fram á það við stjórn og alþingi, að háskólalögum yrði breytt og stofnuð ný deild, verkfræðideild, við háskólann. Þetta bar þann árangur, að stofnuð var verkfræðideild við Háskóla Íslands með lögum nr. 66 28. des. 1944, eftir að kennsla í verkfræði hafði farið þar fram í full 4 ár.

Til þess að semja reglugerð fyrir verkfræðideildina ákvað háskólaráð í samráði við kennara deildarinnar að láta skipa nefnd 5 manna með því móti, að kennararnir kysu þrjá menn úr sínum hópi, en þeir kveddu til með sér tvo menn frá Verkfræðingafélagi Íslands. Af deildarinnar hálfu voru þeir Finnbogi R. Þorvaldsson, Leifur Ásgeirsson og Steinþór Sigurðsson kosnir til að gera uppkast að reglugerð fyrir fyrra hluta nám, en þeir Árni Pálsson, Finnbogi og

Steinþór til þess að gera uppkast að reglugerð fyrir síðari hluta náms í byggingarverkfræði. Verkfræðingafélagið skipaði í nefndina þá Árna Snævar og Kaj Langvad. Formaður nefndarinnar var Steinþór Sigurðsson. Nefndin lauk störfum 6. júní 1945 og lagði tillögur sínar fyrir háskólaráð. Var svo reglugerð fyrir verkfræðideildina staðfest 2. ágúst 1945, og er hún prentuð í Árbók háskólans 1944-45, bls. 93-112.

Í reglugerð þessari voru þær breytingar helztar frá því, sem áður var, á efni og tilhögun námsins, að gert var ráð fyrir, að fyrri hlutinn tæki 3 ár í stað 2 ára í eldri reglugerðinni. Hins vegar voru tvær námsgreinar, landmælingafræði og húsagerð, sem í Danmarks tekniske Højskole eru kenndar í síðara hluta, teknar í námsefni fyrra hlutans og námið að öðru leyti aukið að nokkru. Námsstíminn undir fyrra hluta próf er í Danmarks tekniske Højskole 2 ár, en námstíminn er mun lengri en hér á ári hverju, og auk þess þykir námsáætlun þar mjög ströng. Eins og áður er getið, var kennsla undir fullnaðarpróf í verkfræði lögð niður, þegar þeir 7 byggingarverkfræðingar, sem skráðir voru til þess náms, höfðu lokið prófi. Síðan hefir verið kennt námsefni fyrra hluta í verkfræði, og er námstilhögun enn að mestu leyti eins og ákveðið var í reglugerð deildarinnar frá 1945.

Í lögnum um verkfræðideild háskólans er mælt svo fyrir, að við deildina skuli vera 3 prófessorar. Um embættin sóttu þrír af kennurum deildarinnar, og voru þeir allir skipaður prófessorar frá 1. júlí 1945 að telja: Finnbogi R. Þorvaldsson í teiknun og vatnsvirkjafræði, dr. Leifur Ásgeirsson í stærðfræði og dr. Trausti Einarsson í almennri aflfræði. Síðan hafa verið stofnuð tvö prófessorsembætti í eðlisfræði í verkfræðideild, hið fyrra með núgildandi háskólalögum, og var Þorbjörn Sigurgeirsson mag. scient. skipaður í það frá 1. sept. 1957, en hið síðara með lögum nr. 51 11. júní 1960, og var Magnús Magnússon M.A. skipaður í það frá 15. sept. 1960 að telja. Hér fer að öðru leyti á eftir yfirlit yfir námsgreinar og kennara í fyrra hluta verkfræði frá því, er deildin tók til starfa.

Stærðfræði: cand. polyt. Bolli Thoroddsen 1940-43, cand. act. Brynjólfur Stefánsson 1940-44, próf. Leifur Ásgeirsson 1943--54 og 1956-61, próf. Trausti Einarsson 1945-46, cand. mag. Guðmundur Arnlaugsson 1947-61, próf. Bjarni Jónsson 1954-55, cand. mag. Björn

Bjarnason 1955-56, próf. Magnús Magnússon 1955-56 og 1960-61, M. E. Þorbjörn Karlsson 1955-56 og próf. Þorbjörn Sigurgeirsson 1957-58 og 1959-60.

Almenn aflfræði: cand. polyt. Bolli Thoroddsen 1940-43, cand. act. Brynjólfur Stefánsson 1942-44, próf. Trausti Einarsson 1944-61 og cand. mag. Björn Bjarnason 1950-61.

Burðarþolsfræði: cand. polyt. Bolli Thoroddsen 1942-44, próf. Trausti Einarsson 1944-61.

Rúmmyndafræði: cand. mag. Sigurkarl Stefánsson 1940-61, mag. scient. Steinþór Sigurðsson 1940-44, cand. mag. Björn Bjarnason 1951 og cand. mag. Guðmundur Arnlaugsson 1951.

Eðlisfræði: mag. scient. Steinþór Sigurðsson 1940-47, cand. polyt. Jakob Gíslason 1941-43, próf. Trausti Einarsson 1946-47, 1950-58 og 1959-60, próf. Þorbjörn Sigurgeirsson 1947-52 og 1953-61, dipl. ing. Jóhannes Zoëga 1952-53, M. E. Þorbjörn Karlsson 1954-55, próf. Magnús Magnússon 1953-54 og 1960-61, dipl. ing. Guðmundur Björnsson 1956-57.

Efnafræði: próf. Trausti Ólafsson 1940-57, próf. Þorbjörn Sigurgeirsson 1957-58, B.Sc. Jóhann Jakobsson 1957-60, próf. Steingrímur Baldursson 1959-60.

Jarðfræði: mag. scient. Guðmundur Kjartansson 1941-58, próf. Trausti Einarsson 1958-61.

Teiknun: próf. Finnbogi R. Þorvaldsson 1940-61, cand. polyt. Sigurður S. Thoroddsen vormissirið 1941, arkitekt Gunnlaugur Halldórsson 1942 (2 vikur) og 1944 (5 vikur).

Landmæling: mag. scient. Steinþór Sigurðsson 1943-45, próf. Finnbogi R. Þorvaldsson 1946-60, dipl. ing. Ragnar Árnason 1960-61.

Húsagerð: arkitekt Gunnlaugur Halldórsson 1943-44, dipl. ing. Eiríkur Einarsson 1947-61.

Inntökuskilyrði í verkfræðideildina er stúdentspróf úr stærðfræðideild íslensks menntaskóla eða sambærilegt próf. Við kennslu í deildinni kom snemma í ljós, að stúdentar, sem höfðu átt erfitt með að læra stærðfræði í menntaskólunum eða sýnt lítinn áhuga á námi í þeirri grein, gátu yfirleitt ekki valdið náminu í verkfræðideildinni. Var því brátt horfið að því að taka aðeins þá stúdentar til náms í verkfræði, sem höfðu sýnt góðan árangur í stærðfræðinámi í menntaskólunum. Sams konar hömlur eru einnig

settar við marga tækniháskóla erlendis.

Námsgreinum í verkfræðideild er skipt í 4 prófflokka, en prófin eru ýmist munnleg, skrifleg eða verkleg. Stúdent segir sig til prófs í árshlutum prófflokka eða heilum prófflokkum, enda hafi hann þá lokið eða ljúki samtímis prófi í fyrri árshlutum prófflokkanna. Í fyrsta sinn skal hann þó ganga undir próf í öllum námsgreinum 1. kennsluárs. Heimilt er að endurtaka próf. Þó fæst ekki leyfi til að endurtaka próf í einstökum greinum nema jarðfræði og efnafræði, að öðru leyti verður að endurtaka árshluta prófflokka í heilu lagi. Endurtekning prófs í einum árshluta prófflokks ógildir próf, sem áður hafa verið tekin í þeim árshluta prófflokksins, svo og þau, er kunna að hafa verið tekin í seinni árshlutum sama prófflokks, og tekur þetta ákvæði gildi um leið og upptökuprófið er hafið. Við endurtekningu prófa er eigi skylt að endurtaka verkleg viðfangsefni í sérgrein.

Fullnaðarprófi skal stúdent hafa lokið eigi síðar en 4 árum eftir að hann er skráður í deildina, nema sérstakar ástæður mæli með undanþágu að dómi deildarinnar.

Venjulega hafa milli 10 og 20 stúdentar skráð sig í verkfræðideildina árlega, en alls hafa verið skráðir þar 272 stúdentar. Af þeim hafa 149 lokið prófi, en 21 er þar nú við nám. Auk þess hafa um 50 óreglulegir nemendur stundað nám við deildina, flestir í undirstöðuatriðum í teiknun vegna fyrirhugaðs náms í húsagerðarlist, en einnig nokkrir í stærðfræði og eðlisfræði til þess að létta sér nám í þessum greinum erlendis.

Af þeim, sem tekið hafa fyrra hluta próf hér, hafa 120 lokið verkfræðiprófi, og af þeim, sem horfið hafa frá námi í verkfræðideildinni eftir lengra eða skemmra námstíma þar, hafa um 30 lokið verkfræðiprófi við erlenda tækniháskóla, svo að samtals hafa um 150 verkfræðingar notið kennslu í deildinni. Enn er við verkfræðinám hér og erlendis um 50 stúdentar, sem hafa innritazt í deildina.

Að loknu námi í fyrra hluta verkfræði við Háskóla Íslands liggur leiðin til útlanda til lokanáms. Langflestir íslenskra verkfræðistúdenta hafa stundað nám við Danmarks tekniske Højskole að loknu fyrra hluta námi hér. Sá skóli viðurkennir að fullu próf frá verkfræðideildinni og hefir sýnt þá velveld að taka allt að 10

Íslenska verkfræðinema til náms á ári hverju, Við framhaldsnám í öðrum tækniháskólum notast fyrra hluta próf hédan ekki að fullu, þar sem námstílhögun er í ýmsum atriðum frábrugðin því, sem hér er. Samt sem áður hafa um 12% verkfræðistúdenta úr deildinni stundað síðara hluta námsins við tækniháskóla á hin um Norðurlöndunum, Þýzkalandi og í Bandaríkjunum, en þá hefir þurft að leita viðurkenningar á náminu hér í hvert skipti. En námið erlendis að loknum fyrra hluta tekur yfirleitt 2½-3 ár.

Þá hafa einnig nokkrir stúdentar að loknu fyrra hluta prófi í deildinni horfið að námi í eðlisfræði og stærðfræðilegum greinum erlendis og fengið þar viðurkenningu á námi sínu við deildina.

Þess skal getið, að nú standa yfir samningar við Þjóðverja um, að þýzkir verkfræðiháskólar viðurkenni fyrra hlutann hédan, og eru horfur á, að þeir samningar takizt. Má þá búast við, að fleiri stúdentar fari þangað til framhaldsnáms en hingað til hefur verið.

XV. Doktorskjör og doktorspróf

Veiting doktorsnafnbótar hefir frá fornu fari verið einkaréttur háskóla, en það er hin ædsta viðurkenning, sem þeir hafa yfir að ráða. Í lögum um Háskóla Íslands hefir frá upphafi verið sérstakur kafli um doktora, þar sem mælt er svo fyrir, að háskóladeildirnar hafi hver um sig rétt til þess að veita doktorsnafnbót og sé hún veitt annaðhvort í heiðurs skyni eða að undangengnu sérstöku prófi. Ástæða virðist til í þessu riti að rifja upp nöfn þeirra manna, sem háskólinn hefir sæmt þessari nafnbót, í hvaða tilefni það hefir verið gert eða fyrir hvaða vísindastörf.

Doktorstitlar ákveðast af þeirri háskóladeild, sem veitir þá hverju sinni. Sá, sem er doktor frá guðfræðideild, er með latneskum titli nefndur *doctor theologiae*, skammstafað dr. theol.; doktor frá læknadeild *doctor medicinae*, skammstafað dr. med.; doktor frá lagadeild *doctor juris*, skammstafað dr. jur.; doktor frá viðskiptadeild *doctor oeconomiae*, skammstafað dr. oecon., og doktor frá heimspekideild *doctor philosophiae*, skammstafað dr. phil. Sé um heiðursdoktora að ræða, er venja að bæta aftan við titilinn latnesku orðunum *honoris causa*, skammstafað hon. c., sem þýðir í heiðurs skyni. Enn fremur samþykkti háskólaráð samkvæmt tillögu heimspekideildar 30. maí 1918 að taka upp titilinn *doctor litterarum Islandicarum honoris causa*, skammstafað dr. litt. Isl., handa þeim einum, sem heimspekideild og háskólaráð vilja sýna sóma fyrir afrek í íslenskum fræðum. Þá var einnig samþykkt, að doktorsskjöl skuli útgefin á íslenzku og latínu, enn fremur, að *insigne* (sýnilegt tákn) megi fylgja titlum þessum og sé það hringur.

Eins og getið var, eru doktorsnafnbætur veittar á tvenns konar forsendum, annars vegar í heiðurs skyni og hins vegar að undangengnu prófi. Verður því ekki hjá komizt að skipta doktorunum í tvo flokka í samræmi við það.

Heiðursdoktorar

Samkvæmt fyrstu lögum og reglugerð háskólans höfðu deildirnar

óskoraðan rétt til þess að kjósa doktora, en í reglugerðinni frá 1942 var réttur deildanna takmarkaður þannig, að samþykki háskólaráðs þarf einnig að koma til. Við kjörið í deildunum réð einfaldur meirihluti úrslitum, en samkvæmt núgildandi háskólalögum verður doktorsnafnbót í heiðurs skyni ekki veitt nema með einróma samþykki atkvæðisbærra deildarmanna og með samþykki háskólaráðs. Einn auður seðill getur felld mann frá kjöri.

Val heiðursdoktora getur byggzt á talsvert mismunandi forsendum. Oft er það tengt við háskólaafmæli eða stundum við afmæli doktorsefnanna sjálfra. Þeir, sem þessa sæmd hljóta, eru oftast menn við aldur, er afkastað hafa merkilegu starfi og njóta almennrar viðurkenningar á sínu sviði, ýmist sem vísindamenn, menningarfrömuðir eða andlegir leiðtogar. Enn eru og þeir, sem háskólinn vill sýna þakklæti og virðingu fyrir höfðinglegar velgerðir við sig eða farsæl störf í sína þágu, og má þar nefna menn eins og dr. Benedikt S. Þórarinsson kaupmann, sem gaf háskólanum hið mikla og dýrmæta bókasafn sitt og var jafnframt manna beztt að sér í íslenzkri bókfræði, og dr. Guðjón Samúelsson byggingameistara háskólans. Þessi dæmi sýna líka, að háskólamenntun er ekki skilyrði fyrir doktorskjöri.

Þegar um erlenda menn er að ræða, getur doktorskjör ekki aðeins miðað að því að sýna einstökum mönnum sæmdarvott, heldur jafnframt landi þeirra og stofnun þeirri, er þeir vinna við. Þannig geta mismunandi sjónarmið komið til greina við val heiðursdoktora, en ávallt er það hinn mesti sómi, sem háskólinn getur sýnt manni.

Algengt er, að heiðursdoktorar séu einnig prófdoktorar frá einhverjum háskóla og sami maður sé heiðursdoktor við tvo eða fleiri háskóla. Einnig geta fleiri en ein háskóladeild sæmt sama mann doktorsnafnbót. Sem dæmi má nefna, að prófessor Ólafur Lárusson var kjörinn doktor bæði af heimspekideild og laga- og viðskiptadeild.

Þegar ákveðið hefir verið að sæma einhvern doktorsnafnbót, semur viðkomandi háskóladeild greinargerð eða rökstuðning fyrir kjörinu, og er sú greinargerð síðan prentuð í árbók háskólans, oftast með æviágripi hins nýja doktors. Samkvæmt þeim heimildum eru heiðursdoktorar háskólans þeir menn, sem hér segir:

Björn Magnússon Ólsen dr. litt. Isl. 17. júní 1918 í tilefni af því, að

hann var að láta af embætti. Doktorsskjalinu fylgdi hringur úr gulli frá samkennurum hans, en á hringinn var dregin upphleypt mynd af Iðunni með eplin.

Jón J. Aðils dr. phil. 25. okt. 1919, einkum í tilefni af riti hans Einokunarverzlun Dana á Íslandi 1602-1787.

Matthías Jochumsson dr. theol. 11. nóv. 1920 í tilefni af 85 ára afmæli hans.

Þorvaldur Thoroddsen dr. litt. Isl. 17. júní 1921 í tilefni af 10 ára afmæli háskólans.

Finnur Jónsson dr. litt. Isl. 11. júní 1921 í sama tilefni.

Valdimar Briem dr. theol. 1. febr. 1923 í tilefni af 75 ára afmæli hans.

Sigfús Blöndal dr. phil. 2. okt. 1924 á fimmtugsafmæli hans í tilefni af hinni miklu íslensk-dönsku orðabók hans.

Hannes Þorsteinsson dr. phil. 23. des. 1925 í viðurkenningar skyni fyrir sögu og ættfræðirannsóknir.

Brandur J. Brandsson dr. med. 25. júní 1930 í tilefni af alþingishátíðinni.

Guðmundur Grímsson dr. jur. 25. júní 1930 í sama tilefni.

Sveinbjörn Johnson dr. jur. 25. júní 1930 í sama tilefni.

Joseph Þórarinn Thorson dr. jur. 25. júní 1930 í sama tilefni.

Halldór Hermannsson dr. phil. 25. júní 1930 í sama tilefni.

Hjörtur Thordarson dr. phil. 25. júní 1930 í sama tilefni.

Rögvaldur Pétursson dr. phil. 25. júní 1930 í sama tilefni.

Vilhjálmur Stefánsson dr. phil. 25. júní 1930 í sama tilefni.

Benedikt S. Þórarinsson dr. phil. 1. des. 1935 í tilefni af því, að hann hafði gefið háskólanum bókasafn sitt, og viðurkenndri bókfræðipekkingu hans.

Jón Helgason dr. theol. 17. júní 1936 í tilefni af 25 ára afmæli háskólans.

Einar Arnórsson dr. jur. 17. júní 1936, í sama tilefni.

Andreas Heusler dr. litt. Isl. 17. júní 1936 í sama tilefni.

Ejnar Munksgaard dr. phil. 17. júní 1936 í sama tilefni.

Jón Ófeigsson dr. phil. 17. júní 1936 í tilefni af sama.

Þorkell Þorkelsson dr. phil. 17. júní 1936 í sama tilefni.

Magnús Olsen dr. litt. Isl. 28. nóv. 1938 í tilefni af sextugsafmæli hans.

Guðjón Samúelsson dr. phil. 17. júní 1940 í tilefni af vígslu háskólabyggingarinnar.

Frank le Sage de Fontenay dr. phil. 24. sept. 1940 í tilefni af sextugsafmæli hans.

Guðmundur Hannesson dr. med. 9. sept. 1941 í tilefni af 75 ára afmæli hans.

Bjarni Jónsson dr. theol. 21. okt. 1941 í tilefni af sextugsafmæli hans.

Ólafur Lárusson dr. phil. 25. febr. 1945 í tilefni af sextugsafmæli hans; dr. jur. 25. okt. 1958 í tilefni af 50 ára afmæli lagakennslu á Íslandi.

Arne Möller dr. theol. 26. okt. 1946 í tilefni af 35 ára afmæli háskólans.

Friðrik Friðriksson dr. theol. 26. okt. 1946 í sama tilefni.

Þorsteinn Þorsteinsson dr. oecon. 26. okt. 1946 í sama tilefni.

Didrik Arup Seip dr. phil. 26. okt. 1946 í sama tilefni.

Sir William A. Craigie dr. phil. 26. okt. 1946 í sama tilefni.

Haakon Shetelig dr. phil. 11 jan. 1952 fyrir vísindastörf á sviði fornleifafræði.

Matthías Þórðarson dr. phil. 11. jan. 1952 fyrir sams konar vísindastörf.

Ásmundur Guðmundsson dr. theol. 2. júní 1954 í tilefni af því, að hann lét af störfum við háskólann og tók við biskupsembætti.

Árni Friðriksson dr. phil. 15. okt. 1954 í tilefni af því, að hann hafði verið kjörinn aðalritari alþjóðahafrannsóknaráðsins.

Vilmundur Jónsson dr. med. 28. maí 1959 í tilefni af sjötugsafmæli hans.

Alls hafa þannig 39 menn verið sæmdir doktorsnafnbót í heiðurs skyni við Háskóla Íslands til þessa.

Doktorar með prófi

Reglur um doktorspróf voru fyrst settar af háskólaráði 24. nóv. 1917, og voru þær endurskoðaðar 1932 og auknar nokkuð, en reglurnar um sjálfa tilhögun prófsins stöðu óbreyttar og gilda enn í dag.

Doktorspróf er fólgið í samningu ritgerðar eða ritgerða og

munlegri vörn. Enn fremur geta einstakar deildir með samþykki háskólaráðs skilið til, að doktorsefni flytji fyrirlestur um fræðileg efni, einn eða fleiri. Þetta ákvæði hefir þó ekki komið til framkvæmda. Um skilyrði til þess að ganga undir doktorspróf er komizt svo að orði, að hlutaðeigandi skuli að jafnaði hafa lokið kandidatsprófi eða embættisprófi. Allir, sem tekið hafa doktorspróf við háskólann til þessa, hafa áður lokið háskólaprófi í einhverri sérgrein.

Doktorsefni er leyfilegt að leggja fram fleiri ritgerðir en eina, en ritgerðirnar verða þó að varða sama rannsóknarsvið og mynda nokkra heild. Þegar svo stendur á, skal sérstök yfirlitsritgerð fylgja. Ekki hefir neinn lagt fram efni fyrir doktorspróf með þessum hætti hér við háskólann. Doktorsritgerð má vera á erlendu máli, en krefjast má þá, að henni fylgi rækilegur útdráttur á íslenzku. Einnig getur háskóladeild leyft manni að tala erlent mál við doktorspróf, og hefir það nokkrum sinnum komið fyrir, er fengnir hafa verið erlendir vísindamenn til þess að vera andmælendur.

Háskóladeild skipar þriggja manna dómnefnd til þess að meta vísindagildi doktorsritgerða, og er heimilt að skipa í hana menn utan háskólans, þar á meðal erlenda menn. Dómnefndin skilar síðan skriflegu og rökstuddu álitu til deildar, en deildin metur það fyrir sitt leyti, að því álitu fengnu, hvort umsækjandi skuli eiga kost á því að þreyta prófið. Telji deildin ritgerðina tæka til doktorsvarnar, skal umsækjandi láta prenta hana, hafi það ekki verið gert áður, og á háskólinn rétt á 100 eintökum ókeypis. Á ritgerðina skal prenta vottorð deildarforseta um það, að hún sé hæf til doktorsvarnar. Síðan skal doktorsefni verja hana í háskólanum í heyranda hljóði á þeim degi, sem deildin ákveður, en ritgerðin skal hafa birzt opinberlega að minnsta kosti 4 vikum áður en vörn fer fram. Deildin velur tvo menn til þess að vera andmælendur í embættisnafni (*ex officio*), og kryfja þeir ritgerðina til mergjar, bera fram lof og last, eftir því sem efni standa til. Heimilt er manni, sem ekki er tilnefndur andmælandi, að taka til máls um verk doktorsefnis, en skýra skal hann þá deildarforseta frá því með sólarhrings fyrirvara. Nokkrum sinnum hafa andmælendur úr áheyrendahópi (*ex auditorio*) komið fram við doktorspróf hér við háskólann.

Háskólaráði er heimilt að veita í sumum atriðum nokkrar

undanþágur frá hinum venjulegu reglum samkvæmt tillögum háskóladeildar. Þannig getur það ákveðið, að munnleg vörn við doktorspróf falli niður, ef sérstakar ástæður þykja til, svo sem átti sér stað við doktorspróf þeirra Steingríms J. Þorsteinssonar og Björns Guðfinnssonar. Undanþáguna um Steingrím rökstuddi heimspekideild á þessa leið: „Undanþága þessi er veitt án umsóknar af hálfu doktorsefnis með þeim forsendum, að heilsufari hans hefir um skeið verið svo háttað, að rétt þótti að hlífa honum við áreynslu munnlegrar varnar, en ástæðulaust að láta frekari bið en orðin er verða á því að veita honum nafnbótina, með því að hann á að baki sér óvenjulega glæsilegan námsferil í háskólanum og einskis tvímælis getur orkað, að bók hans, sem þegar fyrir rúmu ári var af deildinni dæmd makleg til varnar fyrir doktorsnafnbót, er á allan hátt merkilegt og vandað fræðirit“. Undanþága Björns Guðfinnssonar frá munnlegri vörn byggðist á því, að ekki var talið unnt að prenta ritgerð hans, eins og sakir stóðu.

Einnig getur háskólaráð leyst doktorsefni undan þeirri skyldu að birta ritgerð sína á prenti með nánari skilyrðum, en þá skal birta rökstutt álit dómnefndar í næstu árbók háskólans. Slík undanþága var t. d. veitt í sambandi við doktorspróf Björns Guðfinnssonar, og færði heimspekideild þau rök fyrir því, að ógerlegt væri fyrst um sinn að prenta ritgerðina hér á landi vegna vöntunar á margs konar hljódtáknum í prentsmiðjunum, en hins vegar mundi ritið verða prentað jafnskjótt sem þess yrði kostur. Var það prentað 1946. Það skal tekið fram, að slíkar undanþágur eru bundnar því skilyrði, að dómur dómnefndar um rit doktorsefnis sé lofsamlegur.

Fyrrum fóru doktorsvarnir oftast fram í neðri deildar sal alþingis, stundum í lestrarsal landsbókasafnsins og jafnvel víðar, en síðan 1940 hafa þær jafnan farið fram í hátíðasal háskólans. Deildarforseti stýrir athöfninni, nema hann sé sjálfur andmælandi eða forfallaður á annan hátt. Hann setur athöfnina, stýrir sókn og vörn, birtir úrslit varnarinnar og slítur athöfninni. Andmælendur deildarinnar mega hvor um sig tala allt að 1½ klukkutíma, en aðrir andmælendur allt að ¾ stundar, að meðtöldum tíma þeim, er doktorsefnið þarf til andsvara. Deildarforseta er þó heimilt að leyfa doktorsefni og andmælendum að tala lengur, ef sérstaklega stendur á. En lengur en 6 stundir má athöfnin ekki standa. Að doktorsprófi loknu fær hinn

nýi doktor í hendur prófskjal á íslenzku og latínu, undirritað af deildarforseta. Er doktorsskjalið prentað í aðeins einu eintaki hvert sinn og hljóðar upp á nafn. Gjald fyrir það var frá upphafi 100 kr., en var loks í núgildandi reglugerð hækkað upp í 300 kr.

Sá, sem hlotið hefir doktorsnafnbót frá háskólanum, á rétt á að halda þar fyrirlestra í vísindagrein sinni, en tilkynna verður hann það fyrst háskólaráði.

Hér á eftir skulu taldir þeir menn, sem lokið hafa doktorsprófi frá Háskóla Íslands:

Páll Eggert Ólason dr. phil. 25. okt. 1919 fyrir ritgerð sína Jón Arason (Menn og menntir siðskiptaaldarinnar á Íslandi, I. bindi). Andmælendur ex officio voru prófessorarnir dr. Jón J. Aðils og dr. Sigurður Nordal, en auk þess ex auditorio Magnús Jónsson dósent.

Jón Helgason dr. phil. 7. jan. 1926 fyrir ritgerðina Jón Ólafsson frá Grunnavík. Andmælendur voru prófessorarnir dr. Sigurður Nordal og dr. Páll Eggert Ólason.

Björn Þórðarson dr. jur. 26. marz 1927 fyrir ritgerðina Refsivist á Íslandi 1761-1925. Andmælendur voru prófessorarnir Ólafur Lárusson og Magnús Jónsson.

Halldór Hansen dr. med. 28. jan. 1933 fyrir ritgerðina Pseudo-Ulcus ventriculi. Andmælendur voru prófessorarnir Jón Hj. Sigurðsson og Guðmundur Thoroddsen.

Einar Ólafur Sveinsson dr. phil. 16. júní 1933 fyrir ritgerð sína Um Njálu. Andmælendur voru prófessorarnir dr. Sigurður Nordal og Árni Pálsson.

Þórður Eyjólfsson dr. jur. 23. júní 1934 fyrir ritgerð sína Um lögveð. Andmælendur voru prófessorarnir Ólafur Lárusson og Bjarni Benediktsson.

Björn Karel Þórólfsson dr. phil. 22. des. 1934 fyrir ritgerð sína Rímur fyrir 1600. Andmælendur voru prófessorarnir dr. Sigurður Nordal og dr. Alexander Jóhannesson.

Árni Árnason dr. med. 12. okt. 1935 fyrir ritgerð sína Apoplexie und ihre Vererbung. Andmælendur voru prófessorarnir Guðmundur Hannesson og Níels Dungal.

Helgi P. Briem dr. phil. 7. apríl 1938 fyrir ritgerðina Sjálfstæði Íslands 1809. Andmælendur ex officio voru prófessor Árni Pálsson og dr. Þorkell Jóhannesson bókavörður, en auk þess ex auditorio

próf. Guðbrandur Jónsson.

Eiríkur V. Albertsson dr. theol. 19. jan. 1939 fyrir ritgerðina Magnús Eiríksson, guðfræði hans og trúarlíf. Andmælendur voru dr. Magnús Jónsson prófessor og Sigurður Einarsson dósent.

Júlíus Sigurjónsson dr. med. 19. okt. 1940 fyrir ritgerð sína *Studies on the Human Thyroid in Iceland*. Andmælendur voru prófessorarnir Niels Dungal og Jón Steffensen.

Gísli Fr. Petersen dr. med. 10. janúar 1942 fyrir ritgerðina *Röntgenologische Untersuchungen über Arteriosklerose*. Andmælendur voru dr. Gunnlaugur Claessen yfirlæknir og prófessor Jón Hj. Sigurðsson.

Jón Jóhannesson dr. phil. 7. marz 1942 fyrir ritgerð sína *Gerðir Landnámabókar*. Andmælendur ex officio voru prófessorarnir dr. Sigurður Nordal og Árni Pálsson, en auk þess ex auditorio Barði Guðmundsson þjóðskjalavörður.

Steingrímur J. Þorsteinsson dr. phil. 1. des. 1943 fyrir ritgerðina Jón Thoroddsen og skáldsögur hans. Munnleg vörn felld niður.

Björn Guðfinnsson dr. phil. 5. maí 1944 fyrir ritgerðina *Mállýzkur I. Undanþága veitt frá prentun ritgerðarinnar um sinn og munnleg vörn felld niður*.

Björn Sigfússon dr. phil. 14. okt. 1944 fyrir ritgerð sína *Um Íslendingabók*. Andmælendur voru dr. Jón Jóhannesson og prófessor Sigurður Nordal.

Sigurður Sigurðsson dr. med. 21. apríl 1951 fyrir ritgerðina *Tuberculosis in Iceland*. Andmælendur ex officio voru prófessorarnir Niels Dungal og dr. Júlíus Sigurjónsson og ex auditorio prófessor emer. Jón Hj. Sigurðsson og Helgi Ingvarsson yfirlæknir.

Guðni Jónsson dr. phil. 12. des. 1953 fyrir ritgerð sína *Bólstaðir og búendur í Stokkseyrarhreppi*. Andmælendur voru dr. Þorkell Jóhannesson prófessor og dr. Björn K. Þórólfsson skjalavörður.

Bjarni Jónsson dr. med. 13. febr. 1954 fyrir ritgerðina *Studies on Hibb's Spine Fusion in the Treatment of Scoliosis*. Andmælendur voru dr. Snorri Hallgrímsson prófessor og dr. Gísli Fr. Petersen yfirlæknir.

Halldór Halldórsson dr. phil. 12. júní 1954 fyrir ritgerð sína *Íslenzk orðtök*. Andmælendur voru prófessorarnir dr. Alexander

Jóhannesson og dr. Einar Ól. Sveinsson.

Kristján Eldjárn dr. phil. 14. jan. 1957 fyrir ritgerðina *Kuml og haugfé úr heiðnum sið á Íslandi*. Andmælendur voru dr. Jan Petersen safnvörður í Stafangri og dr. Jón Jóhannesson prófessor.

Haraldur Matthíasson dr. phil. 30. maí 1959 fyrir ritgerðina *Setningaform og stíll*. Andmælendur voru dr. Halldór Halldórsson prófessor og dr. Jakob Benediktsson orðabókarritstjóri.

Róbert A. Ottósson dr. phil. 10. okt. 1959 fyrir ritgerð sína *Sancti Thorlaci episcopi officia rhythmica et proprium missæ in AM 241 A folio*. Andmælendur voru dr. Bruno Stäblein prófessor í Erlangen og prófessor Magnús Már Lárusson.

Selma Jónsdóttir dr. phil. 16. jan. 1960 fyrir ritgerð sína *Byzönsk dómsdagsmynd í Flatatungu*. Andmælendur voru dr. Francis Wormald prófessor í London og dr. Kristján Eldjárn þjóðminjavörður.

Finnbogi Guðmundsson dr. phil. 7. jan. 1961 fyrir ritgerðina *Hómersþýðingar Sveinbjarnar Egilssonar*. Andmælendur voru dr. Steingrímur J. Þorsteinsson prófessor og dr. Jón Gíslason skólastjóri.

Pannig hafa alls 25 menn lokið doktorsprófi við háskólann. Meðal þeirra er ein kona.

XVI. Háskólabókasafn

Áður en háskólinn var stofnaður, höfðu embættaskólarnir, er fyrir voru, komið sér upp dálitlum sérbókasöfnum hver fyrir sig, eftir því sem efni og ástæður leyfðu. Eins og að líkum lætur, var bókasafn prestaskólans þeirra elzt, jafngamalt skólanum. Þegar skólarnir voru sameinaðir í hinum nýja háskóla, fylgdu bókasöfnin þeim vitanlega eftir og urðu að sérstökum deildasöfnum, og von bráðar eignaðist heimspekideild einnig sitt bókasafn. Sökum þrengsla í húsakynnum háskólans í Alþingishúsinu varð að koma miklu af bókum háskólans til geymslu í landsbókasafni, þar sem gert var ráð fyrir, að kennarar háskólans gætu haft að þeim greiðan aðgang. En þótt svo væri, hafði það óþægindi og ómak í för með sér að hafa bækurnar ekki tiltækar í háskólanum sjálfum, og um verulegan vöxt eða sameiginlega umsjón safnanna var ekki að ræða, meðan þannig stóðu sakir.

Úr þessu rættist fyrst, er háskólinn fekk sitt eigið hús. Í háskólabyggingunni var ætlað ríflegt húsrými fyrir bókasafn og hagnýtingu þess. Er þar bókageymsla fyrir 180 bús. bindi, ef nærliggjandi kjallari er notaður eins og unnt er, og almennur lestrarsalur ásamt sérlestrarstofu, er rúma til samans 40 manns í sæti. Bækur háskólans voru fluttar í hin nýju húsakynni síðara hluta ágústmánaðar og í september 1940. Því næst var unnið að röðun bókana og deildasöfnin sameinuð. Var dr. Einar Ól. Sveinsson ráðinn forstöðumaður safnsins, og vann hann að þessu verki og með honum nokkrir sjálfboðaliðar úr hópi stúdenta. Meðan því fór fram, voru á alþingi sett lög, sem fólu í sér viðurkenningu á sérstöðu og þýðingu safnsins og tryggði því öruggan vöxt í framtíðinni. Það voru lög nr. 33 27. júní 1941., þar sem allar prentsmiðjur á landinu, svo og þær, er síðar kynnu að verða settar á stofn, eru skyldaðar til að láta háskólabókasafni í té eitt eintak af hverri bók, ritlingi og öðru prentmáli, smáu og stóru, á bezta pappír, sem notaður er til prentunarinnar hverju sinni. Safnið var opnað 1. nóv. 1941 með ræðu háskólarektors, próf. Alexanders Jóhannessonar, og síðan tekið til afnota. Frá þeim degi má telja aldur háskólabókasafnsins í sinni núverandi mynd. Bókageign þess er þá talin 31 þús. bindi að

meðtöldum sérprentunum. Um sömu mundir gaf háskólaráð út reglur til bráðabirgða um notkun safnsins. (Árb. hásk. 1940-41, bls. 81-82).

Með lögum nr. 13 13. febr. 1943 var stofnað embætti háskólabókavardar. Að fengnum tillögum háskólaráðs var dr. Einar Ól. Sveinsson, sem verið hafði forstöðumaður safnsins undanfarin ár, skipaður háskólabókavörður. Gegndi hann því embætti til 1. marz 1945, er hann tók við prófessorsembætti Sigurðar Nordals í íslenskum bókmenntum. Frá sama tíma var dr. Björn Sigfússon settur háskólabókavörður og síðar skipaður, og hefir hann gegnt embættinu síðan. Háskólabókavörður er eini fastlaunaði starfsmaður safnsins. Hann er launaður af ríkinu og á við sömu kjör að búa sem prófessorar. Að öðru leyti kostar háskólinn safnið einn með framlögum úr Sáttmálasjóði. Er þar um að ræða bóka kaup og tímarita, bókband, skrásetningu og röðun og vinnu við daglega afgreiðslu á vetrum, er safnið er mest notað. Hafa stúdentar jafnan verið bókaverði til aðstoðar og fengið dálitla þóknun fyrir, sem greidd er sem annar kostnaður við bókasafnið úr Sáttmálasjóði. Á seinni árum hafa stúdentar, er leggja stund á bókasafnsfræði í heimspekideild, unnið aðstoðarstörf in í safninu og það verið þáttur í námi þeirra. Þess skal og getið, að fyrra hluta árs 1960 léði ríkisstjórnin fyrir góðvilja sakir starfsmann úr öðru embætti, Björn Þorsteinsson sagnfræðing, til vinnu í safninu.

Síðan háskólinn var stofnaður, hefir bókaeign hans aukizt með þrennum hætti: með bókakaupum, bóka gjöfum og síðan háskólabókasafnið var stofnað með lögboðnum skyldueintökum allra prentaðra bóka og rita hér á landi.

Á fyrstu árum háskólans var honum veitt dálítil upphæð á fjárlögum, um 2000 kr. á ári, til bókakaupa, er skipt var milli allra háskóladeilda í því skyni. Eftir að Sáttmálasjóður kom til, tók hann við þessu hlutverki ríkissjóðs. Smám saman voru framlögin til bókakaupa hækkuð, eftir því sem efni leyfðu, og síðustu áratuginu í nokkurs konar kapphlaupi við rýrnun krónunnar. Fyrir þetta fé hafa verið keyptar þær bækur, sem mest vanhagaði um í svipinn, fræðibækur af ýmsu tagi, handbækur og síðast en ekki sízt erlend tímarit, sem vísindalegt bókasafn má ekki án vera. Sá háttur hefir verið á hafður, að hverri háskóladeild um sig er ætluð ákveðin

fjárhæð til bókakaupa árlega, en kaup eru síðan gerð í samræmi við óskir og tillögur deildanna, eftir því sem fjárveiting endist til. Hefir þannig verið reynt að láta safnið fylgjast með tímanum, eins og kostur er á.

Margar dýrmætar bókgjafir hafa borizt háskólanum fyrr og síðar, og verða sumar þeirra naumast metnar til fjár. Bókgjafir hafa komið frá háskólum og öðrum stofnunum, erlendum sendiráðum og fjölda einstaklinga utan lands og innan, í einhverjum mæli árlega. Það yrði of langt mál að telja hér fram allar slíkar gjafir, sem eru geymdar en ekki gleymdar. Að eins skal hér getið um stærstu og að jafnaði verðmætustu gjafirnar, en það eru bókasöfn einstakra manna, sem gefið hafa háskólanum söfn sín. Hinn 3. apríl 1909 arfleiddi dr. Finnur Jónsson prófessor í Kaupmannahöfn væntanlegan Háskóla Íslands að hinu mikla og dýrmæta bókasafni sínu. Próf. Finnur andaðist 30. marz 1934, og var bókasafn hans sent hingað heim í september sama ár. Var því komið fyrir í kennslustofu heimspekideildar, og vann dr. Einar Ól. Sveinsson að röðun þess og skrásetningu. Var það alls um 7500 bindi og mjög gott vinnubókasafn í íslenskum fræðum. Árið 1920 gáfu erfingjar síra Friðriks Bergmanns í Winnipeg, er lézt 11. apríl 1918, háskólanum gott safn guðfræðirita, um 500 bindi, úr bókasafni síra Friðriks. Þá sendi Norðmaðurinn Thor Odegard óðalseigandi árið 1922-23 háskólanum að gjöf um 1800 bindi fræðirita, einkum um guðfræði og sagnfræði, úr bókasafni J. N. Skaar biskups og P. V. Skaar prests í Noregi. Annar Norðmaður, síra Sofus L. Thormodsæter sóknarprestur í Lilleström, er andaðist 1931, gaf háskólanum fjölbreytt og mikið safn eftir sig, alls um 6150 bindi, og auk þess gaf hann bókasafni háskólans helming eigna sinna, um 10 þús. norskar kr. Arwid Johansson prófessor í þýzkri málfræði og bókmenntum við háskólann í Manchester, d. 6. des. 1935, ánafnaði í erfðaskrá sinni Háskóla Íslands allt bókasafn sitt, sem bæði var mikið og gott, aðallega í indógermönskum fræðum. Sama ár áskotnaðist háskólanum önnur bókgjöf, án efa sú verðmætasta, sem hann hefir fengið, en það var bókasafn Benedikts S. Þórarinssonar kaupmanns í Reykjavík, er lézt 29. ágúst 1940. Gerði hann gjafabréf fyrir safninu 10. júlí 1935, en háskólinn hafði ekki aðstöðu til að veita því viðtöku að sinni vegna skorts á húsrými. Var það flutt í hýbýli háskólans á

útmánuðum 1941 og því komið fyrir í háskólabókasafninu í sérstökum sal, sem því hafði verið ætlaður. Þetta er frábært safn af íslenskum bókum, blöðum og smælki og af erlendum ritum um íslensk efni, alls um 8000 bindi, vel og smekklega hirt. Safninu er haldið út af fyrir sig. Enn barst háskólanum þriðja bókaöfín hið sama ár. Með gjafabréfi dags. 28. sept. 1935 arfleiddi Einar skáld Benediktsson, sem andaðist 14. jan. 1940, háskólann að bókasafni sínu, er hann átti síðast í Herdísarvík. Þar var safnið geymt til ársins 1950, er það var flutt í háskólabókasafnið, þar sem það er varðveitt að mestu í sérstökum luktum geymslum. Safn þetta er alls 1225 bindi; nær helmingur þess eru latnesk og grísk fræði, en meiri hluti hins landfræðilegs og sagnfræðilegs efnis, sumt mjög fágætt. Síðasta stórgjöfin í bókum, sem hér verður getið, er gjöf frá Hildar Blöndal, er gaf háskólanum allar erlendar bækur sínar og manns síns, dr. Sigfúsar Blöndals bókavarðar, er andaðist 19. marz 1950. Voru þær hátt á 6. þús. bindi um hin fjölbreyttustu efni, auk sérprenta, og sumt fágætt og afar dýrmætt, t. d. ritsafn Býzanzhöfunda og fleira, er snertir Væringja.

Síðan 1942 hefir háskólabókasafn notið prentskilaeintaks af íslenskum ritum, eins og lög gera ráð fyrir. Hefir það myndað fasta og stöðuga aukningu safnsins árlega og gert því kleift að verja þeim mun meira af hinu takmarkaða kaupafé sínu til öflunar erlendra bóka. Alls nemur bókaeign safnsins nú um 90 þús. bindum auk sérprenta, og hefir það því þrefaldzt á undanförunum tveim áratugum.

Árið 1950-51 var unnið að því að fullgera húsnæði safnsins, gengið var frá skápum og fastaborðum, lokið að gera eldtraust herbergi í kjallara, klukka sett á lestrarsalsvegg og gólf öll korklögð á aðalhæð inn frá lestrarsal. Nýlega hefir safnið eignazt hentugan kvarzlampan til handritalestrar og tvö mismunandi lestæki fyrir filmur. Þó að húsrými safnsins væri í upphafi vel við vöxt, er nú svo komið, að sæti í lestrarsal eru of fá, og venjast því margir af stúdentum af því að nota safnið.

Hinn 29. maí 1957 var samþykkt á alþingi þingsályktunartillaga þess efnis, að sameina skuli á næstu árum háskólabókasafn og landsbókasafn. Í hinu nýja safni er gert ráð fyrir, að til afnota verði bókaostur, er miðist við handbóka- og námsþarfir stúdenta og

kennsluundirbúning og rannsóknir kennara. Slík sameining safnanna er án efa mjög hagkvæm, þar sem allur tiltækur bókakostur væri á einum stað. En ekki er ástæða til þess að ræða það mál frekara hér. Af þeirri framkvæmd getur ekki orðið, fyrr en ný bókhlaða hefir verið reist í grennd við háskólann.

XVII. Orðabók Háskólans

Í ræðu við setningu háskólans haustið 1932 gerir þáverandi háskólarektor, próf. Alexander Jóhannesson, grein fyrir ýmsum rannsóknarsviðum íslenzkrar tungu og bendir á, að þar séu mörg viðfangsefni óleyst. Í því sambandi kemst hann m. a. svo að orði: „Það hlýtur að verða keppikefli Íslendinga að vinna að þessum rannsóknum í framtíðinni og láta *semja vísindalega orðabók* íslenzkrar tungu, sem lengi hefir verið ráðgerð“. Með þessum orðum bendir hinn nýkjörni rektor á verkefni, sem Háskóli Íslands ætti að láta til sín taka og hafa forustu um. En hér var um stórvirki að ræða, sem ekki mátti hrapa að. Það var ekki nóg að hrinda verkinu af stað, það varð einnig að tryggja því öruggan framgang. Eftir rúman áratug var orðabókarverkið hafið og er nú fyrir löngu orðið fastur þáttur í vísindastarfsemi háskólans.

Fyrsta fjárveiting til undirbúnings orðabókarstarfinu var samþykkt á háskólaráðsfundi 2. júní 1943. Ályktaði fundurinn að veita úr Sáttmálasjóði allt að 25 þús. kr. fyrir árið 1. okt. 1943 til jafnlengdar 1944 til þess að láta gera rannsókn um meginreglu fyrir vinnu að sögulegri orðabók íslenzkrar tungu um tímabilið frá 1540 til vorra daga, ef hæfur maður, sem háskólaráð samþykkti, væri fánlegur til starfsins. Sá maður, sem fyrstur var ráðinn til starfsins, dró sig síðar í hlé, og var þá ráðinn í hans stað Árni Kristjánsson cand. mag.

Undirbúningur að orðabókarstarfinu var hafinn veturinn 1944-45, og vann Árni Kristjánsson í fyrstu einn að því að orðtaka íslenzk orðasöfn frá fyrri öldum, einkum óprentuð orðasöfn í landsbókasafni. Fé til þessarar vinnu var veitt úr Sáttmálasjóði. Á fjárlögum fyrir 1947 voru veittar til orðabókarinnar 43.500 kr., en úr Sáttmálasjóði 55 þús. kr., og var málum hennar þá komið á fastari grundvöll. Á því ári voru ráðnir tveir nýir starfsmenn að orðabókinni, þeir Ásgeir Blöndal Magnússon cand. mag., sem tók til starfa í maí 1947, og Jakob Benediktsson cand. mag., sem skyldi veita verkinu forstöðu og hóf störf þar með nýári 1948. Þá kaus heimspekideild enn fremur þrjá prófessora í orðabókarnefnd, þá dr.

Alexander Jóhannesson, dr. Einar Ól. Sveinsson og dr. Þorkel Jóhannesson, og skyldi nefndin hafa yfirumsjón með verkinu. Eftir fráfall próf. Þorkels var próf. Halldór Halldórsson kjörinn í nefndina, en að öðru leyti er hún óbreytt.

Fjárveitingin til orðabókarinnar var í upphafi miðuð við það, að hún nægði til þess að launa þrjá fasta starfsmenn og að nokkurt fé væri handbært til greiðslu fyrir seðlaskriftir. Með hækkandi verðlagi reyndist þó erfitt að halda í horfinu, og um nokkurra ára bil var vandi orðabókarinnar leystur með því, að Sáttmálasjóður lagði fram hærri upphæð en alþingi. Haustið 1952 hvarf Árni Kristjánsson frá föstum störfum við orðabókina, og fastur starfsmaður var ekki ráðinn í hans stað fyrr en vorið 1955, að Jón Aðalsteinn Jónsson cand. mag. var ráðinn að orðabókinni, og hefir föstu starfsliði hennar ekki fjölgað síðan. Á síðari árum hafa fjárveitingar bæði úr ríkissjóði og Sáttmálasjóði hækkað smám saman, svo að síðan á árinu 1959 hefir orðabókin haft 225 þús. kr. framlag á fjárlögum og nokkru lengur 100 þús. kr. framlag úr Sáttmálasjóði.

Söfnun til orðabókar háskólans hefst með árinu 1540 eða með Nýjateamenti Odds Gottskálkssonar, fyrstu prentaðri bók á íslenzku, sem varðveitt hefir. En orðabók Árnanevndar, sem er í smíðum í Kaupmannahöfn, er ætlað að ná fram að því ári, svo að samanlagt eiga þessar orðabækur að ná yfir sögu íslenzkrar tungu frá upphafi ritaldar. Orðabók háskólans er ætlað að vera söguleg orðabók íslenzkrar tungu frá upphafi, en hún mun styðjast við orðabók Árnanevndar um tímann fyrir 1540 og aðallega tilfæra dæmi úr yngri ritum en frá því ári.

Til þess að orðabók háskólans geti gegnt þessu hlutverki, er því nauðsyn á rækilegri orðtöku á íslenzkum ritum frá upphafi prentaldar fram á þennan dag, því að þær orðabækur, sem til eru, styðjast allar við of litla orðasöfnun, til þess að þær geti sýnt sögu íslenzks orðaforða. Elztu prentuð rit íslenzk, allt fram á fyrra hluta 19. aldar, eru ekki fleiri en svo, að tiltækilegt var að fara yfir þau öll til orðasöfnunar, og er því verki lokið að heita má. Úr því að kemur fram um miðja 19. öld, fjölgar hins vegar prentuðum bókum svo mjög, að ekki er um annað að ræða en að velja úr þeim rit til orðtöku, sem gefið geti eins fjölbreytta mynd og tók eru á af íslenzku ritmáli. Úr ritum síðustu hundruð ára hefir þegar margt verið orðtekið, en

meira er þó enn ógert.

Orðabókarnefnd háskólans hefir einnig haft yfirumsjón með söfnun og útgáfu nýyrða, en af þeim hafa komið út söfnin Nýyrði I-IV og Tækniordasafn Sigurðar Guðmundssonar. Allt það efni, sem safnað hefir verið til þessara nota, gengur síðan til orðabókarinnar og verður fellt inn í söfn hennar. Sama er að segja um orðasöfnun þá, sem fram hefir farið til útgáfu á viðaukabindi við orðabók Sigfúsar Blöndals; allt það efni, sem þar hefir verið safnað úr máli síðustu 35 ára, rennur einnig til orðabókarinnar, áður en lýkur. Þetta tvennt hefir létt verulega undir söfnun orðabókarinnar úr nútímamáli.

Eins og sagt var í upphafi, var í fyrstu safnað orðum úr íslenskum orðasöfnum í handritum, sem geymd eru í landsbókasafni. Mörg slík orðasöfn eru varðveitt erlendis og hafa lítt verið hagnýtt í íslenskum orðabókum enn sem komið er. Merkast þeirra er hin mikla orðabók Jóns Ólafssonar frá Grunnavík. Orðabók háskólans hefir nýlega fengið ljósmyndir af henni og byrjað er að orðtaka hana.

Loks skal þess getið, að starfsmenn orðabókar háskólans hafa leitað til almennings um aðstoð við orðasöfnun, einkum úr mæltu máli. Þau tilmæli hafa borið mjög góðan árangur. Fjöldi manna hefir látið orðabókinni í té bæði heil orðasöfn og margvíslega vitneskju um fjölda orða, ekki sízt í sambandi við íslenskuþætti ríkisútvarpsins, sem starfsmenn orðabókarinnar hafa haft með höndum nú um 5 ára skeið. Þetta hefir verið orðabókinni þeim mun meira virði sem starfsmenn hennar hafa ekki haft tök á að reka skipulega orðasöfnun úr mæltu máli. Eins hafa margir sjálfboðaliðar orðtekið bækur fyrir orðabókina, og skipta þeir seðlar tugum þúsunda, sem orðabókinni hefir áskotnast á þann hátt.

Seðlasafn orðabókarinnar nemur nú milli 750 og 800 þúsund seðlum. Auðvitað eru orðin ekki svo mörg, því að sama orð er oft skráð á marga seðla. Ekki er enn hægt að segja fyrir um, hvenær prentun þessa mikla og merkilega rits getur hafizt.

Vinnustaður orðabókarinnar hefir frá upphafi verið á efstu hæð háskólahússins. Þegar orðabókin hafði starfað í rúm 10 ár, var farið að þrengjast í vistarveru hennar, en á því var ráðin bót á árinu 1960, þegar tannlæknadeild háskólans fluttist úr háskólahúsinu. Herbergi þau, sem hún hafði haft, voru þá fengin orðabókinni til afnota, og fekk hún þá bæði stórum meira húsrými og hentugra en áður.

XVIII. Rannsóknarstofur

Á vegum háskólans og í sambandi við hann starfa all margar rannsóknarstofur, einkum í ýmsum greinum læknisfræði og einnig á sviði annarra raunvísinda. Í flestum þessum rannsóknarstofum fer fram jöfnum höndum kennsla fyrir stúdenta í hlutaðeigandi fræðigrein og vísindalegar rannsóknir. Það eru rannsóknarstofurnar, sem sinna fyrst og fremst hinu vísindalega hlutverki háskólans, starf þeirra er í eðli sínu alþjóðlegt, og ef vel er að þeim búíð, er við hóf að vænta þess, að þær geti lagt sitt af mörkum til aukinnar þekkingar mannkynsins, eigi síður en sams konar stofnanir í öðrum löndum. Það hefir þegar sýnt sig, að þær rannsóknarstofur, sem beztan aðbúnað hafa og fullkomnust vinnuskilyrði, hafa unnið þjóðinni ómetanlegt gagn í baráttunni við sjúkdóma í mönnum og skepnum og einnig með því að taka þátt í alþjóðlegu vísindalegu samstarfi á ýmsum sviðum.

Rannsóknarstofa háskólans í sýkla- og meinafræði er elzta stofnunin af þessu tagi. Hún tók til starfa 1917, þegar Stefán Jónsson var skipaður dósent í þessum fræðum, og var hann því stofnandi hennar og fyrsti forstöðumaður. Stofan var fyrst til húsa í kjallara á Laufásvegi 25, en eftir tvö ár var hún flutt í Kirkjustræti 12. Stefán Jónsson fluttist af landi burt 1923, og var rannsóknarstofan síðan í umsjá próf. Guðmundar Thoroddsens, unz próf. Niels Dungal tók við henni frá 1. okt. 1926. Hefir hann verið forstöðumaður stofunnar síðan.

Húsnæðið í Kirkjustræti var mjög ófullnægjandi og leyfði ekki nauðsynlegan vöxt stofnunarinnar, einnig var skortur á góðum rannsóknartækjum. Þá vildi svo vel til, að í tilefni af alþingishátíðinni 1930 færðu Þjóðverjar Íslendingum að gjöf mjög fullkomin tæki í rannsóknarstofu. Varð þetta m. a. til þess að ýta undir ríkisstjórnina með það að reisa hús yfir Rannsóknarstofu háskólans, þar eð eigi var hægt að nýta hin dýrmætu tæki í hinu gamla húsnæði. Var nú hafizt handa að byggja yfir rannsóknarstofuna hús það á lóð landspítalans við Barónsstíg, sem stofan er nú í. Þangað fluttist hún í ágústmánuði 1934. Bötnuðu þá allar aðstæður til vinnu, ekki aðeins til rannsókna, heldur og til

kennslu.

Í rannsóknarstofunni er kennslustofa, þar sem kennsla stúdenta fer fram í meina- og sýklafræði. Í kjallara er krufningastofa, þar sem krufningar fara fram fyrir sjúkrahús ríkisins og lögregluna. Er því innan handar fyrir stúdentana að fylgjast með krufningum, sem gerðar eru, en þær eru nú um 330 á ári og hafa farið jafnt og stöðugt vaxandi frá því að vera 60-70 á ári fyrir aldarfjórðungi. Þekking á sjúkdómum þjóðarinnar var harla ófullkomin, þar sem engar krufningar voru gerðar, en nú eru tiltækar skýrslur um 4500 krufningar, og er þar með fengin undirstaða undir þá þekkingu, sem nauðsynleg er hverri þjóð, sem vill byggja heilbrigðismál sín á traustum grundvelli.

Óhætt er að fullyrða, að án þeirra sýklarannsókna, sem gerðar hafa verið í rannsóknarstofunni, hefði ekki tekizt að útrýma taugaveiki, barnaveiki og berklaveiki, sem eru ekki lengur nein vandamál í heilbrigðismálum þjóðarinnar.

Fyrstu árin var fengizt mikið við rannsóknir á sauðfjársjúkdómum í rannsóknarstofunni, og var framleitt þar nýtt bóluefni gegn bráðapest, sem síðan hefir verið notað um allt land. Ormalyf frá stofnuninni hefir einnig verið mikið notað gegn iðraormum í sauðfé. Seinna fekkst stofnunin við rannsóknir á mæðiveiki, en þegar tilraunastöðin á Keldum tók til starfa, tók hún við öllum rannsóknum á húsdýrasjúkdómum, svo að rannsóknarstofan við Barónsstíg hefir síðan aðeins fengizt við rannsóknir á mannasjúkdómum.

Viðfangsefni rannsóknarstofunnar eru nú að mörgu breytt frá því sem áður var. Þótt taugaveiki og barnaveiki sjáist ekki lengur, þótt berklaveiki sé á góðum vegi með að hverfa og þótt hin nýju fúkalyf geti drepið næstum því hvers konar sýkla sem er, þá hafa störf við sýklarannsóknir engan veginn minnkað, heldur miklu fremur aukizt stórum. Orsökina er sú, að síðan hin nýju lyf komu á markaðinn, þarf að prófa, hvert þeirra henti bezt í hverju tilfelli, því að ekki er nóg að rækta sýkilinn og fletta upp í töflu, hvaða lyf henti bezt gegn honum, heldur verður að sannprófa það, þar sem sýklarnir virðast hafa lært að vara sig á mönnunum, skömmu eftir að mennirnir fundu efni til þess að vernda sig fyrir þeim. Verða margir sýklar ónæmir fyrir vissum lyfjategundum, svo að nauðsynlegt er að gera næmispróf til

Þess að fá vitneskju um, hvaða lyf duga best gegn viðkomandi sýklum. eru þessar rannsóknir orðnar svo umfangsmiklar, að þær útheimta miklu meiri vinnu en allar sýklarannsóknir saman lagðar áður fyrr.

Vefjarannsóknir eru mikill þáttur í starfsemi stofnunarinnar. Hvers konar mein og æxli, sem skorið er úr sjúklingum, er sent til rannsóknarstofunnar af læknum til þess að fá úr því skorið, hvers konar meinsemd sé um að ræða. Hefir þessum rannsóknum, sem upphaflega voru ekki nema um 200 á ári, fjölgað svo stórlega, að þær eru nú að nálgast 5000 á ári.

Húsnæðisskortur er mjög farinn að segja til sín á rannsóknarstofunni, þar sem starfsemi stofnunarinnar hefir aukizt stórkostlega á öllum sviðum. Er nú talin knýjandi nauðsyn að bæta úr húsnæðisskortinum með viðbyggingu.

Rannsóknarstofa háskólans í líffærafræði tók til starfa í júnímánuði 1938 í Kirkjustræti 12, en fluttist haustið 1940 í háskólann og hefir verið þar síðan, Nefndist hún fyrst Rannsóknarstofa háskólans í líffæra- og lífeðlisfræði, eða þar til er þessar greinar voru aðskildar og sérstakt embætti stofnað í lífeðlis- og lífefnafræði. Stofnandi og forstöðumaður rannsóknarstofunnar frá upphafi hefir verið próf. Jón Steffensen.

Þegar próf. Jón Steffensen tók við kennslu í líffæra- og lífeðlisfræði frá ársbyrjun 1937, var honum gefinn kostur á húsnæði til rannsóknarstarfsemi og verklegar kennslu í Kirkjustræti 12, þar sem Rannsóknarstofa háskólans við Barónsstíg hafði áður verið. Sá galli var þó á gjöf Njarðar, að húsnæðinu fylgdu nær engin tæki og engin fjárveiting til rekstrar rannsóknarstarfsemi. Lárus Einarsson hafði fengið hjá Rockefellerstofnuninni nokkra fjárveitingu til kaupa á nauðsynlegustu rannsóknartækjum í vefjafræði, og Guðmundur Hannesson hafði á sínum tíma látið læknaeildina kaupa tæki til mannfræðilegra rannsókna, en til rannsókna og kennslu í lífeðlis- og lífefnafræði voru engin tæki til, enda hafði lífefnafræði ekki verið kennd við háskólann áður.

Eftir að próf. Jón tók til starfa við deildina, þóttist hann sjá, að þess mundi langt að bíða, að háskólann yrði þess megnugur að standa undir rekstri rannsóknarstofu. Það var því ekki um annað að gera, ef nokkur verkleg kennsla ætti að fara fram í lífeðlis- og lífefnafræði, en

að reyna að koma á fót rannsóknarstofu, sem jafnframt því að vera kennslu- og rannsóknarstofnun tæki að sér rannsóknir í þágu starfandi lækna og sjúkrahúsa. Á þessum forsendum var rannsóknarstofan svo stofnuð. Árið 1938 voru veittar á fjárlögum 6000 kr. til kaupa á tækjum í lífeðlis- og lífefnafræðum, og í júní það ár var tekið á móti fyrstu sjúklingunum til rannsóknar á vegum Sjúkrasamlags Reykjavíkur, en við það hafði rannsóknarstofan þá gert samning um greiðslufyrirkomulag. Fyrstu tvö árin voru veittar af fé háskólans milli 4 og 5 þús. kr. á ári til rekstrar rannsóknarstofunnar, en 1940 var tekin upp á fjárlög sérstök fjárveiting til hennar, að upphæð 4500 kr.

Um haustið 1940, er rannsóknarstofan fluttist í núverandi húsnæði sitt í háskólanum, stóðu vonir til, að eitthvað mundi rætast úr um tækjaleysi stofnunarinnar og þeirra tveggja rannsóknarstofnana læknadeildar í heilbrigðisfræði og lyfjafræði, sem ætlað var þar húsnæði. Svo fór, að Rockefellerstofnunin veitti læknadeild á háskólaárinu 1941-42 15000 dala styrk til þess að búa þessar stofnanir rannsóknartækjum, en ríkissjóður gaf eftir tolla af tækjunum. Á skólaárinu 1940-41 var farið fram á, að verðlagsuppbót yrði greidd á fjárveitingu til rannsóknarstofunnar, en það fekkst ekki og ekki heldur síðar, að föst laun til aðstoðarmanns yrðu tekin upp á fjárlög. En fjárveiting til rannsóknarstofunnar á fjárlögum hækkaði smám saman upp í 26.000 kr. árið 1948 og hélzt svo til 1950. Þá var talið, að fjárhagur stofnunarinnar væri orðinn svo góður, að hún ætti að geta staðið undir sér sjálf, og hefir því ekki síðan verið veitt til hennar rekstrarfé á fjárlögum.

Auk prófessorsins í líffærafræði starfa nú á rannsóknarstofunni einn aðstoðarlæknir, sem jafnframt er dósent og kennir tannlæknanemum líffærafræði, og tvær aðstoðarstúlkur. Háskólinn sér stofnuninni fyrir húsnæði, ljósi, hita og ræstingu og nýjum tækjum, eftir því sem fjárhagur leyfir, en öllum öðrum kostnaði stendur stofnunin sjálf undir, og nam hann á síðastliðnu ári liðlega 243 þús. kr.

Rannsóknarstofa í lífeðlis- og lífefnafræði hefir nú risið á fót sem sérstök stofnun. Hún hefir til umráða þrjár stofur í háskólakjallaranum, og er forstöðumaður hennar próf. Davíð Davíðsson. Þar er ætlazt til, að fari fram kennsla í lífeðlis- og

lífefnafræði fyrir stúdenta læknadeildar og rannsóknarstörf í þessum fræðigreinum. Húsbúnaði rannsóknarstofunnar er svo háttað, að unnt er að flytja hann í annað húsnæði og koma honum þar fyrir.

Rannsóknarstofa í heilbrigðisfræði hefir verið starfandi í háskólanum síðan um 1940, og hefir próf. Júlíus Sigurjónsson verið forstöðumaður hennar frá byrjun. Stofan fekk hluta af gjöf Rockefellerstofnunarinnar, sem áður er nefnd, til áhaldakaupa, og bætti það mjög aðstöðu hennar. Rannsóknarstofan er fyrst og fremst notuð í sambandi við kennslu læknanema í heilbrigðisfræði. Enn fremur hafa farið þar fram ýmiss háttar rannsóknir á sviði læknisfræði, a. m. í næringarfræði.

Rannsóknarstofa í lyfjafræði tók til starfa haustið 1939 og fluttist í háskólann ári síðar. Forstöðumaður hennar frá upphafi hefir verið próf. Kristinn Stefánsson. Það var líkt á komið með þessari rannsóknarstofu og öðrum rannsóknarstofum læknadeildar í háskólanum, að þær gátu lítt beitt sér í fyrstu sökum tækjaskorts. En úr því rættist verulega með gjöf Rockefellerstofnunarinnar. Rannsóknarstofan hefir verið notuð til kennslu í lyfjafræði fyrir læknanema og til verklegrar kennslu í efnafræði fyrir stúdenta í lyfjafræði lyfsala. Til aðstoðar á stofunni hefir oftast verið stúlka, sem unnið hefir hálfan daginn þann tíma, sem kennsla fer fram.

Rannsóknarstofa í lyfjafræði lyfsala tók til starfa haustið 1958, og er forstöðumaður hennar dr. Ívar Daníelsson. Um leið og kennsla í lyfjafræði lyfsala var lögð undir Háskóla Íslands með nógildandi háskólalögum, voru gerðar töluverðar breytingar á námstillhögun þeirri, er tíðkæzt hafði til þessa, og var með breytingum þessum stefnt að því að lengja sjálft háskólanámið, en stytta verknámstíma í lyfjabúðum að sama skapi. Þessari skipan fylgdi, að stofna varð til margháttadara verklegra námskeiða í háskólanum fyrir lyfjafræðistúdenta, og var því þegar í upphafi fyrsta kennsluárs hafizt handa um að innrétta kennslustofu í norðurenda kjallara háskólans vegna námskeiða þessara. Seinna hefir rannsóknarstofan fengið þar annað herbergi til umráða. Fer þarna fram kennsla lyfjafræðistúdenta í galenskri lyfjagerð og efnagreiningu lyfja, svo og kennsla læknastúdenta í lyfjafræði, en til þeirrar kennslu var einnig stofnað haustið 1958.

Tilraunastöð háskólans í meinafræði að Keldum í Mosfellssveit tók til

starfa í árslok 1948, og hafa forstöðumenn hennar verið dr. Björn Sigurðsson frá upphafi til dauðadags 16. okt. 1959, en síðan Páll A. Pálsson yfirdýralæknir. Bygging tilraunastöðvarinnar var kostuð að hálfu úr ríkissjóði og að hálfu af Rockefeller sjóði, sem gaf í því skyni 150.000 dali árið 1945 og síðar 50.000 dali, er sýnt var, að stofnkostnaður færi sem því svaraði fram úr áætlun. Tilraunastöðin starfar samkvæmt lögum nr. 11 28. febr. 1947 og lýtur læknadeild háskólans. Þar er útbúnaður til vinnu í meinafræði, sýklafræði og veirufræði.

Starfssvið tilraunastöðvarinnar er rannsóknir á búfjársjúkdómum og önnur skyld verkefni. Fram til þessa hefir aðalstarfsemi stofnunarinnar beint að rannsóknum á hæggingum smitsjúkdómum í sauðfé, garnaveiki, visnu, riðu og mæði. Jafnframt hafa þó farið fram rannsóknir á ýmsum öðrum búfjársjúkdómum, t. d. flúoreitrun, listeriosis, sullaveiki, fjöruskjögri og öðrum vöntunarsjúkdómum. Framleidd eru í stofnuninni bóluefni og sera til varnar gegn ýmsum búfjársjúkdómum, m. a. bóluefni gegn garnaveiki, sem notað er hér á landi í stórum stíl með góðum árangri.

Rannsóknir á ýmsum smitsjúkdómum í mönnum, sem veirur eru taldar valda, hafa verið gerðar, og fylgzt er með veirufaröldrum, t. d. influenzu- og mænu sóttafaröldrum. Við stofnunina fer fram greining á veirusjúkdómum í samstarfi við alþjóðaheilbrigðismálastofnunina.

Þá hefir tilraunastöðin með höndum greiningu búfjársjúkdóma, og berst að jafnaði til hennar mikill fjöldi sýnishorna til sjúkdómsgreiningar, og á þeim eru að nokkru leyti grundvallaðar sóttvarnaraðgerðir gegn mæðiveiki, garnaveiki og fleiri búfjársjúkdómum.

Allar þær rannsóknarstofnanir, sem nú hafa verið taldar, starfa í nánnum tengslum við læknadeild háskólans.

Með háskólalögnum frá 1957 var stofnað prófessorsembætti í eðlisfræði í verkfræðideild og prófessornum jafnframt falið að veita forstöðu rannsóknarstofu til mælinga á geislavirkum efnum. Í embætti þetta var skipaður Þorbjörn Sigurgeirsson mag. scient. Frá ársbyrjun 1958 var háskólanum einnig falið að reka segulmælingastöð, sem Rannsóknarráð ríkisins hafði komið upp við Leiruvog í Mosfellssveit, og að annast bergsegulmælingar, sem áður

fóru fram á vegum rannsóknarráðs. Rannsóknarstarfsemi þessi var þá sameinuð rannsóknum á geislavirkum efnum undir stjórn próf. Þorbjörns Sigurgeirssonar og starfseminni valið heitið *Eðlisfræðistofnun háskólans*. Tvö fyrstu árin var stofnunin til húsa í suðurkjallara háskólans, en síðast á árinu 1959 fluttist hún í húsnæði það, sem náttúrugripasafnið hafði áður haft í húsi Þjóðminjasafnsins.

Helztu verkefni, sem unnið hefir verið að á eðlisfræðistofnuninni, eru þessi:

1) Mæling geislavirkra efna í úrkomu frá ársbyrjun 1958, 2) mæling geislavirkra efna í lofti, hófst seinna hluta ársins 1958, 3) mæling geislavirkra efna fyrir sjúkrahús og rannsóknarstofnanir, 4) mæling á rennsli í vatnspípum með notkun geislavirkra efna, 5) mæling á rennsli í ám með notkun geislavirkra efna, 6) ákvörðun á þungu vetni í úrkomu, ám og heitum og köldum uppsprettum víðs vegar um landið; mælingar hafa hingað til verið gerðar erlendis, 7) tritiummælingar á úrkomu og vetni úr ám og heitum og köldum lindum víðs vegar um landið; mælingarnar eru að hefjast, 8) rekstur segulmælingastöðvarinnar við Leiruvog, 9) segulsviðsmælingar víðs vegar um landið, 10) mælingar á segulmögnun bergs, 11) smíði mælitækja fyrir geisla- mælingar, segulmælingar og seismiskar mælingar og 12) umræðufundir um eðlisfræðileg og jarðeðlisfræðileg efni, haldnir við og við af sérfræðingum stofnunarinnar og öðrum, sem áhuga hafa á þessum málum.

Mikil vinna hefir verið lögð í smíði mælitækja, og er mikill hluti af tækjakosti stofnunarinnar heimatilbúinn. Nú er von á miklum og góðum tækjakosti frá Alþjóðakjarnorkustofnuninni, og eru þau tæki einkum ætluð til rannsókna á rennsli grunnvatns, en til þeirra rannsókna hefir áðurnefnd stofnun veitt Eðlisfræðistofnun háskólans ríflegan styrk. Mælingar á þungu vetni og tritiummælingar eru liðir í þeirri rannsókn, en seinna verða einnig notuð geislavirk efni, blönduð í grunnvatnsrennslið.

Á fjárlögum ársins 1957 voru veittar 100 þús. kr. til mælinga geislavirkra efna. Árið 1958 var fjárveitingin 110 þús. og auk þess 75 þús. kr. til segulmælinga. Það ár hlaut eðlisfræðistofnunin einnig styrk úr Vísindasjóði að upphæð 45 þús. kr. og næsta ár 30 þús. kr. Árið 1959 var fjárveiting til háskólans vegna eðlisfræðirannsókna 312 þús. kr., og árið 1960 hækkaði þessi fjárveiting upp 370 þús. kr.,

að viðbættum launum sérfræðingsins. Það ár hlaut stofnunin einnig styrk frá Alþjóðakjarnorkustofnuninni í Vín, 25 þús. dali vegna útvegunar mælitækja og 8700 dali til sérfræðilegrar aðstoðar við rannsóknir á rennsli grunnvatns. Þá voru einnig 250 þús. kr., sem áður höfðu verið veittar til rannsókna á skilyrðum til vinnslu þungs vatns á Íslandi, látnar renna til rannsókna þessara samkvæmt ákvörðun menntamálaráðherra. Fjárveiting þessa árs til eðlisfræðirannsókna háskólans er 1 millj. 256 þús. Af þeirri upphæð eru 500 þús. kr. ætlaðar til greiðslu tolla af gjafatækjunum. Þá hefir raforkumálaskrifstofan heitið að leggja til rannsókna þessara 440 þús. kr. Síðustu tvö árin hefir stofnunin notið styrks úr Minningarsjóði Aðalsteins Kristjánssonar, um 30 þús. kr. á ári.

Í upphafi starfaði aðeins einn sérfræðingur við stofnunina auk forstöðumannsins, próf. Þorbjörns Sigurgeirssonar, en nú eru sérfræðingarnir tveir og einn fastur aðstoðarmaður. Auk þess er allmikið notast við aðkeypta vinnu. Margir háskólastúdentar og menntaskólanemar starfa við stofnunina um stundar sakir, einkum að sumrinu. Eru það einkum stúdentar, sem lesa eðlisfræði við erlenda háskóla, nemendur við verkfræðideild háskólans og nokkrir menntaskólanemar.

Rannsóknarstofa fyrir eðlisfræði og efnafræði starfar í nýjum, rúmgóðum húsakynnum í yfirbyggingu íþróttahúss háskólans, og er þeim nánar lýst í kaflanum um byggingarmál háskólans. Forstöðumaður er prófessorinn í efnafræði, dr. Steingrímur Baldursson.

XIX. Atvinnudeild Háskólans

Stofnun Atvinnudeildar háskólans á sér nokkuð langan aðdraganda, sem hér verður þó ekki rakinn nema í stórum dráttum.

Á þinginu 1928 fluttu þeir Bjarni Ásgeirsson og Ásgeir Ásgeirsson eftirfarandi tillögu í neðri deild, er samþykkt var með samhljóða atkvæðum: „Neðri deild alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta rannsaka fyrir næsta þing, á hvern hátt bezt verði fyrir komið vísindarannsóknnum fyrir atvinnulíf landsmanna, svo sem efnafræðirannsóknnum, rannsóknnum í lífeðlisfræði og fjörvirannsóknnum (vitamína), og m. a. athuga, hvort ekki muni hyggilegt að stofna við háskólann sérstakt embætti í þessum tilgangi“.

Til athugunar á þessu sendi svo Tryggvi Þórhallsson forsætisráðherra sumarið 1929 háskólanum tvær fyrirspurnir um rannsóknarstofu í þágu atvinnuveganna. Spurðist hann í fyrsta lagi fyrir um það, hvort háskólinn vildi fá slíka rannsóknarstofu í samband við sig, og í öðru lagi, hvort háskólinn vildi, að forstöðumaður stofnunarinnar og aðstoðarmaður hans fengju aðstöðu og titil prófessors og dósents. Eftir athugun á málinu bæði í læknadeild og í háskólaráði taldi meiri hluti háskólaráðs æskilegt, að rannsóknarstofa í þarfir atvinnuveganna væri sett í samband við háskólann og ekkert væri því til fyrirstöðu, að starfsmenn stofnunarinnar fengju þær aðstæður og nafnbætur, sem þurfa þætti. Hins vegar lét minni hlutinn, Magnús Jónsson próf. theol., bóka svolátandi ágreiningsatkvæði: „Meðan ekki er ætlazt til þess, að við stofnun þessa fari fram nein kennsla eða fyrirlestrar, tel ég hvorki stofnuninni né háskólanum neitt gagn að sambandi, né neina ástæðu til þess, að forstöðumaður hennar eða starfsmenn fái þann íhlutunarrétt um málefni háskólans, sem þeir myndu fá með því að hljóta réttindi prófessora og dósenta“. Í þessari afgreiðslu málsins kemur þegar fram nokkur tvískunningur um innbyrðis afstöðu háskólans og atvinnudeildarinnar.

Mál þetta lá nú í salti um sinn, og varð háskólinn til þess að taka það upp á ný. Háskólakennarar létu sér mjög annt um að færa út

starfssvið háskólans, ef einhver leið sást til þess. Í september 1934 samdi háskólaráð frumvarp til laga um stofnun atvinnudeildar við Háskóla Íslands og hafði samráð um málið við ríkisstjórnina. Gerði rektor, prófessor Alexander Jóhannesson, þetta mál mjög að umtalsefni í setningarræðu sinni um haustið og bentu á nytsemi slíkrar stofnunar fyrir efnahag og atvinnuvegi landsmanna. Frumvarpið var borið fram af menntamálanefnd efri deildar, en varð ekki útrætt á haustþinginu 1934. Eftir þing tók skipulagsnefnd atvinnumála þetta mál til meðferðar og samdi frumvarp til laga um rannsóknarstofnun í þarfir atvinnuveganna við Háskóla Íslands. Frumvarpið var samþykkt og gefið út sem lög nr. 97 3. maí 1935.

Samkvæmt lögnum nefndist hin nýja stofnun Rannsóknarstofnun Háskóla Íslands. Henni skyldi skipt í þrjár deildir: fiskideild, iðnaðardeild og búnaðardeild, er hver hefði sitt verk að vinna, en samræma skyldi starfsemi þeirra sem hentast þætti. Stofnuninni skyldi stjórna 5 manna nefnd, skipuð af atvinnumálaráðherra. Ætlað var til, að starfsmenn stofnunarinnar önnuðust kennslu við háskólann í fræðigreinum þeim, sem stofnunin fjallaði einkum um, en án sérstakrar borgunar. Til stofnunarinnar skyldi renna það fé, sem háskólanum bar að greiða til ríkissjóðs í einkaleyfisgjald fyrir happdrættið. Loks skyldi stofnunin taka til starfa, þegar Háskóli Íslands hefði séð henni fyrir húsnæði.

Þó að háskólaráð væri ekki alls kostar ánægt með sum ákvæði laga þessara, tjáði það sig reiðubúið fyrir háskólans hönd að láta reisa á háskólalóðinni hús yfir rannsóknarstofnunina, svo fljótt sem því yrði við komið, og leggja fram til byggingarinnar kostnaðarverð hennar allt að 200 þúsund krónum. Vorið 1936 var byrjað á byggingunni, og var hún opnuð til afnota 18. sept. 1937, sama dag og háskólinn var settur. Í setningarræðu sinni komst háskólarektor, próf. Níels Dungal, m. a. svo að orði af því tilefni: „Atvinnudeildin er fyrsta stofnunin, sem hér á landi er byggð fyrir háskólans fé. Það er góðs viti, að fyrsta húsið, sem þessi litli háskóli okkar reisir, skuli vera vísindaleg vinnustofnun, ætluð til að bæta framleiðslu og afkomu landsmanna, og ég vonast til, að hún eigi eftir að verða háskólanum til sóma og þjóðinni til mikils gagns“.

Þegar sett voru lög um náttúruvannsóknir, nr. 68 7. maí 1940, voru lög um Rannsóknarstofnun Háskóla Íslands felld inn í þau

með nokkrum breytingum. Eru þau III. kafli laganna og nefnast nú um Atvinnudeild háskólans. Þau hefjast svo: „Við Háskóla Íslands skal starfa rannsóknarstofnun í þágu atvinnuvega landsins, og nefnist hún Atvinnudeild háskólans“. Atvinnudeildin stendur undir rannsóknarráði ríkisins, sem er þriggja manna nefnd, skipuð af ríkisstjórninni eftir tilnefningu þriggja stærstu flokkanna á alþingi. Verði kennsla tekin upp í þeim fræðigreinum, sem atvinnudeild fjallar um, skulu starfsmenn deildarinnar stunda þá kennslu, eftir því sem henta þykir, en eigi er skylt að greiða starfsmönnum atvinnudeildar sérstök laun fyrir kennslustörf í þjónustu háskólans.

Meðan lögin frá 1935 voru í smíðum á alþingi, sættu ýmis atriði í þeim allharðri gagnrýni. Vildu sumir þingmenn og einkum margir háskólakennara, að stofnunin lyti lögum háskólans, væri öðrum þræði kennslustofnun án afdráttar og heyrði undir sama ráðherra og háskólinn. Sömu annmarkar að þessu leyti eru á lögnum um náttúrurannsóknir, og hvorug lögin gera ráð fyrir, að háskólinn eigi íhlutun um stjórn atvinnudeildarinnar. Engu að síður var hún talin ein af deildum háskólans í háskólalögnum frá 1936, en vegna hins lausa sambands milli þessara stofnana var atvinnudeildin felld niður úr tölu háskóladeilda í háskólalögnum frá 1957, þess aðeins getið, að hún skuli starfa við Háskóla Íslands.

Atvinnudeild Háskólans hefir vissulega ekki brugðizt vonum manna. Hún hefir unnið atvinnuvegum landsmanna ómetanlegt gagn, og má hiklaust telja hana meðal þeirra stofnana, sem þjóðin má sízt án vera. Er þar jöfnum höndum unnið að margs konar vísindalegum rannsóknum og almenningi veittar leiðbeiningar með útgáfu rita og á annan hátt um ýmsa þætti atvinnuveganna. Skal nú skýra í stuttu máli frá störfum og viðfangsefnum hveirrar deildar um sig innan Atvinnudeildar háskólans, og er sú frásögn byggð á upplýsingum frá deildunum sjálfum.

Fiskideild

Meginverkefni fiskideildar er að afla þeirrar þekkingar, sem nauðsynleg er til skynsamlegrar nýtingar hinna einstöku fiskistofna, en þessarar þekkingar er aflað með kerfisbundnum athugunum á eðlisháttum stofnsins sjálfs, áhrifum umhverfisins og áhrifum

veiðanna á fiskistofnana.

Að því, er snertir rannsóknir á eðlisháttum fiskistofnanna, má t. d. nefna merkingar á fiski. Síldarmerkingar hafa sýnt samhengi milli síldarinnar við Ísland og Noreg, og merkingar á þorski hafa leitt í ljós náið samhengi á milli þorsksins við Ísland og Grænland. Merkingar hafa einnig skýrt mjög göngur ýsu og skarkola hér við land. Aldursgreining á fiski hefir sýnt, að missterkir árgangar ráða miklu um sveiflur í aflamagni, t. d. gaf þorskárgangurinn frá 1922 af sér 705 þús. tonn á aldrinum 8-3 ára, en árgangurinn frá 1927 aðeins 18 þús. tonn á sama aldurskeiði. Rannsóknir á aldursdreifingu þorsks hafa t. d. gert mögulegt að segja fyrir um sveiflur í stærð þorskstofnsins og aldursdreifingu frá ári til árs. Hafizt hefir verið handa um kerfisbundnar rannsóknir á flatfiskum og einnig á karfa, en lítið er ennþá vitað um lifnaðarhætti karfans, enda er miklum erfiðleikum bundið að aldursgreina þessa tegund.

Rannsóknir á umhverfi fiskanna hafa einkum beint að athugunum á sjávarstraumum, hitadreifingu, seltumagni, næringarsöltum, uppleystum lofttegundum o. fl. Hafa rannsóknir þessar komið að góðum notum við síldarleit og sýnt, að þéttastar torfur finnast jafnan á mótum hlýrra og kaldra strauma. Þá hefir aukizt mjög þekking manna á straumum við Ísland. Yfirgripsmiklar rannsóknir hafa verið gerðar á plöntu- og dýrasvífi sjávarins, og má t. d. nefna, að sérstökum átusöfnurum hefir verið komið í íslensk skip, og nær svæði það, sem þannig er athugað, alla leið frá Kaupmannahöfn til New York. Plöntuframleiðsla sjávarins við Ísland er t. d. mæld með geislavirku kolefni.

Mikill gaumur hefir verið gefinn að áhrifum veiðanna á stofninn, t. d. hefir verið sýnt fram á náið samhengi milli dánartölu þorskstofnsins við Ísland og sóknarinnar á hverjum tíma. Heildardánartalan í þorskstofninum er nú um 60% og þar af um 4/5 hlutar af völdum veiðanna. Athuganir hafa verið gerðar í sambandi við friðunarráðstafanir þær, sem gerðar voru 1950 og 1952, og hefir verið sýnt fram á mjög heillavænleg áhrif þeirra á ýsu og ýmsa flatfiska.

Fiskideildin hafði forgöngu um að setja fullkomið „asdic“ til síldarleitar í „Ægi“ árið 1953, og hafa tæki þessi síðar verið sett í flesta síldarbáta og valdið gerbyltingu á sviði síldveiða.

Á undanförnum árum hefir mikil áherzla verið lögð á leit nýrra fiskimiða og hafa á þann hátt fundizt þýðingarmikil fiskimið við Austur-Grænland, en merkust þessara miða munu þó vera þau, er fundust við Nýfundnaland og Labrador í ágúst 1958. Tilraunir hafa og verið gerðar með ný veiðarfæri, og hefir náðst nokkur árangur á því sviði. Nú er verið að vinna að undirbúningi nýs hafrannsóknaskips, en hingað til hefir stofnunin orðið að nota ýmis skip landhelgisgæzlunnar, sem hafa verið útbúin sérstaklega fyrir rannsóknir þessar.

Hinn 19. maí 1961 fluttist fiskideildin í endanleg húsakynni að Skúlagötu 4, þar sem mjög vel er að henni búið. Þar er einnig til húsa rannsóknarstofa Fiskifélags Íslands, og eru báðar þessar stofnanir nú nefndar sameiginlegu nafni Rannsóknarstofnun sjávarútvegsins.

Þegar Atvinnudeild háskólans hóf starfsemi sína árið 1937, gerðist dr. Árni Friðriksson forstöðumaður fiskideildarinnar, og gegndi hann því starfi til ársloka 1953. Síðan hefir Jón Jónsson mag. scient. verið forstöðumaður deildarinnar. Á fiskideildinni vinnur nú 22 manna starfslíð, þar af 8 sérfræðingar á sviði haf- og fiskirannsóknna, og hafa þeir hlotið menntun sína við háskóla ýmissa landa.

Landbúnaðardeild

Verksvið stofnunarinnar skiptist í 5 megingreinar.

Þar er í fyrsta lagi að nefna jarðvegsrannsóknir, jarðvegskortagerð og gróðurkortagerð. Helztu verkefni, sem unnið hefir verið að á þessu sviði á undanförnum árum, eru rannsókn á aðferðum við efnagreiningu jarðvegs til þess að finna áburðarþörf hans með leiðbeiningarþjónustu við bændur fyrir í sambandi við flokkun augum og efnagreiningar á jarðvegi og kortlagningu íslenzks jarðvegs. Gerðar eru efnagreiningar á grasi í sambandi við áburðartilraunir. Verið er að hefjast handa með rannsóknir á fysiskum eiginleikum íslenzks jarðvegs. Unnið hefir verið að flokkun og kortlagningu jarðvegs undanfarin 10 ár, og gefið hefir verið út yfirlitskort og rit um íslenzkan jarðveg. Þá er einnig unnið að gróðurrannsóknnum og gróðurkortagerð til þess að ákvarða beitarbol landsins.

Í öðru lagi koma jurtakynbætur og frærrannsóknir. Helztu verkefni

á því sviði eru samanburður á tegundum og afbrigðum ýmissa grastegunda, korntegunda, kartaflna, rótarávaxta, káltegunda og fleiri nytjajurta til þess að finna heppilegustu tegundir og afbrigði. Safnað hefir verið innlendum fóðurgrösum og þeim plantað og sáð í því skyni að velja úr þeim og mynda ný afbrigði. Rannsóknir hafa verið gerðar á hæfni grastegunda til uppgræðslu örfoka landa eða hálfgróinna afréttarlanda. Þá hafa verið gerðar rannsóknir á innfluttu fræi, sem ætlað er til sölu, með tilliti til gæða.

Þá er næst að telja jurtasjúkdóma og meindýrarannsóknir. Unnið hefir verið að því að rannsaka útbreiðslu ýmissa jurtasjúkdóma, gerðar tilraunir með ýmis varnarlyf og veittar leiðbeiningar um varnir gegn sjúkdómum. Rannsakaðir eru lifnaðarhættir helztu meindýra á jurtagróðri og haft eftirlit með, að ekki flytjist hættuleg meindýr til landsins með varningi, eftir því sem kostur er á.

Í fjórða lagi er um að ræða búfjáarkynbætur, lífeðlisfræði- og arfgengisrannsóknir. Umfangsmiklar rannsóknir hafa verið gerðar undanfarin ár á sviði vaxtarlífeðlisfræði, frjósemi, kjötgæða, ullargæða og litarerfða sauðfjár og hvernig hægt er að bæta og auka afurðir fjárens með hagkvæmri fóðrun og beitartilraunum á ræktuðu landi, samfara fenotypisku úrvali kynbótafjár og afurðamælingum. Þá hefir verið unnið að gagnasöfnun til þess að kynnast til hlítar breytileika sauðfjársins í sem flestum hagnýtum eiginleikum og finna orsakir þess breytileika. Teknar hafa verið upp skipulagðar rannsóknir á arfgengi einstakra hagnýtra eiginleika og erfðasamhengi milli þeirra. Þá hefir nokkuð verið unnið að rannsóknum á sviði nautgriparæktar, sérstaklega í sambandi við mjólkurframleiðslu á ræktuðu landi og uppeldi kálfa til kjötframleiðslu.

Loks er að telja fóðurrannsóknir, fóðrunartilraunir og föðureftirlit. Unnið er að rannsóknum á ýmsum föðurtegundum, sérstaklega meltanleikarannsóknnum á innlendum föðurtegundum. Gerðar eru fóðrunartilraunir á sauðfé og nautgripum. Heyverkunaraðferðir eru rannsakaðar, sérstaklega ýmsar aðferðir við votheysgerð. Haft er eftirlit með öllum fóðurlöndum, sem seldar eru í landinu.

Landbúnaðardeildin hefir tilraunabú í sauðfjárrækt að Hesti í Borgarfirði og tilraunastöð í jurtakynbótum að Korpúlfsstöðum. Sjálf hefir deildin frá upphafi verið til húsa í byggingu Atvinnudeildar

háskólans. Forstöðumaður landbúnaðardeildar er dr. Halldór Pálsson, en starfslið er 10 sérfræðingar og 2 fastráðnir aðstoðarmenn. Auk þess er lausráðið aðstoðarfólk sem svarar til 2 manna yfir árið, og er þá ekki meðtalið starfslið tilraunabús og tilraunastöðvar.

Iðnaðardeild

Verksvið deildarinnar skiptist í höfuðdráttum í fjórar greinar, og eru þær þessar:

1) Almennar efnarannsóknir og rannsóknir matvæla. Grein þessi fjallar um hvers konar kemiskar rannsóknir á fjölbreytilegu sviði lífrænna og ólífrænna efnagreininga. Meginhluti starfsins eða um 80% er þjónusta við aðra aðila, bæði opinberar stofnanir (framkvæmda- og rannsóknastofnanir) og atvinnurekstur fyrirtækja og einstaklinga. Samhliða þessu starfi er jafnan unnið nokkuð að sjálfstæðum rannsóknum. Á síðustu árum hefir þannig verið unnið að rannsóknum á mósavæðum landsins og gæðum mós, verkun votheys, ástandi vatnsbóla, auk ýmissa smærri verkefna. Efnarannsóknarstofurnar eru búnar öllum almennum tækjum til kemiskra rannsókna, auk mælitækja, sem m. a. eru spektrofotometer, Beckman DU og Beckman B, polorograf, titrator, kalorimeter o. fl.

2) Byggingarefnarannsóknir. Starfsemi þessi er fólgin í hvers konar efnisprófunum, bæði á unnum efnum sem og efnum til byggingaframkvæmda. Þannig eru m. a. framkvæmdar prófanir á efnum til steinsteypugerðar, efnum til framleiðslu á malbiki og vegagerðarefnum. Enn fremur prófanir á framleiðslu, t. d. byggingarsteinum. Af öðrum prófunum má nefna styrkleika- og hörkumælingar á málmum, svo sem stáli, varmaleiðni einangrunarefna o. fl.

Sjálfstæð rannsóknarstarfsemi síðustu ára hefir einkum beint að rannsókn á pozzolaneiginleikum íslenzkra jarðefna. Á síðasta ári var hafin samvinna við húsnæðismálastjórn um margháttaðar athuganir, er miða að endurbótum og bættum rekstri í byggingariðnaðinum. Byggingarefnarannsóknarstofan er búin flestum almennum tækjum til starfsemi sinnar; meðal annars hefir stofan tvær pressur til mælinga. Önnur mælir mest 150 tonn, hin 30

tonn.

3) Jarðfræðirannsóknir. Starfsgrein þessi fæst aðallega við leit og athugun hagnýtra jarðefna, auk þess sem tekin eru til úrlausnar og athugunar frá tæknilegu sjónarmiði ýmis jarðeðlisfræðileg viðfangsefni. Helztu athuganir síðari ára eru þessar: Rannsókn á útbreiðslu, magni og gæðum perlusteins, rannsókn á kísilleir, aðallega í Mývatni, athuganir vegna virkjana við Sog (Írafoss og Efracfall) og mælingar á botnlagi í Reykjavíkurböfn og nágrenni.

4) Gerlarannsóknir. Eina almenna gerlarannsóknarstofa landsins var hluti af iðnaðardeild til ársloka 1960, er stofan var sameinuð starfsemi Fiskifélags Íslands. Iðnaðardeild hefir í undirbúningi að koma á fót biokemiskum og gerlafræðilegum rannsóknum, er starfi fyrir iðnað og landbúnað.

Iðnaðardeildin hefir frá upphafi verið til húsa í byggingu Atvinnudeildar háskólans nema með byggingarefnarannsóknirnar, en þær hafa húsnaði að Lækjarteigi 2. Forstöðumaður deildarinnar er Jóhann Jakobsson efnafræðingur, en starfslið er 11 sérfræðingar, 3 aðstoðarstúlkur og 3 aðstoðarmenn.

XX. Hapdrætti háskólans

Allir Íslendingar þekkja Hapdrætti háskólans og vita, að það er eina peningahapdrætti landsins og rekið á traustum og öruggum viðskiptagrundvelli. Margir hafa orðið fyrir happi í skiptum sínum við það, og ýmsir eiga því fjárhagslega uppreisn sína að þakka. Hitt vita menn síður eða gera sér að minnsta kosti ekki eins ljóst, að allar byggingar háskólans aðrar en stúdentagarðarnir eru reistar fyrir hapdrættisfé, þ. e. ágóðahlut háskólans af rekstri hapdrættisins. Þessu vinsæla fyrirtæki eiga Íslendingar það að þakka, að þeir þurfa nú eigi lengur að bera kinnroða fyrir aðbúnað æðstu menntastofnunar þjóðarinnar. Þvert á móti geta þeir litið til háskólahverfisins með nokkru stolti með þá vitneskju í huga, að það var þjóðin öll, sem reisti það af grunni með viðskiptum sínum við Hapdrætti háskólans á undanförunum áratugum.

Stofnun hapdrættis hér á landi á sér alllangan aðdraganda. Skömmu eftir aldamót var fyrst vakið máls á því á alþingi að setja á stofn hapdrætti, en það náði ekki fram að ganga. Síðan var þetta mál borið fram hvað eftir annað og þá í þeirri mynd, að hapdrættið yrði einkaeign, en greiddi árlega gjald í ríkissjóð. Ætlazt var til, að hlutirnir yrðu að mestu seldir erlendis. Þetta komst aldrei í framkvæmd, enda mætti málið harðri mótspyrnu.

Árið 1925 báru þeir Magnús Jónsson dósent og Sigurjón Jónsson fram nýtt frumvarp til laga um íslenskt ríkishapdrætti. Málið hafði verið mjög rækilega undirbúið, m. a. af erlendum sérfræðingum, fekk líka góðar undirtektir, en varð ekki útrætt á því þingi. En á næsta alþingi, 1926, voru samþykkt lög um hapdrætti, þar sem ætlazt var til, að hlutirnir yrðu að mestu leyti seldir utan lands, og var stjórninni heimilað að veita einstökum mönnum sérleyfi til starfrækslunnar. Stjórnin notaði ekki heimildina, og lá hapdrættismálið síðan í þagnargildi í nokkur ár.

Nú viku sögunni til háskólans. Húsnæðismál hans voru enn óleyst. Enn hárðist skólinn í þröngbýlinu niðri í Alþingishúsi án allra þæginda og nauðsynlegra vaxtarskilyrða. Var þetta kennurum skólans hið mesta áhyggjuefni. Þeir höfðu hvað eftir annað knúið á

dyr ríkisstjórnarinnar um byggingu handa háskólanum, en árangurslaust. Á alþingi 1932 voru loks samþykkt lög um byggingu handa Háskóla Íslands. Var ríkisstjórninni þar heimilað að láta reisa byggingu handa háskólanum á árunum 1934-1940, „og skal verkið framkvæmt eftir því, sem fé er veitt í fjárlögum“. Engin fjárveiting var að svo komnu ætluð til byggingarinnar, og er það varð kunnugt, að ríkisstjórnin taldi sér ekki heldur fært að veita fé til hennar á fjárlögum fyrir árið 1934, leizt forráðamönnum háskólans ekki á blikuna.

Þá var það, sem próf. Alexander Jóhannesson, þáverandi háskólarektor, hóf baráttu sína fyrir þeirri snjöllu hugmynd að fá alþingi til þess að veita háskólanum einkaleyfi til að reka peningahappdrætti hér á landi í því skyni að afla fjár til háskólabyggingar. Boðaði hann til almenns kennarafundar í háskólanum 9. febr. 1933 og skýrði frá þessari hugmynd. Kennarafundurinn féllst þegar einróma á að reyna þessa leið til að hrinda byggingarmáli háskólans í framkvæmd. A háskólaráðsfundi var síðan samþykkt að bera málið fyrir alþingi, og til þess að vinna að málinu með rektor voru kosnir prófessorarnir dr. Magnús Jónsson og dr. Sigurður Nordal. Menntamálanefnd neðri deildar flutti málið inn í þingið, en framsögu hefði Magnús Jónsson prófessor. Svo fór, að málið hlaut almennt fylgi meðal þingmanna, og hinn 3. maí 1933 voru lög um stofnun happdrættis fyrir Ísland afgreidd á alþingi og fengu konungsstaðfestingu 19. júní sama ár, lög nr. 44, 19. júní 1933. Er ráðuneytinu þar heimilað að veita Háskóla Íslands einkaleyfi til stofnunar íslenzks happdrættis með nánar tilteknum skilyrðum. Segir þar m. a., að einkaleyfið megi veita til 10 ára frá 1. jan. 1934 að telja, „og skal ágóðanum varið til þess að reisa hús handa háskólanum, enda greiði leyfishafi í ríkissjóð 20% af nettóársarði í einkaleyfisgjald“. Reglugerð fyrir happdrættið var staðfest af stjórnarráðinu 26. sept. 1933. Eru löginn og reglugerðin prentuð í Árb. hásk. 1932-33, bls. 56-62.

Löginn um happdrætti háskólans voru í öllum aðaldráttum sniðin eftir lögnum um ríkishappdrætti frá 1926. Nokkrar breytingar voru þó gerðar. Var sú breyting mjög til bóta, sem menntamálanefnd neðri deildar gerði, að vinningar í happdrættinu skyldu vera undanþegnir tekjuskatti og aukaútsvari á því ári, sem þeir falla til.

Sama verður ekki sagt um þá breytingu, sem fjárveitinganefnd neðri deildar kom inn í lögin, að greiða skyldi í ríkissjóð 20% af nettóarði árlega í einkaleyfisgjald. Þetta ákvæði hefði verið skiljanlegt, ef leyfishafi hefði verið ríkissjóði óviðkomandi. En þar sem allur arður fyrirtækisins átti að ganga beint til þess að inna af hendi lögákveðið ætlunarverk ríkissjóðs, honum að kostnaðarlausu, var hér um lítt skiljanlega ásælni að ræða. Þetta hlálega ákvæði hefir ekki enn fengizt numið úr gildi.

Þegar sýnt var, að happdrættismálið næði fram að ganga, þurfti að hafa hraðan á um margs konar undirbúning, því að engin reynsla var fyrir hendi um rekstur peningahappdrættis hér á landi. Háskólaráð kaus í fyrstu stjórn fyrirtækisins prófessorana Alexander Jóhannesson, Bjarna Benediktsson og Magnús Jónsson, en Pétur Sigurðsson háskólaritari var ráðinn framkvæmdastjóri, sem hann hefir verið síðan. Fór hann utan til þess að kynnast fyrirkomulagi erlendra happdrætta. Hann samdi síðan reglugerð fyrir happdrættið, en happdrættisstjórn og hann önnuðust ráðningu starfsmanna í skrifstofu og umboðsmanna um land allt. Fjármálaráðuneytið skipaði happdrættisráð, eins og lögin gera ráð fyrir, en það er skipað 5 mönnum, sem hafa af opinberri hálfu eftirlit með því, að í starfsemi happdrættisins sé farið eftir öllum fyrirmælum laga og reglugerðar, m. a., að dráttur fari fram eftir réttum reglum. Var allur nauðsynlegur undirbúningur framkvæmdur síðara hluta árs 1933, og tók happdrættið til starfa 1. jan. 1934.

Happdrætti háskólans er flokkahappdrætti, sem svo er kallað. Einkenni þess er það, að vinningarnir eru ekki dregnir út í einu lagi, heldur í flokkum með ákveðinni tölu og ákveðnu millibili. Þá er það og einkenni flokkahappdrættis, að vinningum er ekki skipt jafnt milli flokkanna, heldur eru þeir fæstir og minnstir í fyrsta flokki, en langflestir og stærstir í síðasta flokki. Þetta veldur því, að flokkahappdrættið verður að nokkurs konar áframhaldandi viðskiptum, föstu viðskiptakerfi, þar til öllum flokkum er lokið. Happdrætti háskólans hafði framan af 10 flokka á ári og var dregið í fyrsta sinn 10. marz 1934, en síðan 1946 eru flokkarnir 12 á ári, dregið fyrst 15. janúar, en síðan 10. hvers mánaðar eða næsta virkan dag, ef sá er helgur.

Í upphafi voru á boðstólum 25.000 númer. Var sumum númerum skipt í 2 eða 4 hluta (hálfmiða, fjórðungsmiða), svo að hægt væri að eignast hluta af númeri. Verð heilmiða var 6 kr. á mánuði, en hæsti vinningur 50.000 kr. Nú eru þessar tölur allar aðrar og sýna glögg bæði vöxt happdrættisins og verðfall peninganna. Nú eru á boðstólum 60.000 númer, verð heilmiða er 60 kr. á mánuði, en hæstu vinningar 500.000 kr., og eru þeir tveir á ári. Til samanburðar má geta þess, að lægsti vinningur var framan af 100 kr., en hefir síðan 1957 verið 1000 kr.

Happdrætti háskólans hefir jafnan greitt viðskiptamönnum sínum í vinninga 70% af andvirði seldra miða, og er það óvenjulega há hlutfallstala, miðað við það, sem tíðkast í nálægum löndum. Frá því happdrættið var stofnað og til ársloka 1960 hefur það greitt samtals í vinninga kr. 115.366.285,00. Þá greiðir happdrættið umboðsmönnum sínum í sölulaun 7% . eru þá eftir 23%, sem verða að standa undir öllum kostnaði fyrirtækisins og skila arði. En af rekstrarhagnaðinum greiðir happdrættið 20% sem sérleyfisgjald í ríkissjóð, og má geta þess, að það er eina happdrættið hér á landi, sem þannig er skattlagt. Hluti háskólans af hagnaði happdrættisins frá byrjun til ársloka 1960 nemur alls kr. 21.954.550,64 en hluti ríkissjóðs kr. 5.488.637,66. Gengur hann til rekstrar Atvinnudeildar háskólans.

Sérleyfi háskólans til happdrættisrekstrar rann fyrst út hinn 1. jan. 1944, en var þá framlengt til þriggja ára, eða til 1. jan. 1947. Því næst var það framlengt um 13 ár eða til 1. jan. 1960 og nú síðast um 15 ár eða til 1. jan. 1975.

Stjórn happdrættisins er skipuð þremur mönnum úr hópi prófessora háskólans, og hafa þessir menn átt sæti í henni: dr. Alexander Jóhannesson frá því happdrættið tók til starfa og formaður fyrstu árin, 1933-1940; dr. Magnús Jónsson 1933-1950, formaður 1940-1943; Bjarni Benediktsson 1933-1946, formaður 1944-1946; dr. Ólafur Lárusson formaður 1947-1956; dr. Ásmundur Guðmundsson 1951-1953; Sigurbjörn Einarsson 1954-1959; Ármann Snævarr formaður síðan 1957; dr. Þorkell Jóhannesson 1960 og dr. Þórir Kr. Þórðarson 1961. Eins og áður var getið, hefir Pétur Sigurðsson háskólaritari verið framkvæmdastjóri happdrættisins frá upphafi, en fyrstu starfsmenn á skrifstofunni voru þeir Sigurður

Jónsson flugmaður og Jörgen Hansen, sem síðar varð skrifstofustjóri og vann við happdrættið til dauðadags 1957. Núverandi skrifstofustjóri er Páll H. Pálsson, en gjaldkeri Jón G. Jónsson. Auk þeirra vinna að staðaldri við happdrættið 4 skrifstofustúlkur og einn skrifstofumaður.

Og hver er svo árangurinn af starfsemi Happdrættis háskólans? Hann blasir við allra augum í hallanum austan Melavegar og sunnan Hringbrautar í höfuðstaðnum, þar sem byggingar háskólahverfisins rísa í fögru umhverfi og draga að sér athygli vegfarenda. Þau hús, sem þar hafa verið reist fyrir happdrættisfé, eru Atvinnudeild háskólans, Háskóli Íslands ásamt ýmsum rannsóknarstofnunum, sem þar eru til húsa og Íþróttahús háskólans ásamt kennslu- og tilraunastofnun fyrir eðlisfræði og efnafræði. Einnig var skipulagning og lagfæring háskólalóðarinnar kostuð af fé happdrættisins og húsnæði handa náttúrugripasafninu keypt til bráðabirgða í stórhýsinu nr. 105 við Laugaveg. Því fer þó fjarri, að byggingarþörf háskólans sé enn fullnægt. Næstu aðkallandi verkefni eru að reisa sérstakt hús fyrir læknadeildina og fyrir náttúrugripasafn ríkisins, enn fremur nýjan stúdentagarð og félagsheimili stúdenta. Happdrætti háskólans mun því enn um langan aldur hafa miklu hlutverki að gegna: að byggja yfir háskólann og starfsemi hans. Enginn getur sagt fyrir, hve langan tíma það tekur, því að ætíð koma í ljós nýjar þarfir, meðan háskólinn er í eðlilegum vexti og vill fylgjast með kröfum tímans.

XXI. Byggingarmál háskólans

Húsnæði það, er hinn nýstofnaði Háskóli Íslands fekk til umráða haustið 1911 á neðri hæð Alþingishússins, var vitaskuld mjög ófullnægjandi, enda ætlað aðeins til bráðabirgða. Sú varð þó raunin á, að það varð samastaður háskólans í 29 ár. Á þeim tíma óx tala stúdenta úr 45 veturinn 1911-12 upp í 227 veturinn 1939-40. Hafi því verið þröngt um skólann í fyrstu, má fara nærri um, hvernig það hefir verið síðustu árin. En á öðru starfsári háskólans lýsir þáverandi háskólarektor, prófessor Guðmundur Magnússon, húsakosti læknadeildar á þessa leið: „Læknadeildin hefir að undanfögnu leigt húsið nr. 25 í Þingholtsstræti og haft þar tvær kennslustofur, tvö smáherbergi fyrir söfn og þrjár stofur fyrir ókeypis læknishjálp háskólans. Síðastliðið vor var húsnæði þessu sagt upp, og flutti þá deildin í húsnæði háskólans í Alþingishúsinu. Hún hefir fengið þar tvær góðar kennslustofur til afnota og þrjú smærri herbergi fyrir söfnin. Jafnframt hefir stjórnin fengið deildinni húsnæði í nr. 22 í Austurstræti á mjög hentugum stað í bænum fyrir ókeypis læknishjálp. Undanfarið hefir deildin átt við mjög léleg húsakynni að búa. Önnur kennslustofan var 4.35 stíkur á hvern veg, hin 5 stíkur á lengd og 4.35 stíkur á breidd, en hæð undir loft á stofunum var 2.93 stíkur. Í sömu stofunni varð stundum að kenna 20 stúdentum í senn. Borð og bekkir voru svo lélegir, að tæpast þættu boðlegir í lélegasta barnaskóla, ljósið lítilfjörlegur steinolíulampi. Nú hefir þetta stórum breytt til batnaðar, og húsakynnin eru nú að mörgu leyti ágæt, það sem þau ná, en aftur fyrirsjáanlegt, að þau verða of lítil, er til lengdar lætur.“

Það kom auðvitað fljótt á daginn, að aftur þröngdist um í læknadeild, eins og bezt má sjá af því, að veturinn 1916-17 voru flestar bækur og tímarit deildarinnar send til geymslu í landsbókasafnið, jafnóðum og þær komu, vegna örðugleika með húsnæði fyrir þau í háskólanum sjálfum. Um hinar háskóladeildirnar er það að segja, að þær höfðu hver um sig eina kennslustofu, og þar voru jafnframt geymd bókasöfn deildanna. Athvarf stúdenta utan kennslustunda var gangurinn, sem var

almenningur og örtröð, einkum um þingtímann.

Á fundi háskólaráðs 24. marz 1917 vakti rektor, próf. Haraldur Nielsson, máls á því, að húsnæði háskólans væri ófullnægjandi, einkum er frá liði, og auk þess bæri brýna nauðsyn til að sjá stúdentum fyrir boðlegum samkomustað. Kosin var nefnd til þess að athuga málið, og voru ásamt rektor kjörnir í hana prófessorarnir Guðmundur Hannesson og dr. Ágúst H. Bjarnason. Fróðlegt er nú að athuga, hvað efst var á baugi hjá kennurum háskólans í byggingarmálum á þessum tíma, og skulu því teknar hér upp tillögur nefndarinnar, er bornar voru fram í háskólaráði og samþykktar þar.

Nefndin lagði það til í fyrsta lagi, að bráðnauðsynlegt væri að tryggja alþingi og háskólanum lóð þá, sem Góðtemplarahúsið er byggt á. Lóð þessa taldi nefndin mjög vel fallna til að reisa þar stúdentahemili fyrir 40-50 stúdentu, en brýn þörf væri að koma slíku heimili upp svo fljótt sem ástæður leyfðu. Í öðru lagi taldi nefndin óhjákvæmilegt, meðan bygging stúdentahemilis kæmist ekki í framkvæmd, að háskólinn fengi tvær hæðir til afnota í húsi, er kynni að verða reist á lóð Halldórs heitins Friðrikssonar. Væri þá ætlazt til, að stúdentar fengju aðra hæðina til umráða, en á hinni yrði meðal annars ókeypis lækningu háskólans ætlað húsrúm. Loks vildi nefndin leggja til við alþingi, að stúdentar fengju þó að minnsta kosti veitingastofu þingsins, Kringlu, til afnota milli þinga, meðan ekki yrði úr ofangreindum framkvæmdum.

Nefndin fekk síðan Guðjón Samúelsson húsameistara til þess að gera uppdrætti að þessum fyrirhuguðu húsum, er sýndu, hversu nota mætti lóðir góðtemplara og Halldórs heitins Friðrikssonar. Síðan skrifaði nefndin fjárveitinganefndum alþingis rækilega greinargerð með tillögum sínum og sendi með því uppdrætti Guðjóns Samúelssonar. Í bréfinu leggur nefndin aðaláherzlu á tvennt: húsnæði fyrir kennsluna og húsnæði fyrir stúdentu. Um kennsluhúsnæðið segir m. a.: „Nú er það af svo skornum skammti, að bersýnilega er slíkt ekki til frambúðar. Meðal annars er brýn þörf fyrir eina stóra kennslustofu, þegar haldnir eru fyrirlestrar um sögu Íslands eða önnur fræði, sem margir hlýða á. Bækur og önnur söfn háskólans hafa nálega ekkert húsnæði sem stendur. Þá verður ekki sagt, að húsnæði fyrir ókeypis lækningar, Röntgenstofnun og

rannsóknarstofu fyrir líffærameinfræði sé til frambúðar. Er þetta aðeins nefnt sem dæmi.“

Því næst ræðir nefndin um háskólabyggingu og segir þar meðal annars: „Það mun hafa vakað fyrir flestum, er háskólinn var stofnaður, að komið yrði upp sérstakri háskólabyggingu, áður en langir tímar liðu, og hafði henni verið ætlað húsnaði á Arnarhóli. Sérstök atvik voru þess valdandi, að Rögnvaldur heitinn Ólafsson gerði uppdrátt af fyrirhugaðri háskólabyggingu, sem ætlazt var til, að stæði á Arnarhóli. Það kom þá í ljós, að slík bygging, ef hún átti að verða bæði sómasamlega útlítandi og svo stór, að til frambúðar væri, hlyti að verða bæði furðu stór og mjög dýr, enda er slíkt ekki að undra eftir því húsrúmi, sem slíkar stofnanir erlendis þurfa. Þessi athugun á húsbyggingarmálinu varð því öllu frekar til þess að sannfæra oss um, að æskilegt væri af fjárhagslegum ástæðum að komast hjá, fyrstu áratugi að minnsta kosti, að byggja sérstakt hús fyrir háskólann, nema því aðeins, að svo kynni að vilja til, að honum áskotnist fé að gjöf í þessu augnamiði. Það er eigi aðeins að ræða um stórfé til þess að koma byggingunni upp, heldur hlyti slík bygging, hirðing hennar, upphitun og þvítíkt að kosta mikið á ári hverju.“

Uppdrættir Guðjóns Samúelssonar voru festir upp í lestrarstofu þingmanna, Hlaðbúð, og voru þar til sýnis allan þingtímann.

Það verður ekki sagt, að nefndin væri kröfuhörð fyrir hönd háskólans. Enda varð eini árangurinn af tillögum hennar sá, að stúdentum voru leyfð afnot af Kringlu milli þinga.

Nú liðu tímar fram. Við og við lét háskólinn til sín heyra á hærri stöðum út af húsnaðismálum sínum. Árið 1920 skoraði háskólaráð með bréfi á ríkisstjórn og alþingi að tryggja háskólanum sem fyrst hæfilega lóð undir háskólabyggingu og stúdentaheimili og að byggingar þessar yrðu teknar í tölu þeirra bygginga, sem ráðgerðar eru í lögum um húsagerð ríkisins. Þessi málaleitun bar engan árangur. Árið 1925 fól háskólaráð þáverandi rektor, próf. Magnúsi Jónssyni, að tjá forsætisráðherra, að til vandræða horfði um húsnaði háskólans. Kennslustofur væru orðnar of fáar, húsnaði vantaði mjög tilfinnanlega til handbókasafns háskóladeildanna og fyrir bókaþjafir þær, sem háskólanum bærust. Forsætisráðherra lét sér skiljast nauðsyn háskólans í þessu efni, en úrlausn fekkst engin, nema hvað bætt var eitthvað úr húsnaði rannsóknarstofu læknadeildar.

Árið 1928 lýsir þáverandi háskólarektor, próf. Ágúst H. Bjarnason, húsnæðisástandi skólans með ljósum orðum í setningarræðu sinni og segir þar svo: „Þá er annað, sem mjög hefir bagað háskólann og bagar hann æ meir og meir, eftir því sem lengra líður, og það er húsnæðisleysið. Dæmi eru til þess, að nemendur úr læknadeild, sem eins og kunnugt er, er fjölmennasta deild háskólans, hafa orðið að hlýða á kennslu í kytru nokkurri hér í háskálanum, sem frekar líkist forstofu en stofu, og flestir þó standandi, af því að engin voru til sætin handa þeim, enda ekkert rúm fyrir þau. Tvær kennslustofur háskólans eru nú alsettar bókum með öllum veggjum og svo lítið pláss fyrir bækur þær, sem háskólanum berast, að þær liggja í haugum uppi á háalofti þinghússins og raunar víðar. Þó er einna verst farið með rannsóknarstofur háskólans; svo ónógt og illt er húsrúm það, sem þær hafa, að ekki er lengur við unandi. - - Á nú að sögn að koma efnafræðikennslunni fyrir í hinu svonefnda „fjósí“ Menntaskólans, en það má tæpast heita viðunandi og þvínær heilsuspillandi, eftir því sem reynsla undanfarandi ára hefir sýnt. Svo er nú húsrúm það, sem háskólinn ræður yfir, ónógt og takmarkað á allar lundir, að maður tali ekki um það, að ekki er unnt að halda lengur sæmilega vel sóttan fyrirlestur í háskólanum án þess að flýja eitthvað út í bæ með hann. Væri því vel, ef þing og stjórn vildi fara að hugsa háskólanum fyrir betra og rífara húsnæði en hann hefir haft yfir að ráða hingað til. Fyrir rannsóknarstofur sínar þyrfti hann, ef vel ætti að vera, allt að því helmingi stærra húsnæði en hann nú hefir; fyrir bókasöfn sín og kennsluáhöld þó nokkrar stofur og lestrarsal; fyrir fjölsóttustu fyrirlestra sína einn stóran fyrirlestrasal að minnsta kosti, og raunar margt annað fleira, ef lítið er á annað en brýnustu nauðsyn hans.“

Ef til vill hefur enginn lýst ástandinu í húsnæðismálum háskólans á þessu tímabili á snjallara og einfaldara hátt en Ólafur Rósenkranz háskólaritari: „Þar er ekki pláss fyrir eldspýtustokk“, sagði hann.

Ástandið í húsnæðismálum háskólans batnaði ekki á næstu árum, enda óhægt að koma neinum teljandi umbótum við í því húsnæði, sem skólanum var ætlað. En sú var þó bót í máli, að upp úr þessu fór þó heldur að rofa til og ofurlítill hreyfing að komast á undirbúning háskólabyggingar. Má fyrst og fremst þakka það forgöngu Jónasar Jónssonar þáverandi menntamálaráðherra auk háskólakennaranna

sjálfra, sem létu vitanlega ekki á sér standa að leggja það fram, er í þeirra valdi stóð, til þess að flýta fyrir málinu.

Það er þá fyrst til tíðinda að telja, að í nóvember 1928 tók háskólaráð húsnæðisvandræði háskólans til umræðu. Taldi það húsnæði það, sem háskólinn átti við að búa, alls kostar óviðunandi. Það vildi því, að lóð handa fyrirhugaðri háskólabyggingu yrði ákveðin svo fljótt sem unnt væri, uppdráttur gerður og húsið reist svo fljótt sem kostur væri á. Benti háskólaráð á þann möguleika, að lögð yrði til hliðar árleg fjárhæð til háskólabyggingar, ef fjárveitingavaldinu þætti ekki fært að reisa hana með öðrum hætti. En þangað til bæti stjórn og þing úr brýnustu þörfum með því að sjá háskólanum fyrir bráðabirgðahúsnæði.

Í ársbyrjun 1929 barst háskólaráði bréf frá menntamálaráðherra í tilefni af tillögum ráðsins og var háskólamálið rætt þar af skilningi og áhuga. Taldi ráðherra tíma til kominn að fara að hefja undirbúning. Benti hann á, að fyrst af öllu þyrfti háskólinn að tryggja sér lóð frá Reykjavíkurbæ og nefndi til lóð frá Skólavörðutorgi suður að Hringbraut, en um þær mundir var mjög rætt um þann stað sem háskólahverfi í framtíðinni. Taldi hann nauðsynlegt, að bærinn legði til lóðina endurgjaldslaust. Enn fremur þyrftu einstakar háskóladeildir að lýsa húsnæðisþörfum sínum o. s. frv. Háskólaráð brá skjótt við. Það sneri sér til bæjarstjórnar um lóð undir væntanlegt háskólahús og til deildanna um tillögur.

Frá bæjarstjórninni kom ekkert svar að sinni, en fasteignanefnd bæjarins afgreiddi lóðarbeiðnina fyrir sitt leyti með svofelldri bókun: „Nefndin telur rétt, að háskólanum sé ætlað svæðið milli Skólavörðustígs og Barónsstígs fyrir norðan stúdentagarðinn, og mun það vera ca. 1 hektari að stærð, en gerir að svo stöddu ekki tillögu um afhendingu landsins.“ Háskóladeildirnar lýstu þörfum sínum, eins og til var ætlazt, og háskólaráð bætti því við, sem þurfa þótti, svo sem herbergi fyrir háskólaráð, kennarastofu, íbúð fyrir háskólaritara og umsjónarmann o. fl. Afgreiddi rektor síðan málið í hendur ráðherra með bréfi dags. 16. apríl 1929, en háskólaráð áskildi sér að vera með í ráðum um væntanlega teikningu að háskólabyggingunni og allan annan undirbúning.

Næsti áfangi í þessu máli var svo sá, að á alþingi 1930 bar menntamálaráðherra fram frumvarp til laga um byggingu fyrir

Háskóla Íslands. Er þar farið fram á heimild handa ríkisstjórninni til þess að reisa háskólahús á árunum 1934-40 á lóð þeirri við Skólavörðutorg, sem skipulagsnefnd Reykjavíkur hafði valið háskólanum í því skyni. Aðalhúsið átti að kosta allt að 600 þúsund kr. Skilyrði fyrir því, að ríkissjóður legði fram fé til byggingarinnar samkvæmt frumvarpinu, var það, að Reykjavíkurbær gæfi háskólanum til sérkvaðalausra afnota um aldur og ævi landsneið frá Skólavörðutorgi milli lóðar landsspítalans og væntanlegs íþróttavallar niður að Hringbraut og 5 hektara af landi neðanvert við Hringbraut í áframhaldi af byggingarlóð háskólans.

Nefnd, sem fekk málið til meðferðar á alþingi, vísaði því til umsagnar borgarstjórans í Reykjavík, Knud Zimsens, vegna skilyrðanna í frumvarpinu um hina stóru og verðmætu lóð, sem bærinn átti að leggja til. Borgarstjóri átti fund með háskólaráði og svaraði síðan nefndinni hinn 29. marz 1930 með löngu og rækilegu bréfi um lóðarmálið. Sýndi hann fram á, að lóðin, sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu, sé mjög óhentug fyrir háskólann. Hún skerist í þrjá parta af götum, sé brött og víðast grýtt og erfið til ræktunar. Hún sé bænum mjög gagnleg og þegar sé búið að ætla þar stað fyrir skólahús á vegum bæjarins. Bæjarstjórnin sjái sér því ekki fært að láta lóð þessa af hendi. En borgarstjórinn skildi ekki við lóðarmálið óleyst. Þvert á móti kemur hann með nýja tillögu um lóð handa háskólanum, og er það atriði hið merkasta af því, sem gerðist í þessari sóknarlotu. Sá kafli úr bréfi borgarstjórans er á þessa leið:

„Ég hefi því reynt að koma auga á einhvern annan stað, þar sem háskólinn gæti verið vel settur í borginni og þar sem nægilega stórt landrými væri til að færa út kvíarnar eftir þörfum, og leyfi ég mér að benda á svæðið austan við Suðurgötu, gegnt íþróttavellinum á Melunum, en sunnan við Hringbraut. Þar hagar svo til, að Reykjavíkurbær á land allt næst fyrir austan Suðurgötu, en þar fyrir neðan taka við erfðafestulönd, kálgarðar og tún. Á þessum stað er mögulegt að ætla jafnvel allt að 16.5 hektara stórt samfellt land til þarfa háskólans, og meginíð af því, sem er ræktað land, þyrfti ekki að kaupa fyrr en háskólinn hefði þess þörf. Aðalbyggingin mundi verða reist efst í landinu, nálægt Suðurgötu, á lóð bæjarins, og öll lóðin yrði ein heild, suður og austur frá byggingunni“.

Með þessari tillögu borgarstjóra var lausnarorðið sagt í

lóðarmálum háskólans. Allir, sem hlut áttu að máli, háskólaráð, ráðherra og menntamálanefnd voru á einu máli um hinn nýja stað fyrir háskólann. Engum mun nú blandast hugur um það, að naumast varð á betri stað kosið fyrir allra hluta sakir. Frumvarpinu um háskólabyggingu var nú breytt til samræmis við hið nýja viðhorf. Hlaut það samþykki efrideildar, en var ekki tekið til umræðu í neðrideild. Á þinginu 1931 bar menntamálaráðherra frumvarpið fram aftur með lítils háttar breytingum. Var það þá enn samþykkt í efrideild, en dagaði uppi í neðrideild. Enn bar sami ráðherra frumvarpið fram á alþingi 1932, og var það þá afgreitt sem lög nr. 31, 30. apríl.

Þar sem löggin um byggingu fyrir Háskóla Íslands eru einn af merkisteinunum í sögu háskólans, skulu þau hér orðrétt upp tekin:

„1. gr. Á árunum 1934-1940 er landstjórninni heimilt að láta reisa byggingu fyrir Háskóla Íslands. Höfuðbyggingin má kosta allt að 600 þúsundum króna, og skal verkið framkvæmt eftir því, sem fé er veitt í fjárlögum. Svo skal hagað byggingunni, að taka megi nokkurn hluta hússins til afnota fyrir háskólann, þótt byggingin sé ekki fullger.

2. gr. Skilyrði fyrir því, að ríkissjóður leggi fram fé til háskólabyggingar samkvæmt 1. gr., er það, að samkomulag náist við bæjarstjórn Reykjavíkur um, að Reykjavíkurbær gefi háskólanum til kvaðalausrar eignar 8-10 hektara af landi á þeim stað, sem kennslumálaráðherra og háskólaráði þykir hentugt.

3. gr. Landsstjórninni heimilast að ætla húsrúm fyrir kennslu í uppeldisvísindum í væntanlegri háskólabyggingu og að ætla svæði undir heimavistarhús fyrir kennaraefni á þeim hluta lóðarinnar, sem ætlaður verður fyrir sjálfstæðar smábyggingar.

Leita skal samninga við bæjarstjórn Reykjavíkur um vatn úr hitaveitu bæjarins til þess að hita höfuðbygginguna og væntanlegan stúdentabústað.“

Að vísu var björninn ekki unninn með lagasetningu þessari. Fé til byggingar var ekki handbært, og ríkisstjórnin sá sér ekki fært að ætla neitt til hennar á fjárlögum næstu árin. En þá var háskólinn svo lánsamur að eiga innan sinna vébanda mann, sem hafði dugnað og forustuhæfileika til þess að leysa vandann. Sá maður var próf. Alexander Jóhannesson, þáverandi háskólarektor. Er áður sagt frá

forgöngu hans um stofnun Happdrættis háskólans, sem tók til starfa 1. janúar 1934, en fyrir ágóðann af happdrættinu hafa byggingar háskólans verið reistar. Hér skal engu spáð um það, hvernig byggingarmálum háskólans hefði reitt af, ef happdrættisins hefði ekki notið við. Óhætt mun þó að fullyrða, að framkvæmdir hefðu dregizt enn um nokkur ár, en afleiðingin af því hefði orðið sú, að þær hefðu lent í dýrtíðarflóði styrjaldaráranna og kostnaðurinn við þær margfaldast.

Háskólalóðin var fengin háskólanum til formlegrar eignar með gjafabréfi Reykjavíkurbæjar 21. febr. 1936. Fyrsta húsið í háskólahverfinu var þá risið á lóðinni, stúdentagarðurinn, sem nú heitir Gamli-Garður, en næsta fullgerða byggingin var hús Atvinnudeildar háskólans.

Þrír eru þeir menn, sem áttu drýgstan þátt í því að þoka byggingarmálum háskólans áleiðis og hrinda þeim í framkvæmd á farsællegan hátt: Jónas Jónsson, sem gekkst fyrir lögunum um byggingu háskólans, Knud Zimsen, sem valdi háskólanum stað, og Alexander Jóhannesson, sem leysti þann vanda að afla fjár til byggingarinnar.

Háskólabyggingin

Hinn 10. maí 1934 boðaði rektor til almenns fundar háskólakennara um byggingarmál háskólans. Skýrði hann þar frá góðum horfum um ágóða af happdrættinu og taldi sjálfsagt að hefja þá þegar undirbúning að háskólabyggingu. Fékk það mál góðar undirtektir og þótti einsýnt að hefjast þegar handa. Á fundi háskólaráðs 16. s. m. var samþykkt með öllum atkvæðum svofelld tillaga:

„Háskólaráðið ályktar að fengnu álit almenns kennarafundar að fela umráð og umsjón með byggingarmáli háskólans 5 manna nefnd, sem starfi þangað til háskólabyggingin er fullgerð. Formaður nefndarinnar sé kosinn af öllum prófessorum háskólans, en síðan kjósi hver hinna 4 háskóladeilda sinn fulltrúa í nefndina. Nefndarmenn fái sanngjarna þóknun fyrir störf sín eftir samkomulagi við háskólaráð. Nú gengur maður úr nefndinni, og skal þá eftirmaður hans kosinn á sama hátt og áður er sagt. Jafnframt

beinir háskólaráð þeim tilmælum til deildanna, að þær hafi komið fram með bráðabirgðakröfur sínar um húsnæði í væntanlegri háskólabyggingu eigi síðar en 17. júní n.k.“

Í byggingarnefndina voru kosnir prófessorarnir Alexander Jóhannesson, er var formaður nefndarinnar alla tíð, Magnús Jónsson, Guðmundur Hannesson, Ólafur Lárusson og Sigurður Nordal. Sú breyting varð á nefndinni, að er Guðmundur Hannesson lét af embætti fyrir aldurs sakir, kom próf. Jón Steffensen í nefndina. Guðmundur sat þó áfram fundi nefndarinnar samkvæmt óskum hennar vegna áhuga hans og þekkingar á byggingarmálum. Nefnd þessi annaðist allan undirbúning byggingarinnar, fjárreiður hennar og annað, sem þurfti. Þegar háskólinn var vígður, hafði byggingarnefndin haldið 100 fundi, en síðasti fundur hennar var haldinn 26. júní 1940, skömmu eftir vígsluna.

Eitt af fyrstu verkum nefndarinnar var að ráða húsameistara ríkisins, próf. Guðjón Samúelsson, til þess að gera uppdrætti að húsinu. Fór hann tvívegis utan ásamt formanni nefndarinnar, 1935 og 1937, og heimsóttu þeir nýjar háskólabyggingar í Osló og Árósum, Köln í Þýzkalandi og Bern í Sviss og viðudu að sér miklu efni frá ýmsum háskólum í Evrópu og Ameríku til athugunar og samanburðar.

Byrjað var að grafa fyrir grunni háskólabyggingarinnar 15. ágúst 1936, og unnu stúdentar að því verki. Hinn 1. desember sama ár var lagður hornsteinn hússins, þ. e. blýhylki með öllum uppdráttum og greinargerð um byggingu hússins var múrað inn í kjallaravegginn, en steypu kjallarans var þá langt komið. Greinargerðin er prentuð í Árbók háskólans 1936-'37, bls. 14-16. Próf. Níels Dungal var þá rektor háskólans.

Um vorið 1937 var byrjað að steypa alla bygginguna, og varð hún fokheld fyrir árslok sama árs. Síðan var verkinu haldið sleitulaust áfram og þá mest eftir að styrjöldin skall á. Var þá um tvo kosti að velja að leggja árar í bát um óákveðinn tíma eða fullgera húsið eins fljótt og auðið væri. Var byggingarnefndin á einu máli um að velja síðara kostinn og taka lán til að ljúka verkinu. Tíminn leiddi fljótt í ljós, að það var vel ráðið.

Á þeim árum, sem bygging háskólans stóð yfir, voru hér á landi miklir krepputímar og erfiðleikar á útvegum lánsfjár. Hver króna var

dýrmæt og torgæt. Hagnaðurinn af happdrættinu nam ekki hálfri milljón króna alls, er byggingin var hafin, og þar kom, að fé þraut og leita varð eftir lántökum. Þótt lánsfé lægi síður en svo á lausu, heppnaðist jafnan að ráða fram úr vandanum, og gekk formaður byggingarnefndar, próf. Alexander Jóhannesson, bezt fram í því. Það var eins og hann hefði sagnaranda, er vísaði honum þangað, sem einhver fjárvon var. Einn nefndarmanna hefir sagt þeim, er þetta ritar, að einu sinni hafi próf. Alexander hlotið ósvikið lófaklapp meðnefndarmanna sinna, er hann skýrði þeim frá óvæntu láni, sem honum hafði tekizt að útvega. En svo var mál með vexti, að oddviti í nálægum hreppi austur í Árnassýslu hafði undir höndum sjóð nokkurn, sem lá á vöxtum ónotaður. Alexander hafði pata af þessu, fann oddvita að máli og fékk sjóðinn að láni, en það voru 10 þúsund krónur. Er þetta nefnt hér sem dæmi um þá örðugleika, sem byggingarnefndin átti stundum við að etja, og hvernig hún vann að hlutverki sínu með dugnaði og lifandi áhuga.

Háskólabyggingin var eitt stærsta hús á Íslandi og vönduð sem bezt að allri smíð og frágangi. Vegna erfiðleika á innflutningi erlends byggingarefnis voru ýmsar nýjungar upp teknar við bygginguna um notkun innlendra efna. Þykir vel við eiga að taka hér upp kafla úr ræðu formanns byggingarnefndar og jafnframt þáverandi háskólarektors, próf. Alexanders Jóhannessonar, er hann flutti við vígslu háskólabyggingarinnar, þar sem húsinu er að þessu leyti nánar lýst. Þar segir svo: „Skal nú farið nokkrum orðum um bygginguna sjálfa. Er hún 73 metrar að lengd og að rúmmáli 21770 teningsmetrar. - - En vert er að minnast á, að gerðar hafa verið allmargar tilraunir með íslenzkt byggingarefni, einkum við skreyting hússins, og má líta þannig á, að með byggingu þessari skapist tímamót í sögu íslenzkrar byggingarlistar, ekki aðeins vegna þess að hús þetta mun vera veglegasta bygging landsins, heldur einnig vegna hagnýtingar þeirrar á íslenzku byggingarefni, er ég gat um og nú skal nokkru nánar lýst. Veggir í anddyri byggingarinnar eru þaktir hellum, er gerðar eru úr skeljum, er muldar hafa verið og blandaðar steinlími, en síðar steypar í mótum og fagaðar. Hvelfing anddyris er gerð úr silfurbergi, sem hefir verið hlaðið og lagt eins og tiglaskraut, og glitrar hvelfingin öll í ljósbroti í hæfilegri birtu. En loftið utan um hvelfinguna er lagt hrafntinumolum á bláleitum

grunni. Anddyri hátíðasals er lagt brúnum hellum, og eru þær steiptar úr rauðu líparíti og síðan fágaðar. Gólf í anddyri byggingarinnar er þakið hellum úr íslenskum grásteini og sömuleiðis stigar úr anddyri, og hefir grásteinn þessi verið sagaður í vélum og síðan fágaður og olíuborinn. En allt efni í þrep á bakstigum og víðar hefir verið gert úr ýmsum íslenskum steintegundum. Altari og hliðarbríkur í kapellu eru gerðar úr silfurbergssteypu og steinlími, sem fágað hefir verið. En efri brún altaris er lögð silfurbergskristöllum, er hlaðnir hafa verið og gulllagðir á innhlið. Allt, sem nú hefur verið nefnt, hefir verið gert í fyrsta sinn hér á landi. Sama gildir um súlurnar milli glugga miðhluta byggingarinnar að utanverðu og einnig gaflglugga; eru þær lagðar hellum úr silfurbergi, er blandað hefir verið steinlími og síðan fágað. Enn fremur eru grænu hellurnar utan um aðaldyr alger nýjung; eru þær gerðar úr grænu líparíti, er blandað hefir verið finmulinni hrafntinnu. Loks er vert að geta þess, að öll utanhúðun byggingarinnar er gerð úr kvarzi samkvæmt aðferð húsameistara, og hefir hún mjög rutt sér til rúms hin síðari ár.“

Í háskólabyggingunni eru 11 kennslustofur, hátíðasalur með 216 sætum, lestrarborð í bókasafni fyrir 40 manns, bókageymsla, sem rúmar 180 þús. bindi, kapella fyrir guðfræðideild, 18 lítil vinnuherbergi fyrir háskólakennara (voru upphaflega 15), herbergi fyrir rektor, biðstofa, skrifstofa háskólaritara, kennarastofa, stúdentaráðsherbergi og bókasala og kaffistofa stúdenta, stofur fyrir orðabók háskólans, allmargar rannsóknarstofur fyrir læknadeild, íbúð umsjónarmanns og fleira. Byggingarnefndin gerði fullnaðarskil haustið 1943, og hafði þá verið varið til hússins 2.152.759,93 krónum. Síðan hefir árlega verið varið talsverðu fé til endurbóta og breytinga, til aukningar húsmuna og áhalda o. fl., sem lög gera ráð fyrir um fjölsóttan skóla.

Vígsla háskólabyggingarinnar fór fram við mjög virðulega athöfn í hinum nýja hátíðasal 17. júní 1940, en daginn áður hafði kapellan verið vígð sérstaklega. Boðið var fjölda gesta, fulltrúum milli 40 og 50 erlendra háskóla og stofnana, æðstu embættismönnum landsins og Reykjavíkurbæjar, fulltrúum erlendra ríkja, skólamönnum, blaðamönnum o. fl. Þar voru og viðstaddir háskólastúdentar, sem voru í bænum, og nýútskrifaðir kandidatar. Alls voru viðstaddir

vígsluna á fjórða hundrað manns. Auk ræðu rektors voru fluttar ræður og ávörp á ýmsum tungum. Við þetta tækifæri sámdí háskólinn byggingarmeistara sinn, próf. Guðjón Samúelsson, doktorsnafnbót fyrir störf sín. Er frá þessu öllu rækilega skýrt í Árb. hásk. 1939-40, bls. 47-91. Þar eru og taldir þeir iðnaðarmenn, sem tóku að sér sérstök verk við byggingu háskólans.

Kennsla hófst í hinu nýja háskólahúsi haustið 1940 og skólinn settur í fyrsta sinn í hátíðasalnum á fyrsta vetrardag 26. október. Í ræðu sinni benti rektor á, að með byggingu þessari væri lokið aðeins einum, en mikilvægum áfanga í því sköpunarverki, sem núverandi kynslóð stæði að. Byggingarmálin yrðu nú lögð til hliðar sökum styrjaldarástandsins, en áherzla lögð á innri vöxt háskólans, fjölgun námsgreina og aukna vísindastarfsemi. Þessi orð rektors voru meira en að óskum mælt, því að nýjar kennslugreinar bættust nú við ein af annarri, verkfræði það sama haust, viðskiptafræði árið eftir, þá tungumálakennsla til B.A.-prófs og síðan tannlæknakennsla. Þá tókust og upp fræðandi fyrirlestrar, er kennarar háskólans og fleiri fluttu ókeypis fyrir almenning í hátíðasal við góða aðsókn. Myndarlegt háskólabókasafn með föstum forstöðumanni tók til starfa, og þannig mætti fleira telja. Hin glæsilega og rúmgóða háskólabygging var nýr aflgjafi í starfsemi háskólans.

Þegar frumvarp um framlengingu einkaleyfis háskólans til rekstrar happdrættis til 3 ára var flutt á alþingi 1940, tilskildi fjárhagsnefnd neðri deildar, að háskólaráðið skuldbindi sig til að láta kennaraskólanum í té ókeypis húsnæði í háskólanum. Háskólaráð gekk að þessu og ákvað að láta fullgera sem fyrst húsnæði það á efstu hæð, sem ætlað var kennaradeild, sem þá var í ráði að stofna við háskólann. En úr því varð þá aldrei, að kennaraskólinn flyttist í þetta húsnæði. Vorið 1940 hernámu Bretar meðal annarra opinberra bygginga hús menntaskólans í Reykjavík, og fór ríkisstjórnin þá fram á það, að menntaskólinn fengi húsnæði í háskólanum. Þar var menntaskólinn síðan til húsa í tvo vetur 1940-1942, lærdómsdeildin þó ein fyrra veturinn, og var henni komið fyrir á efstu hæð í norðurenda hússins og í 2 kennslustofum á miðhæð, en seinna veturinn allur skólinn, og var útbúið húsnæði fyrir gagnfræðadeildina í norðurkjallara hússins, sem menntaskólinn hafði að nokkru fengið til afnota veturinn áður. Vorið 1942 rýmdi

setuliðið menntaskólann, og hófst kennsla þar aftur um haustið.

Þá hernámu Bretar einnig stúdentagarðinn, skömmu eftir að þeir komu hingað, og héldu honum síðan öll stríðsárin út, eða á árunum 1940-1945, þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir af hálfu stúdenta og garðsstjórnar að fá hann lausan. Fóru stúdentar þá fram á, að starfrækt yrði mötuneyti í háskólanum. Var því komið fyrir í 3 stofum í kjallara í suðurenda hússins og tók til starfa í nóvemberbyrjun 1940, og var rekið þar næstu árin. Vegna almennra húsnæðisvandráða í bænum haustið 1941 voru allmargir stúdentar algerlega húsnæðislausir, er þeir komu til náms. Til þess að leysa mestu vandræði þeirra var þeim til bráðabirgða fengið húsnæði í kjallara hússins, sem annars hafði verið ætlað til annarra þarfa. Húsnæði þetta var raunar mjög ófullnægjandi, þó að við það yrði að una, og voru 20 stúdentar hýstir þar allan veturinn. Veturinn eftir voru mötuneyti stúdenta og stúdentum leyfð afnot af 6 herbergjum á efsta lofti í norðurenda, þar sem menntaskólinn hafði verið, til íbúðar fyrir starfsfólk mötuneytisins og húsnæðislausa stúdenta. Þegar Nýi-Garður var tekinn til afnota haustið 1943, lögðust niður heimavistir stúdenta í háskólanum.

Eftir tilmælum ríkisstjórnarinnar voru Húsmæðrakennaraskóla Íslands leyfð afnot af húsnæði í kjallara háskólans árið 1942. Mun það í fyrstu hafa verið ætlað til bráðabirgða, en svo fór, að skólinn var þar í 12 ár eða til vors 1954. Tók háskólinn húsrými þetta þá til sinna eigin þarfa.

Ýmiss konar hagræðing og breytingar hafa verið gerðar á notkun húsnæðis í háskólanum á síðustu árum, einkum í kjallara og á efstu hæð. Í suðurenda kjallarans hefir starfsemi stúdenta nú fengið nokkurt húsrými á síðastliðnu ári. Er þar m. a. kaffistofa stúdenta, er opnuð var til afnota 12. desember 1960, herbergi fyrir bókasölu stúdenta og tvö herbergi fyrir deildarfélög þeirra. Í norðurenda kjallarans, þar sem Húsmæðrakennaraskóli Íslands var áður til húsa, hefir verið búið út húsnæði fyrir rannsóknarstofnun í lífeðlis- og lífefnafræði og kennslu- og rannsóknarstofnun í lyfjafræði lyfsala. Orðabók háskólans hefir fengið vistleg og rúmgóð húsakynni á efstu hæð í norðurenda, þar sem tannlæknadeildin bjó áður við óhentugan húsakost, en hið gamla húsnæði orðabókarinnar á sömu hæð hefir verið tekið fyrir vinnuherbergi kennara. Allar þessar og þvítíkar

breytingar eru kostaðar af happdrættisfé.

Margir töldu í upphafi, að háskólabyggingin væri mjög við vöxt og háskólinn mundi þar fá nóg húsrúm fyrir alla starfsemi sína um langa framtíð. Sú hefir ekki orðið raunin á; þarfir skólans hafa vaxið ört, einkum síðasta áratuginn. Nú þegar hefir sumum greinum starfseminnar verið komið fyrir annars staðar, svo sem eðlisfræðistofnuninni og tannlæknakennslunni, og samt eru þrengsli orðin til бага. Mest kallar nú að að reisa sérstakt hús fyrir starfsemi og rannsóknarstofur læknadeildarinnar. Við það mun vinnast mikið rúm í háskólabyggingunni, sem koma mun í góðar þarfir. Meðal annars eru kennslustofur þar nú of fáar. Að því hlýtur að reka, að háskólabyggingin verði ætluð hugvísindadeildunum einum saman ásamt nægilegu húsrúmi fyrir stjórn stofnunarinnar. Þannig hefir farið víða við erlenda háskóla, og þykir það eðlileg þróun.

Um leið og rætt er um háskólabygginguna, er ástæða til að minnast stuttlega á *háskólalóðina*. Stærð hennar er 7.16 hektarar. Hún var að nokkru leyti tún, en að nokkru óræktarmóar og melur með alls konar rusli og grjóti, að miklum hluta þó auðunnin. Lagfæring lóðarinnar með þeim hætti sem er, var mikið mannvirki og dýrt, en ekki varð hjá því komizt, að háskólinn gerði hreint fyrir sínum dyrum. Þetta verk var unnið að mestu á árunum 1949-1952, lóðinni fengið lag og snið, veggir hlaðnir, settar upp girðingar, götur malbikaðar, stígar steinlagðir og lóðin loks sáin grasfræi og gerð að túni, skógarreinar meðfram stígum. Hefir alls verið varið til lóðarinnar og viðhalds hennar nær 3 milljónum króna. Þess skal getið, að háskólinn lét ríkinu í té lóð undir Þjóðminjasafnshúsið.

Aðrar byggingar

Árið 1935 voru sett lög um Rannsóknarstofnun Háskóla Íslands, sem síðar nefndist *Atvinnudeild háskólans*. Voru lögin sett fyrir forgöngu háskólaráðs, sem hafði mikinn áhuga á því að færa út starfssvið háskólans, og var svo til ætlazt, að háskólinn skyldi taka að sér að láta rannsaka og hafa forustu um aukna þekkingu á öllu, er lyti að aðalatvinnuvegum landsmanna. Hin fyrirhugaða atvinnudeild skyldi starfa í þremur deildum: fiskideild, landbúnaðardeild og iðnaðardeild. Háskólinn tók að sér að reisa hús

fyrir starfsemi þessa af happdrættisfé, en fékk kostnaðinn svo smám saman endurgreiddan úr ríkissjóði. Byrjað var á byggingu hússins vorið 1936, og komst það undir þak í ágústmánuði, en 18. september 1937 var það fullbúið og opnað til afnota. Fiskideildin varð brátt að flytja í stærri húsakynni, en hinar deildirnar hafa mestalla starfsemi sína í húsinu enn í dag. Um atvinnudeildina vísast að öðru leyti til þess, sem ritað er hér að framan.

Eftir að íþróttaskyldu hafði verið komið á í háskólanum, varð mjög aðkallandi að reisa íþróttahús í grennd við háskólann til afnota fyrir stúdenta. Árið 1941-42 var að tilhlutan rektors og háskólaráðs hafinn undirbúningur að því að koma upp íþróttahúsi og var húsameistara ríkisins falið með samþykki menntamálaráðherra að gera uppdrætti að því. Árið eftir kaus háskólaráð nefnd til þess að gera tillögur um byggingu hússins og áttu sæti í henni prófessorarnir Jón Hj. Sigurðsson, sem þá var rektor háskólans, Jón Steffensen og Benedikt Jakobsson íþróttakennari. Síðar tók einnig sæti í byggingarnefndinni dr. Alexander Jóhannesson. Bygging hússins var hafin vorið 1945 undir umsjá arkitektanna Gísla Halldórssonar og Sigvalda Thordarsonar. Húsið var að mestu fullgert árið 1948, en kennsla hófst þar 2. apríl það ár. Með stjórn hússins fer þriggja manna nefnd, sem kjörin er af háskólaráði. Byggingarkostnaður íþróttahússins nam kr. 1.954.852.11, að meðtöldum áhöldum og margs konar útbúnaði.

Háskólinn hafði í mörg ár verið á hrakhólum með *húsnæði fyrir eðlis- og efnafræðikennslu*. Kennslan í eðlisfræði fór fram í suðurkjallara háskólans í gersamlega ófullnægjandi húsakynnum, en efnafræðikennslan í atvinnudeildinni. Var loks ákveðið að bæta úr þessu með því að byggja eina hæð ofan á austurálmum íþróttahúss háskólans. Byrjað var á þessari framkvæmd sumarið 1958 og húsnæðið, sem er 310 fermetrar, tekið í notkun 1960. Þar fer nú fram kennsla í eðlisfræði fyrir verkfræðinema og þá, sem leggja stund á eðlisfræði til B.A.-prófs, og kennslu í efnafræði fyrir læknanema, tannlæknanema, verkfræðinema og þá, sem lesa efnafræði til B.A.-prófs. Auk þess sem hér eru fengnar rúmgóðar og vistlegar kennslustofur, eru í húsnæðinu vinnustofur kennara í þessum greinum. Arkitekt við þessa nýbyggingu var Gísli Halldórsson, en kostnaður við verkið nam um 4 millj. kr.

Þá hefir háskólinn tekið að sér að reisa *náttúrugripasafn* fyrir ríkið og keypt húsnæði handa því til bráðabirgða. Afskipti háskólans af því máli hófust með því, að vorið 1942 fór náttúrufræðifélagið fram á það, að háskólaráð heimilaði félaginu að reisa hús undir náttúrugripasafn á lóð háskólans, sunnan við háskólann, gegnt atvinnudeildinni. Háskólaráð samþykkti að heimila þetta með þeim skilyrðum, að það féllist á uppdrætti af húsinu, að gert yrði ráð fyrir, að kennsla í náttúruvísindum og vísindaleg vinna gæti farið þar fram, og að félagið ráðstafaði ekki húsnæði í byggingunni til annarra þarfa en náttúrugripasafns, nema með samþykki háskólaráðs. Árið 1946 kaus háskólaráð tvo menn í nefnd með náttúrufræðingum til aðstoðar Gunnlaugi Halldórssyni, sem ráðinn var til að gera uppdrætti að byggingu yfir safnið. Tveim árum síðar voru uppdrættir tilbúnir og samþykktir af nefndinni og háskólaráði. Náttúrufræðifélagið mun ekki hafa bolmagn til að koma upp slíkri byggingu og ríkisstjórnin ekki talið sér fært að leggja fram fé til hennar að sinni. Það varð því að samkomulagi, er lögin um happdrætti háskólans voru framlengd til 13 ára frá 1. jan. 1947, að háskólinn skyldi af tekjum happdrættisins taka á sig þær fjárhagsbyrðar að láta reisa byggingu yfir náttúrugripasafnið. Var það af forráðamönnum háskólans talið mjög æskilegt vegna fyrirhugaðrar kennslu í náttúruvísindum, einnig metnaðarmál fyrir þjóðina að eignast slíkt safn. Í byggingarnefnd safnsins voru kosnir 1952, prófessorarnir Þorkell Jóhannesson formaður, Jón Steffensen og Trausti Einarsson og náttúrufræðingarnir dr. Finnur Guðmundsson og dr. Sigurður Þórarinsson. Síðar bættist í nefndina Einar Erlendsson húsameistari ríkisins og Valtýr Stefánsson ritstjóri, tilnefndir af menntamálaráðuneytinu. Frá því 1953 var nefndin reiðubúin að hefja bygginguna og sótti þá og árlega síðan um fjárfestingarleyfi í þessu skyni, en var ávallt synjað. Þegar þar kom árið 1957, að skýlaus yfirlýsing barst þess efnis, að fjárfestingarleyfi fengist ekki það ár og ekki heldur hið næsta, var horfið að því ráði að kaupa eina hæð í stórhýsinu að Laugavegi 105, og hófst undirbúningsvinna þar 1958 undir stjórn arkitektanna Gunnlaugs Halldórssonar og Guðmundar Kristinssonar, en aðalverkinu var ekki lokið fyrr en 1960. Hæðin er 650 fermetrar að stærð, en húsnæðið er samt of lítið, enda er ætlunin, að það verði aðeins til

bráðabirgða. Ný og vegleg bygging yfir náttúrugripasafnið mun vonandi rísa á háskólalóðinni, áður en langir tímar líða.

XXII. Stúdentagarðarnir

Háskólinn hafði ekki starfað lengi, áður en vakið var máls á því, að reisa þyrfti stúdentheimili í sambandi við hann. Hvort tveggja var, að brýn þörf var fyrir slíkt heimili, og mörgum, sem notið höfðu Garðsvistar í Kaupmannahöfn, þótti sem háskóli gæti ekki án stúdentagarðs verið. Eins og áður er að vikið, var máli þessu fyrst hreyft í háskólaráði veturinn 1917, og gerði Guðjón Samúelsson húsameistari þá uppdrátt að háskólabyggingu og stúdentagarði við Alþingishúsið. Úr þeim ráðagerðum varð ekkert, enda urðu menn síðar afhuga því að reisa byggingar fyrir háskólann á þeim stað.

Haustið 1921 gekkst stúdentaráð háskólans fyrir stofnun mötuneytis stúdenta. Það var hin vinsæla stofnun „Mensa academica“, sem tók til starfa 4. nóv. 1921 í Lækjargötu 2 og var rekin óslitið á sama stað, unz hún var lögð niður í júnílok árið 1929. Forgöngumenn fyrir stofnuninni voru stjórnarmenn stúdentaráðs Vilhjálmur Þ. Gíslason, Lúdvíg Guðmundsson og Skúli V. Guðjónsson, og leituðu þeir samvinnu við ríkisstjórn og háskólaráð um stuðning við fyrirtækið, og var því máli vel tekið. Stjórn „Mensu“ var falin sérstakri forstöðunefnd, og var fyrsti formaður hennar Björn E. Árnason stud. jur. „Mensa academica“ hafði ekki starfað lengi, er stúdentar fundu, að þarna höfðu þeir öðlazzt það, sem þá hafði löngum vantað, frá því að háskólinn tók til starfa, þ. e. sameiginlegt heimili eða stað, þar sem þeir gátu allir komið, þegar þeir vildu, setið og skeggrætt áhugamál sín, tekið lag við hljóðfærið, gripið í skáktafl, skotið á fundi o. s. frv. Telja má, að stofnun þessa fyrirtækis hafi beinlínis orðið til þess að vekja áhuga stúdenta á byggingu stúdentagarðs og flýta fyrir því, að þeir tóku fyrir alvöru að beita sér fyrir því máli.

Það var haustið 1922, sem stúdentaráð ákvað að hefja fjársöfnun til þess að koma upp stúdentagarði. Formaður stúdentaráðs var þá Björn E. Árnason lögfræðingur. Leitað var fyrst til ýmissa háskólaborgara um beinan eða óbeinan stuðning, og voru undirtektir mjög góðar. Fengið var leyfi forsætisráðherra, Sigurðar Eggerz, til þess að stofna happdrætti til ágóða fyrir garðinn, og veitti

hann heimild til að láta prenta 100 þús. happdrættismiða í þessum tilgangi. Var þá kosin sérstök stúdentagarðsnefnd til þess að annast frekari framkvæmdir, og var fyrsta nefndin þannig skipuð: Lúðvíg Guðmundsson formaður, Lárus H. Bjarnason hæstaréttardómari, dr. Guðmundur Finnbogason landsbókavörður, dr. Alexander Jóhannesson prófessor, Ástþór Matthíasson lögfræðingur og síra Þorsteinn Jóhannesson. Á næsta ári tók Tómas Jónsson, síðar borgarritari, sæti í nefndinni og var gjaldkeri hennar jafnan síðan, þangað til garðurinn var fullger og nefndin hafði lokið störfum og skilað af sér í hendur hinnar fyrstu garðstjórnar.

Nefndin vann af miklu kappi og dugnaði. Hún annaðist um rekstur happdrættisins, er varð hið stærsta, sem efnt hafði verið til hér á landi, og hafði mörg önnur járn í eldinum. Auk happdrættisins voru einkum tvær fjáröflunarleiðir, sem nefndin byggði miklar vonir á. Önnur var sú, að hvetja menn til þess að gefa herbergi í garðinn. Með því að leggja fram 5.000 kr. máttu menn ráða því, hverjir stúdentar höfðu forgangsrétt til þess að búa í herberginu og við hvaða nafn, héraðs, bæjar eða einstaklings, herbergið yrði kennt. Þessi leið reyndist drjúg til tekjuöflunar, og gafst stúdentagarðinum þannig alls andvirði 27 herbergja. Gefendur voru ýmist einstaklingar eða félagasamtök eða sýslu- og bæjarfélög. Hin fjáröflunarleiðin var sú að fá framlag til byggingarinnar úr ríkissjóði. Það fór vel af stað, og alþingi veitti á fjárlögum 1927-29 samtals 100 þús. kr. til garðsins. Styrkur þessi var ekki greiddur, þar sem ekki var byrjað á byggingunni, og fjárveitingarnar féllu úr gildi. Efnidirnar urðu þær, að alþingi 1933 heimilaði stjórninni að ábyrgjast 50 þús. kr. lán með vilyrði um, að ríkissjóður mundi standa straum af láninu að öllu leyti. Þess ber að geta, að nefndinni bárust margar góðar gjafir til garðsins frá einstökum mönnum.

Þegar fjárveitingar til garðsins höfðu verið samþykktar á alþingi, var ákveðið að hefja byggingu hans eftir uppdrætti Sigurðar Guðmundssonar húsameistara á lóð við Skólavörðutorg, sem Reykjavíkurbær hafði ætlað til byggingar háskólahverfis. Var byrjað á vinnunni haustið 1928 og lokið við að grafa og sprengja fyrir grunn. Mest af því verki var unnið í sjálfboðavinnu af stúdentum og fleirum, og m. a. lagði sá, sem þetta ritar, þar hönd að verki. En brátt kom í ljós, að byggingin yrði allt of dýr í samanburði við handbært

fé, og var verkinu því frestað.

Það var svo ekki fyrr en haustið 1932, að hafizt var handa á nýjan leik. Var þá ákveðið að sníða sér betur stakk eftir vexti en í fyrra skiptið og hafa húsið ekki stærra en svo, að kostnaður yrði viðráðanlegur. Þegar hér var komið, hafði verið horfið frá því að reisa háskóla á Skólavörðuholtinu, og hafði honum verið valinn staður í hallanum suður og austur af Melunum. Þótti þá sjálfsagt, að garðurinn yrði byggður á því svæði og fylgdi háskólanum. Stúdentagarðsnefnd fól Sigurði Guðmundssyni að gera nýjan uppdrátt af húsinu. Byrjað var að grafa fyrir kjallara 19. júlí 1933, en 1. des. sama ár var húsið komið undir þak. Var það fullbúið í september 1934 og tekið til notkunar 1. október. Vígsla fór fram á Þorláksmessu.

Í þessum fyrsta íslenska stúdentagarði eru 36 herbergi fyrir stúdentu auk íbúðarherbergja garðprófasts og dyravarðar. Þá var og tekið upp að nýju mötuneyti stúdentu, sem legið hafði niðri frá því að „Mensa academica“ hætti störfum.

Síðasta stúdentagarðsnefndin, sem sá um byggingu garðsins, var þannig skipuð: Pétur Sigurðsson háskólaritari formaður, Tómas Jónsson borgarritari, dr. Björn Þórðarson lögmaður, Valgeir Björnsson bæjarverkfræðingur, Gunnlaugur Einarsson læknir, Pálmi Hannesson rektor og Guðmundur Í. Guðmundsson cand. jur. Byggingarkostnaður garðsins að meðtöldum húsgögnum og öðrum búnaði nam um 286 þús. kr.

Stúdentagarðurinn hefir frá upphafi verið sjálfseignarstofnun, sem hefir fjárhag sinn út af fyrir sig. Sérstök stjórn hefir með höndum æðsta vald í málefnum garðsins, og nefnist hún garðstjórn. Í henni eiga sæti 5 menn, tveir kosnir af háskólaráði og tveir af stúdentaráði, allir kosnir til tveggja ára í senn, en menntamálaráðuneytið tilnefnir fimmta manninn til þriggja ára í senn. Stjórnin ræður, hverjir fá garðvist og með hverjum kjörum. Hún ræður einnig garðprófast og sér um reikningshald garðsins og rekstrarhætti. Í mörg ár hefir garður verið rekinn sem hótél á sumrin og hefir gefizt vel. Skipulagsskrá fyrir stúdentagarðinn er prentuð í Árbók háskólans 1933-34, bls. 66-67, en reglugerð fyrir hann í sama riti 1939-40, bls. 112-115.

Eins og fyrr var frá sagt, hernam brezka setuliðið hér á landi

stúdentagarðinn sumarið 1940 og hélt honum til loka stríðsáranna þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir stúdentaráðs og garðstjórnar að fá hann lausan. Þetta olli stúdentum hinum mestu vandræðum, þar eð húsnæðisskortur var á þeim árum óvenjulega mikill í bænum. Háskólaráð gerði það, sem í þess valdi stóð til þess að hlaupa undir bagga með stúdentum með því að koma upp heimavist og mötuneyti í háskólabyggingunni. Sú úrlausn var þó ekki fullnægjandi, og margir stúdentar voru samt sem áður á hrakhólum með húsnæði. Snemma á árinu 1942 skýrði setuliðsstjórnin frá því, að hún mundi ekki láta stúdentagarðinn lausan fyrst um sinn. Þegar svo var komið, varð sú skoðun æ útbreiddari meðal stúdenta að freista þess að ráðast í byggingu nýs stúdentagarðs.

Stúdentaráð boðaði svo til almenns stúdentafundar hinn 23. marz 1942 um þetta mál og bar fram tillögu þess efnis, að kosin yrði byggingarnefnd hins fyrirhugaða stúdentagarðs. Tillagan var samþykkt í einu hljóði og þar með ákveðið, að ráðast skyldi í bygginguna. Hafði garðstjórn áður athugað möguleika á útvegum byggingarefnis og fjár til framkvæmdanna og komizt að þeirri niðurstöðu, að erfiðleikar á hvoru tveggja væru að vísu miklir, en mundu samt ekki reynast óviðráðanlegir.

Í byggingarnefnd hins nýja stúdentagarðs áttu sæti þessir menn, er nefndin var fullskipuð: prófessorarnir Alexander Jóhannesson og Ágúst H. Bjarnason frá háskólaráði, Pétur Thorsteinsson stud. jur. og Benedikt Bjarklind stud. jur. frá stúdentaráði, Lárus Pétursson stud. jur. og Ásberg Sigurðsson stud. jur. frá garðstjórn og Ásgeir Ásgeirsson bankastjóri, skipaður af ríkisstjórninni.

Byggingarnefndin undir forustu próf. Alexanders Jóhannessonar gekk að starfi með fádæma dugnaði og áhuga. Teikningu af húsinu gerðu húsameistararnir Sigurður Guðmundsson og Eiríkur Einarsson. Byrjað var að grafa fyrir grunninum í maí 1942, og komst húsið undir þak í október um haustið. Nefndin beitti sér fyrir því, að bæjar- og sýslufélög og enn fleiri aðilar gæfu andvirði eins herbergis í garðinum, og varð henni mjög vel ágengt í því efni. Miklir örðugleikar voru á útvegum byggingarefnis og ýmissa hluta til byggingar á stríðsárunum, og kostaði slíkt mikla fyrirhöfn. Það óhapp vildi til, að hitunartæki, sem pöntuð höfðu verið til hússins frá útlöndum, fóru í sjóinn á leið hingað til landsins. Meðan á byggingu

hússins stóð, fór allt verðlag hraðhækkandi, svo að engar áætlanir stóðust. Þrátt fyrir allt þetta sóttist verkið svo vel, að garðurinn var fullbúinn í september 1943, tæplega hálfu öðru ári eftir að byggingin hófst. Í garðinum eru 61 herbergi fyrir stúdenta, en fyrsta veturinn fengu 100 stúdentar þar inni, með því að tveir bjuggu í mörgum einbýlisherbergjum vegna hinna almennu húsnæðisvandræða. Það gekk kraftaverki næst, að byggingarnefndin skyldi sigrast á öllum erfiðleikum við þessa stórbyggingu á skömmum tíma, en það var þó mest, að hún skilaði henni skuldlítilli í hendur garðstjórnar. Það var því ekki ofmælt, sem háskólarektor, Jón Hj. Sigurðsson, sagði um þetta á háskólahátíðinni fyrsta vetrardag 1943: „Bygging nýja stúdentagarðsins verður að telja óvanalegt afrek, lýsandi dæmi þess, hvað áræði og einbeittur vilji forgöngumannanna má sín, en byggingin verður einnig um alla framtíð fagurt minnismerki um örlæti Íslendinga og áhuga bæjar- og sveitarstjórna og einstaklinga á vexti og viðgangi háskólans.“

Eftir að stúdentagarðarnir voru orðnir tveir, voru þeir aðgreindir þannig, að sá eldri er kallaður Gamli-Garður, en hinn Nýi-Garður. Þeir eru báðir sjálfseignarstofnanir og lúta báðir einni garðstjórn og sömu reglum.

Í báðum stúdentagörðunum eru herbergi fyrir erlenda stúdenta, gefin af ýmsum aðilum til þeirra nota, eitt í Gamla-Garði, en 12 í Nýja-Garði.

Bygging stúdentagarðanna hefir gerbreytt aðstöðu stúdenta við námið. En betur má þó enn, ef duga skal. Stúdentahéimili fyrir gifta stúdenta eða hjónagarður er ef til vill mest aðkallandi. Þá eiga stúdentar og ekkert félagsheimili eða félagsgarð, sem mundi vissulega verða mikil lyftistöng margvíslegrar starfsemi meðal þeirra. Mörg ár eru liðin síðan þessar hugmyndir komust á dagskrá meðal stúdenta. En hér sem annars staðar bíða verkefni djarfhuga drengja.

XXIII. Tjarnarbíó

Á fundi háskólaráðs 29. september 1939 voru prófessorarnir Niels Dungal og Bjarni Benediktsson kosnir í nefnd til þess að athuga arðvænlegri ávöxtun sjóða háskólans og gera tillögur um það mál til háskólaráðs. Nefndin tók strax til starfa og lagði fyrir næsta háskólaráðsfund tillögu um, að háskólaráð sækti til bæjarstjórnar um leyfi til þess að reka kvikmyndahús, með því að þá hafði heyrzt, að húseign Gamlabíós væri til sölu. Háskólaráði leizt vel á þessa hugmynd og sendi umsókn til bæjarstjórnar um leyfi til kvikmyndahússrekstrar til handa háskólanum. Sú málaleitun bar ekki árangur að sinni, enda kom líka í ljós við nánari athugun, að áðurnefnd húseign var þegar seld og ekki látin fól af hinum nýja eiganda. En þótt svo færi, varð háskólaráð ekki afhuga þessu máli.

Á næsta ári veitti bæjarstjórn Reykjavíkur háskólanum umbeðið leyfi til rekstrar kvikmyndahúss. Kaus háskólaráð á fundi 20. des. 1940 prófessorana Bjarna Benediktsson, Jón Hj. Sigurðsson og Niels Dungal til þess að hafa framkvæmdir í málinu, en í stað Bjarna Benediktssonar starfaði Gunnar Thoroddsen í nefndinni, meðan hann annaðist kennslu fyrir próf. Bjarna. Nefndin rannsakaði skilyrði til kvikmyndahússrekstrar og komst að þeirri niðurstöðu, að það mundi arðvænlegt fyrirtæki. Lagði hún því til, að háskólinn setti á stofn kvikmyndahús. Háskólaráð féllst á tillögur nefndarinnar, og festi háskólinn kaup á eigninni Austurstræti 5 fyrir 215.000 kr. Síðan var efnt til samkeppni um uppdrátt að kvikmyndahúsi og bærust margar úrlausnir, en fyrstu verðlaun hlaut uppdráttur eftir arkitektana Eirík Einarsson og Sigurð Guðmundsson. En með því að engin innflutningsleyfi fengust til byggingar stórhýsa í Reykjavík á árinu 1941, varð ekkert úr framkvæmdum í þá átt að koma upp kvikmyndahúsi á þessari lóð. Var því leigumála á eigninni komið í það horf, að tekjur af henni hrukku til að greiða gjöld af henni og bankavexti af kaupverðinu, en nokkrum árum síðar seldi háskólinn búnaðarbankanum lóðina, er bankinn réðst í að reisa hús handa sér á þessum stað.

Þegar víst var orðið, að ekki yrði unnt í bráð að koma upp húsi til

kvikmyndarekstrar, sótti háskólaráð um það til bæjarstjórnar að fá á leigu í því skyni hús, sem Reykjavíkurbær átti í Tjarnargötu 10 D og áður hafði verið notað til ísgeymslu. Samþykkti bæjarstjórn að leigja háskólanum húsið. Vinna við breytingar á húsinu hófst í nóvember 1941, en áðurnefndir arkitektar gerðu uppdrætti að breytingunum. Kvikmyndahúsið tók til starfa 8. ágúst 1942 og fekk nafnið Tjarnarbíó. Það tekur 387 manns í sæti. Fyrirtækið er eign Sáttmálasjóðs.

Frá ársbyrjun 1943 var kosin sérstök stjórn fyrir Tjarnarbíó, og skipa hana þrír menn, kosnir af háskólaráði. Formenn hafa verið próf. Niels Dungal til 1949 og síðan dr. Gylfi Þ. Gíslason, núverandi menntamálaráðherra, en meðstjórnendur dr. Alexander Jóhannesson öll árin og þeir próf. Jón Hj. Sigurðsson til 1949 og próf. Ólafur Jóhannesson síðan. Framkvæmdastjóri var próf. Pétur Sigurðsson háskólaritari til ársins 1949, en þá tók við Friðfinnur Ólafsson viðskiptafræðingur og hefir verið framkvæmdastjóri síðan.

Rekstur Tjarnarbíós hefir reynzt Sáttmálasjóði happadrjúgt fyrirtæki. Hreinn hagnaður af rekstrinum frá upphafi til ársloka 1960 hefir numið 10.2 milljónum króna. Á sama tíma hefir bíóið greitt til Sáttmálasjóðs 4.1 millj., greitt í skatta og opinber gjöld 4.4 millj. og lagt fram í byggingarsjóð nýs kvikmyndahúss 5.0 millj kr. Í kaflanum um Sáttmálasjóð er á það bent, hversu ómetanleg stoð sjóðnum hefir verið að framlagi Tjarnarbíós, til þess að hann geti rækt, svo að um muni, það hlutverk sitt að efla vísindastarfsemi í ýmsum greinum innan háskólans sem utan.

En Tjarnarbíó er aðeins hinn mjói vísir. Það var fyrir löngu ljóst, að það gat ekki starfað til frambúðar í núverandi húsakynnum, og varð því annaðhvort að gera að leggja starfsemina niður eða reisa nýtt hús. Árið 1958 var því hafin bygging nýs og mikils kvikmyndahúss á vegum Sáttmálasjóðs við Hagatorg, og er próf. Alexander Jóhannesson formaður byggingarnefndarinnar. Húsið verður væntanlega fullgert á hausti komanda. Þar verður áhorfendasalur fyrir nær 1000 manns og þannig úr garði gerður, að hann verður um leið stærsti og fullkomnasti hljómleikasalur landsins. Allur búnaður hins nýja húss verður vandaður mjög og sýningartæki hin fullkomnustu, sem völ er á. Er mikið í húfi fyrir háskólann, að þessu nýja fyrirtæki farnist vel.

XXIV. Sáttmálasjóður

Langsamlega veigamesti sjóður háskólans er Sáttmálasjóður. Um fullra fjöggra áratuga skeið hefir hann verið fjárhagslegur grundvöllur margs konar vísinda- og menningarstarfsemi innan háskólans, sem vant er að sjá, hvern stað hefði haft, ef hans hefði eigi notið við. Skal honum því gert það hærra undir sessi en öðrum sjóðum háskólans að helga honum sérstakan kafla.

Sáttmálasjóður var stofnaður með sambandslögunum milli Íslands og Danmerkur 1. desember 1918. Í sambandslaganefndinni náðist samkomulag um það, að Danmörk legði fram í eitt skipti fyrir öll 2 milljónir króna upp í skuldaskil sín við Ísland. Skyldi önnur milljónin fengin í hendur háskólanum í Kaupmannahöfn til eignar og umráða, en hin milljónin á sama hátt Háskóla Íslands. Varð þannig til hinn danski og hinn íslenski hluti Sáttmálasjóðs, er starfa sjálfstætt, en hafa þó báðir það markmið sameiginlegt að efla andlegt samband milli Danmerkur og Íslands og styrkja vísindastarfsemi. Þetta fjárframlag af Dana hálfu var í raun og veru árangur af baráttu Jóns Sigurðssonar í fjárhagsmálinu og endanleg viðurkenning á sjónarmiðum hans og rökum. Hinn íslenski hluti Sáttmálasjóðs var fenginn háskólanum til forráða í ársbyrjun 1919 og stofnskrá sjóðsins staðfest af konungi 29. júní sama ár. (Árb. hásk. 1918-19, bls. 52-54).

Eins og að líkum lætur, tók háskólinn þessum sjóði fegins hendi og þótti mjög vænkast sinn hagar. Í setningarræðu árið eftir komst þáverandi rektor háskólans, prófessor Sigurður P. Sívertsen, svo að orði um þetta: „Hygg ég, að óhætt muni að fullyrða, að sjóðstofnun þessa megi telja stórviðburð í sögu vors litla og unga háskóla, er rita beri þar stóru letri. Mun fáum eða engum blandast hugur um, að sé heppilega með fé þetta farið, muni sjóðurinn geta leitt til mikils góðs í framtíðinni, bæði fyrir háskólann sem vísindalega rannsóknar- og fræðslustofnun, fyrir fræðimenn utan háskólans, er vísindi vilja stunda, og með því að losa um einangrunarböndin, sem haldið hafa svo mörgum menntamönnum vorum að undanfögnu í svo hörðum viðjum vegna fátæktar vorrar og fjarlægðar frá öðrum þjóðum.“

Því miður varð sú raunin á að ríkisstjórnin sá sér leik á borði til

Þess að spara nokkrar þúsundir króna árlega með því að fella niður úr fjárlögum nokkra kostnaðarliði til háskólans og velta þeim yfir á Sáttmálasjóð. Meðan stofnun sjóðsins var enn í deiglunni, skrifaði stjórnarráðið háskólaráði og bað það um tillögur um breytingar á fjárlögum, að því er við kom fjárveitingum til háskólans, - miðað við það, að sjóðurinn yrði stofnaður og hann látinn taka að sér nokkra kostnaðarliði. Fáum dögum eftir að sjóðurinn hafði verið lögfestur, samþykkti háskólaráð að fella niður úr fjárlögum nokkra gjaldaliði til háskólans, er sjóðurinn skyldi taka að sér. Þessir liðir voru utanfarastyrkur handa kennurum og læknaefnum, bókakaup, bæði almenn og handa heimspekideild, útgáfa kennslubóka og efnisskrá yfir íslensk lög. Svo er að sjá sem háskólaráð hafi í gleði sinni yfir hinum mikla og óvænta sjóði ekki gætt þess sem skyldi, að með samþykkt þessari var það að binda honum þungan bagga í framtíðinni, sem ríkissjóði var skylt að bera. Þessar kvaðir á Sáttmálasjóði hafa alla tíð dregið verulega úr því, að hann geti sinnt sem skyldi hinu vísindalega hlutverki sínu.

Í 2. gr. stofnskrár Sáttmálasjóðs er tilgangi og verkefnum sjóðsins nánar lýst og þar eru staðfestar þær kvaðir á hendur honum, sem um var getið. Samkvæmt því er tilgangur sjóðsins þessi:

1) Að efla andlegt samband Danmerkur og Íslands, svo sem með því að styðja útgáfu vísindarita, er varða bæði ríkin, og fræðirita um hvort landið um sig, veita styrk til fyrirlestrahalds um annað landið í hinu, til að snúa íslenskum ritum á dönsku og dönskum á íslensku, að styrkja danska stúdenta til náms í íslenskum fræðum fornum og nýjum við Háskóla Íslands, styðja íslenska menn til vísindaiðkana í Danmörku o. s. frv.

2) Að styðja íslenska vísindastarfsemi, svo sem frumlegar vísindarannsóknir, útgáfur vísindarita, veita styrk til safna og rannsóknarstofa, til bókakaupa háskólans og útgáfu kennslubóka handa honum, til verðlauna fyrir vísindarit og til utanfarar háskólakennara í vísindalegu augnamiði.

3) Að styrkja íslenska námsmenn.

Í stofnskránni er mælt svo fyrir, að sjóðinn skuli geyma í íslenskum ríkisskuldabréfum, veðdeildarbréfum landsbankans eða á annan jafntryggan og arðberandi hátt, en það fé, sem þarf að vera handbært, og smáupphæðir í sparisjóði landsbankans. Að minnsta

kosti 20% ársvaxtanna skal verja til aukningar innstæðu sjóðsins, svo og ágóða af hagræðingu innstæðunnar, svo sem af nafnverðs- og gengismun. Stofnfé sjóðsins, 1 milljón kr., tók ríkissjóður að láni til 20 ára frá 1. jan. 1919 með 5% árlegum vöxtum. Lánið var greitt að hálfu 1944 og að fullu á næstu árum. Árið 1947 lánaði sjóðurinn Byggingarsamvinnufélagi starfsmanna háskólans ½ milljón króna til íbúðabygginga á háskólalóðinni. Að öðru leyti hefir sjóðurinn ávaxtað fé sitt að mestu í tryggum verðbréfum, eins og stofnskráin gerir ráð fyrir.

Mesti búhnykkur Sáttmálasjóðs var stofnun Tjarnarbíós, sem sjóðurinn á og rekur. Tjarnarbíó hóf starfsemi sína sumarið 1942. Frá þeim tíma og til ársloka 1960 hefir bíóið greitt til Sáttmálasjóðs af ágóða sínum 4.1 millj. kr. Hefir þetta eigi aðeins stóraukið eignir sjóðsins, heldur og gert honum fært að fylgjast með og sinna vaxandi þörfum háskólans og efna til nýrra fjárfrekra framkvæmda, svo sem orðabókar háskólans o. fl. Vöxt sjóðsins má sjá af eftirfarandi tölum, sem teknar eru á 10 ára fresti:

Eign í árslok 1920 kr. 1.064.892.63

Eign í árslok 1930 kr. 1.212.491.90

Eign í árslok 1940 kr. 1.358.055.65

Eign í árslok 1950 kr. 3.574.473.33

Eign í árslok 1960 kr. 7.230.461.29

Úr Sáttmálasjóði hafa styrkir árlega verið veittir til ýmiss konar vísindastarfsemi bæði innan háskólans og utan, svo og til margs konar annarra þarfa. Meðal fastra liða má nefna utanfararstyrk háskólakennara og kandidata, styrk til bókakaupa og kennslubóka, styrk til ýmissa félaga um lengra eða skemmra tíma, fornleifafélags til örnefnasöfnunar, Rímnafélagsins til útgáfu, Vísindafélags Íslendinga til Hekklurits og til ritsafnsins Studia islandica. Þá hefir styrkur jafnan verið veittur til útgáfu doktorsritgerða og fleiri rita vísindalegs efnis. Einnig hefir Sáttmálasjóður staðið undir rekstri háskólabókasafnsins, þegar frá eru skilin laun háskólabókarvarðar, og síðan 1947 hefir sjóðurinn staðið straum af orðabók háskólans á móti ríkissjóði. Hafa föst framlög Sáttmálasjóðs til orðabókarinnar nú um nokkurt skeið numið 100 þúsund kr. á ári. Undir þessu og

SAGA HÁSKÓLA ÍSLANDS

fleira, sem hér verður ekki til tínt, hefði sjóðurinn alls ekki risið, ef afrakstur Tjarnarbíós hefði ekki komið til. Eftirfarandi tölur sýna úthlutanir úr sjóðnum, einnig á 10 ára fresti:

Úthlutun 1920 kr. 38.691.45
Úthlutun 1930 kr. 68.356.39
Úthlutun 1940 kr. 66.500.00
Úthlutun 1950 kr. 218.111.00
Úthlutun 1960 kr. 537.500.00

Þó að Sáttmálasjóður verði að standa undir útgjöldum, sem með öðrum háskólum þykir sjálfsagt, að lögð væru fram af viðkomanda ríki, svo sem til bókakaupa, háskólabókasafns og orðabókargerðar yfir þjóðtunguna, verður því ekki neitað, að með stofnun sjóðsins var brotið blað í sögu háskólans. Hann hefir á undanförnum árum unnið háskólanum ómetanlegt gagn og mun gera það í vaxandi mæli í framtíðinni, eftir því sem honum vex sjálfum fiskur um hrygg.

XXV. Aðrir háskólasjóðir

Í eigu háskólans eru nú auk Sáttmálasjóðs fjölda margir sjóðir, sem gefnir hafa verið af einstaklingum eða félagasamtökum eða stofnaðir eru á annan hátt. Flestir þeirra eru dánargjafir eða minningargjafir um látna ástvini, gefnar í því skyni að styrkja fátæka stúdenta til náms, verðlauna góða námsmenn, efla vísindalega starfsemi á vegum háskólans eða styðja önnur góð og nytsöm málefni. Nokkrir eru þeir, sem arfleitt hafa háskólann að öllum eignum sínum eða nokkrum hluta þeirra, einkum menn, sem áttu enga afkornendur eða nákomna ættingja á lífi. Sú lofsamlega viðleitni til þess að hlúa að andlegum gróðri og æðri menntun, sem lýsir sér í sjóðsgjöfum þessum, má vissulega ekki liggja í þagnargildi, þegar minnzt er hálftrar aldar afmælis háskólans, svo mjög sem slíkar gjafir mega vera öðrum til fyrirmyndar og háskólanum um leið til styrks og eflingar. Margur stúdent minnst með þakklæti fjárstuðnings, sem hann hefir hlotið úr einhverjum þessara sjóða á námsárunum, og það allt að einu, þótt upphæðirnar væru ekki háar. Þeir munu þó verða fleiri í framtíðinni, sem slíks stuðnings fá að njóta, er núverandi sjóðir eru allir orðnir starfhæfir, auk annarra, er við munu bætast.

Fimm af þeim sjóðum, sem hér er um að ræða, eru eldri en háskólinn; þrír þeirra eru arfur frá prestaskólanum: hinn svonefndi Prestaskólasjóður og Gjöf Halldórs Andréssonar, sem eru meira en aldar gamlir, og Minningarsjóður Helga lektors Hálfðanarsonar. Fjórdi sjóðurinn, sem eldri var en háskólinn, þ. e. Háskólasjóðurinn 1893, er nú úr sögunni, en sá fimmti er Háskólasjóður Hins íslenska kvenfélags, stofnaður 1894. Einn sjóður er jafngamall háskólanum: Heiðurslaunasjóður Benedikts S. Þórarinssonar kaupmanns.

Því er ekki að neita, að háskólanum er nokkur vandi á höndum um ávöxtun þessara sjóða. Þeim verður samkvæmt fyrir mælum í skipulagsskrám að halda aðskildum og hver þeirra að ávaxtast fyrir sig. Er því erfiðara um vik en ella að ávaxta þá í arðbærum fyrirtækjum, enda fé sumra þeirra fast í Söfnunarsjóði og einstaka jafnvel í fasteignum. Árið 1939 kaus háskólaráð nefnd til þess að

athuga arðvænlegri ávöxtun sjóða háskólans. Samkvæmt tillögu nefndarinnar sótti háskólaráð þá um leyfi til bæjarstjórnar um að mega reka kvikmyndahús, en sú málaleitun bar ekki árangur að því sinni. Hefir sú aðferð lengstum verið við höfð að kaupa verðbréf fyrir sjóðina, en 1952 samþykkti háskólaráð að hætta því um sinn og stefna að því að verja fé þeirra í fasteignir sökum verðfalls peninga. Var þá um vorið keypt íbúð í húsinu nr. 16 við Hagamel fyrir fé nokkurra sjóða. Ekki var frekara gert að slíkum fasteignakaupum. Hitt er svo auðvitað annað mál, að peningaverðfall síðari áratuga hefir rýrt stórkostlega verðgildi þessara sjóða sem annarra, og fær háskólinn ekki við því gert.

Það er háskólanum að sjálfsögðu mjög í mun, að menn beini til hans gjöfum sínum. Til þess að greiða fyrir því bar háskólaráð í ársbyrjun 1957 fram þá áskorun til menntamálaráðherra, að gjafir til háskólans verði með lögum undanþegnar tekjuskatti og útsvörum hjá gefanda og af dánargjöfum til háskólans verði eigi tekinn erfðafjárskattur. Þegar til kasta fjármálaráðuneytisins kom, taldi það ekki fært að verða við þessum óskum háskólans.

Hér á eftir verður gerð stutt grein fyrir sjóðum háskólans. Eignir eru miðaðar við árslok 1960.

Prestaskólasjóður var stofnaður sama dag sem prestaskólinn var settur og vígður, 2. október 1847, af þáverandi kennurum og nemendum prestaskólans, og var stofnféð 35 ríkisdalir. Síðan var sjóðurinn eflður með samskotum og á annan veg og nam í árslok 1911 kr. 5.996.08. Verja má allt að $\frac{3}{4}$ hlutum vaxtanna til styrktar fátækum og efnilegum stúdentum, er stunda nám við guðfræðideild háskólans. Úr sjóðnum eru veittar um 500 kr. á ári. Skipulagsskrá er prentuð í *Árb. hásk. 1916-17*, bls. 58. Eign nú kr. 15.413.45.

Gjöf Halldórs Andréssonar. Þessi sjóður var stofnaður með gjafabréfi Halldórs Andréssonar bónda í Tjarnarkoti við Innri-Njarðvík, dags. 17. sept. 1854, þar sem hann arfleiðir prestaskólann að öllum eignum sínum og skyldi vöxtum af þeim varið á ári hverju til styrktar einum eða tveimur fátækum og siðprúðum prestaefnum, meðan þeir eru við nám. Við árslok 1861, er sjóðurinn tók til starfa, nam hann 1113 rd. 40 sk., en í árslok 1911 kr. 4311.73. Úr sjóðnum eru veittar um 750 kr. á ári. Gjafabréfið er prentað í *Árb. hásk. 1916-17*, bls. 59-60. Eign nú kr. 7906.63.

Minningarsjóður lektors Helga Hálfðanarsonar, stofnaður af lærisveinum og vinum Helga Hálfðanarsonar prestaskólakennara og nam við árslok 1896 kr. 544.61, en í árslok 1911 kr. 790.91. Verja má $\frac{3}{4}$ vaxtanna árlega til að kaupa guðfræðibækur fyrir til verðlauna handa einum eða fleirum af lærisveinum guðfræðideildar. Hafa slík bókaverðlaun verið veitt einum stúdent árlega. Skipulagsskrá er prentuð í Árb. hásk. 1916-17, bls. 60-61. Eign nú kr. 5975.64.

Heiðurslaunasjóður Benedikts S. Þórarinssonar var stofnaður á vígsludegi háskólans 17. júní 1911 með 2000 kr. gjöf í minningu þess, að háskólinn var settur þann dag. Við höfuðstólinn leggjast árlega vextir og vaxtavextir, nema þegar háskólaráðið veitir einhverjum rithöfundum heiðurslaun, heiðurspening eða því um líkt fyrir framúrskarandi ritverk í hvers kyns vísindum sem eru. Eigi má þó veita að heiðurslaunum meira en þriggja ára vexti í einu. Verðlaun hafa einu sinni verið veitt úr sjóðnum. Skipulagsskrá er í Árb. hásk. 1911-12, bls. 61-62. Eign nú kr. 19.713.63.

Minningarsjóður Hannesar Hafsteins var stofnaður af íslenskum konum á fimmtugsafmæli Hannesar Hafsteins sem þakklætisvottur fyrir aðgerðir hans í því að útvega konum jafnrétti við karlmenn til náms og embætta og nám í árslok 1911 kr. 1500.00. Verja má nú öllum ársvöxtum sjóðsins til styrktar íslenskum kvenstúdentum, sem stunda nám við Háskóla Íslands. Veittar eru úr sjóðnum um 1500 kr. á ári. Skipulagsskrá er prentuð í Árb. hásk. 1911, bls. 62-63. Eign nú kr. 42.700.89.

Háskólasjóðurinn 1893 var stofnaður 1893 af 30 merktum mönnum innan þings og utan til þess að vekja áhuga á og flýta fyrir stofnun háskóla á Íslandi. Þegar það komst loks í framkvæmd, var sjóðurinn afhentur háskólanum árið 1912 og var þá að upphæð kr. 5694.02. Fyrir sjóð þennan var aldrei samin skipulagsskrá, en með tilliti til þess, að hann var myndaður í því skyni, að fé hans yrði varið til stofnunar háskóla, samþykkti háskólaráð á fundi 29. sept. 1939 að verja sjóðnum til háskólabyggingarinnar og leggja hann í byggingarsjóð háskólans. Þessi sjóður var þá að upphæð kr. 21.967.56 og kom vissulega í góðar þarfir í lánsfjáarkreppunni, sem þá var.

Prófgjaldasjóður er myndaður af skrásetningargjöldum stúdenta, prófgjöldum, borgun fyrir kandidatsvottorð og doktorsskjöl,

greiðslum fyrir seldar árbækur háskólans, gjöldum utansafnaðarmanna til háskólans o. fl. og var framan af eða til 1922 kallaður Háskólasjóðurinn. Eign hans í árslok 1912 nam kr. 1429.80, en nú er hann orðinn langstærsti sjóður háskólans, annar en Sáttmálasjóður. Engin skipulagsskrá hefir verið gerð fyrir sjóðinn, en sú venja hefir skapast að veita úr honum styrki til ýmiss konar starfsemi stúdenta, einnig um skeið til risnu rektors, kostnaðar á skrifstofu o. fl. Nema fjárveitingar úr sjóðnum nú um eða yfir 50.000 kr. á ári. Eign sjóðsins er nú kr. 554.940.77.

Bræðrasjóður Háskóla Íslands var stofnaður í tilefni af fráfalli Geirs Einarssonar stud. mag. frá Borg á Mýrum, er varð úti 27. febr. 1914, og er tilgangur sjóðsins að styrkja fátæka, efnilega stúdenta, sem nám stunda við Háskóla Íslands. Sjóðurinn nam í árslok 1914 kr. 316.69. Skipulagsskrá er prentuð í Árb. hásk. 1914-15, bls. 35-36, og samkvæmt henni varð sjóðurinn úthlutunarhæfur 1946, en úthlutun hefir enn eigi farið fram. Eign hans nú er kr. 34.789.48.

Háskólasjóður Hins íslenska kvenfélags er ávöxtur af baráttu kvenfélagsins fyrir stofnun háskóla á Íslandi, sem var meðal helztu áhugamála þess, frá því er það var stofnað 1894. Afhenti kvenfélagið háskólanum sjóð þennan í marz 1916, og var hann þá að upphæð kr. 4143.64. Þeim hluta vaxtanna, sem ekki er lagður við höfuðstólinn, er varið til að styrkja efnilega kvenstúdenta til náms við Háskóla Íslands. Fyrst var úthlutað styrkjum úr sjóðnum árið 1917 til tveggja kvenstúdenta í læknadeild, 45 kr. til hvorrar. Úthlutun úr sjóðnum nemur nú um 500 kr. á ári. Skipulagsskrá er í Árb. hásk. 1915-16, bls. 37-38. Eign hans nú er kr. 19.964.68.

Styrktarsjóður læknadeildar Háskóla Íslands var stofnaður af stúdentum læknadeildar og afhentur háskólaráði til varðveislu í marz 1916. Sjóðurinn var þá að upphæð kr. 1560.95. Samkvæmt skipulagsskrá, sem prentuð er í Árb. hásk. 1937-38, bls. 67, er markmið sjóðsins að styrkja kandidata frá Háskóla Íslands í ólaunuðum eða lakast launuðum kandidatsplássum, en ef ekki þykir þörf á að styrkja kandidat í kandidatsplássi, skal styrkurinn veittur kandidat við sérfræðináms. Byrjað var að veita styrki úr sjóðnum 1940, en styrkveiting hefir oft fallið niður. Eign nú kr. 47.664.05.

Bókastyrktarsjóður prófessors Guðmundar Magnússonar var stofnaður með bréfi, dags. 30. júní 1919, í tilefni af því að stofnandinn,

Guðmundur Magnússon prófessor, hafði verið 25 ár kennari í læknisfræði. Stofnfé sjóðsins var 2500 kr., en markmiðið með honum er að styrkja tvo eða fleiri læknastúdenta árlega til bókakaupa. Veittar eru úr sjóðnum 150 kr. á ári. Bréf um gjöf þessa er prentað í Árb. hásk. 1918-19, bls. 54, og skipulagsskrá sjóðsins í Árb. hásk. 1920-21, bls. 56-57. Eign hans er nú kr. 5.855.80.

Dánarsjóður Björn M. Ólsens var stofnaður samkvæmt erfðaskrá próf. Björns M. Ólsens, dags. 9. jan. 1918, og voru eignir sjóðsins í árslok 1920 kr. 18.435.93. Í erfðaskránni er mælt svo fyrir, að verja skuli vöxtum til eflingar íslenzkra fræða (Árb. hásk. 1919-20, bls. 56), en í skipulagsskrá sjóðsins, sem prentuð er í Árb. hásk. 1933-34, bls. 54, er þessi tilgangur nánar ákveðinn þannig, að af vöxtum sjóðsins skuli veita 1200 kr. árlega til styrktar efnilegum cand. mag. í íslenzkum fræðum, sem stundar nám við háskólann til undirbúnings meistaraprófi. Sú tilhögun, sem hér er gert ráð fyrir, að kandidatspróf sé skilyrði fyrir meistaraprófi, var tekin upp 1934, en felld úr gildi 1947 og forsendan fyrir ákvæði skipulagsskrárinnar um úthlutun úr sjóðnum úr sögunni um leið. Nauðsyn ber því til að endurskoða skipulagsskrána. Þrátt fyrir þetta hafa nokkrir fræðimenn notið styrks úr sjóðnum síðan 1947. Eign hans er nú kr. 66.693.34.

Almanakssjóður. Með lögum nr. 25, 27. júní 1921, sbr. reglugerð 25. febr. 1922 og lög nr. 35 24. maí 1958 (sjá Árb. hásk. 1957-58, bls. 86) var Háskóla Íslands veitt einkaleyfi til útgáfu almanaks og dagatala á Íslandi, og skyldi einkarétturinn byrja með útgáfu almanaks fyrir árið 1923. Í lögunum er svo fyrir mælt, að hreinan arð af útgáfu almanaka ár hvert, skaðabætur og sektir fyrir brot á einkaréttinum o. fl. skuli leggja í sérstakan sjóð, sem Almanakssjóður heiti, og stjórnar háskólaráðið honum. Skal verja vöxtum sjóðsins, þegar innstæðan þykir hafa vaxið nægilega, til eflingar stærðfræðivísindum á Íslandi. Sú tilhögun komst á um útgáfu almanaksins, sem verið hefir síðan, að háskólinn hefir leigt Hinu íslenzka þjóðvinafélagi útgáfuréttinn til 5 ára í senn gegn ákveðnu gjaldi. Eign Almanakssjóðsins var í árslok 1924 kr. 4021.02. Hefir hann dafnað vel og gengur nú næst Prófjaldasjóði að stærð. Skipulagsskrá er prentuð í Árb. hásk. 1927-28, bls. 57-58. Úr honum hafa verið veittir nokkrir allríflegir vísindastyrkir. Eign hans er nú kr. 416.438.75.

Legat Guðmundar prófessors Magnússonar og Katrínar Skúladóttur er stofnað með erfðaskrá þeirra hjóna, dags. 18. jan. 1922, og með 50.000 kr. gjöf samkvæmt bréfi til háskólans, dags. 3. nóv. 1922. Stofnfé sjóðsins varð samtals kr. 100.947.93, miðað við 1. jan. 1935 eftir endanlegt uppgjör dánarbúsins. Tilgangur sjóðsins er að styrkja kandidat í læknisfræði til undirbúnings í útlöndum undir kennarastarf í einhverri grein læknisfræðinnar við læknadeild háskólans og í öðru lagi að veita íslenskum læknisfræðingi verðlaun fyrir ritgerð um læknisfræði eða til rannsókna í læknisfræði. Sjóður þessi er orðinn allöflugur og hafa verið veittir úr honum ríflegir styrkir. Skipulagsskráin er prentuð í Árb. hásk. 1934-35, bls. 71-72. Eign nú kr. 228.864.07.

Styrktarsjóður Jóhanns Jónssonar var stofnaður með dánargjöf Jóhanns Jónssonar frá Hrauni á Skaga, sem andaðist í Selkirk í Manitoba í Kanada 27. des. 1924. Sjóðurinn kom í vörzlu háskólans 1927 og var í árslok það ár að upphæð kr. 21.598.78. Ekki mátti veita styrk úr sjóðnum fyrr en hann var orðinn 25.000 kr. Það varð hann í árslok 1930 og hefir síðan árlega verið veittur styrkur úr honum, á seinni árum 3 stúdentum á ári, aldrei undir 400 kr. hverjum. Þeim hluta vaxtanna, þ. e. 4/5, sem ekki er lagður við höfuðstólinn, skal varið til þess að styrkja efnilega háskólanemendur, er eigi hafa nægan fjárfkost til þess að kosta sig sjálfir við háskólann. Þeir einir geta orðið styrks aðnjótandi, sem komnir eru úr sveit, og skulu þeir að öðru jöfnu ganga fyrir, sem komnir eru úr Skagafjarðar- eða Húnavatnssýslu. Greinargerð um sjóðinn ásamt æviágripi Jóhanns er birt í Árb. hásk. 1926-27, bls. 11-13 og skipulagsskrá ásamt öðru æviágripi gefandans í Árb. hásk. 1929-30, bls. 83-85. Eign sjóðsins er nú kr. 46.629.03.

Minningarsjóður Halldórs H. Andréssonar var stofnaður 1929 af hjónunum Andrésí Ólafssyni og Guðrúnu Halldórsdóttur á Brekku í Gufudalssveit til minningar um son þeirra, er lézt við laganám í háskólanum 28. apríl 1924, en stofnféð var kr. 1369.00. Úr sjóðnum skal árlega veita einhverjum nemanda lagadeildar styrk til bókakaupa eða til náms, og hófust styrkveitingar 28. apríl 1934, en upphæð styrksins er nú um 125 kr. Skipulagsskrá er prentuð í Árb. hásk. 1928-29, bls. 66-67. Eign sjóðsins er nú kr. 4175.16.

Dánargjöf Þórarins Jónssonar á Halldórsstöðum er til orðin fyrir

ófullgerða erfðaskrá eða síðustu skriflega viljayfirlýsingu gefandans, Þórarins bónda á Halldórsstöðum í Laxárdal, er lézt 20. febr. 1922. Erfðahluti háskólans var afhentur honum 1929 og var í lok þess árs að upphæð kr. 10.364.12. Í gjafabréfinu segir, að úr sjóðnum megi ekki veita fyrr en hann er orðinn $\frac{1}{2}$ milljón, en þá skuli veita styrki úr honum í því skyni að efla heilbrigða gagnrýni í landinu, þar á meðal gagnrýni á kristni og kirkju. Skipulagsskrá hefir ekki verið samin, enda nógur tíminn með það. Eign sjóðsins er nú kr. 31.026.87.

Foreldra og sjö bræðra sjóður er stofnaður með dánargjöf Þorbjargar Friðriksdóttur kennslukonu í Reykjavík, er lézt 18. júní 1931, til minningar um foreldra hennar og 7 bræður. Stofnfé sjóðsins nam kr. 4154.66, en þegar hann er orðinn 100 þús. kr. má verja hálfum vöxtum hans til styrktar fátækum stúdentum, körlum og konum, er nám stunda við Háskóla Íslands. Ágrip af arfleðsluskránni er prentað í Árb. hásk. 1931-32, bls. 55. Sjóðurinn er nú að upphæð kr. 18.743.79.

Gjöf heimfararnefndar Þjóðræknisfélagsins 1930. Sjóður þessi er svo til kominn, að heimfararnefnd Þjóðræknisfélags Íslendinga 1930 sendi háskólanum að gjöf kr. 13.729.90, er verja skyldi til stofnunar sjóði við háskólann. Samkvæmt skipulagsskrá, sem prentuð er í Árb. hásk. 1934-35, bls. 73-74, skal verja $\frac{3}{4}$ hlutum af tekjum sjóðsins til að efla andlegt samband milli Íslendinga austan hafs og vestan og enskumælandi þjóða. Veittir hafa verið námsstyrkir úr sjóði þessum. Eign hans er nú kr. 54.817.95.

Styrktarsjóður Lárusar H. Bjarnasonar hæstaréttardómara var stofnaður með 1000 króna gjöf Lárusar 6. des. 1933 í tilefni af því, að þá var nýlega liðinn aldarfjórðungur frá setningu lagaskólans. Verja má allt að $\frac{3}{4}$ hlutum sjóðsvaxtanna ár hvert sem styrk til efnilegs og fátæks nemanda í lagadeild háskólans, eins eða fleiri. Ekki hefir enn verið úthlutað úr sjóðnum. Skipulagsskrá er birt í Árb. hásk. 1934-35, bls. 73. Eign hans er nú kr. 3773.39.

Minnings sjóður Jóns biskups Vídalíns er stofnaður af síra Birni Þorlákssyni á Dvergasteini 1921 með kr. 570.10, er safnast höfðu á Austurlandi til minnisvarða Jóns biskups Vídalíns. Fé þetta var ávaxtað í Söfnunarsjóði, en eftir andlát síra Björns 3. marz 1935 var háskólanum afhentur sjóðurinn úr dánarbúi hans og nam þá kr. 1292.22. Samkvæmt skipulagsskrá, sem birt er í B-deild

Stjórnartíðinda nr. 35 29. marz 1927, skulu $\frac{3}{4}$ vaxta greiðast árlega 21. marz og í fyrsta skipti 1966 til guðfræðideildar háskólans, og skal hún þá hafa sett reglur um, hvernig vöxtunum skuli verja, svo að bezt megi sæma minningu biskupsins. Eign sjóðsins er nú kr. 4525.01.

Gjöf dr. Hannesar Þorsteinssonar. Sjóður þessi er stofnaður með dánargjöf dr. Hannesar samkvæmt arfleiðsluskrá hans 11. júlí 1931. Dr. Hannes lézt 10. apríl 1935 og að loknum skiptum í búi hans var háskólanum afhentur sinn erfðahlutur, er nam í árslok 1937 kr. 49.161.24. Þeim hluta af arði sjóðsins, er eigi skal leggja við höfuðstólinn, má verja: 1) til styrktar ungum námsmönnum, sem leggja stund á íslenzka sagnfræði við Háskóla Íslands, 2) til rannsókna og rita um íslenzka sögu og persónusögu ásamt ættfræði, og 3) til útgáfu rita um sömu efni, sérstaklega rita frá síðari öldum eftir siðaskipti. Úr sjóði þessum hefir verið úthlutað í mörg ár, og nema styrkirnir síðustu árin um og yfir 3000 kr. Ágrip af arfleiðsluskránni er prentað í Árb. hásk. 1934-35, bls. 74-75, en skipulagsskrá fyrir sjóðinn í Árb. hásk. 1937-38, bls. 65. Eign hans er nú kr. 73.092.48.

Minningarsjóður Jóns prófests Guðmundssonar er stofnaður af frú Guðnýju Þorsteinsdóttur, ekkju síra Jóns Guðmundssonar, fyrrum prófests í Nesi í Norðfirði. Stofnfé sjóðsins, að upphæð 10.000 krónur, var afhent háskólanum árið 1938. Þeim hluta vaxtanna, sem ekki er lagður við höfuðstólinn, skal árlega varið til að styrkja þá háskólanemendur, sem ekki hafa nægilegan fjárfkost til að kosta sig sjálfir við háskólann. Forgangsrétt til styrks úr sjóðnum hafa þeir stúdentar, sem eiga heima í Neskaupstað og Norðfjarðarhreppi. Árlegur styrkur úr sjóðnum nemur nú um 500 kr. Skipulagsskrá er prentuð í Árb. hásk. 1937-38, bls. 66. Eign hans nemur nú kr. 15.914.66.

Minningarsjóður Haralds prófessors Nielssonar var stofnaður af Háskóla Íslands 11. marz 1938 til minningar um Harald Nielsson prófessor á 10 ára dánardegi hans. Stofnféð var 1000 krónur, er lagðar voru fram úr Prófjaldasjóði, en leitað var samskota í sjóðinn, svo að stofnféð varð alls kr. 13.380.00. Meginhluta af vöxtum sjóðsins skal verið til þess að bjóða erlendum eða innlendum fræðimönnum að flytja eitt eða fleiri erindi við háskólann og til útgáfu erinda þeirra

á prenti. Með styrk úr sjóði þessum hafa verið fluttir við háskólann 5 fyrirlestrar og síðan prentaðir í ritsafni því, er nefnist Haralds Níelssonar fyrirlestrar. Skipulagsskrá sjóðsins er prentuð í Árb. hásk. 1938-39, bls. 63-64. Eign sjóðsins nemur nú kr. 26.292.82.

Forlagsboghandler, dr. phil. h. c. Ejnar Munksgaards Stiftelse til Fordel for Det filosofiske Fakultet ved Islands Universitet i Reykjavik. Sjóður þessi er stofnaður og gefinn heimspekideild af dr. Ejnar Munksgaard árið 1938, og er stofnfé 10.000 danskar krónur. Tilgangur sjóðsins er einkanlega sá að styrkja til þess að vinna úr eða gefa út forníslenzk rit í útgáfum, sem hafa alþjóðlegt gildi, gefa út rit um þessi efni eða til ferðastyrkja handa íslenskum fræðimönnum eða stúdentum til rannsókna í dönskum söfnum. Veittur hefir verið styrkur úr sjóðnum. Skipulagsskráin er í Árb. hásk. 1938-39, bls. 64-66. Eign hans er nú að upphæð danskar kr. 12.406.55 og ísl. kr. 11.086.38.

Columbiasjóður er stofnaður með gjafabréfi Steingríms Arasonar kennara 2. júlí 1939 í þeim tilgangi að koma á stúdentaskiptum milli Háskóla Íslands og Columbia University í New York. Stofnfé hans var kr. 12.521.89, en aukið síðar með gjöfum stofnanda, svo að í árslok 1950 nam sjóðurinn kr. 91.050.60. Þau hjón Steingrímur Arason og Hansína, kona hans arfleiddu loks sjóðinn að eignum sínum. Skipulagsskrá er prentuð í Árb. hásk. 1950-51, bls. 113-114. Úr sjóðnum skal styrkja til utanfarar uppeldisleiðtoga og aðra áhugamenn á því sviði til náms og kynningar í Bandaríkjunum, þinkum við kennaraskólann í Columbia University, enn fremur til nemendaskipta í sambandi við utanfarir. Sjóðurinn er nú kr. 126.745.82 auk arfs eftir stofnendurna.

Minningarsjóður Þórunnar og Davíðs Schevings Thorsteinssonar hét áður Minningarsjóður Davíðs Schevings Thorsteinssonar, en nafninu var breytt síðar. Sjóður þessi var stofnaður 1940 af Þorsteini Scheving Thorsteinssyni lyfsala með 6000 kr. höfuðstól. Jafnframt hafði hann keypt herbergi í stúdentagarðinum til minningar um föður sinn, og skyldu vextir af sjóðnum ganga til þess að greiða húsaleigu fyrir stúdent þann, sem byggi í herberginu. Sjóðurinn óx hröðum fetum með stórmannlegum gjöfum til viðbótar frá stofnanda um margra ára skeið, einnig með stórgjöf frá Magnúsi Scheving Thorsteinssyni, bróður stofnandans, til minningar um móður þeirra. Þessi sjóður er því orðinn einn af stærstu sjóðum háskólans og einn hinn

gagnlegasti, því að á seinni árum hefir verið greidd úr honum húsaleiga fyrir 4 stúdenta á Garði, þrjá úr læknadeild og einn úr íslenskum fræðum. Skipulagsskrá sjóðsins er prentuð í Árb. hásk. 1939-40, bls. 118, sbr. Árb. hásk. 1942-43, bls. 88, og 1950-51, bls. 113. Eign sjóðsins er nú kr. 254.333.64.

Afmælisgjöf Styrktarsjóðs verzlunarmanna á Ísafirði. Sjóður þessi er stofnaður með 10.000 króna gjöf frá Styrktarsjóði verzlunarmanna á Ísafirði til háskólans í tilefni af hálftrar aldar afmæli félagsins 29. nóv. 1940. Tilgangur sjóðsins er að styrkja námsmenn frá Ísafirði, er stunda nám í viðskiptafræðum við Háskóla Íslands. Skipulagsskrá sjóðsins er prentuð í Árb. hásk. 1941-42, bls. 121-123. Eign hans er nú kr. 22.712.36.

Minningarsjóður Páls Bjarnasonar skólastjóra í Vestmannaeyjum er stofnaður af félögum og einstaklingum í Vestmannaeyjum til minningar um farsælt starf Páls skólastjóra þar í þágu skóla og menningarmála. Stofnféð var afhent háskólanum 22. jan. 1941, að upphæð kr. 1056.21. Tilgangur sjóðsins er að verðlauna tíunda hvert ár, í fyrsta sinn 1950, vísindalegar ritgerðir náttúrufræðilegs efnis um Vestmannaeyjar eða vísindalegar rannsóknir þar um sama efni. Enginn verðlaun hafa enn verið veitt úr sjóðnum. Skipulagsskrá er prentuð í Árb. hásk. 1941-42, bls. 120-121. Eign sjóðsins er nú kr. 2254.16.

Framfarasjóður stúdenta er stofnaður af nokkrum stúdentum, sem tóku stúdentspróf á árunum 1887 og 1888 og hét upphaflega Menningarsjóður Íslands, en afhentur háskólanum 1941 og var þá að upphæð kr. 5166.62. Tilgangur sjóðsins er að styrkja íslenska menningar- og framfaraviðleitni, sérstaklega allt það, sem vænlegast þætti til þess að efla atvinnuvegi vora og bæta efnalega afkomu almennings. Engin úthlutun hefir enn farið fram. Skipulagsskrá fyrir sjóðinn er prentuð í Árb. hásk. 1941-42, bls. 121. Eign hans er nú kr. 15.270.32.

Minningarsjóður sýslumannshjóna Eggerts og Ingibjargar Briem var stofnaður af þremur börnum þeirra hjóna og afhentur háskólanum með bréfi 10. apríl 1942. Stofnféð var að upphæð kr. 2676.88. Verja skal $\frac{1}{4}$ hluta vaxtanna til þess að styrkja námsmenn í landbúnaðarvísindum, þegar deild í þeirri grein verður stofnuð við Háskóla Íslands. Sjá Árb. hásk. 1941-42, bls. 20. Skipulagsskrá er birt

í Stjórnartíðindum. Eign sjóðsins nú kr. 7759.39.

Der danske Selskabs Studenterlegat var stofnað af Det danske Selskab í Reykjavík 1943 með 10.000 króna höfuðstól til styrktar þeim stúdent, er á hverjum tíma býr í herbergi því í Nýja-Stúdentagarðinum, er kallast „Danmarks Værelse“. Styrkurinn er veittur árlega og nemur nú um 400 kr. Skipulagsskrá sjóðsins er prentuð í Árb. hásk. 1943-44, bls. 93. Eign hans er nú kr. 15.723.69.

Gjafasjóður Jóns og Þóru Magnússon var stofnaður samkvæmt erfðaskrá frú Þóru J. Magnússon með 5000 króna gjöf, er afhent var háskólanum 15. sept. 1947. Vöxtum af sjóðnum skal varið til að styrkja nemanda við lagadeild háskólans. Ekki er enn farið að veita styrki úr sjóði þessum. Sjá Árb. hásk. 1947-48, bls. 17, 123. Eign hans er nú kr. 10.150.57.

Gjafasjóður Þorkels Þorlákssonar er stofnaður með dánargjöf Þorkels Þorlákssonar stjórnarráðsritara, er lézt 24. nóv. 1946. Stofnfé sjóðsins var 2000 kr., er afhent var háskólanum 30. des. 1947 að viðbættum vöxtum kr. 42.66. Þegar sjóðseignin nemur kr. 50.000.00 ásamt vöxtum, má verja árlegum tekjum sjóðsins til styrktar stúdent eða kandidat, er leggur stund á fagurfræði, sérstaklega þá grein fagurfræðinnar, er vikur að ytri fegurð og samræmi. Sjá Árb. hásk. 1947-48, bls. 17, 123. Eign sjóðsins er nú kr. 3986.79.

Minningarsjóður Jóns Ólafssonar alþingismanns. Sjóð þennan stofnaði Benedikt S. Þórarinsson kaupmaður 2. des. 1920, og skyldu vextir allir leggjast við höfuðstólinn til ársins 1949, „en af vöxtunum fyrir það ár og hvert eftirfarandi ár leggist helmingurinn jafnan við höfuðstólinn, en hinn helmingur ársvaxtanna falli árlega til útborgunar til prófessorsins í íslenskum fræðum við Háskóla Íslands, svo að þeim verði varið til að efla og útbreiða þekkingu á íslenskri tungu“. Sjóðurinn var afhentur háskólanum 10. marz 1948 og var þá með vöxtum orðinn kr. 6472.06. Engar greiðslur hafa enn farið fram úr þessum sjóði. Sjá Árb. hásk. 1947-48, bls. 17-18. Eign hans er nú kr. 12.195.05.

Minningarsjóður norskra stúdenta er stofnaður með gjöfum hjónanna Guðrúnar og Salomons Brunborgs og sona þeirra, Erlings og Egils, sem búsett eru í Billingstad í Noregi, en hann var afhentur háskólanum til varðveislu af frú Guðrúnu Brunborg 9. nóv. 1948, og var stofnféð 100.000 krónur. Er sjóðurinn helgaður minningu allra

þeirra norsku stúdenta, sem lögðu líf sitt í sölurnar fyrir föðurland sitt í frelsisbaráttu Norðmanna á árunum 1940-1945. Tilgangur sjóðsins er að efla menningarsamband Íslands og Noregs með því að styrkja norska stúdenta og kandidata til náms við Háskóla Íslands. Stofnendur sjóðsins stofnuðu tilsvarendi sjóð við Oslóarháskóla árið 1947 að upphæð 47.752 norskar krónur, og er honum ætlað sams konar hlutverk í Noregi sem þessum sjóði er ætlað á Íslandi. Frú Guðrún Brunborg safnaði sjálf fé í þessa tvo sjóði, í íslenzka sjóðinn að öllu leyti og í norska sjóðinn að mestu leyti með fyrirlestrum og kvikmyndasýningum. Styrkveiting nú er um 4500 kr. á ári handa norskum stúdent til námsdvalar hér. Skipulagsskrá sjóðsins er prentuð í Árb. hásk. 1948-49, bls. 108-110. Eign hans nemur nú kr. 155.119.62.

Gjafasjóður Guðmundur Thorsteinssonar. Með arfleðsluskrá, dags. 24. okt. 1927, gerði Guðmundur Thorsteinsson, síðast á Bjarnarstíg 12, þá ráðstöfun eftir sinn dag, að stofna skyldi sjóð af mestum hluta eigna hans, er bæri ofangreint nafn. Guðmundur andaðist 6. júlí 1949, og var sjóðurinn afhentur háskólanum 30. des. sama ár. Stofnfé sjóðsins var kr. 154.789.14. Við höfuðstólinn skal árlega leggja helming vaxta, en hinum helmingnum skal verja: 1) til að styrkja efnilega, fátæka stúdenta, sem stunda læknisfræði-, lögfræði- eða verkfræðinám við Háskóla Íslands, en lægri styrk en 500 kr. má ekki veita, 2) til að styrkja vísindalegar rannsóknir eða vísindastarfsemi, einkum þá, er varðar lögfræðileg efni, íslenzk náttúruvísindi og heilbrigðismál, og 3) til að styrkja útgáfu vísindarita eða vel saminna alþýðlegra fræðibóka. Erfðaskrá Guðmundar Thorsteinssonar ásamt æviágripi hans er prentuð í Árb. hásk. 1949-50, bls. 106 -108, en skipulagsskrá sjóðsins í Árb. hásk. 1950-51, bls. 114-15. Eign sjóðsins er nú kr. 275.042,77.

Verðlaunasjóður dr. jur. Einars Arnórssonar var stofnaður með gjöf dr. Einars á 40 ára afmæli háskólans 17. júní 1951. Stofnfé sjóðsins var 20.000 krónur. Fjórum fimmtungum teknanna má verja til verðlauna kandidötum fyrir afburða vel leyst skrifleg verkefni við próf í lagadeild, íslenzkum fræðum eða íslenzkri kirkjusögu. Gjafabréf stofnandans er prentað í Árb. hásk. 1950-51, bls. 17, en skipulagsskrá sjóðsins í Árb. hásk. 1952-53, bls. 109. Eign hans er nú kr. 31.328.28.

Minningarsjóður Benedikts Sveinssonar sýslumanns er stofnaður

með dánargjöf frú Ragnheiðar Benediktsdóttur, ekkju Júlíusar bankastjóra Sigurðssonar á Akureyri, til minningar um föður sinn. Stofnfé sjóðsins var kr. 10.800.00, er afhent var háskólanum 23. nóv. 1951. Þegar sjóðurinn er orðinn 25.000 kr., má árlega veita úr honum sem svarar 4/5 hlutum teknanna. Skal fé því, er til úthlutunar kemur, varið til námsstyrkja handa efnilegum stúdentum við Háskóla Íslands, og skulu ættmenn Benedikts Sveinssonar ganga fyrir um styrkveitingar úr sjóðnum, en að þeim frágengnum stúdentar úr Skaftafellssýslum. Ákvæði erfðaskrárinnar um gjöfina eru prentuð í Árb. hásk. 1951-52, bls. 16, en skipulagsskráin í Árb. hásk. 1952-53, bls. 108. Sjóðurinn er nú kr. 15.569.46.

Minningarsjóður Jóns Þorlákssonar verkfræðings til styrktar verkfræðinimum við Háskóla Íslands eða til framhaldsnáms þeirra við annan Háskóla. Sjóður þessi er stofnaður af ekkju Jóns Þorlákssonar verkfræðings, frú Ingibjörgu Claessen Þorláksson, og kjördætrum þeirra á 75 ára afmæli Jóns 3. marz 1952. Stofnfé sjóðsins, að upphæð 50.000 krónur, var afhent háskólanum 18. apríl 1952. Tilgangur sjóðsins er eins og nafnið bendir til að styrkja stúdenta til náms við verkfræðideild Háskóla Íslands eða til framhaldsnáms þeirra við annan háskóla, en einkum þá, er að dagnaði og reglusemi skara fram úr öðrum, og skulu fyrstu árin að öðru jöfnu ganga fyrir stúdentar ættaðir úr Húnavatns- og Skagafjarðarsýslum. Úr sjóðnum eru veittar um 2500 kr. árlega. Bréf um sjóðgjöfina er birt í Árb. hásk. 1951-52, bls. 16-17, og skipulagsskrá s. st., bls. 105-106. Eign sjóðsins er nú kr. 89.356.70,

Minningarsjóður Þorvalds Finnbogasonar stúdents er stofnaður af hjónunum Sigríði Eiríksdóttur og Finnboga Rúti Þorvaldssyni prófessor á 21 árs afmæli Þorvalds, sonar þeirra, 21. des. 1952, en hann lézt 3. ágúst sama ár. Stofnfé sjóðsins, að upphæð 50.000 krónur, var afhent háskólanum 24. des. 1952. Tilgangur sjóðsins er að styrkja stúdenta til náms við verkfræðideild Háskóla Íslands eða til framhaldsnáms í verkfræði við annan háskóla að loknu fyrra hluta prófi í verkfræðideild Háskóla Íslands. Veittur hefir verið að undanfögnu 5000 kr. styrkur úr sjóðnum annað hvert ár. Gjafabréf sjóðsstofnenda er birt í Árb. hásk. 1952-53, bls. 16-17, og skipulagsskrá sjóðsins á sama stað, bls. 110 -111. Eign hans er nú kr. 74.410.84.

Gjafasjóður Gunnlaugs Kristmundssonar sandgræðslustjóra. Með gjafabréfi, dags. 4. nóv. 1949, ánafnaði Gunnlaugur Kristmundsson háskólanum 50.000 krónum af eignum sínum eftir sinn dag, og var háskólanum afhent féð hinn 19. marz 1953. Markmið sjóðs þessa er að styrkja ættingja gefandans og fleiri í bóklegum þjóðlegum fræðum eða til jarðvegsrannsókna og gróðurathugana á sandfokssvæðum hér á landi. Kafli úr gjafabréfi stofnandans er birt í Árb. hásk. 1952-53, bls. 17. Eign sjóðsins er nú kr. 72.008.57.

Verðlaunasjóður Alfreds Benzons er stofnaður af Þorsteini Scheving Thorsteinssyni lyfsala 17. jan. 1955 á aldarafmæli Alfreds Benzons lyfsala og verksmiðjueiganda í Kaupmannahöfn. Stofnfé sjóðsins var kr. 113.669.27. Af úthlutunarfé sjóðsins, sem má vera 2/3 hlutar vaxtanna árlega, má veita norrænum mönnum og konum verðlaun fyrir rannsóknir í lyfjafræði og lyflæknisfræði og fyrir ritgerðir um þau efni, byggðar á sjálfstæðum rannsóknum. Enn fremur má veita styrk til framhaldsnáms í áðurtöldum greinum. Skipulagsskrá sjóðsins er prentuð í Árb. hásk. 1954 -55, bls. 125-126. Eign hans er nú kr. 146.950.55.

Minningarsjóður um aldarafmæli frjálsrar verzlunar á Íslandi er svo til kominn, að nefnd sú, er stóð fyrir hátíðahöldum í tilefni af aldarafmæli frjálsrar verzlunar á Íslandi 1. apríl 1955, færði háskólanum að gjöf 100.000 krónur til sjóðsstofnunar. Að gjöf þessari stóðu Verzlunarráð Íslands, Samband íslenzkra samvinnufélaga, Samband smásöluverzlana og Verzlunarmannafélag Reykjavíkur. Sjóði þessum verður varið til styrktar nemendum í viðskiptafræðum við háskólann samkvæmt skipulagsskrá, er staðfest var 22. marz 1961. Sbr. Árb. hásk. 1955-56, bls. 7. Eign sjóðsins er nú kr. 145.194.66.

Minningarsjóður Páls Briems er stofnaður á aldarafmæli Páls amtmanns Briems 19. okt. 1956 af ekkju hans frú Álfheiði Briem, börnum hans og tengdabörnum. Sjóðurinn var afhentur háskólanum 27. okt. sama ár, og var stofnféð 35.000 kr., en síðar bárust til viðbótar alls 5000 kr. frá stofnendunum og frú Jóhönnu Briem. Hlutverk sjóðsins er fyrst og fremst að efla þekkingu á lögum og rétti og styrkja lögfræðilega vísindastarfsemi hér á landi. Ekki hefir enn verið fullgengið frá skipulagsskránni. Sjá Árb. hásk. 1956-57, bls. 23-24. Eign sjóðsins er nú kr. 54.768.50.

Minningarsjóður prófessors Jóns Jóhannessonar var stofnaður

sumarið 1957 af minningargjöfum um próf. Jón, er lézt 4. maí það ár. Nam stofnfé sjóðsins samtals kr. 39.155.00, en hefir verið aukið nokkuð síðan með gjöfum til sjóðsins, þar á meðal frá ekkju próf. Jóns, frú Guðrúnu P. Helgadóttur. Samkvæmt skipulagsskrá sjóðsins er tilgangur hans sá að styrkja stúdenta til náms í íslenskum fræðum og kandidata í sömu fræðum til framhaldsnáms. Eign sjóðsins er nú kr. 51.910.62.

Minningarsjóður frú Sigríðar Magnúsdóttur er stofnaður með bréfi, dags. 9. maí 1958, af prófessor Ólafi Lárussyni til minningar um konu hans. Stofnfé sjóðsins var 12.000 krónur, og skal af tekjum hans styrkja efnilega kvenstúdenta, einkum í lögfræði. Skipulagsskrá hefir enn ekki verið samin. Eign sjóðsins er nú kr. 12.745.60.

Á háskólaárinu 1960-61 var stofnað til *Minningarsjóðs dr. Þorkels Jóhannessonar háskólarektors*, en með því að sjóðurinn er enn á myndunarstigi, er þetta er ritað, er þess ekki kostur að skýra nánar frá honum hér. Líku máli gegnir um *Minningarsjóð dr. Rögnvalds Péturssonar* til eflingar íslenskum fræðum, sem er allríflegur sjóður, en er ekki enn kominn hingað til lands.

Hér að framan hefir verið gerð grein fyrir 49 sjóðum í eigu háskólans, en einn þeirra er horfinn úr sögunni. Að tveim hinum síðastnefndu einnig frátöldum eru sjóðirnir því nú sem stendur 46 talsins. Nema eignir þeirra í árslok 1960 rúmlega 3 millj. og 400 þús. kr.

Ástæða er til að minnst enn fremur á nokkra sjóði, sem tengdir eru háskólanum á vissan hátt, þótt eigi teljist þeir meðal háskólasjóðanna. Þannig er t. d. um *Styrktarsjóð Hannesar Árnasonar til eflingar heimspekilegum vísindum á Íslandi*. Úr honum er veittur styrkur 6. hvert ár til 4 ára í senn, og gerir ráðherra það í samráði við háskólaráðið. Nemur upphæð styrksins 2000 kr. á ári hverju í 4 ár. (Árb. hásk. 1912-13, bls. 50-51).

Hrafinkelssjóður, sem stofnaður er til minningar um Hrafinkel Einarsson stúdent, er lézt við nám erlendis 4. nóv. 1927, hefir það markmið að veita íslenskum stúdentum styrk til þess að stunda nám við erlenda háskóla, en ekki eru þeir stúdentar fæddir enn, er þess styrks fá að njóta, því að fyrsta úthlutun úr sjóðnum skal fram fara hinn 13. ágúst 2005. (Árb. hásk. 1929-30, bls. 88-89).

Þá er að nefna *Kanadasjóð*, sem Kanadastjórn stofnaði í minningu

um 1000 ára afmæli alþingis með 25.000 dala höfuðstól. Úr honum eru veittir styrkir íslenskum námsmönnum til náms í Kanada, og fara styrkveitingar um hendur forsætisráðuneytisins.

Þá er *Snorrasjóður*, sem norska ríkisstjórnin stofnaði einnig í tilefni af alþingishátíðinni með 100.000 kr. höfuðstól. Er þeim sjóði ætlað að styrkja íslenska stúdenta til náms í Noregi, og er hann í vörzlu forsætisráðuneytisins.

Að lokum skal nefna hér *Dánargjöf Thomasar J. Knudsens*, sem afhent var háskólanum 21. maí 1942 og var að upphæð kr. 10.686.75. Engin greinargerð fylgdi með gjöf þessari. Stendur hún á sparisjóðsbók með venjulegum vöxtum, en er að öðru leyti óráðstafað.

XXVI. Bókaútgáfa og fræðslustarfsemi

Auk kennslu og vísindastarfa í sambandi við hana hafa kennarar háskólans fyrr og síðar unnið að margs konar fræðslustarfsemi, samið vísindarit og kennslubækur, gefið út fræðslurit og flutt fyrirlestra fyrir almenning. Þá hafa þeir átt sæti í stjórnnum ýmissa menningarfélaga, verið í útgáfunefndum erlendra og innlendra vísindarita, sem of langt yrði upp að telja, og margir þeirra látið sig þjóðmál miklu skipta. Hér verður aðeins getið um nokkra þætti þessarar starfsemi.

Háskólinn hefir jafnan haft nokkra bókaútgáfu með höndum, og ber þar fyrst að nefna *Árbók Háskóla Íslands*, sem er árleg skýrsla um starfsemi háskólans frá upphafi og er nú orðið allmikið ritsafn. Þar greinir frá stjórn háskólans og gerðum háskólaráðs, og þar er birt setningarræða rektors, kennaratal og stúdentaskrá eftir deildum, skýrt frá prófum og styrkveitingum til stúdenta og annarra, birtir reikningar háskólans og sjóða hans, skýrsla um háskólabókasafn, happdrætti háskólans og yfirlit um störf stúdentaráðs. Í árbókinni eru einnig prentuð æviágrip látinna háskólakennara og nýrra doktora, svo og lög og reglugerðir háskólans og stofnana hans. Þarna er mikill fróðleikur saman kominn um háskólann fyrr og síðar.

Það var lengi venja, að hverri árbók fylgdi ritgerð fræðilegs efnis, vanalega eftir rektor háskólans. Eftir að farið var að kjósa rektor til þriggja ára í senn og einkum eftir að embættisumsvif hans uxu, hættu þessi rit að koma reglulega út. *Fylgirit árbókanna* eru mikið og merkilegt ritsafn, sum þeirra stærðarbækur að vöxtum, og fjalla um margvísleg efni. Þar sem rit þessi eru miður kunn landsmönnum en vera skyldi, skulu þau talin hér upp:

Stúfssaga. Gefin út í fyrsta sinn eftir handritunum af Birni Magnússini Ólsen, 1912.

Yfirlit yfir sögu sullaveikinnar á Íslandi eftir Guðmund Magnússon, 1913.

Um landsdóminn eftir Lárus H. Bjarnason, 1914.

Um skipulag bæja eftir Guðmund Hannesson, 1916.

Um tilfinningalífið eftir Ágúst H. Bjarnason, 1918.

- Meðferð opinberra mála eftir Einar Arnórsson, 1919.
Opinberunarrit síðgyðingdómsins eftir Sigurð P. Sívertsen, 1920.
Land og þjóð eftir Guðmund Finnbogason, 1921.
Grágás og lögbækurnar eftir Ólaf Lárusson, 1922.
Völuspá. Gefin út með skýringum af Sigurði Nordal, 1923.
Upptök sálma og sálmalaga í lútherskum sið á Íslandi eftir Pál Eggert Ólason, 1924.
Körpermasze und Körperproportionen der Isländer. Ein Beitrag zur Anthropologie Islands. Von Guðmundur Hannesson, 1925.
Almannatrygging eftir Magnús Jónsson, 1926.
Die Suffixe im Isländischen eftir Alexander Jóhannesson, 1927.
Samanburður samstofna guðspjallanna gjörður af Sigurði P. Sívertsen, 1928.
Heimsmynd vísindanna eftir Ágúst H. Bjarnason, 1929.
Die Mediageminata im Isländischen eftir Alexander Jóhannesson, 1930.
Saga Nýjatestamentisins. Saga ritsafnsins og textans. Eftir Magnús Jónsson, 1931.
Um næringu og næringarsjúkdóma eftir Niels P. Dungal, 1932.
Þjóðabandalagið eftir Einar Arnórsson, 1933.
Samstofna guðspjöllin, uppruni þeirra og afstaða sín á milli, eftir Ásmund Guðmundsson, 1934.
Deildir Alþingis eftir Bjarna Benediktsson, 1935-36.
Íslenzk líffæraheiti eftir Guðmund Hannesson, 1937.
Vandamál mannlegs lífs I-II eftir Ágúst H. Bjarnason, 1938-39.
Um frumtungu Indó-germana og frumheimkynni eftir Alexander Jóhannesson, 1941.
Some Remarks on the Origin of the N-sound eftir Alexander Jóhannesson, 1954.
C-vítamínrannsóknir eftir Júlíus Sigurjónsson, 1955.
How did homo sapiens express the idea of flat? eftir Alexander Jóhannesson, 1958.
Í þessu ritsafni eru enn ótalin fjögur fylgirit, sem mynda sérstakan flokk: *Skrá um rit háskólakennara* (Bibliographia Universitatis Islandiae). Í tilefni af vígslu háskólabyggingarinnar og að frumkvæði próf. Alexanders Jóhannessonar, samþykkti háskólaráð að gefa út skrá um rit háskólakennara 1911-1940. Í þá skrá skyldi tekið: rit og

Þýðingar á þeim, ritgerðir, ritdómar, einkum í tímaritum, útgáfur og útgáfustjórn, ritstjórn blaða og tímarita, þýðingar rita, skáldskapur, ræður, eftirmæli í tímaritum og árbók háskólans. Aðeins skyldi getið um þau rit, sem komið höfðu á prent eða verið fjölrituð, og einungis þau, sem út höfðu komið, meðan höfundurinn var starfandi kennari við háskólann. Var um leið gert ráð fyrir, að sams konar skrá yrði gefin út á nokkurra ára fresti eftirleiðis. Þessu hefir verið fylgt síðan. Fyrsta skráin fylgir árbók 1939-40 og nær yfir tímabilið 1911-1940, önnur fylgir árbók 1946-47 og nær yfir árin 1940-1946, þriðja fylgir árbók 1951-52 og nær yfir árin 1947-1951 og sú fjórða fylgir árbók 1960-61 og tekur yfir árin 1952-1960. Í öllum skránum nema hinni fyrstu eru tekin með öll rit nýrra háskólakennara, en ekki aðeins frá þeim tíma, sem þeir hafa starfað við háskólann.

Árið 1937 hóf próf. Sigurður Nordal útgáfu ritsafns, er nefnist *Studia Islandica, Íslensk fræði*, og er safn sjálfstæðra ritgerða um íslenska bókmenntasögu, málfræði og sögu. Var próf. Sigurður bæði ritstjóri og útgefandi safnsins, og komu út af því 12 hefti í umsjá hans á árunum 1937-1951. En þegar hann hvarf af landi burt og gerðist sendiherra í Danmörku, tók heimspekideild háskólans við útgáfunni og hefir haldið henni áfram síðan undir ritstjórn próf. Steingrims J. Þorsteinssonar og með styrk úr Sáttmálasjóði. Nú eru komin út í safni þessu 19 hefti alls. Í *Studia Islandica* hafa birzt ýmsar athyglisverðar ritgerðir og sumar stórlega merkar á sínu sviði. Hvert hefti um sig er sjálfstætt að efni.

Eins og skýrt er frá á öðrum stað, stofnaði háskólinn sjóð til minningar um próf. Harald Níelsson á 11 ára dánarafmæli hans, og skyldi tekjum sjóðsins varið til þess að efna til fyrirlestra, er síðan yrðu prentaðir og bæru nafn hans. Hafa 5 slíkir *Haralds Níelssonar fyrirlestrar* verið fluttir fyrir almenning og gefnir út á árunum 1938-1952.

Um leið og háskólinn fluttist í hin nýju húsakynni sín, batnaði mjög aðstaða til þess að flytja fyrirlestra fyrir almenning. Gekkst háskólarektor, próf. Alexander Jóhannesson, fyrir því, að sú starfsemi var tekin þar upp þegar á fyrsta ári með því að nokkrir háskólakennarar fluttu fræðandi fyrirlestra um ýmis efni, hver úr sinni grein. Þessi fræðslustarfsemi hélt síðan áfram í mörg ár, og voru fyrirlestrarnir fluttir á sunnudögum í hátíðasal háskólans og

öllum heimill aðgangur, meðan húsrúm leyfði. Nýbreytni þessi átti vinsældum að fagna hjá almenningi, og komu fram óskir um, að nokkrir fyrirlestranna yrðu prentaðir. Stofnaði próf. Alexander þá tímarit, þar sem flestir af fyrirlestrunum voru prentaðir, og komu út af því 6 bindi á árunum 1941-1954. Tímaritið nefndist *Samtíð og saga*, en ritstjóri var próf. Steingrímur J. Þorsteinsson. Í ritsafni þessu birtust alls 55 fyrirlestrar eftir 33 vísinda- og fræðimenn, og er efni safnsins því næsta fjölbreytilegt og girnilegt til fróðleiks. Þess skal getið, að flutningur sunnudagsfyrirlestra í háskólanum hélt áfram í nokkur ár, eftir að *Samtíð og saga* hætti að koma út, en síðustu 3-4 árin hefir starfsemi þessi legið niðri. En nú hefir háskólaráð ákveðið, að slíkir fyrirlestrar verði teknir upp aftur á næsta vetri.

Fyrir nokkrum árum hóf háskólinn merka útgáfustarfsemi með styrk frá alþingi. Er þar um að ræða *vísindalega útgáfu á fornritum og ljósprentun handrita*. Nefnd háskólakennara hefir með höndum stjórn útgáfunnar, og áttu fyrst sæti í þeirri nefnd prófessorarnir Alexander Jóhannesson, Einar Ól. Sveinsson, Ólafur Lárusson og Þorkell Jóhannesson, en nú skipa nefndina tveir hinir fyrst töldu og próf. Hreinn Benediktsson, er kosinn var á þessu ári eftir fráfall þeirra Þorkels og Ólafs Lárussonar. Í þessari útgáfu hafa þegar birt á forlagi háskólans þrjú rit: Íslendingabók Ara prests hins fróða í ljósprentaðri útgáfu próf. Jóns Jóhannessonar 1956, Skarðsárþing, þ. e. Landnámabók Björns Jónssonar á Skarpsá, gefin út af dr. Jakobi Benediktssyni 1958, og Dínus saga drambláta, gefin út af Jónasi Kristjánssyni cand. mag. 1960.

Af öðrum ritverkum, sem háskólinn hefir átt hlut að, skal getið hér *ævisögu Jóns Sigurðssonar* hinnar miklu eftir próf. Pál E. Ólason. Upptök þess rits voru þau, að 16. maí 1925 samþykkti háskólaráð að greiða allt að 5000 kr. ritlaun fyrir ævisögu Jóns Sigurðssonar forseta. Ætlazt var til, að þetta yrði rækileg ævisaga, þar sem skýrt væri frá æviatriðum, stjórnmalabaráttu og vísindastarfi Jóns Sigurðssonar eftir beztu heimildum og nægum tilvitnunum í rit hans, bæði prentuð og óprentuð. Stærð þess skyldi þó ekki fara fram úr 33 örkum (528 bls.) og skyldi því lokið og handriti skilað í ársbyrjun 1930. Á fundi 16. apríl 1926 kaus háskólaráð 3 menn í nefnd til þess að gera tillögur um framkvæmd verksins, og voru til þess kosnir prófessorarnir Einar Arnórsson, Páll E. Ólason og Sigurður Nordal.

Dr. Páll hófst nú handa um ritun ævisögunnar, en fór sínar eigin leiðir um stærð hennar og snið. Varð úr því hið mikla rit hans um Jón Sigurðsson, sem kom út á forlagi Þjóðvinafélagsins í 5 stórum bindum á árunum 1929-1933. Enda þótt sú ævisaga væri með allt öðru sniði en háskólaráð hafði upphaflega ætlazt til, greiddi það þjóðvinafélaginu áður nefnda fjárupphæð til útgáfunnar. Síðar samdi dr. Páll ævisögu Jóns Sigurðssonar í einu bindi, er kom út bæði á dönsku og íslenzku, og mun hún nærhæfis því, sem háskólaráð hafði öndverðlega gert ráð fyrir.

Loks er ástæða til að geta þess, að háskólinn hefir jafnan eftir mætti stuðlað að útgáfu ýmissa íslenzkra vísindarita. Má t. d. nefna styrki til útgáfu doktorsritgerða, allrífleg framlög til útgáfu vísindalegra rita um Heklugosið 1947 og fleira, sem hér verður ekki talið.

Eins og áður er sagt, gekkst háskólinn fyrir því um margra ára skeið, að fluttir voru *fræðandi fyrirlestrar* fyrir almenning. Einnig tíðkaðist það um nokkurt árabíl, að einhver af kennurum háskólans flutti fyrirlestur á háskólahátíðum um eitthvert fræðilegt efni. Hér til má og telja það, að háskólinn hefir gengizt fyrir minningarhátíðum um merka menn eða atburði, þar sem einhverjir af háskólakennurum hafa flutt erindi og minningarræður. Þannig hafa verið haldnar minningarhátíðir um þýzka stórskáldið Goethe 1932 og 1949, um próf. Finn Jónsson 1934, um Snorra Sturluson 1941, um Jónas Hallgrímsson 1945, um Ara fróða 1948, um Jón biskup Arason 1950, um próf. Björn M. Ólsen á 40 ára afmæli háskólans 1951, og loks hafði háskólinn hátíðarsamkomu með flutningi fræðilegs erindis í tilefni af Skálholtshátíðinni 1956.

Síðan útvarpið kom til sögunnar, er hægra um vik en áður að ná til þjóðarinnar fyrir meðalgöngu þess. Flestir háskólakennarar hafa fært sér það í nyt og flutt þar fræðandi erindi og erindaflokka, annazt samfelldar dagskrár úr sögu eða bókmenntum þjóðarinnar og upplestur úrvalsrita. Frá almennu sjónarmiði telst þessi starfsemi til þess, sem Englendingar kalla „*university extension*“, þ. e. útpensla háskólans til almennings, kynningarstarf fyrir þjóðina í sambandi við og í beinu framhaldi af sjálfri háskólakennslunni. Hvergi kemst háskólinn nær því að vera þjóðskóli en einmitt þannig, nema ef vera skyldi í alþýðlegum, fræðandi ritum, og þá því aðeins, að menn

kaupi þau og lesi.

Hliðstæð fyrirlestrarstarfsemi háskólans, þótt á öðru sviði sé, er *tónlistarkynning* sú, sem farið hefir fram á vegum háskólans um nokkurra ára skeið. Tónleikar höfðu að vísu verið haldnir í háskólanum öðru hvoru, en um fasta starfsemi í þá átt var ekki að ræða fyrr en nú á síðustu árum. Sú starfsemi á rætur sínar að rekja til þess, að fiðlusnillingurinn Isaac Stern frá Bandaríkjunum kom hingað til lands og hélt tónleika í ársbyrjun 1955. Bauðst hann til að leika ókeypis fyrir stúdenta í hátíðasalnum, og fóru þeir tónleikar fram 8. jan. við mikla aðsókn og góðar undirtektir. Áður en hann fór af landi brott, tilkynnti hann háskólarektor, að hann mundi verja tekjum sínum af Íslandsförinni til þess að efna mætti til tónlistarflutnings við háskólann með beztu fánlegum tækjum til hljómplötuleika, svo og vísi að hljómplötusafni. Tæki þessi og myndarlegt hljómplötusafn bærust háskólanum um sumarið, og voru tækin sett niður í hátíðasalnum af sérfræðingi, sem kom í því skyni frá Bandaríkjunum. Háskólaráð ákvað að nota skyldi gjöfina til tónlistarkynningar í hátíðasal, auk þess sem stúdentar fengju lánaðar plötur úr safninu, er þeir héldu tónlistarkvöldvökur á Nýja-Garði. Þessi starfsemi hófst þegar um veturinn 1955-56 og hefir farið fram á hverjum vetri síðan. Tónlistarkynningar fara fram því sem næst mánaðarlega, meðan háskólinn starfar, og eru opnar jafnt háskólakennurum og stúdentum sem almenningi. Flutt eru valin tónverk og kunnir tónlistarmenn fengnir til að kynna tónskáldin og skýra verkin. Umsjón með tónlistarkynningunum hefir 5 manna stjórn, sem kjörin er í því skyni, þrír af háskólaráði og tveir af hálfu stúdenta, en formenn hafa verið próf. Gylfi Þ. Gíslason fyrsta árið og síðan próf. Steingrímur J. Þorsteinsson. Háskólaráð hefir veitt nokkurt fé til aukningar hljómplötusafnsins, og auk þess hafa því borizt góðar gjafir; eru hinar langstærstu þeirra frá hljómplötudeild „Fálkans“ og upplýsingaþjónustu Bandaríkjanna. Tónlistarkynningin á nú um 1000 hæggenisplötur með mörgum ágætum tónverkum.

Háskólinn hefir enn fremur beitt sér fyrir *námskeiðum* í ýmsum greinum. Þannig voru t. d. haldin námskeið fyrir kennara í uppeldisfræði og fleira, áður en föst skipan komst á þau mál. Haldið var einu sinni námskeið fyrir verzlunarmenn, og á stríðsárunum

hafði háskólinn kennslu í íslenzku fyrir Bandaríkjahermenn. Sérstök ástæða er til að nefna námskeið þau í íslenzku fyrir Norðurlandastúdenta, sem haldin hafa verið á vegum háskólans, en slík námskeið hafa verið haldin fjórum sinnum og hafa gefizt einkar vel. Hið fyrsta þeirra var haldið að Laugarvatni sumarið 1936, og veitti próf. Sigurður Nordal því forstöðu. Í því námskeiði tóku þátt nokkrir erlendir háskólakennarar auk erlendra stúdenta og einnig nokkurra innlendra, enda var það allfjölmennt. Hin námskeiðin hafa verið haldin í háskólanum, hið annað í röðinni sumarið 1948 með þátttöku 12 erlendra stúdenta, hið þriðja sumarið 1952 með 25 nemendum og hið síðasta haustið 1959, og voru þátttakendur 17. Námskeiðin hafa staðið 4-5 vikur í senn, áherzla verið lögð á kennslu íslenzks nútíðarmáls og auk þess fluttir margir fyrirlestrar um íslenzk fræði, einkum bókmenntir. Prófessorarnir í íslenzkum fræðum hafa annazt kennsluna, en aðrir fræðimenn einnig verið fengnir til þess að flytja fyrirlestra. Þess skal getið, að stúdentaráð hafði forgöngu um síðasta námskeið og naut til þess styrks og stuðnings frá háskólaráði og kennurum heimspekideildar.

Sem merkan þátt í fræðslustarfsemi háskólans fyrir almenning skal að lokum nefna *bókasýningu* þá, er háskólinn gekkst fyrir dagana 16.-27. júní 1954. Sýning þessi var haldin að frumkvæði próf. Alexanders Jóhannessonar háskólarektors með styrk frá menntamálaráðuneytinu og var helguð 10 ára afmæli hins íslenzka lýðveldis. Sýningin fór fram í húsakynnum Þjóðminjasafnsins og bar heitið Íslenzk fræði 1911-1954. Voru þar sýndar um 1000 bækur og um 600 sérprentana. Þessari sýningu var ætlað að leiða í ljós, hvað á hefði unnizt um rannsóknir og ástundun íslenzkra fræða á þessu tímabili. Varð flestum ljósara en áður, hvílíkt átak hér hafði verið gert á umræddu tímabili, eigi aðeins af kennurum háskólans og nemendum hans, heldur og fjölda mörgum áhugamönnum úr ýmsum stéttum Þjóðfélagsins.

Hér hefir verið sýnt með nokkrum dæmum, á hvern hátt háskólinn hefir leitazt við að ná til Þjóðarinnar með vísindalegri fræðslustarfsemi. Þeim, sem óska að kynna sér það mál betur, má einkum vísa á skrár þær um rit háskólakennara, sem áður eru nefndar. Þær eru ólygnast vitni um framlag þessarar fámennu stéttar til andlegrar menningar Þjóðarinnar.

XXVII. Respublica scientiarum

Eigi hæfir hér að ganga þegjandi fram hjá þeim þætti í starfsemi Háskóla Íslands, sem að umheiminum veit, samskiptum hans við erlenda háskóla og menntastofnanir. Slík samskipti milli háskóla hafa tíðkæpt frá fornu fari og liggja í eðli þeirra sjálfra, hinni frjálsu, alþjóðlegu þekkingarleit, þar sem einn miðlar öðrum og einn styður annan í bróðurlegri samvinnu. Um þetta eðli háskólanna kemst fyrsti rektor Háskóla Íslands, próf. Björn M. Ólsen, svo að orði í setningarræðu sinni 1911: „Hver háskóli fyrir sig má heita borgari í hinni miklu respublica scientiarum. Milli háskóla heimsins er náið samband, eins og eðlilegt er, þar sem þeir vinna allir að hinu sama marki í flestum greinum. Eftirleitin eftir hinum huldu sannindum vísindanna er þeim öllum sameiginleg. Því eru háskólarnir kosmopolítískar stofnanir, um leið og þeir eru þjóðlegar stofnanir, og hefur reynslan sýnt, að þetta tvennt fer ekki í bága hvort við annað“.

Eins og ummæli hins fyrsta háskólarektors bera með sér, var forráðamönnum háskólans þegar í upphafi ljós þörfin á samstarfi við hliðstæðar stofnanir í öðrum löndum, að ekkert er háskóla jafnhættulegt sem einangrun. Þegar háskólinn fekk Sáttmálasjóð til eignar og umráða og þar með ofurlítill fjárráð, varð það eitt af hlutverkum sjóðsins að styrkja háskólakennara til utanfarar í vísindalegu augnamiði. Síðan 1920 hafa nokkrir háskólakennarar árlega fengið utanfararstyrki, svo að hver kennari um sig hefir getað komizt utan á nokkurra ára fresti, kynnt starfsaðferðum annarra háskóla og vísindastofnana og fylgzt með framförum og nýjungum hver í sinni grein. Frá sama tíma hafa og nokkrir kandidatar árlega fengið utanfararstyrk úr Sáttmálasjóði til framhaldsnáms og kynningarferða erlendis. Þessi starfsemi hefir verið háskólanum ómetanleg og átt sinn mikla þátt í því, að hann hefir getað rækt hlutverk sitt og fylgzt með tímanum í síbreytilegum heimi.

Samskipti háskóla geta verið með ýmsum hætti, en ávallt á jafnstöðugrundvelli og í trausti gagnkvæmrar virðingar og vinsemdar. Þar má nefna boð á háskólatíðir, kennaraskipti, boð til fyrirlestrahalds, þátttaka í alþjóðamótum vísindamanna o. s. frv. Í

Þessu er fólgin ómetanleg kynningarstarfsemi, þar sem skipzt er á skoðunum, nýjungar ræddar og þekkingu er miðlað. Hin mikla *respublica scientiarum* verður þannig til með vinsamlegu samstarfi háskóla allra landa.

Títt er, að háskólar bjóði hver öðrum til afmælis- og vígsluhátíða sinna í vináttu og virðingar skyni. Slík boð stuðla að gagnkvæmum kynnum og leiða oft til nánara samstarfs. Margir háskólar hafa sýnt Háskóla Íslands þá vinsemd að bjóða honum til hátíðahalda í tilefni af merkisviðburðum í sögu þeirra, og svo hafa einnig aðrar stofnanir gert. Munu slík heimboð vera nær 50 alls frá evrópskum og amerískum háskólum og menningarstofnunum. Flest þeirra hefir verið auðið að þiggja, með því að rektor eða aðrir háskólakennarar hafa komið þar fram fyrir hönd Háskóla Íslands og flutt ávörp og heillaóskir.

Háskóli Íslands er ungur að árum og hefir því ekki til þessa haldið nein merkisafmæli hátíðleg, er hann hafi boðið til fulltrúum frá öðrum háskólum. Aðeins einu sinni hefir hann sent út slíkt boð, en það var á vígsluhátíð háskólabyggingarinnar 17. júní 1940. Þá var sent boðsbréf til milli 40 og 50 erlendra háskóla í Evrópu og Ameríku, ritað á íslenzku og latínu. Heimsstyrjöldin síðari var þá í algleymingi og samgöngur tepptar við flest lönd; mörg boðsbréfanna komust aldrei til skila, en sendiherrar erlendra ríkja fluttu kveðjur frá sumum háskólunum. Kveðjur bárust frá eftirtöldum þýzkum háskólum: Berlín, Göttingen, Greifswald, Halle, Hamborg, Heidelberg, Kiel, Köln, Leipzig og Wien. Frá Englandi bárust kveðjur frá háskólunum í Cambridge, Oxford, Leeds og London; enn fremur frá háskólanum í París, háskólanum í Búdapest og vestan um haf frá Yale, Harvard og Grand Forks.

Einn þátturinn í samskiptum háskóla eru kennaraskipti um stundar sakir, svo sem er þeir próf. Alexander Jóhannesson og próf. A. G. van Hamel í Utrecht skiptu á kennarastólum haustmissirið 1935 og kenndu hvor fyrir annan. Það er og algengt, að háskólar veiti kennurum leyfi frá kennslu um tíma, svo að þeir geti kennt við aðra háskóla. Sem dæmi má nefna það, að próf. Sigurður Nordal fekk slíkt leyfi mestan hluta haustmissiris 1925 til fyrirlestrahalds við háskólann í Osló, allt árið 1931-32 til þess að gegna prófessorsembætti við Harvard-háskóla og haustmissirið 1933 til

Þess að flytja fyrirlestra við háskólann í Stokkhólmi, próf. Niels Dungal 1958-59 til þess að kenna við Californiuháskóla, próf. Þórir Kr. Þórðarson 1957-59 við Mc Cormick-prestaskólann í Chicago, og próf. Halldór Halldórsson 1959-60 til þess að kenna við háskólann í Lundi. Á hinn bóginn hafa margir erlendir háskólakennarar kennt tíma og tíma og sumir vetrarlangt við Háskóla Íslands, og hefir það farið í vöxt á seinni árum.

Mikill þáttur í samskiptum háskóla eru gagnkvæmar heimsóknir og fyrirlestraferðir háskólakennara. Verður naumast á betri landkynningu kosið eða heppilegri fulltrúa þjóðar sinnar á erlendum vettvangi. Ýmsir af kennurum Háskóla Íslands hafa verið mjög víðförlir, heimsótt háskóla nær og fjær og flutt erindi um efni úr fræðigreinum sínum. Það yrði of langt mál og þreytandi lestur að skýra nákvæmlega frá slíkum fyrirlestrarferðum hvers og eins. En sem dæmi háskólastarfsemi af þessu tagi skal getið hér í stórum dráttum fyrirlestraferða fjöggra háskólakennara í íslenskum fræðum.

Próf. Sigurðar Nordals er getið hér að ofan í sambandi við dvöl hans við háskólana í Osló, Harvard og Stokkhólmi til fyrirlestrarhalds. Auk þess flutti hann 1925 fyrirlestra í öllum sænskum háskólum, einn í hverjum, 1932 í Cornell háskóla í Íþöku og í Minnesota-háskóla í Minneapolis, 1933 í Oslóarháskóla, 1950 í Englandi í háskólunum í Wales, Aberystwyth, Bangor og Cambridge, og á árunum 1952-55 flutti hann fyrirlestra í London (Presidential Address, M. H. R. A.), Glasgow (W. P. Ker Memorial lecture), Uppsölum, Gautaborg og Lundi, 2-3 fyrirlestra á hverjum stað, og í danska vísindafélaginu. Auk þess hefir hann flutt fjölda fyrirlestra í félögum og á fundum á Norðurlöndunum öllum, í Englandi og Ameríku.

Próf. Alexander Jóhannesson kenndi, sem áður segir, eitt kennslumissiri við háskólann í Utrecht. Hann hefir flutt fyrirlestra við háskóla á Norðurlöndum: í Kaupmannahöfn og Árósum, Stokkhólmi og Uppsölum, við fjölda háskóla í Þýzkaalandi: Berlín, Bonn, Dortmund, Frankfurt am Main, Greifswald, Kiel, Köln, Leipzig og Marburg, enn fremur í Utrecht í Hollandi, París og Grenoble í Frakklandi, London í Englandi, Winnipeg í Canada, Harvard og Grand Forks í Bandaríkjunum. Hann hefir einnig flutt erindi á málfræðingamótum, heimsótt marga háskóla, einkum í

Bandaríkjunum og Frakklandi í boði ríkisstjórnanna og margsinnis verið fulltrúi Háskóla Íslands á háskólahátíðum í ýmsum löndum.

Próf. Einar Ól. Sveinsson hefir síðan 1948 farið tíðar fyrirlestraferðir til margra landa og stundum verið æði langförull. Hann hefir flutt fyrirlestra við háskóla á öllum Norðurlöndum: í Uppsölum, Stokkhólmi, Gautaborg, Lundi, Osló, Björgvin, Kaupmannahöfn, Árósum, Åbo og Helsinki; á Bretlandseyjum: í Dyflinni, Aberystwyth, Oxford og London; í Bandaríkjunum og Kanada: í Berkeley, Grand Forks, Madison, Chicago, Baltimore, Cornell og Winnipeg; í París í Frakklandi; í Peking og Shanghai í Kína og í mörgum háskólum í Þýzkalandi og Sviss: Hamborg, Kiel, Köln, Giessen, München, Zürich og Basel. Enn fremur hefir hann flutt fyrirlestra í vísindafélögum svo sem í Viking Society í Oxford og Mediaeval Academy of America í Harvard. Auk þess hefir hann sótt mót málfræðinga og þjóðfræðinga og stundum flutt þar erindi.

Próf. Steingrímur J. Þorsteinsson hefir allvíða flutt fyrirlestra um íslenzkar bókmenntir síðari alda og setið ýmsar alþjóðaráðstefnur um menningarmál fyrir Íslands hönd eða háskólans. Haustið 1949 flutti hann erindi við Stokkhólmsháskóla og í Isländska sällskapet í Uppsölum, þá í boði frá Svenska Institutet. Haustið 1952 flutti hann íslenzkan bókmenntaþátt í finnska ríkisútvarpið. Var fulltrúi Íslands á háskólakennaramóti Evrópuráðsins í Saarbrücken 1955. Flutti 1956 erindi á fyrsta alþjóðamótinu um Norðurlandabókmenntir í Cambridge á Engl. Haustið 1958 flutti hann fyrirlestra í boði háskólanna í Uppsölum, Stokkhólmi, Lundi, Gautaborg, Osló og Björgvin, einnig í Isländska sällskapet í Uppsölum, Sällskapet Sverige-Island í Lundi og við Norræna lýðháskólann í Konungahellu (Kungälv), og hafður var við hann viðtalsþáttur um íslenzkar samtímabókmenntir í norska ríkisútvarpinu. Vorið 1959 var hann fulltrúi Íslands í menningarmálanefnd Evrópuráðsins í Strassborg. Sumarið 1960 sat hann þriðja alþjóðamótið um Norðurlandabókmenntir á Pietersberg í Oesterbeek í Hollandi og flutti erindi fyrir Selskab for nordisk filologi og Historiskfilologisk samfund í Kaupmannahöfn og á öðru alþjóðamóti germanista, sem haldið var þá þar í borg á vegum Internationale Vereinigung für germanische Sprach- und Literaturwissenschaft.

Eins og áður er tekið fram, yrði það allt of langt mál að halda slíkri

upptalningu áfram, þótt af nógu sé að taka. Ekki verður þó hjá því komizt að nefna próf. Niels Dungal, sem nú er elzti starfandi prófessor læknadeildar. Hann er einn af víðförlustu kennurum háskólans, og munu fáir eða engir hafa farið oftár utan en hann. Hann hefir flutt fjölda fyrirlestra við marga háskóla bæði í Evrópu og í Ameríku, sótt alþjóðafundi vísindamanna og oft komið fram fyrir hönd Háskóla Íslands erlendis.

Í annan stað hafa fjölmargir erlendir vísindamenn sótt Háskóla Íslands heim og flutt fyrirlestra um margvísleg efni. Þessir gestir háskólans munu nú alls vera orðnir nær 120 að tölu og meðal þeirra jafnvel heimskunnir vísindamenn. Sumir hafa aðeins flutt einn fyrirlestur, aðrir allt upp í samfellda fyrirlestraflokka. Aðgangur að fyrirlestrunum hefir alla jafnan verið frjáls almenningi. Þess skal getið, að fyrsti boðsgestur háskólans til fyrirlestrahalds var próf. Magnus Olsen frá Osló. Hann hélt 12 fyrirlestra í apríl og maí 1929 um forsögu og fornan átrúnað Norðurlandabúa og veitti auk þess stúdentum í íslenskum fræðum tilsögn í rúnalestri.

Árlega sækja prófessorar háskólans fleiri eða færri mót vísindamanna í ýmsum fræðigreinum og kynnast þannig erlendum starfsbræðrum sínum og skipta við þá skoðunum. Af eðlilegum ástæðum, svo sem fjarstöðu Íslands frá öðrum löndum, hafa slík alþjóðleg mót ekki verið haldin hér. Hins vegar hafa verið haldnir fámennari fundir og má t. d. nefna 3. víkingafundinn sumarið 1956, sem háskólinn og þjóðminjasafnið boðuðu til í sameiningu.

Allt þetta, sem nú hefir verið minnzt á og kalla mætti utanríkismál háskólans, er veigamikill þáttur í starfsemi hans og stuðlar mjög að því að skapa honum þegnrétt í hinni miklu respublica scientiarum og bera vítt hróður Íslands og íslenzkrar menningar.

XXVIII. Félagsmál stúdenta

Um félagsmál stúdenta og margvísleg viðfangsefni þeirra mætti rita langar frásagnir. „Nil humanum a me alienum puto“, ekkert mannlegt er mér óviðkomandi, er kjörorð stúdentsins. Í félagsskap þeirra ber því margt á góma, allt frá hagsmunamálum þeirra sjálfra til hallæris á Indlandi eða sjálfstæðisbaráttu Njasslendinga. Hér er þó aðeins ætlunin að skýra í stuttu máli frá helztu stofnunum og félögum stúdenta.

Á fyrstu árum háskólans höfðu stúdentar engin félagssamtök, en ekki leið þó á löngu, unz þeir gerðu sér ljósa nauðsyn þess að eiga einhvern sameiginlegan vettvang fyrir áhugamál sín. Af þeirri nauðsyn varð til elzta félag háskólastúdenta, *Stúdentafélag háskólans*, sem var stofnað 15. jan. 1915 og starfar enn í dag. Allir stúdentar, sem skrásettir eru í háskólanum og teljast við nám, eru sjálfkrafa félagar í því, og félagsgjöld eru engin. Samkvæmt hinum fyrstu lögum stúdentafélagsins var tilgangur þess sá „að stuðla að því að auka kynni stúdenta hvers af öðrum, að gefa þeim tækifæri til þess að hugsa og ræða áhugamál sín í sameiningu og gefa þeim kost á að kynnast helztu andlegum hreyfingum, sem á hverjum tíma eru eftar á baugi meðal menntaðra manna“. Félagið starfaði lengi sem málfunda- og skemmtifélag og átti frumkvæði að mörgum nýjungum í háskólalífinu. Meðal annars gekkst það fyrir stofnun Lesstofu stúdenta árið 1919, og starfaði hún í mörg ár. Á fyrstu árum félagsins var það jafnframt fulltrúi háskólastúdenta eða þangað til stúdentaráð háskólans var stofnað. Eftir að pólitíkin hóf innreið sína í félagslíf stúdenta á fjórða tugnum og síðar, dró verulega úr starfsemi stúdentafélagsins. Félagið varð ekki lengur sá almenningur, þar sem allir stúdentar gátu ræðzt við sameiginlega um landsins gagn og nauðsynjar, það leystist upp í sundurleita hópa. Mál, sem alla stúdenta varðaði, komu nú oftast til kasta almennra stúdentafunda, en ekki stúdentafélagsins. Hefir því löngum verið erfitt að halda uppi reglulegri félagsstarfsemi, meðan söfnuðurinn er í „dreifingunni“. Meginstarf félagsins undanfarin ár hefir verið að gangast fyrir móttökuhátið fyrir nýstúdenta, svonefndu

„rússagildi“, á hausti hverju. Þar eru hinir ungu stúdentar teknir formlega í gildi háskólastúdenta, meðtakandi spiritum academicum með viðeigandi helgisiðum.

Það var fyrir forgöngu Stúdentafélags háskólans, að ákveðið var að stofna *Stúdentaráð Háskóla Íslands*, er taka skyldi að sér það hlutverk að vera fulltrúi háskólastúdenta, gæta hagsmuna þeirra innan skólans sem utan og fara með sameiginleg málefni þeirra. Mál þetta var allvendinglega undirbúið, samráð haft við háskólaráðið og starfsreglur samdar. Fyrstu stúdentaráðskosningar fóru fram 11. des. 1920, og tók ráðið þá til starfa.

Verkefni stúdentaráðs hafa í aðalatriðum verið hin sömu frá upphafi til þessa dags, en farið vaxandi með tímanum, eins og að líkum lætur. Í nýjustu lögum um stúdentaráðið eru þau skýrgreind þannig í stuttu máli: „Stúdentaráð skal hafa forgöngu um hagsmuna- og félagsmál stúdenta. Verkefni þess eru m. a.: 1) að koma fram fyrir hönd stúdenta, bæði gagnvart yfirvöldum háskólans og öðrum, 2) að fjalla um hagsmunamál stúdenta, svo sem fríðindi, fjármál, námsbækur, mál, sem varða námið, stúdentagarðana, félagsheimili o. fl., 3) að sjá um skemmtanir háskólastúdenta, svo sem dansleiki, kvöldvökur, leiksýningar o. fl., 4) að gangast fyrir fyrirlestrum, 5) að sjá um kappleiki háskólastúdenta, svo sem í íþróttum, bridge, tafla o. fl., 6) að annast sjóði, er undir ráðið heyra, 7) að hafa samband við erlend stúdentasamtök“.

Stúdentaráð háskólans hefir frá upphafi verið skipað 9 fulltrúum, sem kjörnir eru af háskólastúdentum til eins árs í senn, en kosningar hafa jafnan farið fram í síðara hluta októbermánaðar. Á tilhögun kosninganna hafa hins vegar verið gerðar ýmsar breytingar. Samkvæmt hinum fyrstu reglum um stúdentaráð frá 1920 skyldu háskóladeildirnar 4 kjósa 2 menn hver úr sínum hópi og fráfarandi stúdentaráð kjósa einn fulltrúa, en í fyrsta skipti skyldu hinir deildarkjörnu fulltrúar kjósa einn mann. Haustið 1923 var kosningatilhögun til ráðsins breytt þannig, að einn maður var kosinn úr hverri deild, 4 kosnir óbundinni kosningu af stúdentum almennt og einn af fráfarandi stúdentaráði eins og áður. Þetta kosningafyrirkomulag hélzt óbreytt, til þess er ný lög um stúdentaráð gengu í gildi haustið 1933. Samkvæmt þeim lögum fekk

deildarkjörið enn að halda velli, en alla hina fulltrúana 5 skyldi nú kjósa hlutbundnum kosningum eða listakosningum að dæmi stjórn málaflökkanna. Við þetta var þó ekki látið sitja og sporið stígið til fulls með lögnum um stúdentaráð frá 1936. Deildarkjörið var þá alveg lagt niður, en allir 9 fulltrúar ráðsins kosnir hlutbundnum listakosningum að flokkspólítískri fyrirmynd. Þessi skipan á stúdentaráðskosningum hélzt síðan óbreytt þar til á síðastliðnu ári.

Það er álit flestra, sem til þekkja, að hin pólitíska félagsmálastreita stúdenta hafi reynzt heldur gagnlítill, þegar til kastanna kom, og hagsmunamál þeirra sjálfra hafi af þeim völdum fengið að sitja á hakanum. Í því sambandi má minna á ummæli dr. Þorkels Jóhannessonar háskólarektors í setningarræðu hans haustið 1957: „Nú um nokkra hríð hafa stúdentar vanrækt um of sín eigin hagsmunamál. Það er auðvitað meinlaust að skemmta sjálfum sér og öðrum með því að hafa sýndarpólítískar kosningar til stúdentaráðs ár hvert, ef það drægi ekki dilk á eftir sér. Saga stúdenta síðasta aldarfjórðung er auðug af mikilfenglegum kosningasigrum, en hún er einstaklega fátæk, allt of snauð af flestu því, sem miðað gæti til þess að bæta aðstöðu stúdentanna sjálfra, rýmka hag þeirra, efla og auðga félagslíf þeirra. Ég á bággt með að trúa því, að það sé eintóm tilviljun, að málum þessum hefir verið svo lítið sinnt, síðan hin pólitíska eyðimerkurganga stúdentaráðs háskólans hófst fyrir um það bil 25 árum“.

Þessari eyðimerkurgöngu virðist nú munu vera lokið. Árið 1960 gengu í gildi ný lög um stúdentaráðið, þar sem kosningatilhögun er gerbreytt og hún færð aftur nær fyrra horfi. Samkvæmt hinum nýju lögum kýs fráfarandi stúdentaráð einn úr sínum hópi og hver deild einn fulltrúa frá sér, eins og forðum var. Að óbreyttri deildaskipan er þá eftir að kjósa 3 fulltrúa, og skal sætum þeirra úthlutað milli deilda í réttu hlutfalli við tölu greiddra atkvæða í hverri deild með þeim hætti sem tíðkast um hlutfallskosningar. Framboð skulu vera einstaklingsframboð. Starfstími hvers ráðs er sem áður eitt ár, en miðast nú við 1. marz. Eftir þessum lögum var fyrst kosið haustið 1960, og skal ráð það, sem þá var kjörið, sitja til 1. marz 1962. Eftirleiðis fara stúdentaráðskosningar fram í febrúarmánuði ár hvert.

Auðsætt er, að sá trausti meiri hluti stúdenta, sem stóð að samþykkt hinna nýju laga, hefir sett sér það mark að hrinda nú loks

pólitíkinni af stelli í félagslífi stúdenta. Sézt það ekki aðeins á hinu nýja kosningafyrirkomulagi, heldur er þetta markmið áréttað sérstaklega í 10. grein laganna, sem er á þessa leið: „Stúdentaráð fjallar ekki um pólitísk mál, önnur en þau, sem beint snerta hagsmuni stúdenta. Komi mál til umræðu, sem að dómi þriggja fulltrúa í ráðinu er pólitískt og óviðkomandi hagsmunum stúdenta, þá skal ráðinu óheimilt að gera samþykkt um það“.

Stúdentaráð háskólans hefir á umliðnum fjórum áratugum haft margvísleg málefni stúdenta með höndum, sem of langt yrði hér upp að telja. Það stofnaði og rak mótuneyti stúdenta, Mensa academica, á árunum 1921-29 og beitti sér fyrir byggingu stúdentagarðanna, sem fyrr er frá sagt. Það rak í mörg ár Lesstofu stúdenta. Á þess vegum voru hafin stúdentaskipti við önnur lönd 1921 og Upplýsingaskrifstofa stúdenta stofnuð sama ár, og starfar enn. Það ár stofnaði og Lúðvíg Guðmundsson Lánasjóð stúdenta, er stúdentaráð hafði umsjón með. Á fyrstu árum stúdentaráðsins var Lúðvíg lífið og sálin í félagsskap stúdenta og hratt af stað ýmsum nytsömum málum, sem stúdentar búa að enn í dag. Stúdentaráð hefir einkum á seinni árum tekið mikinn þátt í alþjóðlegri samvinnu stúdenta, sent fulltrúa á mót og þing o. s. frv. Það hefir gengið fyrir vinnumiðlun stúdenta, bókasölu stúdenta, kaffisölu í háskólanum o. m. fl. Þá hefir stúdentaráð séð um ýmsar samkomur og skemmtanir meðal stúdenta, og kveður þar mest að hátíðahöldunum 1. desember ár hvert. Fyrir forgöngu stúdentaráðs var sá dagur gerður að hátíðisdegi stúdenta árið 1922. Einnig hefir stúdentaráð haft talsverða útgáfustarfsemi með höndum. Síðan 1924 hefir það gefið út *Stúdentablað*, sem kemur árlega út 1. desember. Á árunum 1928-30 var það gert að mánaðarblaði og á seinni árum hefir það oft komið út 17. júní og stundum oftar. Síðan 1946 hefir enn fremur komið út *Vettvangur stúdentaráðs*, sem er nokkurs konar stjórnartíðindi ráðsins. Sérstakar 5 manna nefndir eru nú kosnar á almennum stúdentafundi til þess að sjá um hátíðahöldin 1. desember og annast útgáfu Stúdentablaðs þann dag í samvinnu við stúdentaráð. Af öðrum ritum stúdentaráðs má einkum nefna *Handbók stúdenta*, sem komið hefir í þremur útgáfum 1936, 1948 og 1959, og *Carmina canenda*, söngbók íslenzkra stúdenta, sem komið hefir út tvisvar, 1939 og 1945.

Formenn stúdentaráðs hafa verið þessir menn: Vilhjálmur Þ. Gíslason útvarpsstjóri 1920-21, Skúli V. Guðjónsson prófessor 1921-22, Björn E. Árnason endurskoðandi 1922-23, Thor Thors sendiherra 1923-24, Gunnlaugur Indriðason stud. mag. 1924-25, Þorkell Jóhannesson prófessor 1925-26, Einar B. Guðmundsson hrl. 1926-27, Karl S. Jónasson læknir 1927-28, Þorgrímur Sigurðsson prestur og Bjarni Benediktsson ráðherra 1928-29, Bergsveinn Ólafsson læknir 1929-30, Agnar Kl. Jónsson ráðuneytisstjóri 1930-31, Jón Geirsson læknir 1931-32, Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins 1932-33, Baldur Johnsen læknir 1933-34, Eggert Steinþórsson læknir 1934-35, Björn Sigurðsson læknir 1935-36, Jóhann Hafstein bankastjóri 1936-37, Ólafur Bjarnason læknir 1937-38, Sigurður Bjarnason ritstjóri 1938-39, Hannes Þórarinsson læknir 1939-40, Þorgeir Gestsson læknir 1940-41, Einar Ingimundarson bæjarfógeti 1941-42, Ásberg Sigurðsson lögfr. 1942-43, Páll S. Pálsson hrl. 1943-44, Bárður Daníelsson verkfr. og Guðmundur V. Jósefsson lögfr. 1944-45, Guðmundur Ásmundsson lögfr. 1945-46, Geir Hallgrímsson borgarstjóri 1946-47, Tómas Tómasson lögfr. 1947-48, Gísli Jónsson menntaskólakennari og Bjarni V. Magnússon viðskiptafr. 1948-49, Hallgrímur Sigurðsson lögfr. 1949-50, Árni Björnsson lögfr. 1950-51, Höskuldur Ólafsson bankastjóri 1951-52, Bragi Sigurðsson lögfr. og Matthías Jóhannessen ritstjóri 1952-53, Björn Hermannsson lögfr. 1953-54, Skúli Benediktsson stud. theol. 1954-55, Björgvin Guðmundsson viðskiptafr. 1955-56, Bjarni Beinteinsson lögfr. 1956-57, Birgir Ísl. Gunnarsson lögfr. 1957-58, Ólafur Egilsson stud. jur. 1958-59, Árni Grétar Finnsson lögfr. 1959-60 og Hörður Sigurgestsson stud. oecon. 1960-61.

Almennir stúdentafundir fara með æðsta vald í málefnum stúdenta. Er formanni stúdentaráðs skylt að boða til slíks fundar eftir áskorun 40 háskólastúdenta hið fæsta eða 4 stúdentaráðsmanna. Stúdentaráði er skylt að fara eftir fyrirmælum almenns stúdentafundar um málefni, sem auglýst hafa verið í fundarboði, enda sé að minnsta kosti fjórðungur allra háskólastúdenta á fundinum. Almennur stúdentafundur tekur ákvörðun um, hvort háskólastúdentar skuli ganga í erlend stúdentasamtök eða úr þeim, enn fremur ákvörðun um vantraust á stúdentaráð, svo og um lagabreytingar, eftir nánari fyrirmælum í lögum ráðsins.

Í öllum háskóladeildum eru nú starfandi deildarfélög stúdenta og þó tvö heildur en eitt í laga- og viðskiptadeild, sitt fyrir hvora grein. *Félag læknanema* var stofnað í marz 1933 og hefir starfað síðan. Það lætur sig allt það skipta, sem varðar hag eða fræðslu læknanema. Félagið heldur uppi fundarstarfsemi, og hafa læknaar verið fengnir til þess að flytja erindi um læknisfræðileg efni á fundum. Einnig gengst það fyrir skemmtunum til þess að standa straum af starfsemi sinni. Félagið gefur út blað, *Læknanemann*, til fróðleiks og skemmtunar, *Orator*, félag laganema, var endurreist í marz 1938, en talið er, að það hafi fyrst verið stofnað um eða eftir 1930. Tilgangur félagsins er að æfa væntanlega laganna þjóna í meðferð lögfræðilegra viðfangsefna, rökfimi og mælskulist, svo og að stuðla að aukinni kynningu þeirra. Félagið efnir til funda, þar sem mál, sem prófessorar lagadeildar gera úr garði, eru sótt og varin og dæmd. Þá gengst félagið fyrir ýmsum skemmtunum fyrir stúdenta og annast undirbúning að árlegri skemmtiferð laganema, svonefndum vísindaleiðangri. Félagið gefur út prentað málagn, *Úlfljót*, sem er merkt lögfræðilegt tímarit. *Mímir*, félag stúdenta í íslenskum fræðum, var stofnað í desember 1946. Það vinnur að eflingu félagslífs meðal stúdenta innbyrðis og að kynnum milli þeirra og kandidata í íslenskum fræðum. Félagið heldur fundi við og við og gengst árlega fyrir einni eða fleiri ferðum til sögustaða undir leiðsögn kennara. *Félag viðskiptafræðinema* var stofnað í desember 1946, en áður hafði starfað innan viðskiptadeildar félagið Kaupahéðinn. Markmið félagsins er að vinna að hagsmunamálum félaga sinna og vera málfunda- og skemmtifélag. *Félag verkfræðinema* var stofnað í janúar 1948, og er markmið þess að vinna að hvers kyns hagsmunum verkfræðinema. Félagið hefir fengið útlærða verkfræðinga til þess að tala á fundum þess og hefir einnig staðið fyrir ferðum til þess að skoða ýmis mannvirki. *Félag tannlæknanema* var stofnað í marz 1949. Það lætur sér ekkert óviðkomandi, er snertir hag eða fræðslu félagsmanna sinna og vinnur m. a. að því markmiði með fundahöldum, fyrirlestrum og með því að stuðla að auknum kynnum milli tannlækna og tannlæknanema. *Félag guðfræðinema* var stofnað í janúar 1950. Því er ætlað að auka kynni guðfræðistúdenta innbyrðis og standa fyrir umræðufundum um guðfræðileg efni. Það gengst einnig fyrir stúdentamessum í kapellu háskólans.

Ýmis áhugamannafélög hafa starfað meðal stúdenta, svo sem

leikfélög, söngfélög og íþróttafélög, en því er hér fleirtala höfð um þau hver fyrir sig, að þeim hefir verið gjarnt að sofna út af um stundar sakir, en raunar hafa þau ávallt verið vakin upp aftur. Um *íþróttafélögin* er áður rætt. Söngfélög hafa verið starfandi við og við, en erfitt er að halda uppi slíkum félagsskap að staðaldri, þar sem söngmenn koma og fara eins og stúdentar í háskóla. Sá *Karлакór stúdenta*, sem starfar nú í háskólanum, var endurreistur 1957. Hann kemur fram á tyllidögum og við hátíðleg tækifæri. Háskólaráð og stúdentaráð veita kórnum nokkurn fjárhagslegan stuðning. Enn erfiðara er þó að halda uppi stöðugri leikstarfsemi meðal stúdenta. Fyrsta *Leikfélag stúdenta* var stofnað 23. febrúar 1928 fyrir forgöngu fjöggra fyrrverandi leikstjórnarformanna menntaskólans á árunum 1921-25, þeirra Lárusar Sigurbjörnssonar rithöfundar, Ólafs Þorgrímssonar hrl., Guðna Jónssonar prófessors og Þorsteins Ö. Stephensens leikara. Stofnendur félagsins voru 45 að tölu. Félagið gekkst á sama ári fyrir sýningu á „Flautuþyrilinum“ eftir Ludvig Holberg og ef til vill fleiri sýningum, en það varð ekki langlíf. Núverandi leikfélag var endurreist 1960, og er markmið þess að vinna að eflingu leiklistar meðal háskólastúdenta og jafnvel að reyna að koma á fót tilraunaleikhúsi, er tímar líða fram.

Loks er að nefna *Skemmtifélag Garðbúa*, sem stofnað var 1946 og starfar enn. Viðfangsefni þess er að skemmta Garðbúum og öðrum stúdentum með dansleikjum á Gamla-Garði, en ágóðanum er varið til þess að kaupa húsgögn og menningartæki handa stúdentagörðunum.

Eins og vikið er að í frásögninni af stúdentaráðskosningum hér á undan, hafa pólitísk félög stúdenta látið mjög að sér kveða í sambandi við þær á umliðnum árum. Í háskólanum eru starfandi 5 stjórnmalafélög, - jafnmörg hinum pólitísku flokkum í landinu: *Félag róttækra stúdenta*, stofnað 1933, gefur út Nýja stúdentablaðið, *Vaka*, félag lýðræðissinnaðra stúdenta, stofnað 1936, gefur út samnefnt blað, *Félag frjálslýndra stúdenta*, stofnað 1939, gefur út blað, sem við þá er kennt, *Stúdentafélag jafnaðarmanna*, stofnað litlu síðar, gefur út blað, sem kennt er við þá, og *Þjóðvarnafélag stúdenta*, stofnað 1953, gefur út blað, sem kennt er við félagið. Þess skal getið, að blöð þessara félaga eru ekki bundin við ákveðinn útkomutíma.

Tvö trúmalafélög eru starfandi meðal háskólastúdenta: *Kristilegt*

SAGA HÁSKÓLA ÍSLANDS

stúdentafélag, stofnað 1936, gefur út *Kristilegt stúdentablað*, er kemur út 1. desember ár hvert, og *Bræðralag*, kristilegt félag stúdentanna, stofnað 1945; það sér um útgáfu Jólakveðju til íslenskra barna. Þessi kristilegu félög eru vitaskuld ekki sammála um leiðina til hinnar himnesku Jerúsalem, frekar en stjórnmalafélögin um leiðina til hinnar jarðnesku Paradísar.

XXIX. Nafnaskrá

Aðalsteinn Kristjánsson, rithöfundur, Winnipeg
Agnar Kl. Jónsson ráðuneytisstjóri
Ágúst H. Bjarnason dr. phil., háskólarektor
Alexander Jóhannesson dr. phil., háskólarektor
Álfheiður Briem frú, Reykjavík
Almquist, Bo, fil. mag. sendikennari
Andres Fjeldsted augnlæknir
Andrés Ólafsson, Brekku í Gufudalssveit
Anna Bjarnadóttir B.A., prestsfrú í Reykholti
Ari Þorgilsson hinn fróði
Arinbjörn Kolbeinsson lektor, deildarlæknir
Ármann Snævarr háskólarektor
Árni Árnason dr. med., læknir
Árni Björnsson lögfr.
Árni Böðvarsson cand. mag.
Árni Grétar Finnsson cand. jur.
Árni Friðriksson dr. phil., aðalritari
Árni Kristjánsson menntaskólakennari, Akureyri
Árni Pálsson prófessor
Árni Pálsson verkfræðingur
Árni Snævarr verkfræðingur
Árni Vilhjálmsson viðskiptafræðingur
Ásberg Sigurðsson lögfræðingur
Ásgeir Ásgeirsson forseti Íslands
Ásgeir Bl. Magnússon cand. mag.
Ásgeir Torfason efnafræðingur
Ásmundur Guðmundsson dr. theol. prófessor, síðar biskup
Ástvaldur Eydal fil. lic.
Ástþór Matthíasson lögfræðingur
Baldur Johnsen læknir
Baldur Jónsson mag. art.
Baldvin Einarsson lögfræðingur, Khöfn
Barði Guðmundsson þjóðskjalavörður

Bárður Daníelsson verkfræðingur
Barraud, Alexander, sendikennari
Benedikt Bjarklind lögfræðingur
Benedikt Jakobsson, íþróttakennari háskólans
Benedikt Kristjánsson prófastur, Múla í Aðaldal
Benedikt Sveinsson sýslumaður
Benedikt S. Þórarinsson dr. phil., kaupmaður
Benjamín Eiríksson dr. oecon. bankastjóri
Benjamín Kristjánsson sóknarprestur, Laugalandi
Benzon, Alfred, lyfsali, Khöfn
Bergsveinn Ólafsson augnlæknir
Betz, Werner, dr. phil. sendikennari
Birgir Ísl. Gunnarsson lögfræðingur
Bjarni Ásgeirsson alþm.
Bjarni Beinteinsson lögfræðingur
Bjarni Benediktsson prófessor, síðar ráðherra
Bjarni Hannesson stud. med.
Bjarni Jónsson prófessor
Bjarni Jónsson dr. theol., vígslubiskup
Bjarni Jónsson frá Vogu dósent
Bjarni Jónsson dr. med. yfirlæknir
Bjarni Konráðsson dósent, læknir
Bjarni V. Magnússon viðskiptafræðingur
Björg C. Þorláksson dr. phil.
Björgvin Guðmundsson viðskiptafræðingur
Björn E. Árnason lögfræðingur
Björn Bjarnason cand. mag. menntaskólakennari
Björn Björnsson stud. theol.
Björn Guðfinnsson dr. phil. prófessor
Björn Gunnlaugsson læknir
Björn Hermannsson lögfræðingur
Björn Jakobsson íþróttaskólastjóri, Laugarvatni
Björn Jónsson annálaritari, Skarðsá
Björn Magnússon prófessor
Björn M. Ólsen dr. phil. háskólarektor
Björn Sigfússon dr. phil. háskólabókavörður
Björn Sigurðsson dr. med., Keldum

Björn Þórðarson dr. jur. ráðherra
Björn Þorláksson prestur, Dvergasteini
Björn K. Þórólfsson dr. phil. skjalavörður
Björn Þorsteinsson sagnfræðingur
Boissin, Henri, lic.-ès-lettres sendikennari
Bolli Thoroddsen bæjarverkfræðingur
Boucher, Alan S., M. A. sendikennari
Bragi Friðriksson prestur, Reykjavík
Bragi Sigurðsson lögfr.
Brander, Donald M., M. A. sendikennari
Brandur J. Brandsson dr. med. læknir
Brunborg, Egill, Billingsstad
Brunborg Erlingur, Billingsstad
Brunborg Guðrún, frú, Billingsstad
Brunborg Salomon, Billingsstad
Brynjólfur Kjartansson, háskólavörður
Brynjólfur Stefánsson forstjóri
Busse, Kurt, dr. phil. sendikennari
Cawley, A. C., M. A. sendikennari
Clark, David R., prófessor Bandaríkjunum
Courmont, André, sendifulltrúi
Craigie, Sir William A., dr. phil. prófessor
Davíð Davíðsson prófessor
Davíð Scheving Thorsteinsson læknir, Rvík
Didriksen, Odd, cand. mag. sendikennari
Ducrocq, Pierre, sendikennari
Eggert Briem hæstaréttardómari
Eggert Briem sýslumaður, Reynistað
Eggert Steinþórsson læknir
Einar Arnórsson dr. jur. háskólarektor, ráðherra
Einar Benediktsson skáld
Einar Erlendsson húsameistari ríkisins
Einar B. Guðmundsson hæstaréttarlögmaður
Einar Ingimundarson bæjarfógeti
Einar B. Pálsson verkfræðingur
Einar Sveinsson dr. phil. prófessor
Eiríkur V. Albertsson dr. theol. prestur

Eiríkur Briem prófessor
Eiríkur Einarsson arkitekt
Elías Eyvindsson læknir
Elís Ó. Guðmundsson kennari
Erla Elíasdóttir B. A. aðstoðarháskólaritari
Finnbogi Guðmundsson dr. phil. menntaskólakennari
Finnbogi R. Þorvaldsson prófessor
Finnur Guðmundsson dr. rer. nat.
Finnur Jónsson dr. litt. Isl. prófessor, Khöfn.
Fontenay, Fr. le Sage de, dr. phil. sendiherra
Friðfinnur Ólafsson forstjóri
Friðrik áttundi, konungur Íslands og Danmerkur
Friðrik Bergmann prestur, Winnipeg
Friðrik Einarsson dr. med. dósent, yfirlæknir
Friðrik Friðriksson dr. theol. æskulýðsleiðtogi
Gagnaire, Madeleine, lic.-ès-lettres sendikennari
Garðar Svavarsson sóknarprestur, Reykjavík
Geir Einarsson stud. mag.
Geir Hallgrímsson borgarstjóri
Geir G. Zoëga vegamálastjóri
Georg E. Nielsen endurskoðandi
Gísli Brynjólfsson dósent, Khöfn
Gísli Halldórsson arkitekt
Gísli Halldórsson verkfræðingur
Gísli Jónsson menntaskólakennari, Akureyri
Gísli Fr. Petersen dr. med. yfirlæknir
Glynn, Marguerite Delahaye, lic-és-lettres sendikennari
Goethe Johann Wolfgang von, skáld
Grétar Br. Kristjánsson stud. jur.
Guðbrandur Jónsson prófessor
Guðjón Samúelsson dr. phil. húsameistari
Guðlaugur Þorvaldsson prófessor
Guðmundur Arnlaugsson cand. mag. menntaskólakennari
Guðmundur Ásmundsson lögfræðingur
Guðmundur G. Bárðarson náttúrufræðingur
Guðmundur Björnsson landlæknir
Guðmundur Björnsson verkfræðingur

Guðmundur Finnbogason dr. phil. háskólarektor, síðar
landsbókavörður

Guðmundur Grímsson dr. jur. dómari
Guðmundur Guðmundsson tryggingafræðingur
Guðmundur Í. Guðmundsson ráðherra
Guðmundur Hannesson dr. med. háskólarektor
Guðmundur Hraundal tannsmiður
Guðmundur V. Jósefsson lögfræðingur
Guðmundur Kjartansson jarðfræðingur
Guðmundur Kristinsson arkitekt
Guðmundur Magnússon háskólarektor
Guðmundur Sveinsson skólastjóri, Bifröst
Guðmundur Thoroddsen háskólarektor
Guðmundur Thorsteinsson, Reykjavík
Guðmundur Þorláksson cand. mag. kennari
Guðni Jónsson dr. phil. prófessor
Guðný Þorsteinsdóttir prestsfrú, Nesi í Norðfirði
Guðrún Halldórsdóttir hfr., Brekku í Gufudalssveit
Guðrún P. Helgadóttir skólastjóri, Rvík
Gunnar Árnason sóknarprestur, Reykjavík
Gunnar Thoroddsen prófessor, síðar ráðherra
Gunnlaugur Claessen dr. med. yfirlæknir
Gunnlaugur Einarsson læknir
Gunnlaugur Halldórsson arkitekt
Gunnlaugur Indriðason stud. mag.
Gunnlaugur Kristmundsson sandgræðslustjóri
Gústaf E. Pálsson verkfræðingur
Gylfi Baldursson stud. philol.
Gylfi Þ. Gíslason dr. oecon. prófessor, síðar ráðherra
Hallberg, Peter fil. lic. sendikennari
Halldór Andrédsson, Tjarnarkoti
Halldór H. Andrédsson stud. jur.
Halldór Friðriksson yfirkennari
Halldór Halldórsson dr. phil. prófessor
Halldór Halldórsson stud. med.
Halldór Hansen dr. med. yfirlæknir
Halldór Hermannsson dr. phil. prófessor

Halldór Pálsson dr. forstjóri landbúnaðardeildar
Hallgrímur Hallgrímsson bókavörður
Hallgrímur Sigurðsson lögfræðingur
Hamel, A. G. van, prófessor í Utrecht
Hamre, Hákon, cand. philol. sendikennari
Hannes Árnason heimspekikennari
Hannes Guðmundsson læknir
Hannes Hafstein ráðherra
Hannes Þórarinsson læknir
Hannes Þorsteinsson dr. phil. þjóðskjalavörður
Hans G. Andersen sendiherra
Hansína Pálsdóttir frú, Reykjavík
Haraldur Guðmundsson ráðherra
Haraldur Matthíasson dr. phil. menntaskólakennari, Laugarvatni
Haraldur Níelsson háskólarektor
Haraldur Sigmar prestur, Vesturheimi
Haugen, Einar, dr. phil. prófessor, Wisconsin
Haukur Kristjánsson dósent yfirlæknir
Haupt, Jean, lic.-ès-lettres sendikennari
Héðinn Valdimarsson forstjóri, alþm.
Heimir Áskelsson dósent
Helgi P. Briem dr. phil. sendiherra
Helgi H. Eiríksson verkfræðingur, skólastjóri
Helgi Hálfðanarson lektor
Helgi Ingvarsson lektor yfirlæknir
Helgi Jónsson dr. phil. grasafræðingur
Helgi Sigurðsson verkfræðingur
Helgi Skúlason augnlæknir
Helgi Thordarsen biskup
Helgi Tómasson dr. med. yfirlæknir
Heusler, Andreas, dr. litt. Isl. prófessor
Hildur Blöndal frú, Khöfn
Hjalti Þórarinsson lektor deildarlæknir
Hjörtur Thordarson dr. phil.
Holberg, Ludvig, leikritaskáld
Hrafnkell Einarsson stúdent
Hreinn Benediktsson dr. phil. prófessor

Höner, Hermann, sendikennari,
Hörður Sigurðsson stud. oecon.
Höskuldur Ólafsson bankastjóri
Ingibjörg Eiríksdóttir sýslumannsfrú, Reynistað
Ingibjörg Claessen Þorláksson frú, Rvík
Ingólfur Ástmarsson biskupsritari
Ingólfur Davíðsson grasfræðingur
Ingvar Brynjólfsson menntaskólakennari
Ísleifur Árnason prófessor
Ívar Daníelsson dr. phil. dósent
Iwan, Walter, dr. phil. sendikennari
Jackson, Cyril, Ph. D. sendikennari
Jakob Benediktsson dr. phil. orðabókarritstjóri
Jakob Gíslason raforkumálastjóri
Jakob Jóh. Smári menntaskólakennari
Jansson, Sven B. F. dr. phil. prófessor í Stokkhólmi
Jóhann Finnsson dósent tannlæknir
Jóhann Hafstein bankastjóri
Jóhann Hannesson prófessor
Jóhann S. Hannesson skólameistari, Laugarvatni
Jóhann Jakobsson efnafræðingur
Jóhann Jónsson, Selkirk í Manitoba
Jóhann Sæmundsson prófessor
Jóhanna Briem prestsfrú í Reykholti
Jóhannes L. L. Helgason stud. jur.
Jóhannes Nordal dr. oecon. bankastjóri
Jóhannes Zoëga verkfræðingur
Johannson, Arwid, prófessor, Manchester
Jón J. Aðils dr. phil. prófessor
Jón Arason biskup á Hólum
Jón Á. Bjarnason verkfræðingur
Jón Dúason dr. jur. rithöfundur
Jón O. Edwald cand. pharm.
Jón Geirsson læknir
Jón Gíslason dr. phil. skólastjóri
Jón Guðmundsson prófastur, Nesi í Norðfirði
Jón Helgason dr. theol. háskólarektor, síðar biskup

Jón Helgason dr. phil. prófessor, Khöfn
Jón Hjaltalín dr. med. landlæknir
Jón Jóhannesson dr. phil. prófessor
Jón Jónsson mag. scient., forstjóri fiskideildar
Jón Aðalsteinn Jónsson cand. mag.
Jón G. Jónsson gjaldkeri
Jón Kristjánsson prófessor
Jón Magnússon forsætisráðherra
Jón Ófeigsson dr. phil. menntaskólakennari
Jón Ólafsson frá Grunnavík
Jón Ólafsson ritstjóri
Jón Rósenkranz læknir háskólaritari
Jón Sigtryggsson prófessor
Jón Sigurðsson forseti, Khöfn
Jón Hj. Sigurðsson háskólarektor
Jón Steffensen prófessor
Jón Thoroddsen sýslumaður, Leirá
Jón Vídalín biskup, í Skálholti
Jón Þorkelsson Skálholtsrektor
Jón Þorkelsson dr. phil., þjóðskjalavörður
Jón Þorláksson verkfræðingur, forsætisráðherra
Jón Þorsteinsson íþróttakennari, Reykjavík
Jónas Hallgrímsson læknir
Jónas Hallgrímsson skáld
Jónas Haralz ráðuneytisstjóri
Jónas Jónsson ráðherra
Jónas Jónsson þinghúsvörður
Jónas Kristjánsson cand. mag.
Jónasson, Gabriele, frú, sendikennari
Joseph Þ. Thorson dr. jur.
Júlíus Sigurðsson bankastjóri, Akureyri
Júlíus Sigurjónsson dr. med. prófessor
Jörgen Hansen skrifstofustjóri
Karl S. Jónasson læknir
Katrín Skúladóttir frú, Rvík
Keil, Max, dr. phil. sendikennari
Ker, W. P., prófessor

Kjartan R. Guðmundsson lektor læknir
Kjartan Ólafsson augnlæknir
Klemenz Jónsson landritari, síðar ráðherra
Klemenz Tryggvason hagstofustjóri
Knud Zimsen borgarstjóri
Knudsen, Thomas J.
Koch, Edzard, dr. phil. sendikennari
Kortsen, Kort K., dr. phil. sendikennari
Kristbjörn Tryggvason dósent yfirlæknir
Kristín Hendriksdóttir þinghúsvörður
Kristinn Ármannsson dósent, rektor menntaskólans í Rvík
Kristinn Stefánsson prófessor
Kristján Eldjárn dr. phil. þjóðminjavörður
Kristján Jónsson ráðherra
Kristján Sveinsson dósent augnlæknir
Kristrún Skúladóttir ritari
Kroner, Irmgard, dr. phil. sendikennari
Langvad, Kaj, verkfræðingur
Larsen Martin, cand. mag. sendikennari
Larsson, Anna, fil. mag. sendikennari
Lárus H. Bjarnason háskólarektor, síðar hrd.
Lárus Einarsson prófessor, Árósum
Lárus Pétursson lögfræðingur
Lárus Sigurbjörnsson rithöf.
Leifur Ásgeirsson dr. phil. prófessor
Lokensgard, Hjalmar O., prófessor, Minnesota
Lúðvíg Guðmundsson skólastjóri
Magerøy, Halvard, cand. philol. sendikennari
Magnús Eiríksson guðfræðingur, Khöfn
Magnús Jónsson (jur.) háskólarektor, ráðherra
Magnús Jónsson dr. theol. háskólarektor, ráðherra
Magnús G. Jónsson lic.-ès-lettres menntaskólakennari
Magnús Már Lárusson prófessor
Magnús Magnússon prófessor
Magnús Scheving Thorsteinsson forstjóri, Rvík
Magnús P. Torfason prófessor
Matthías Jochumsson dr. theol., prestur, skáld

Matthías Jóhannessen ritstjóri
Matthías Jónasson dr. phil. prófessor
Matthías Þórðarson dr. phil. þjóðminjavörður
McKenzie, J., Ph. D. sendikennari
Métay, André, lic.-ès-lettres sendikennari
Mosbeck, Holger, dr. theol. prófessor, Khöfn
Munksgaard, Ejnar, dr. phil. bókaútgefandi
Möller, Arne, dr. theol. prestur, síðar skólastj. Jonstrup
Naert, Pierre, lic.-ès-lettres sendikennari
Níels P. Dungal háskólarektor
Nilsson, Gun, fil. mag. sendikennari
Nilsson Jan, fil. mag. sendikennari
Norman-Jensen, Birger, cand. pharm.
Norton, Charles Eliot, prófessor í Harvard
Nygren, Anders, dr. theol. prófessor, Lundi
Oddur Gottskálksson lögmaður
Odegard, Thor, óðalsbóndi
Ohlmarks, Åke, fil. lic. sendikennari
Ólafur Bjarnason dócent yfirlæknir
Ólafur Björnsson prófessor
Ólafur Daníelsson dr. phil. menntaskólakennari
Ólafur Egilsson stud. jur.
Ólafur Hansson menntaskólakennari
Ólafur Hjartar B. A. bóka­vörður
Ólafur Jóhannesson prófessor
Ólafur Lárusson dr. phil. & jur. háskólarektor
Ólafur M. Ólafsson menntaskólakennari
Ólafur Rósenkranz leikfímiskennari, háskólaritari
Ólafur Þorgrímsson hæstaréttarlögmaður
Ólafur Þorsteinsson háls-, nef- og eyrnalæknir
Olsen, Magnus, dr. litt. Isl. prófessor í Oslo
Olsson, Ingemar, fil. mag. sendikennari
Orgland, Ivar, cand. philol. sendikennari
Óskar Bjarnasen háskólavörður
Óskar Bjarnason cand. polyt.
Óskar Þórðarson dr. med. yfirlæknir
Osterman, Anna Z., fil. mag. sendikennari

Páll Bjarnason skólastjóri, Vestmannaeyjum
Páll Briem amtmaður
Páll Ísólfsson dr. phil. tónskáld
Páll Kolka læknir
Páll Eggert Ólason dr. phil. háskólarektor
Páll A. Pálsson yfirdýralæknir, Keldum
Páll H. Pálsson skrifstofustjóri
Páll Kr. Pálsson organleikari, Hafnarfirði
Páll S. Pálsson hæstaréttarlögmaður
Páll Theódórsson mag. scient. eðlisfræðingur
Pálmi Hannesson rektor
Petersen, Jan, dr. phil. safnvörður, Stafangri
Petibon, Fanny, lic.-ès-lettres sendikennari
Pétur H. J. Jakobsson dósent yfirlæknir
Pétur Pétursson dr. theol. biskup
Pétur Sigurðsson prófessor háskólaritari
Pétur Thorsteinsson sendiherra
Plató, forngrískur heimspekingur
Ragnar Árnason verkfræðingur
Ragnheiður Benediksdóttir frú, Akureyri
Ragnheiður Guðmundsdóttir læknir
Ragnhildur Ásgeirsdóttir kennari
Róbert A. Ottósson dr. phil. söngmálastjóri
Romero, José A. F., bacc. philol. Isl.
Rousseau, André, lic.-ès-lettres sendikennari
Runge, Johann H. J., dr. phil. sendikennari
Rögnvaldur Ólafsson byggingameistari
Rögnvaldur Pétursson dr. phil. prestur
Schydowski, Edouard, lic.-ès-lettres sendikennari
Seip, Didrik Arup, dr. phil. prófessor í Osló
Selby, G. E., M. A. sendikennari
Selma Jónsdóttir dr. phil. forstöðumaður Listasafns ríkisins
Shetelig, Haakon, dr. phil. fornleifafræðingur
Sigfús Blöndal dr. phil. bókavörður
Sigfús Einarsson dómkirkjuorganisti og tónskáld
Sigríður Eiríksdóttir frú, Rvík
Sigríður Magnúsdóttir frú, Rvík

Sigurbjörn Einarsson prófessor, síðar biskup
Sigurður Birkis söngmálastjóri
Sigurður Bjarnason ritstjóri
Sigurður Eggerz forsætisráðherra
Sigurður Einarsson dósent, síðar sóknarprestur í Holti undir
Eyjafjöllum
Sigurður Guðmundsson arkitekt
Sigurður Jónsson flugmaður
Sigurður Nordal dr. phil. & litt. & jur. háskólarektor
Sigurður Samúelsson dr. med. prófessor
Sigurður Sigurðsson dr. med. landlæknir
Sigurður P. Sívertsen háskólarektor
Sigurður Skúlason mag. art. kennari
Sigurður S. Thoroddsen verkfræðingur
Sigurður Þórarinsson dr. phil. menntaskólakennari
Sigurjón Jónsson alþm.
Sigurkarl Stefánsson menntaskólakennari
Sigvaldi Thordarson arkitekt
Símon Jóh. Ágústsson dr. phil. prófessor
Skaar, J. N. biskup í Noregi
Skaar, P. V., prestur í Noregi
Skúli Benediktsson stud. theol
Skúli V. Guðjónsson prófessor, Árósum
Snorri Hallgrímsson dr. med. prófessor
Snorri P. Snorrason lektor læknir
Snorri Sturluson sagnaritari, Reykholti
Stäblein, Bruno, dr. phil. prófessor, Erlangen
Stefán Jónsson dósent, síðar læknir í Danmörku
Stefán Ólafsson dósent háls-, nef-og eyrnalæknir
Stefán Pétursson þjóðskjalavörður
Steingrímur Arason kennari
Steingrímur Baldursson dr. phil. prófessor
Steingrímur Jónsson rafmagnsstjóri
Steingrímur J. Þorsteinsson dr. phil. prófessor
Steinþór Sigurðsson menntaskólakennari
Stern, Isaac, fiðluleikari
Strömbäck, Dag, dr. phil. prófessor í Uppsölum

Svavar Pálsson dósent hagfræðingur
Sveinbjörn Egilsson rektor
Sveinbjörn Johnson dr. jur.
Sverrir Þorbjarnarson hagfræðingur
Sæmundur Bjarnhéðinsson prófessor yfirlæknir
Sölvi Eysteinnsson B. A.
Sönderholm, Erik M. B., cand. mag. sendikennari
Theódór Líndal prófessor
Theodór Skúlason dócent læknir
Thor Thors sendiherra
Thormodsæter, Sofus L., prestur Lilleström
Thornton, Grace, B. A., sendikennari
Tómas Helgason prófessor
Tómas Jónsson borgaritari
Tómas P. Óskarsson verzlunarmaður
Tómas Sæmundsson prófastur, Breiðabólstað í Fljótshlíð
Tómas Tómasson lögfræðingur
Trausti Einarsson dr. phil. prófessor
Tómas Ólafsson prófessor
Tryggvi Þórhallsson forsætisráðherra
Turville-Petre, Gabriel, dr. phil. prófessor, Oxford
Valdimar Briem dr. theol. vígslubiskup
Valdimar Stefánsson saksóknari
Valgeir Björnsson hafnarstjóri
Valtýr Albertsson læknir
Valtýr Bjarnason læknir
Valtýr Stefánsson ritstjóri
Vilhelm Bernhöft tannlæknir
Vilhjálmur Þ. Gíslason útvarpsstjóri
Vilhjálmur Jónsson lögfræðingur
Vilhjálmur Stefánsson dr. phil. landkönnuður
Vilmundur Jónsson dr. med. landlæknir
Whitaker, Marjorie, B. A. sendikennari
Widding, Ole, dr. phil. sendikennari
Wiehe, Holger, mag. art. sendikennari
Will, Gerd, dr. phil. sendikennari
Willey, K. M., B. A. sendikennari

Wolf-Rottkay, W. sendikennari
Wormald, Francis, dr. phil. prófessor, London
Þór Vilhjálmsson lögfr.
Þóra Jónsdóttir ráðherrafrú, Reykjavík
Þórarinn Jónsson, Halldórsstöðum
Þorbergur Þorbergsson stud. polyt.
Þorbjörg Friðriksdóttir kennslukona
Þorbjörn Karlsson vélaverkfræðingur
Þorbjörn Sigurgeirsson prófessor
Þórður Eyjólfsson dr. jur. prófessor, síðar hrd.
Þórður Möller yfirlæknir
Þórður Sveinsson prófessor yfirlæknir
Þorgeir Gestsson læknir
Þorgrímur Sigurðsson prestur, Staðarstað
Þórhallur Vilmundarson prófessor
Þórhallur Þorgilsson bókavörður
Þórir Kr. Þórðarson dr. theol. prófessor
Þorkell Jóhannesson dr. phil. háskólarektor
Þorkell Þorkelsson dr. phil. veðurstofustjóri
Þorkell Þorláksson stjórnarráðsritari, Rvík
Þorlákur Skúlason biskup
Þorsteinn Bjarnason kennari
Þorsteinn Gíslason ritstjóri
Þorsteinn Jóhannesson prestur
Þorsteinn Ö. Stephensen leikari
Þorsteinn Scheving Thorsteinsson lyfsali, Rvík
Þorsteinn Þorsteinsson dr. oecon. hagstofustjóri
Þórunn Stefánsdóttir lækni-frú, Rvík
Þorvaldur Finnbogason stúdent
Þorvaldur Thoroddsen dr. litt. Isl. prófessor
Þorvarður J. Júlíusson hagfræðingur
Öberg, Holger, fil. lic. sendikennari
Örn Bjarnason stud. med
Örn B. Pétursson tannlæknir